

Stjórnartíðindi

2001 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar galli á bls. 764.

Meiriháttar galli á bls. 1241.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 – 2001

21. mars 2001

629

Nr. 281

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 507/1994 um holræsagjöld
í Hafnarfirði, með síðari breytingum.**

1. gr.

Lokamálsgrein 1. gr. fellur brott.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. mars 2001.

F. h. r.

Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Guðjón Bragason.

16. mars 2001

Nr. 282

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið
eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum
um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á eftir 1. gr. f. bætist við ný grein, 1. gr. g., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2000 frá 12. maí 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21 um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1216/1999 frá 10. júní 1999 um breytingu á reglugerð nr. 17, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á bókun 21 með EES-samningnum, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1216/1999**

frá 10. júní 1999

um breytingu á reglugerð nr. 17, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 83. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 2. mgr. 4. gr reglugerðar nr. 17 ⁽⁴⁾ eru allmargir samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir undanþegin þeirri tilkynningarskyldu sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og fullnægja verður áður en unnt er að veita undanþágu.
- 2) Þessi undanþága á einkum og sér í lagi við um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir þegar einungis aðilar frá einu aðildarríki eiga í hlut og samningarnir, ákvarðanirnar eða samstilltu aðgerðirnar lúta ekki að innflutningi eða útflutningi milli aðildarríkja, eða þar sem ekki fleiri en tvö fyrirtæki eiga aðild að þeim og þeir samningar sem um ræðir takmarka aðeins rétt annars samningsaðilans til að ákvarða verð eða viðskiptaskilmála vöru sem hann hefur fengið til endursölu frá hinum samningsaðilanum. Þessi undanþága tekur ekki til flestra samninga, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, sem tvö eða fleiri fyrirtæki standa að sem eru, að því er samninginn varðar, starfrækt á mismunandi stigum framleiðslu- eða dreifingarferlisins, og varða þau skilyrði sem gilda um kaup, sölu og endursölu aðilanna á tilteknum vörum eða þjónustu („lódréttir samningar“).
- 3) Hinn 22. janúar 1997 gaf framkvæmdastjórnin út grænbók um lódréttar hömlur í samkeppnisstefnu EB sem leiddi til viðtækra almennrar umræðu um beitingu 1. og 3. mgr. 81. gr. sáttmálans um lódréttar

samninga. Aðildarríkin, Evrópuþingið, efnahags- og félagsmálanefndin, svæðanefndin og hagsmunaaðilar hafa almennt sýnt jákvæð viðbrögð gagnvart umbótum á samkeppnisstefnu bandalagsins á þessu sviði.

- 4) Slíkar umbætur verða að standast skilyrðin tvö um að tryggja skilvirka vernd samkeppni og að veita fyrirtækjum nægilegt réttaröryggi. Til að ná þessum markmiðum hefur ráðið veitt framkvæmdastjórninni umboð til að lýsa því yfir, með reglugerð og í samræmi við 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, að 1. mgr. 81. gr. gildi ekki um tiltekna flokka lódrétttra samninga.
- 5) Við umbætur á rammaákvæðum, sem gilda um lódréttar samninga, skal auk þess tekið tillit til þess að nauðsynlegt er að einfalda stjórnsluflutningi sem aftur myndi leiða til fækkunar á fjölda tilkynninga um lódréttar samninga. Þeim tilvikum ætti að fækka þar sem hvati er fyrir hendi til að tilkynna lódréttar samninga sem eru í samræmi við stefnu framkvæmdastjórnarinnar og fordæmi Evrópudómstólsins og dómstóls á fyrsta dómstigi. Til að ná þessu markmiði skal veita framkvæmdastjórninni umboð til að veita einstakar undanþágur frá lódréttum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, frá þeim degi sem þeir voru gerðir.
- 6) Tilkynningarskylda áður en undanþága fæst leggur óþarfa stjórnunaryrði á herðar fyrirtækjum sem eru aðilar að lódréttum samningum.
- 7) Samningarnir, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17, eru undanþegnir þeirri tilkynningarskyldu sem fullnægja verður áður en unnt er að veita undanþágu. Tilgangurinn með þessari undanþágu er að fækka tilkynningum, sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að leggja áherslu á eftirlit með þeim samningum sem hamla samkeppni mest. Þessi breyting hefur ekki í för með sér tilslakanir á eftirliti því sem framkvæmdastjórninni ber skylda til að viðhafa samkvæmt 1. mgr. 81. gr.

⁽¹⁾ Stjótið. EB C 365, 26.11.1998, bls. 30.⁽²⁾ Álitni var skilað 15. apríl 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórtartíðindum EB).⁽³⁾ Stjótið. EB C 116, 28.4.1999.⁽⁴⁾ Stjótið. EB 13, 21.2.1962, bls. 204/62. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- 8) Því skal rýmka gildissvið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17 og undanþiggja alla lóðréttta samninga frá þeirri tilkynningaskyldu sem fullnægja verður áður en undanþága fæst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. liðar í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17 komi eftirfarandi:

- „2. a) Þegar tvö eða fleiri fyrirtæki standa að samningnum eða samstilltu aðgerðunum og hvert þeirra er starfrækt, að því er samninginn varðar, á mismunandi stígum framleiðslu- eða dreifingarferlisins og

varða þau skilyrði sem gilda um kaup, sölu og endursölu aðilanna á tiltekinni vöru eða þjónustu;

- b) ekki fleiri en tvö fyrirtæki eiga aðild að þeim og samningar þeir sem um ræðir setja einungis skorður við rétti framsalshafa eða leyfishafa einkaréttar í iðnaði, einkum þess er hefur einkaleyfi, rétt til nytjamynsturs, hönnunar eða vörumerkja, eða aðila er öðlast hefur rétt samkvæmt samningi eða úthlutun til að beita ákveðinni aðferð eða þekkingu í iðnaðarframleiðslu.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 10. júní 1999.

Fyrir hönd ráðsins,

K.-H. FUNKE

forseti.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. i. bætist við ný grein, 2. gr. j., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2000 frá 28. janúar 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðrétttra samninga og samstilltra aðgerða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2790/1999**

frá 22. desember 1999

um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðrétttra samninga og samstilltra aðgerða

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

6) Lóðréttir samningar í þeim flokki, sem er skilgreindur í þessari reglugerð, geta bætt efnahagslega skilvirkni innan framleiðslu- eða dreifingarferlis með því að greiða fyrir samræmingu milli hlutaðeigandi fyrirtækja, einkum geta þeir leitt til lækkunar á viðskipta- og dreifingarkostnaði aðilanna og til hámröðunar á sölu þeirra og fjárfestingum.

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1215/1999 ⁽²⁾, einkum 1. gr.,

að birtum drögum þessarar reglugerðar ⁽³⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu,

7) Líkurnar á að slík áhrif er leiða til aukinnar hagkvæmni vegi þyngra en hvers konar samkeppnishamlandi áhrif vegna takmarkana í lóðréttum samningum ráðast af markaðsstyrk hlutaðeigandi fyrirtækja og því hve mikla samkeppni aðrir vöru- og þjónustubirgjar veita, sem kaupandi myndi álíta jafngilda eða hliðstæða út frá einkennum vörunnar, verði og fyrirhuguðum notum.

og að teknu tilliti til eftirfarandi,

1) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir framkvæmdastjórninni umboð til að beita, með reglugerð, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans (áður 3. mgr. 85. gr.) gagnvart tilteknum flokkum lóðrétttra samninga og samsvarandi samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr.

8) Hægt er að líta svo á að ef markaðshlutdeild birgisins fer ekki yfir 30% leiði lóðréttir samningar, sem fela ekki í sér tilteknar strangar samkeppnishömlur, almennt til bættrar framleiðslu og dreifingar og til þess að neytendum sé veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst. Ef í lóðréttum samningum er að finna skuldbindingu um einkasölu er það markaðshlutdeild kaupandans sem skiptir máli við að ákvarða heildaráhrif slíkra lóðrétttra samninga á markaðinn.

2) Í ljósi fenginnar reynslu er hægt að skilgreina flokk lóðrétttra samninga sem telja má að uppfylli yfirleitt þau skilyrði sem sett eru í 3. mgr. 81. gr.

9) Þegar viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild eru yfir 30% er ekki hægt að reikna með að lóðréttir samningar, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., muni að jafnaði hafa í för með sér þess konar ávinning og svo mikinn að hann vegi upp ókostina sem hann skapar fyrir samkeppnina.

3) Þessi flokkur nær yfir lóðrétttra samninga um kaup eða sölu vöru eða þjónustu þar sem þessir samningar eru gerðir milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni, milli tiltekinna samkeppnisaðila eða milli samtaka vörusmáala. Hann tekur einnig til lóðrétttra samninga sem innihalda fylgiákvæði um framsal eða notkun hugverkaréttar. Í þessari reglugerð nær hugtakið „lóðréttir samningar“ til samsvarandi samstilltra aðgerða.

4) Við beitingu 3. mgr. 81. gr. með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá lóðrétttra samninga sem gætu fallið undir 1. mgr. 81. gr. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar markaðarins með tilliti til framboðs og kaupa.

10) Lóðréttir samningar, sem í eru takmarkanir sem eru ekki óhjákvæmilegar til að ná þeim jákvæðu áhrifum sem nefnd eru hér að framan, ættu ekki að vera undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð. Einkum ættu lóðréttir samningar, sem í eru tilteknar strangar samkeppnishömlur á borð við lágmarksverð og fast endursöluverð ásamt ákveðnum tegundum svæðisvermdar, ekki að njóta ávinnings af hópundanþágunni, sem komið er á með þessari reglugerð, burtséð frá markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja.

5) Sá ávinningur, sem hópundanþága felur í sér, ætti að takmarkast við lóðrétttra samninga sem telja má nokkuð

⁽¹⁾ Stjóð. EB 36, 6.3.1965, bls. 533/65.⁽²⁾ Stjóð. EB L 148, 15.6.1999, bls. 1.⁽³⁾ Stjóð. EB C 270, 24.9.1999, bls. 7.

- 11) Til að tryggja aðgengi að, eða til að hindra leynilegt samráð á, viðkomandi markaði skal setja ákveðin skilyrði fyrir hópundanþágunni. Í þessu skyni ber að takmarka undanþágur frá skuldbindingum um að taka ekki þátt í samkeppni við skuldbindingar sem miðast við tiltekinn tíma. Af sömu ástæðu ber að undanskilja frá ávinningi, sem fæst með þessari reglugerð, sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem verður til þess að aðilar í sérhæfðu dreifikerfi selji ekki vörumerki ákveðinna birgja í samkeppni.
- 12) Takmörkun á markaðshlutdeild, sú ákvörðun að undanþiggja ekki tiltekna lóðréttta samninga og skilyrðin sem sett eru í þessari reglugerð tryggja, að öðru jöfnu, að samningar þeir, sem hópundanþágan á við, geri þátttökufyrirtækjunum ekki kleift að útrýma samkeppni að því er varðar umtalsverðan hluta þeirra vörutegunda sem um ræðir.
- 13) Í ákveðnum tilvikum þar sem samningar, sem falla undir þessa reglugerð, hafa engu að síður áhrif, sem eru ósamrýmanleg 3. mgr. 81. gr., getur framkvæmdastjórnin dregið til baka hópundanþágu. Þetta getur einkum gerst ef kaupandinn hefur umtalsverðan markaðsstyrk á þeim markaði þar sem hann endurselur vörur eða veitir þjónustu eða þar sem samhliða net lóðrétttra samninga hafa svipuð áhrif sem torvelða verulega aðgang að eða samkeppni á viðkomandi markaði. Slík samlegðaráhrif geta til dæmis komið upp í tilvikum þar sem um sérhæfða dreifingu eða skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni er að ræða.
- 14) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum umboð til að afturkalla hópundanþágu að því er varðar lóðréttta samninga, sem hafa áhrif sem eru ósamrýmanleg ákvæðunum í 3. mgr. 81. gr., þar sem slíkra áhrifa verður vart á yfirráðasvæðum þeirra, eða á hluta þeirra, og þar sem slíkt svæði hefur til að bera einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar. Aðildarríkjunum ber að tryggja að meðferð þessa valds til afturköllunar stofni ekki í hættu samræmdri beitingu samkeppnisreglna bandalagsins á sameiginlega markaðinum eða fullum áhrifum þeirra aðgerða sem samþykktar hafa verið í tengslum við framkvæmd þessara reglna.
- 15) Til að styrkja eftirlit með samhliða netum lóðrétttra samninga, sem hafa hlíðstæð áhrif til takmörkunar og ná yfir meira en 50% tiltekins markaðar, getur framkvæmdastjórnin lýst því yfir að þessi reglugerð gildi ekki um lóðréttta samninga sem í eru tilteknar takmarkanir sem tengjast viðkomandi markaði og þar með sé ákvæði 81. gr. beitt að fullu á ný gagnvart slíkum samningum.
- 16) Þessi reglugerð er með fyrirvara um beitingu 82. gr.
- 17) Í samræmi við meginregluna um forgang bandalagslaga skal engin ráðstöfun, sem gerð er samkvæmt innlendum lögum, skaða samræmda beitingu samkeppnisreglna á innri markaðinum eða koma í veg fyrir að hverjar þær

ráðstafanir, sem eru samþykktar til framkvæmdar þessum reglum, þar með talin þessi reglugerð, hafi full áhrif.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA :

I. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „fyrirtæki í samkeppni“: raunverulegir eða hugsanlegir birgjar á sama vörumarkaði. Vörumarkaðurinn nær meðal annars yfir vörur eða þjónustu sem kaupandi telur jafngildar samningsvörum eða -þjónustu eða að geti komið í stað þeirra sakir eiginleika varanna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar;
- b) „skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem verður til þess að kaupandi framleiðir ekki, kaupir ekki, selur ekki eða endurselur ekki vörur eða þjónustu sem keppir við samningsvörur eða -þjónustu, eða bein eða óbein skuldbinding á hendur kaupanda um að meira en 80% af heildarinnkaupum hans á samningsvörum eða -þjónustu eða hlíðstæðum vörum og þjónustu á viðkomandi markaði séu gerð hjá birgi eða öðru fyrirtæki sem tilgreint er af birginum og skal miðað við verðmæti innkaupa kaupandans næstlíðið almanaksár;
- c) „skuldbinding um einkasölu“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem veldur því að birgirnir má aðeins selja einum aðila innan bandalagsins vörur eða þjónustu sem tiltekin er í samningnum, með tiltekin not í huga eða til endursölu;
- d) „sérhæft dreifikerfi“: dreifikerfi þar sem birgir skuldbindur sig til að selja samningsvörur eða -þjónustu, beint eða óbeint, eingöngu til dreifingaraðila sem valdir eru á grundvelli tiltekinna viðmiðana og þar sem dreifingaraðilar skuldbinda sig til að selja ekki slíkar vörur eða þjónustu til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir;
- e) „hugverkaréttur“: tekur til hugverkaréttar á sviði iðnaðar, höfundaréttar og skylds réttar;
- f) „verkkunnátta“: safn hagnýtra upplýsinga sem einkaleyfi ná ekki yfir og eru afrakstur reynslu og tilrauna birgisins og sem eru leynilegar, umtalsverðar og auðkenndar; í þessu samhengi ber að skilja „leynilegar“ á þann veg að verkunnáttan sem heild, eða í samskiptan og samsetningu einstakra hluta hennar, sé ekki almennt þekkt eða auðveldlega aðgengileg; „umtalsverðar“ merkir að í verkunnáttunni felist vitneskja sem er ómissandi fyrir kaupandann til að nota, selja eða endurselja samningsvörurnar eða -þjónustuna; „auðkenndar“ merkir að verkunnáttunni verði að vera lýst á nægilega skiljanlegan hátt til að gera kleift að sannprófa að hún uppfylli skilyrðin um að hún sé leynileg og umtalsverð;
- g) „kaupandi“: nær yfir fyrirtæki sem selur vörur eða þjónustu fyrir hönd annars fyrirtækis samkvæmt samningi sem fellur undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.

2. gr.

1. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. gildir ekki um samninga eða samstilltar aðgerðir sem eru á milli tveggja eða fleiri fyrirtækja, sem hvert fyrir sig starfar, að því er varðar samninginn, á mismunandi framleiðslu- eða dreifingarstigi, og varða þau skilyrði sem þessir aðilar skulu uppfylla við kaup, sölu eða endursölu ákveðinnar vöru eða þjónustu („lódréttir samningar“).

Þessi undanþága skal gilda að því marki sem í slíkum samningum er að finna samkeppnishömlur sem falla undir 1. mgr. 81. gr. („lódréttar hömlur“).

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal aðeins gilda um lódrétta samninga, sem gerðir eru milli samtaka fyrirtækja og meðlima samtakanna eða milli slíkra samtaka og birgja þeirra, ef allir meðlimirnir eru vörusmálar og ef enginn einstakur meðlimur samtakanna, ásamt tengdum fyrirtækjum, hefur heildarveltu á ári sem er yfir 50 milljónir evra; reglugerð þessi gildir um lódrétta samninga sem slík samtök gera, með fyrirvara um beitingu 81. gr., gagnvart láréttum samningum sem meðlimir samtakanna gera sín á milli.

3. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir um lódrétta samninga sem innihalda ákvæði er varða framsal til kaupanda og not kaupanda á hugverkarétti, að því tilskildu að þessi ákvæði séu ekki meginatriði slíkra samninga og séu beinlínis tengd notkun, sölu eða endursölu kaupanda eða viðskiptavina hans á vöru eða þjónustu. Undanþágan gildir að því tilskildu, hvað varðar umsamda vöru eða þjónustu, að í þessum ákvæðum sé ekki að finna samkeppnishömlur sem hafa þannig sömu áhrif eða virkni og lódréttar hömlur sem eru ekki undanþegnar samkvæmt þessari reglugerð.

4. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir ekki um lódrétta samninga sem eru gerðir milli samkeppnisfyrirtækja. Þó skal hún gilda þegar fyrirtæki í samkeppni gera lódréttan samning sem ekki er gagnkvæmur og:

- kaupandinn hefur heildarveltu á ári sem er undir 100 milljónum evra, eða
- birgirnir er framleiðandi og dreifingaraðili vöru en kaupandinn er dreifingaraðili sem framleiðir ekki vöru í samkeppni við samningsvöruna, eða
- birgirnir útvegar þjónustu á mismunandi stigum viðskipta en kaupandi býður ekki upp á samkeppnisþjónustu á því stigi þar sem hann kaupir samningsþjónustuna.

5. Þessi reglugerð gildir ekki um lódrétta samninga þegar viðfangsefni þeirra fellur undir gildissvið annarar reglugerðar um hópundanþágur.

3. gr.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., eiga við með því skilyrði að markaðshlutdeild birgisins fari ekki yfir 30% af viðkomandi markaði þar sem hann selur samningsvöruna eða -þjónustuna.

2. Sé um að ræða lódrétta samninga, sem í eru skuldbindingar um einkasölu, skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda með því skilyrði að markaðshlutdeild kaupandans fari ekki yfir 30% á viðkomandi markaði þar sem hann kaupir samningsvöruna eða -þjónustuna.

4. gr.

Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir ekki um lódrétta samninga sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, hafa að markmiði:

- að takmarka svigrúm kaupandans til að ákveða söluverð sitt, með fyrirvara um svigrúm birgisins til að ákveða hámarkssöluverð eða leiðbeinandi söluverð, að því tilskildu að það jafngildi ekki föstu verði eða lágmarkssöluverði vegna þrýstings eða hvatningar frá öðrum hvorum aðilanna;
- að takmarka það landsvæði eða þann hóp viðskiptavina sem eða þar sem kaupanda er heimilt að selja samningsvörunar eða -þjónustuna, nema:
 - að takmarka virka sölu inn á afmarkað svæði eða til hóps einkaviðskiptavina sem er frátekinn fyrir birginn eða birgirnir hefur úthlutað til annars kaupanda, þar sem slík takmörkun hamlar ekki sölu á vegum viðskiptavina kaupanda,
 - að takmarka sölu á vegum kaupanda, sem starfar á heildsölustigi verslunar, til notenda,
 - að takmarka sölu á vegum aðila að sérhæfðu dreifikerfi til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir, og
 - að takmarka svigrúm kaupandans til að selja íhluti, sem afhentir hafa verið til ísetningar, til viðskiptavina sem hyggjast nota þá til framleiðslu á sömu tegund vöru og birgirnir framleiðir;
- að takmarka virka eða óvirka sölu aðila sérhæfðs dreifikerfis á smásölustigi verslunar til notenda, með fyrirvara um möguleikann á að banna aðila að kerfinu að reka starfsemi sína frá starfsstöð sem hefur ekki fengið viðurkenningu,
- að takmarka innbyrðis viðskipti dreifingaraðila innan sérhæfðs dreifikerfis, þar með talið milli dreifingaraðila sem starfa á öðru viðskiptastigi,
- takmörkun sem samþykkt hefur verið milli íhlutabirgis og kaupanda sem annast ísetningu þessara íhluta en það hindrar birginn í að selja íhlutana sem varahluti til notenda eða til viðgerðarverkstæða eða annarra þjónustuveitenda sem kaupandinn hefur ekki falið að gera við vörur sínar eða veita þjónustu sem tengist þeim.

5. gr.

Undanþágan, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., gildir ekki um neina af eftirfarandi skuldbindingum sem felast í lóðréttum samningum:

- a) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni, sem gildir um óákveðinn tíma eða lengur en í fimm ár. Skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni, sem er með þegjandi samkomulagi endurnýjanleg lengur en til fimm ára, skal álitin vera til óákveðins tíma. Þó skulu fimm ára tímamörkin ekki eiga við ef kaupandinn selur samningsvörurnar eða -þjónustuna frá athafnasvæði og landsvæði sem er í eigu birgisins eða birgirinn leigir af þriðja aðila, sem hefur ekki nein tengsl við kaupanda, að því tilskildu að gildistími skuldbindingar um að taka ekki þátt í samkeppni sé ekki lengri en afnotatími kaupandans að athafnasvæði og landsvæði birgisins,
- b) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur kaupandann, eftir lok samningstímans, til þess að framleiða ekki, kaupa ekki, selja ekki eða endurselja ekki vörur og þjónustu, nema slík skuldbinding:
 - varði vörur og þjónustu sem keppa við samningsvörurnar eða -þjónustuna, og
 - sé takmörkuð við athafnasvæði og landsvæði þar sem kaupandi hefur rekið starfsemi sína á samningstímanum, og
 - sé ómissandi til að varðveita verkunnáttu sem birgir hefur veitt kaupanda,
 og að því tilskildu að gildistími slíkra skuldbindinga um að taka ekki þátt í samkeppni takmarkist við eitt ár eftir að samningurinn rennur út. Þessi skuldbinding er með fyrirvara um að möguleiki sé til að leggja ótímabundnar hömlur á not og uppljóstrun verkunnáttu sem er enn ekki orðin almenningseign;
- c) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur aðila að sérhæfðu dreifikerfi til að selja ekki vörumerki tiltekinn birgja í samkeppni.

6. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla þann ávinning, sem hlýst af þessari reglugerð, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE þegar hún telur að í einhverju tilteknu tilviki hafi lóðréttir samningar, sem þessi reglugerð gildir um, engu að síður áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum þar sem aðgengi að viðkomandi markaði eða samkeppni á honum er verulega heft með samlegðaráhrifum samhliða neta svipaðra lóðréttra hamlu sem birgjar eða kaupendur hafa innleitt í samkeppni.

7. gr.

Ef lóðréttir samningar, sem undanþáguákveðið í 2. gr. gildir um, hafa í einhverju tilteknu tilviki áhrif, sem eru í ósamræmi við skilyrðin í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, á yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess sem hefur öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar er lögbæra yfirvaldinu heimilt að afturkalla þann ávinning sem fæst með beitingu þessarar reglugerðar á því yfirráðasvæði, samkvæmt sömu skilyrðum og í 6. gr.

8. gr.

1. Samkvæmt 1. gr. a í reglugerð nr. 19/65/EBE getur framkvæmdastjórnin ákveðið með reglugerð að þar sem samhliða netkerfi svipaðra lóðréttu hamlu ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðréttu samninga sem í eru tilteknar hömlur sem varða þann markað.

2. Reglugerð samkvæmt 1. mgr. skal ekki koma til framkvæmdar fyrr en sex mánuðum eftir samþykkt hennar.

9. gr.

1. Reikna skal 30% markaðshlutdeild, sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr., á grundvelli söluandvirðis samningsvörunnar eða -þjónustunnar og annarra vara eða þjónustu sem seld er af birgi og sem kaupandi telur jafngildar eða að geti komið í stað samningsvara eða -þjónustu, sakir eiginleika vörunnar, verðs og fyrirhugaðrar notkunar. Ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þar með talið sölumagn á markaði til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækis. Að því er varðar 2. mgr. 3. gr. skal nota annaðhvort andvirði kaupa á markaði eða mat þar á til að reikna út markaðshlutdeild.

2. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkna markaðshlutdeildarinnar, sem kveðið er á um í 3. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári,
- b) markaðshlutdeildin skal ná til allrar vöru eða þjónustu sem látanar hafa verið sameinuðum dreifingaraðilum í té með sölu að markmiði,
- c) ef upphaflega markaðshlutdeildin var ekki hærrí en 30% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 35% skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda áfram í allt að tvö almanaksár samfellt eftir árið þegar fyrst var farið yfir 30% markaðshlutdeild,
- d) ef upphaflega markaðshlutdeildin er ekki meiri en 30% en vex síðan yfir 35% skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda áfram í eitt almanaksár eftir árið þegar fyrst var farið yfir 35% markaðshlutdeild,
- e) óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli c- og d-liðar, þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

10. gr.

1. Að því er varðar útreikninga á árlegri heildarveltu í skilningi 2. og 4. mgr. 2. gr. skal leggja saman veltu hlutaðeigandi aðila að lóðréttu samningnum á næstliðnu fjárhagsári og veltu sem tengd fyrirtæki hans mynda í tengslum við allar vörur og þjónustu, að undanskildum öllum sköttum og skyldum. Ekki skal taka tillit til viðskipta milli aðila að lóðréttum samningi og fyrirtækja tengdum honum eða milli tengdu fyrirtækjanna.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., skal gilda áfram þar sem heildarársvelta sérhverra tveggja, samfelldra fjárhagsára fer ekki meira en 10% fram úr heildarársveltu.

11. gr.

1. Í þessari reglugerð skal merking hugtakanna „fyrirtæki“, „birgir“ og „kaupandi“ ná til viðkomandi tengdra fyrirtækja þeirra.
2. „Tengd fyrirtæki“ eru:
 - a) fyrirtæki þar sem samningsaðili, beint eða óbeint:
 - ræður yfir meira en helmingi atkvæða, eða
 - getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða stofnanir sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, eða
 - á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins,
 - b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum,
 - c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki sem um getur í b-lið hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið,
 - d) fyrirtæki, þar sem samningsaðili ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
 - e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
 - samningsaðila eða viðkomandi fyrirtækja tengdra þeim sem um getur í a- til d-lið, eða

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

— eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra sem um getur í a- til d-lið og eins eða fleiri þriðju aðila.

3. Að því er varðar 3. gr. skal markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið 2. mgr. í þessari grein, skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 2. mgr.

12. gr.

1. Undanþágurnar, sem kveðið er á um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 ⁽¹⁾, nr. 1984/83 ⁽²⁾ og nr. 4087/88 ⁽³⁾ skulu gilda áfram til 31. maí 2000.

2. Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmála EB, skal ekki gilda á tímabilinu frá 1. júní 2000 til 31. desember 2001 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. maí 2000 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerðum (EBE) nr. 1983/83, nr. 1984/83 eða nr. 4087/88.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Hún kemur til framkvæmda 1. júní 2000, nema 1. mgr. 12. gr. sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

Þessi reglugerð falli úr gildi 31. maí 2010.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 173, 30.6.1983, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 173, 30.6.1983, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 359, 28.12.1988, bls. 46.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. j. bætist við ný grein, 2. gr. k., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2000 frá 31. maí 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 frá 19. apríl 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Skv. 30. tölul. inngangsákvæða EB-gerðarinnar kemur gerð 823/2000 í stað gerðar 870/95 sem tekin var upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 226/1996, sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 22/1996, bls. 54-62, þar sem viðkomandi ákvörðun og gerð voru birtar.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. 823/2000**

frá 19. apríl 2000

um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 frá 25. febrúar 1992 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnis-hömlur og yfirburðastöðu í sjóflutningum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EBE) nr. 479/92 veitir framkvæmdastjórninni umboð til að beita 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli skipafélaga (skipafélagasamtaka), að því er varðar sameiginlegan rekstur flutningaþjónustu með áætlunarskipum, ef þeir geta, með því samstarfi sem þeir skapa milli skipafélaga sem eiga aðild að þeim, takmarkað samkeppni á hinum sameiginlega markaði og haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og því fallið undir banniið samkvæmt 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur notfært sér þetta umboð með því að samþykkja reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 870/95 ⁽³⁾. Í ljósi fenginnar reynslu er unnt að skilgreina flokk skipafélagasamtaka sem geta fallið undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. en sem venjulega má gera ráð fyrir að uppfylli skilyrði 3. mgr. 81. gr.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur tekið fullt tillit til sérstakra aðstæðna sem ríkja í sjóflutningum. Þær munu einnig hafa efnislega þýðingu við mat framkvæmdastjórnarinnar á skipafélagasamtökum sem falla ekki undir hópundanþáguna samkvæmt þessari reglugerð.

4) Skipafélagasamtök, eins og þau eru skilgreind í þessari reglugerð, stuðla almennt að aukinni framleiðni og bættri flutningaþjónustu með áætlunarskipum með þeirri hagræðingu sem þau skapa í starfsemi aðildarfélaganna og þeirri stærðarhagkvæmni sem þau leiða til í rekstri skipa og nýtingu á hafnaraðstöðu. Þau stuðla og að tæknilegum og efnahagslegum framförum með því að auðvelda og hvetja til betri nýtingar á gámum og flutningsgetu skipa.

5) Þeir sem nýta sér skipaflutningaþjónustu skipafélagasamtaka njóta oftast í ríkum mæli þess ávinninga sem hlýst af aukinni framleiðni og bættri þjónustu með tilkomu samtakanna. Ávinningurinn getur og komið fram í tíðari skipaferðum og viðkomu í höfnum eða sem bætt tímaáætlun og betri og persónulegri þjónusta með notkun fullkonnari skipa og annars búnaðar, þar á meðal hafnaraðstöðu. Flutningsþegar geta því aðeins haft raunverulegan ávinning af skipafélagasamtökum að næg samkeppni ríki í flutningum sem slík samtök stunda.

6) Því ætti hópundanþága að gilda um þessa samninga, að því tilskildu að þeir gefi ekki viðkomandi fyrirtækjum færi á að útrýma að mestu samkeppni í þeim flutningum sem um er að ræða. Tilgangur þessarar reglugerðar er að skýra þau skilyrði sem skipafélagasamtök verða að uppfylla til að hafa hag af þeirri hópundanþágu sem hún veitir svo að unnt sé að taka tillit til stöðugra breytinga á sjóflutningamarkaðinum og örra breytinga sem aðilar gera á ákvæðum samninga um skipafélagasamtök eða á þeirri starfsemi sem samningarnir taka til.

7) Eitt af helstu einkennum skipafélagasamtaka, að því er varðar að stofna til og reka þjónustu í sameiningu, er sveigjanleg flutningsgeta. Um slíkt er þó ekki að ræða ef tiltekinn hundraðshluti flutningsgetu skipa, á vegum skipafélagasamtaka, er ekki nýttur.

8) Hópundanþágan samkvæmt þessari reglugerð ætti bæði að gilda um skipafélagasamtök, sem tilheyra samsiglingakerfi, og skipafélagasamtök sem eru starfrækt utan slíks kerfis, að því undanskildu að hún fjalli ekki um samráð um farmgjöld.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 55, 29.2.1992, bls. 3.⁽²⁾ Stjtuð. EB C 379, 31.12.1999, bls. 13.⁽³⁾ Stjtuð. EB L 89, 21.4.1995, bls. 7.

- 9) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó⁽¹⁾, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, er fjallað um gjaldskrárákvarðanir. Aðilar að skipafélagasamtökum, sem vilja hafa samráð um gjaldskrár og uppfylla ekki skilyrði reglugerðar (EBE) nr. 4056/86, verða að sækja um einstakar undanþágur.
- 10) Fyrsta skilyrðið fyrir hópundanþágunni ætti að vera að flutningsþegar fái sanngjarnan hlut í þeim ávinningi, sem fæst með aukinni skilvirkni, og öðrum ávinningi sem tengist skipafélagasamtökum.
- 11) Líta skal svo á að þessari kröfu í 3. mgr. 81. gr. sé fullnægt þegar skipafélagasamtök eru starfrækt við einhverjar þær aðstæður sem er lýst hér á eftir:
- virk verðsamkeppni er milli aðila að samsiglingakerfinu, sem samtökin tilheyra, er rekja má til sjálfstæðra gjaldskrárákvarðana,
 - nægileg virk samkeppni ríkir, að því er varðar flutningaþjónustu innan samsiglingakerfisins sem samtökin tilheyra, milli aðila að samtökunum og annarra aðila að samsiglingakerfinu sem eru ekki aðilar að samtökunum þar eð samningurinn um samsiglingakerfið heimilar skipafélagasamtökum ótvírætt að bjóða sína eigin þjónustuskilmála, t.d. að skipafélagasamtök bjóði ein og sér tímastilla afhendingarþjónustu (just in time delivery) eða þróuð „rafræn gagnaskipti“ (Electronic Data Interchange — EDI), sem gerir flutningsþegum ávallt kleift að vita hvar vörur þeirra eru hverju sinni, eða að fjölga ferðum að miklum mun eða hafa oftar viðkomu í tengslum við þá þjónustu sem skipafélagasamtök veita samanborið við þá sem samsiglingakerfið veitir,
 - aðilar að samtökunum mæta virkri, raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni frá flutningafyrirtækjum sem eru ekki aðilar að samtökunum hvort sem samsiglingakerfi er starfrækt í viðkomandi flutningum eða ekki.
- 12) Til þess að unnt verði að uppfylla þessa sömu kröfu í 3. mgr. 81. gr. þarf að setja ákvæði um frekari skilyrði sem er ætlað að stuðla að samkeppni um betri þjónustu milli aðila að samtökunum sem og milli þeirra og annarra skipafélaga sem stunda sams konar flutninga.
- 13) Setja ætti þau skilyrði að skipafélagasamtök og aðilar að þeim hafi ekki mismunandi gjaldskrár og flutningsskilmála á tiltekinni flutningaleið, einvöröungu með vísan til upprunalands farms eða þess lands sem er ákvörðunarstaður hans og orsaki þannig misræmi í viðskiptum innan bandalagsins sem skaðað getur tilteknar hafnir, farmsendendur, flytjendur eða þá sem veita þjónustu í tengslum við flutninga, nema unnt sé að réttlæta þess konar gjaldskrár og flutningsskilmála á efnahagslegum forsendum.
- 14) Skilyrðin ættu og að miða að því að koma í veg fyrir að skipafélagasamtök geti komið á samkeppnishömlum sem ekki er þörf á til að ná þeim markmiðum sem eru forsenda þess að undanþágan sé veitt. Í þessu skyni ættu að vera ákvæði í samningum um skipafélagasamtök sem gera öllum skipafélögum, sem eru aðilar að slíkum samningum, kleift að draga sig út úr samtökunum með eðlilegum fyrirvara. Samt sem áður ber, í tilvikum þegar um mjög samþætt skipafélagasamtök er að ræða og/eða samtök með miklar fjárfestingar, að kveða á um lengri fyrirvara til að taka megi tillit til mikilla fjárfestinga, sem lagt hefur verið út í til að koma samtökunum á fót, og umfangsmikillar endurskipulagningar samfara því að samningsaðili yfirgefur samtökin. Einnig ber að tilskilja að þar sem skipafélagasamtök starfa með sameiginlegu markaðsfyrirkomulagi ætti hver samningsaðili að hafa rétt til að taka þátt í óháðu markaðsstarfi, að því tilskildu að hann tilkynni það með eðlilegum fyrirvara.
- 15) Undanþága skal einungis veitt skipafélagasamtökum sem eiga þess ekki kost að útrýma samkeppni að verulegum hluta á því þjónustusviði sem um er að ræða.
- 16) Til að unnt sé að ákvarða, að því er varðar undanþágu, hvort um virka samkeppni sé að ræða á hverjum markaði sem skipafélagasamtök starfa á ber ekki aðeins að taka tillit til beinna viðskipta milli hafna, sem skipafélagasamtök þjóna, heldur einnig til samkeppni frá öðrum áætlanarskipafélögum sem sigla frá höfnum sem getu komið í stað þeirra sem skipafélagasamtök þjóna og einnig, þar sem við á, til annars konar flutningsmáta.
- 17) Sú hópundanþága, sem er veitt samkvæmt þessari reglugerð, gildir af þessum ástæðum einungis með því skilyrði að á hverjum markaði, sem skipafélagasamtökin starfa á, fari markaðshlutar skipafélaga-samtaka ekki yfir gefið mark.
- 18) Markaðshlutar skipafélagasamtaka innan samsiglingakerfis ætti að vera minni með tilliti til þess að þeir samningar, sem um er að ræða, eru viðbót við samkeppnishamlandi samning sem í gildi er.
- 19) Samt sem áður er við hæfi að bjóða skipafélagasamtökum, sem fara yfir þau mörk, sem eru sett fram í þessari reglugerð, um tiltekinn hundraðshluta, en sem taka áfram þátt í virkri samkeppni í þeim flutningum sem þau stunda, einfaldaða málsmeðferð til þess að þau geti notið góðs af því réttaröryggi sem tengist hópundanþágum. Slík málsmeðferð ætti einnig að gera framkvæmdastjórninni kleift að halda uppi virku eftirliti og einfalda eftirlit stjórnsýslunnar með samningum.
- 20) Skipafélagasamtök, sem fara yfir mörkin, ættu að geta fengið undanþágu í einstaka tilvikum, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrði 3. mgr. 81. gr., með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja innan sjóflutninga.

(¹) Stjótd. EB L 378, 31.12.1986, bls. 4.

- 21) Þessi reglugerð ætti aðeins að gilda um samninga sem gerðir eru milli aðila að skipafélagasamtökum. Því ætti hópundanþágan ekki að gilda um samkeppnishamlandi samninga sem eru gerðir annars vegar milli skipafélagasamtaka eða eins eða fleiri aðila að þeim og hins vegar milli annarra skipafélaga. Hún ætti heldur ekki að gilda um samkeppnishamlandi samninga milli ólíkra skipafélagasamtaka sem stunda sams konar flutninga eða milli aðila að slíkum samtökum.
- 22) Ákveðnar skyldur ættu einnig að fylgja hópundanþágum. Flutningsþegar ættu í þessu tilliti ávallt að vera í aðstöðu til að kynna sér þau skilyrði sem gilda um flutningaþjónustu á sjó sem aðilar að skipafélagasamtökum reka sameiginlega. Kveða ber á um raunverulegt og skilvirkt samráð milli skipafélagasamtaka og flutningsþega um þá starfsemi sem samningarnir fjalla um. Í þessari reglugerð er og tilgreint við hvað er átt með raunverulegu og skilvirku samráði og hvernig framvinda slíks samráðs skuli vera í meginatriðum. Kveðið er á um fyrrnefnt lögboðið samráð sem takmarkast við eiginlega starfsemi samtakanna.
- 23) Fyrrnefnt samráð er líklegt til að tryggja skilvirkari flutningaþjónustu á sjó sem tekur mið af kröfum flutningsþega. Því ber að undanþiggja vissar samkeppnishömlur sem kynnu að fylgja í kjölfar slíks samráðs.
- 24) Í þessari reglugerð hefur hugtakið „óviðráðanlegar aðstæður“ („force majeure“) sömu merkingu og fram kemur í fordæmisrétti dómstóls Evrópubandalaganna.
- 25) Kveða ber á um að tilkynna beri framkvæmdastjórninni án tafar um úrskurði gerðardóms og tillögur státtasemjara sem málsaðilar samþykkja til þess að hún geti gengið úr skugga um að skipafélagasamtök séu ekki með því undanþegin skilyrðum og skyldum sem kveðið er á um í reglugerðinni og brjóti þannig ekki í bága við ákvæði 81. og 82. gr.
- 26) Nauðsynlegt er að tilgreina, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92, þau tilvik þar sem framkvæmdastjórninni er heimilt að svipta fyrirtæki ávinningi að hópundanþágu.
- 27) Ellefu skipafélagasamtök nutu ávinnings að hópundanþágu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 870/95, með því að beita málsmeðferð samkvæmt henni þar sem leitað er eftir andmælum, en það gerði framkvæmdastjórninni einkum kleift að sannreyna að þau ættu í virkri samkeppni. Ekkert bendir til þess að aðstæður hafi breyst á þann veg að þessi skipafélagasamtök eigi ekki lengur í virkri samkeppni. Því skulu þessi skipafélagasamtök njóta áfram undanþágu með þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

- 28) Óþarft ætti að vera að senda inn umsókn samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 vegna samninga sem eru sjálfkrafa undanþeginir samkvæmt þessari reglugerð. Þegar fyrirtæki eru í verulegum vafa er þeim heimilt að óska þess að framkvæmdastjórnin lýsi yfir hvort samningar þeirra samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 29) Reglugerð þessi er með fyrirvara um beitingu 82. gr. sáttmálans.
- 30) Þar eð reglugerð (EB) nr. 870/95 fellur úr gildi er við hæfi að samþykkja nýja reglugerð sem endurnýjar hópundanþáguna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir einvörðungu um skipafélagasamtök að því marki sem þau veita alþjóðlega flutningaþjónustu með áætlunarskipum til eða frá einni eða fleiri höfnum innan bandalagsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „skipafélagasamtök (consortium)“: samningur milli tveggja eða fleiri flutningsaðila í skiparekstri, sem veita alþjóðlega flutningaþjónustu með áætlunarskipum, einvörðungu í vöruflutningum og aðallega með gánum, sem tengist einni eða fleiri grein, sem miðar að því að koma á samstarfi um sameiginlegan rekstur í sjóflutningum og bæta þá þjónustu sem hver og einn samningsaðili myndi annars veita ef um samtök væri ekki að ræða og að hagræða starfsemi þeirra með ráðstöfunum á sviði tækni, reksturs og/eða viðskipta, að verðákvörðunum undanskildum;
- „flutningar með áætlunarskipum“: reglubundnir vöruflutningar á tiltekinni leið eða leiðum milli hafna í samræmi við tímaáætlanagerð og fyrirfram auglýsta siglingadaga og sem öllum flutningsþegum stendur til boða gegn greiðslu, jafnvel þó að um stopula flutninga sé að ræða;
- „þjónustufyrirkomulag“: samningsbundið fyrirkomulag, staðfest af einum eða fleiri flutningsþegum og einum aðila að skipafélagasamtökum eða samtökunum sjálfum, þar sem gert er ráð fyrir því að flutningsþegi skuldbindi sig til að láta flytja fyrir sig vörur í tilteknu magni í tiltekinn tíma gegn því að fá staðfestingu þess efnis að aðillinn að skipafélagasamtökunum eða samtökin veiti honum þjónustu sem er í ákveðnum gæðaflokki og sérsniðin að þörfum hans;

4. „flutningsþegi“: fyrirtæki (t.d. farmsendandi, viðtakandi, miðlari o.s.frv.), sem gert hefur eða látið í ljós vilja til að gera bindandi samning við skipafélagasamtök (eða einn aðila að þeim) um vöruflutninga, eða samband farmsendanda;
5. „sjálfstæð gjaldskrárákvörðun“: réttur aðila að samsiglingakerfi til að bjóða, í stökum tilvikum og þegar um vörur er að ræða, farmgjöld sem víkja frá gjöldum sem mælt er fyrir um innan samsiglingakerfisins, að því tilskildu að öðrum aðilum innan þess sé tilkynnt um það.

II. KAFLI

UNDANÞÁGUR

3. gr.

Undanþegnir samningar

1. Því er hér með lýst yfir, samkvæmt 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um skilyrði og skyldur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að 1. mgr. 81. gr. sáttmálans gildir ekki um starfsemi sem er talin upp í 2. mgr. þessarar greinar ef hún fer fram samkvæmt samningum um skipafélagasamtök eins og skilgreint er í 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar.

2. Yfirlýsingin um að 1. mgr. 81. gr. sáttmálans gildi ekki á einungis við um eftirfarandi starfsemi:

a) starfsemi í tengslum við sameiginlegan rekstur flutningaþjónustu með áætlunarskipum sem felst einvörðungu í eftirfarandi:

- i) samræmingu og/eða sameiginlegri ákvörðun um ferðaáætlanir og viðkomuhafnir,
- ii) skiptum, sölu eða vixlleigu á rými eða hólfum um borð í skipum,
- iii) samnýtingu skipa og/eða hafnarmannvirkja,
- iv) rekstri einnar eða fleiri skrifstofa fyrir sameiginlegan rekstur,
- v) útvegum gáma, undirvagna og annars búnaðar og/eða leigu, kaupleigu eða kaupum á slíkum tækjabúnaði,
- vi) notkun tölvuvæðdrar upplýsingamiðlunar og/eða sameiginlegs skráningarkerfis;

b) tímabundna breytingu á flutningsgetu;

c) sameiginlegan rekstur eða notkun hafnarmiðstöðva og tengdrar þjónustu (t.d. lektuþjónustu eða lestunar- og losunarþjónustu);

d) þátttöku í einu eða fleiri af eftirfarandi samlögum: samlagi um farm, tekjur eða nettótekjur;

e) sameiginlega nýtingu atkvæðisréttar skipafélagasamtaka innan samsiglingakerfisins þar sem aðilar að samtökunum starfa, að því marki sem sameiginlegu atkvæðin varða eiginlega starfsemi samtakanna;

f) sameiginlegt fyrirkomulag markaðssetningar og/eða útgáfu sameiginlegs farmskirteinis;

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits á Norðurlandssvæði eystra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 5.200
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 4.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:	
Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á	

Ný starfsemi:	
Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og eftirlitgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:	
Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,	
úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra gefur út samkvæmt fyrir-
liggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títugjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem
gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra er heilbrigðis-
eftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að
ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og
mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra hefur eftirlit með samkvæmt
samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá
þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem
fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun-
arvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir
reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á
einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins
skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga
nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birt-
ingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 586/1999 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftir-
lit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

Akureyri, 28. mars 2001.

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra,

Valdimar Brynjólfsson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Ísat-númer		Ísat-númer	
	1. flokkur kr. 3.250		3. flokkur kr. 13.000
01.42.0.1	Hundahótel	05.02.2.0	Land- og kvíaelddi
20.30.9.4	Trésmíðaaðstaða	15.20.2.0	Saltfiskverkun
25.21.0.2	Vinnsla með plast og frauðefni, lítil	15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði	15.31.0.0	Kartöfluvinnsla og þökkun
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða fyrir bifreiðar og vélar	15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs
50.20.1.0	Bón og bílaþvottur, handvirkur	15.71.2.0	Framleiðsla fiskeldisfóðurs
52.49.1.0	Gæludýraverslun	15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli
55.21.0.2	Fjallaskálar	20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar
55.22.0.1	Tjaldstæði, lítið	22.22.9.1	Prentiðnaður, lítill
80.41.0.0	Ökuskólar, flugsjólar o.fl.	24.20.0.1	Garðauðun
80.42.2.0	Tónlistarskólar	25.13.0.1	Gúmmívinnsla
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	25.21.0.1	Framleiðsla á plötum og rörum úr plasti
85.12.2.1	Læknastofur	25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasti
85.20.0.1	Dýralæknastofur	26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum
85.32.1.1	Dagvist í heimahúsum > 6 börn í vistun	26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu
91.31.1.1	Kirkjur án safnaðarheimilis	28.52.0.1	Blikksmíði
92.34.0.1	Dansskólar	29.11.0.0	Vélsníða- og viðgerðarverkstæði
92.53.0.1	Húsdýragarðar	29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði
	Annað sambærilegt.	40.10.0.1	Spennistöðvar
	2. flokkur kr. 6.500	41.00.0.6	Vatnsveitur < 1.000 íbúar
15.20.6.1	Aðstaða til vinnslu á ferskum fiski	50.20.0.2	Bifreiða og vélaverkstæði - miðlungs
20.30.9.3	Trésmíðaverkstæði án lökkunar, lítið (1-2 starfsmenn)	50.20.0.8	Bifreiðaréttingar
22.22.1.0	Offsetprentun, lítill	50.20.0.9	Bón og bílaþvottur, sjálfvirk
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla	50.20.0.14	Verkstæði fyrirtækja
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn)	50.30.0.1	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru
50.20.1.4	Hjólbarðaverkstæði	51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu
55.12.0.1	Gistiskálar og heimagisting án veitingasölu, lítil	52.31.0.0	Apótek
55.21.0.1	Farfuglaheimili	52.33.0.1	Snyrtivöruverslanir
55.22.0.2	Tjaldstæði, miðlungs	52.46.1.2	Byggingavöruverslanir, litlar
55.23.0.2	Orlofshúsavæði, bændagisting án veitingasölu	52.49.9.1	Véla- og tækjasölu
55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	52.49.9.4	Sala eiturfena og hættulegra efna
85.11.4.4	Vistheimili	52.50.0.0	Smásala með notaða muni í verslunum
85.11.4.5	Endurhæfing	55.12.0.2	Gistiheimili, gistiskálar og heimagisting án veitingasölu, miðlungs
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	55.22.0.3	Tjaldsvæði, stór
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.	63.12.0.1	Vörugeymslur, litlar
85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen	63.12.0.5	Kæli- og frystigeymslur
85.20.0.3	Dýraspítalar	63.12.0.7	Gasbirgðastöðvar
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglinga	80.10.0.1	Grunnskólar án mótuneytis
85.32.2.3	Gæsluvellir	80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi án mótuneytis
92.61.0.7	Íþróttavellir	80.30.0.1	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis
92.61.0.8	Skíðasvæði og skíðaskálar án sölu óvarinna matvæla	85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar, litlar
92.72.0.1	Skotvellir	85.13.1.1	Tannlæknastofur
93.01.0.1	Þvottahús	85.14.9.1	Fótaðgerðarstofur
	Annað sambærilegt.	85.14.9.4	Húðflúrstofur
		85.14.9.5	Húðgötun
		85.32.2.1	Leikskólar án mótuneytis
		85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi án sölu óvarinna matvæla
		90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða

Ísat-númer		Ísat-númer	
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélaga	63.23.0.2	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu
91.13.0.1	Kvikmyndahús	74.81.0.1	Framköllunarþjónusta, sérhæfð
92.31.0.1	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	74.81.0.2	Ljósmyndastofur með framköllum
92.61.0.4	Íþróttahús lítill	75.23.0.1	Fangelsi, lítill
93.01.0.2	Efnalaugar	80.21.0.4	Sumarbúðir
93.02.0.1	Hárgreiðslu- og hársnyrtistofur	85.11.1.1	Sjúkrahús, lítill / án mótuneytis
93.02.0.2	Snyrtistofur	85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili án mótuneytis
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar án heitra potta	85.12.1.2	Heilsugæslustöðvar, stórar
93.04.0.7	Sólbaðsstofur án heitra potta	90.00.0.4	Gámastöð
93.04.0.9	Nuddstofur	90.00.0.5	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
	Annað sambærilegt	90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig við flutning og hreinsun á seyru
	4. flokkur kr. 19.500	92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs og stór/ásamt íþróttavöllum
01.25.2.0	Loðdýrabú	93.04.0.5	Líkamsræktarstöðvar með heitum pottum
05.02.1.2.	Seiðaðisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennslí í ferskvatn	93.04.0.8	Sólbaðsstofur með heitum pottum
14.21.0.0	Malar- og sandnám		Annað sambærilegt
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla ofanburðar		5. flokkur kr. 24.700
14.30.0.0	Nám og vinnsla á steinefnum til lífefnaíðnaðar og áburðargerðar	01.23.0.1	Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gylltur
15.11.0.1	Sláturhús, lítill	01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði
15.20.5.0	Harðfiskverkun	05.02.1.1	Seiðaðisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennslí í ferskvatn
15.42.0.2	Mörbræðsla og tölgarframleiðsla	05.02.4.0	Eldi sjávardýra
20.10.0.1	Fúavörn á viði	15.11.0.1	Sláturhús, stór
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski, stór
22.21.0.0	Prentun dagblaða	15.20.8.0	Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttu, lítill
22.22.9.3	Prentiðnaður, stór	15.81.0.2	Bakarí, lítill
22.22.9.4	Prentiðnaður með framköllum	15.82.0.2	Kökugerðir, litlar
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	15.85.0.2	Framleiðsla vöru til matvælavinnslu
28.51.0.0	Meðferð og húðun málma	15.87.0.2	Krydd- og bragðefnaframleiðsla og þökkun
37.20.0.1	Endurvinnsla úrgangs	24.30.0.1	Málningarverksmiðjur
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.000-5.000 íbúa	24.51.0.1	Hreinlætisvöruverksmiðjur
50.20.0.4	Bifreiða og vélaverkstæði stórt/eða með lökkun	35.11.0.1	Stálmíði og stálskipagerð
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	41.00.0.4	Vatnsveitur 5.000 – 10.000 íbúar
50.20.1.1	Ryðvarnarverksmiðjur	51.31.0.2	Heildverslanir með ávexti og grænmeti
50.20.1.2	Smurstöðvar	51.36.0.0	Heildverslanir með sykurlaði og sælgæti
50.30.0.2	Bifreiðavaraahlutaverslanir, mikið af efnavöru	51.39.0.2	Heildverslanir með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak
50.30.0.3	Bílapartasölur	51.44.2.0	Heildverslanir með hreingermingarefni
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	51.45.0.1	Heildverslanir með snyrtivöru
50.50.0.1	Bensínstöðvar án sölu óvarinnar matvöru	51.55.0.1	Heildverslanir með eitrefni og hættuleg efni
52.11.3.1	Söluturnar án sölu óvarinna matvæla	52.11.2.4	Matvöruverslanir án vinnslu, litlar
52.25.0.0	Áfengisverslanir	52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir
52.46.1.1	Byggingavöruverslanir, stórar	52.24.0.1	Smásala á brauðum, kökum og sætabrauði án vinnslu
52.46.2.1	Málningarvöruverslanir	55.12.0.3	Gististaðir án veitingasölu, stórir
52.49.9.3	Smásala efna í flokkum X, A og B	55.30.1.8	Brauðstofur
55.23.0.1	Bændagisting með veitingasölu	55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu
55.30.1.7	Matsöluvagnar	55.51.0.1	Mótuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítill
55.40.0.4	Samkomusalir með móttökueldhúsi		
55.51.0.5	Mótuneyti með móttökueldhúsi, lítill og miðlungs		
63.12.0.3	Vöruheymslur stórar		

Ísat-númer

- 55.51.0.6 Mötuneyti með móttökueldhúsi, stór
 55.52.0.1 Sala á tilbúnum mat, lítill starfsemi
 75.23.0.2 Fangelsi, miðlungs
 80.10.0.2 Grunnskólar með móttökueldhúsi
 80.21.0.2 Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með móttökueldhúsi
 85.30.0.2 Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi
 85.11.1.2 Sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi
 85.11.4.2 Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi
 85.32.2.1 Leikskólar með móttökueldhúsi
 85.32.6.1 Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi
 92.31.0.2 Leikhús með móttökueldhúsi
 Annað sambærilegt

6. flokkur kr. 33.800

- 15.20.4.1 Heitloftspurrkun fiskafurða
 15.20.8.1 Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttar miðlungs
 15.82.0.1 Kexverksmiðjur
 15.82.0.4 Kökugerðir, stórar
 41.00.0.3 Vatnsveitur > 10.000 íbúar
 50.50.0.2 Bensínstöðvar með matvöru
 52.11.3.3 Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs
 55.11.0.1 Gististaðir með veitingasölu, litlir
 55.40.0.5 Samkomusalir með fullbúna eldhúsi
 55.51.0.2 Mötuneyti með fullbúna eldhúsi, miðlungs
 63.21.0.1 Vöruflutningamiðstöðvar
 75.23.0.3 Fangelsi, stór
 80.10.0.3 Grunnskólar með fullbúið eldhús
 80.21.0.3 Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með fullbúið eldhús
 80.30.0.3 Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúið eldhús
 85.32.2.2 Leikskólar með fullbúið eldhús
 85.32.6.2 Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúið eldhús
 92.31.0.3 Leikhús með fullbúið eldhús
 Annað sambærilegt

7. flokkur kr. 41.600

- 15.13.0.1 Kjötvinnsur, litlar
 15.20.8.2 Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttar, stór
 52.11.2.5 Matvöruverslanir án vinnslu, miðlungs
 52.11.3.4 Söluturnar með óvarin matvæli, stórir
 52.23.0.1 Fiskbúðir, litlar
 52.24.0.2 Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu
 55.30.1.4 Skyndibitastaðir, litlir
 55.30.2.0 Skemmtistaðir með matsölu
 55.40.0.2 Krár, kaffihús án matsölu
 55.51.0.3 Mötuneyti með fullbúna eldhúsi, stór
 55.52.0.2 Sala á tilbúnum mat, miðlungs starfsemi
 92.61.0.1 Sundstaðir, litlir

Ísat-númer

- Annað sambærilegt
8. flokkur kr. 49.600
 15.13.0.4 Kjötvinnsur með reykingu, litlar
 15.33.0.2 Salatgerð
 15.43.0.0 Smjörlikisgerð
 15.81.0.3 Bakarí, miðlungs
 15.84.0.1 Súkkulaði- og sælgætisgerð
 15.86.0.0 Te- og kaffiframleiðsla
 15.96.0.0 Bjórgerð
 15.98.0.2 Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja
 50.50.0.3 Bensínstöðvar með veitingasölu
 52.11.2.1 Matvöruverslanir með vinnslu, litlar
 52.11.2.6 Matvælaverslun án vinnslu, stór
 52.23.0.3 Fiskbúðir, stórar
 52.24.0.3 Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu
 55.11.0.2 Hótel með veitingasölu, miðlungs
 55.30.1.1 Matsölustaðir, litlir
 55.30.1.5 Skyndibitastaðir, miðlungs
 55.40.0.1 Krár, kaffihús með matsölu
 55.52.0.3 Sala á tilbúnum mat, stór
 92.61.0.2 Sundstaðir, miðlungs
 Annað sambærilegt
9. flokkur kr. 60.200
 15.13.0.2 Kjötvinnsur, miðlungs
 15.51.0.1 Mjólkurbú
 15.81.0.4 Bakarí, stór
 52.11.1.2 Stórmarkaðir án matvælavinnslu
 52.11.2.2 Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs
 55.30.1.2 Matsölustaðir, miðlungs
 55.30.1.6 Skyndibitastaðir, stórir
 85.11.4.3 Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúna eldhúsi
 92.61.0.3 Sundstaðir stórir
 Annað sambærilegt
10. flokkur kr. 78.600
 15.13.0.5 Kjötvinnsur með reykingu, miðlungs
 15.51.0.0 Mjólkurbú og ostagerð
 52.11.2.3 Matvöruverslanir með vinnslu, stórar
 55.30.1.3 Matsölustaðir stórir
 85.11.1.3 Sjúkrahús, stór með fullbúna eldhúsi
 Annað sambærilegt
11. flokkur kr. 86.600
 15.13.0.3 Kjötvinnsur stórar
 55.11.0.3 Hótel með veitingasölu, stór
 Annað sambærilegt
12. flokkur kr. 97.000
 15.13.0.6 Kjötvinnsur með reykingu, stórar
 52.11.1.1 Stórmarkaðir með matvælavinnslu
 Annað sambærilegt

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald kr. 5.746

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 5.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald hálf títimálgjald
og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald eitt títimálgjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald eitt títimálgjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,
ferðar, úttektar og frágangs
ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títugjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Greiða skal gjöld samkvæmt 2. gr. af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, í þeim flokki sem hærrí er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 430/2000 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

Borgarnesi, 1. febrúar 2001.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Helgi Helgason.

VIÐAUKI A

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	4.700	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	28.000
Alifuglarækt < 40.000 stæði	21.500	Garðauðun	4.300
Apótek	8.600	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	4.700
Áfengismeðferð	11.500	Gámastöð	10.100
Áfengisverslun	8.600	Grunnskólar án mótuneytis	11.500
Áhaldhús sveitarfélags	9.300	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	29.400
Bakarí, miðlungs	26.500	Gæsluvellir	8.600
Bensínstöðvar	20.100	Harðfiskverkun	15.800
Bensínstöðvar með matvöru	48.800	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	11.500
Bensínstöðvar með veitingasölu	65.300	Hárgreiðslustofur	10.100
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	12.200	Heilsugæslustöðvar	5.000
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	15.100	Heimili fyrir börn og unglinga	10.100
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	4.700	Heitloftspurrkun fiskafurða	18.700
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	5.000	Hestahald (hesthúsahverfi)	5.700
Blikksmíði	4.300	Hótel með veitingasölu, lítið	21.500
Bón og bílaþvottur, handvirkur	7.200	Hótel með veitingasölu, miðlungs	48.800
Bón og bílaþvottur, sjálfvirkur	13.600	Hótel með veitingasölu, stórt	59.600
Byggingavöruverslanir, litlar	10.800	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	24.400
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	9.300	Hundahótel	3.900
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	12.200	Íþróttahús, lítil	10.100
Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs með móttökueldhúsi	30.200	Íþróttahús, miðlungs	12.900
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með móttökueldhúsi	21.500	Íþróttavellir	4.700
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með fullbúnu eldhúsi	30.900	Járnvöruverslanir	10.800
Dýralæknastofur, án röntgen	3.900	Kattahótel	3.600
Efnalaugar	11.500	Kirkjur	3.200
Fangelsi, lítið	5.700	Krár, kaffihús með matsölu	20.100
Fangelsi, miðlungs	12.200	Kvikmyndahús	10.800
Farfluglaheimili og fjallaskálar, heilsárs-notkun	9.300	Kökugerð, lítil	15.800
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	30.900	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttá lítil	26.500
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	23.000	Land- og kvíaeldi	24.400
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	11.500	Leikskólar með fullbúið eldhús	25.100
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	18.700	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	10.100
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	21.500	Líkamsræktarstöðvar, stór	10.800
Fóttaaðgerðastofur	8.600	Ljósmyndastofur með framköllun	9.300
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	10.800	Loðdýrabú	21.500
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	7.900	Læknastofur	4.300
Framleiðsla á mjöli og feiti úr slátur-úrgangi < 10 tonn á dag	27.300	Malar- og sandnám; vikurnám	5.000
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	21.500	Matsölastaðir, litlir	28.700
Framleiðsla húsdýrafóðurs	4.300	Matsölastaðir, miðlungs	39.500
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	12.200	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	22.200
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	28.000	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	29.400
		Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	38.700
		Málningavöruverslanir	10.800
		Meðferð og húðun málna	13.600
		Mjólkurbú og ostagerð	150.700
		Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	23.000
		Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	10.800
		Mótuneyti með móttökueldhúsi, lítið	17.200
		Nuddstofur	10.100
		Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	15.800
		Plastiðnaður	11.500

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Prentiðnaður með framköllun	12.200	Súkkulaði- og sælgætisgerð	17.900
Prentiðnaður, lítill	5.400	Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	27.300
Rafvélaverkstæði	4.300	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	15.800
Salatgerð	28.700	Tannlæknastofur	4.300
Saltfiskverkun	15.800	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	4.700
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	25.900	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	9.300
Seiðaðisstöðvar með fleiri en 150 þús.		Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	10.800
seiði og afrennsli	12.200	Tónlistarskólar	5.000
Sjúkraþjálfun	4.300	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	5.000
Skemmtistaðir með matsölu	23.000	Trésmíðaverkstæði með lökkun	11.500
Skíðaskálar, skíðasvæði	5.700	Vatnsveitur, < 1.000 íbúar	10.000
Skotvellir	10.800	Vatnsveitur, 1.000 - 5.000 íbúar	40.000
Skyndibitastaðir, litlir	23.700	Vatnsveitur, 5.000 - 10.000 íbúar	60.000
Sláturhús < 50 t/dag	48.800	Vatnsveitur, einka	7.200
Smurstöðvar	15.100	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	4.700
Snyrtistofur	10.100	Vinnsla á ferskum fiski, lítill	15.800
Snyrtivörverslun	10.100	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	21.500
Sorpflutningar og sorphirða	6.500	Vinnsla á ferskum fiski, stór	27.300
Sólbaðstofur án heitra potta	10.100	Vinnsla með plast- og frauðefni	11.500
Spennistöðvar	3.600	Vistheimili	11.500
Stálsmiði og stálskipagerð	21.500	Vöruflutningamiðstöðvar	13.600
Sultu- og ávaxtagrautargerð	28.700	Yogastofur, heilun o.fl.	8.600
Sundstaðir, litlir	40.100	Þvottahús og ofnalagar	10.100
Sundstaðir, miðlungs	61.600		

15. mars 2001

Nr. 302

REGLUGERÐ

um fráveitu Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitu Siglufjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Siglufjarðarkaupstaður starfrækir fráveitu. Bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild Siglufjarðarkaupstaðar fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitunnar í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Skilgreiningar:

Fráveita: Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

Fráveituvatn: Vatn (skólp, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

Skólp: Húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps og iðnaðarskólps og/eða ofanvatns.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, kæli- vatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Siglufjarðarkaupstaður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Enn fremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengirein á holræsalögn. Tæknideild Siglufjarðarkaupstaðar ákveður legu götuholræsa og tengireina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita bæjarins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana tvöfaldri fráveitu bæjarins. Að öðru leyti er bent á ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu bæjarins skal húseigandi leiða fráveituvatn að brunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu bæjarins.

7. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur, sbr. reglur sem um það gilda á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Húseigandi leggur til rotþró og lagnir og kostar allan frágang þeirra.

Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa og hafa hlotið viðurkenningu Hollustuverndar. Húseigandi annast allt viðhald.

Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu bæjarins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveitu, skal sækja um það til byggingareftirlits bæjarins á þar til gerðum eyðublöðum sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengjast fráveitu bæjarins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 12. gr.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingareftirlit bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal það einnig taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu bæjarins séu lagðar um lóðir þeirra og lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Siglufjarðarkaupstað er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á fráræsum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu bæjarins hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins.

13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu bæjarins flæði til baka um fráræsislagnir frá húseignum vegna vatnsyfirborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

14. gr.

Af öllum fasteignum í Siglufjarðarkaupstað sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

15. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Upphæð fráveitugjalds skal vera 0,18% af fasteignamati samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

16. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers kyns samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur bæjarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi á Siglufirði nr. 163/1972, sbr. reglugerð nr. 201/1976.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. mars 2001.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

Nr. 303

19. mars 2001

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Skagahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Skagahrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Skagahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Skagahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara nema sérstakar ástæður valdi því að halda þurfi fund með skemmri fyrirvara og séu þá allir hreppsnefndarmenn því samþykkir.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggu hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarboði skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Jafnframt skal fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samín, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

13. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta hreppsnefndarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

14. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

15. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

16. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

17. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

18. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrögð.

19. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlunir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykkir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlunir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlunir og skipulags- og framkvæmdaáætlunir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

20. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

21. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um oddvita né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlunir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

22. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða oddvita, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndar-

menn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

23. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Oddviti, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

24. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

25. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

26. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

27. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

28. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmann sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitari oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

29. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihluta-kosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

30. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd er getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

31. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

32. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

33. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

34. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

37. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

1. Tæknibúnaður fyrir fóðurblöndunarstöðvar.....	873
2. Geymsla	873
3. Kröfur um faglegt hæfi	873
4. Kröfur um eftirlit og eftirlitsbúnað.....	873
B. KRAFA UM SKRÁNINGU	873
C. GREINARGERÐ UM UPPLÝSINGAR ÚR SKÝRSLUNUM.....	873
D. SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU	873
1. a)	873
1. b)	874
2. a)	875
2. b)	875
3. a)	876
3. b)	876
4. a)	878
5. a)	879
5. b)	879
5. c)	880
5. d)	880

I. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

A. Gildissvið

Almennt.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um eftirlit með framleiðslu, geymslu og sölu á dýrafóðri.

Markmið.

2. gr.

Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja að fóðurvörur séu ekki skaðlegar dýrum, mönnum eða umhverfi, auk þess að tryggja að fóðurvörur séu af háum gæðaflokki og séu rétt meðhöndlaðar.

Gildissvið.

3. gr.

Einungis má hafa viðskipti með fóðurvörur hér á landi, sem eru framleiddar í innan EES-svæðisins, ef fyrirtækið er skráð í viðkomandi landi, sbr. 7. gr. þessarar reglugerðar. Fyrirtæki sem meðhöndla aukefni eða fóðurvörur sem aukefnum er blandað í, skulu jafnframt viðurkennd sbr. ákvæði 8. gr.

Einungis má hafa viðskipti með fóðurvörur frá landi utan EES-svæðisins ef fyrirtækið hefur skráðan fulltrúa (umboðsmann) með staðfestu hér á landi eða í EES-ríki, sbr. 7. gr. Fyrir aukefni eða fóðurvörur sem aukefnum er blandað í sem fjallað er um í 8. gr., er þess þar að auki krafist að fulltrúinn sé viðurkenndur.

4. gr.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

1. Fóðurvörur sem eru fluttar inn eða út vegna umflutnings.
2. Korn og annað fræ sem framleiðandi selur sem sáðvöru og fellur undir reglugerð um sáðvöru nr. 301/1995.
3. Fóðurvörur sem framleiddar eru eingöngu til eigin nota að mestu úr heimafengnu hráefni.
4. Viðskipti með gróffóður sem hefur ekki eða hefur í litlum mæli fengið tæknilega meðhöndlun (hey, unninn og óunninn hálmur, rótarávextir, kartöflur, grænfóður, o.s.frv.).
5. Fóðurvörur sem eru framleiddar og seldar til vísindalegra nota hjá einkareknum eða opinberum rannsóknastofnunum. Þessi undantekning gildir ekki um 6., 8., 9., 12., 13. og 14. gr. og viðeigandi ákvæði þeirra í 1., 3., 4., 5. og 14. viðauka.
6. Landbúnaðarráðherra getur, ef sótt er um það, veitt undanþágu frá þessu og sett viðeigandi skilyrði þar að lútandi.

B. Orðskýringar

5. gr.

Aukefni: Efni eða efnablöndur sem eru notaðar í dýrafóður í því skyni að:

- bæta eiginleika dýrafóðurs, fóðurblandna eða dýraafurða; eða
- bæta frumefnum í fóðrið og stuðla að því að ná tilteknum næringarmarkmiðum eða að mæta sérstakri tilfallandi næringarþörf dýra; eða

- fullnægja næringarþörf dýra eða bæta búfjárframleiðslu, einkum með því að hafa áhrif á örveruflóru meltingarvegarins eða niðurbrotshæfni fódurs; eða
- koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum húsdýraáburðar eða að bæta umhverfi dýra.

Búfé: Hross, nautgripir, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja.

Dagsskammtur: Heildarfóðurskammtur, miðað við 12% vatnsinnihald, sem að meðaltali er nauðsynlegur fyrir dýr af tiltekinni tegund, úr tilteknum aldurshópi og sem gefur tiltekinn afrakstur, til að fullnægja daglegum næringarþörfum þess.

Forblöndur: Blöndur aukefna eða blöndur sem samanstanda af einu eða fleiri aukefnum ásamt hráefnum sem burðarefni, ætlaðar til framleiðslu á fódurblöndum.

Fóður: Afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða rotvarðar, svo og afurðir þeirra úr iðnaðarvinnslu og lífræn eða ólífræn efni, notuð ein sér eða í blöndum, með eða án aukefna, gefin dýrum.

Fódurblöndur: Blöndur fóðurefna, með eða án aukefna, ætluð til að fódra dýr sem heilfóður eða fódurbætir.

Fódurbætir: Fódurblöndur ríkar af vissum efnum sem vegna samsetningar sinnar og mikils innihalds einstakra efna teljast því aðeins nægja sem dagsskammtur að þær séu gefnar með öðru fóðri.

Fóðurvörur: Öll efni sem notuð eru í fóður fyrir dýr.

Framleiðandi: Fyrirtæki sem framleiðir eða vinnur vöru eða hefur hana undir höndum á milli- stigi framleiðslu áður en hún fer á markað eða sem markaðssetur vöruna.

Framleiðsla: Vinnsla (t.d. undirbúningur, ræktun, kynbætur, mólun, blöndun o.s.frv.) fódur- vara, einna sér eða í blöndu, þar með talin þökkun og merking.

Gervimjólk: Fódurblöndur sem gefnar eru ungum dýrum í þurru formi eða eftir þynningu í ákveðnu magni af vökva sem viðbót við eða í staðinn fyrir móðurmjólki eftir brodd.

Gæludýr: Öll dýr sem haldin eru eða fódruð í náttúrunni til afþreyingar og ánægju.

Heilfóður¹: Fódurblöndur sem eru þannig samsettar að þær teljast nægja sem dagsskammtur.

Hrein fóðurefni (Hráefni): Fóðurvörur, óunnar, ætlaðar til dýraeldis.²

Markaðssetning: Geymsla á vörum með sölu eða afhendingu með einhverjum öðrum hætti að markmiði, gegn greiðslu eða ekki, einnig sjálf salan og afhending sem fer fram með einhverjum öðrum hætti.

Melassafódurblöndur: Fódurbætir sem búinn er til úr melassa og inniheldur samanlagt að minnsta kosti 14% sykurl, mældan sem súkrósa.

Sérfóður: Fódurblanda sem vegna efnis- eða eðlisgerðar er frábrugðin bæði venjulegu fóðri og lyfjum og markmið með notkun er að fullnægja sérstökum næringarþörfum.

Steinefnafóður: Fódurbætir sem er aðallega steinefni og inniheldur að minnsta kosti 40% ösku.

Viðskipti: Framboð, kaup, sala, skipti eða önnur tegund viðskipta.

Til viðbótar framangreindum orðskýringum eru orðskýringar í 2. viðauka þessarar reglugerðar og í 11. viðauka eru orðskýringar sem varða sýnatöku úr fódurvörum vegna eftirlits.

¹ Litið er á fódurblöndur fyrir jörturdýr sem heilfóður.

² Vörur sem selja má sem hrein fóðurefni og/eða nota við framleiðslu fódurblandna eða sem burðarefni í fódurblöndur geta einnig kallast hráefni.

C. Almennar takmarkanir

6. gr.

Einungis er heimilt að framleiða fódurvörur sem ætlaðar eru til markaðssetningar, innflutnings og/eða viðskipta, sem eru hreinar, ferskar, ósviknar og fullnægja kröfum um heilbrigði og gæði og geta hvorki skaðað dýr, menn né umhverfi.

Óheimilt er að framleiða og/eða stunda viðskipti með fóðurvörur sem innihalda meira magn af óæskilegum efnum en mælt er fyrir um í B- og C-hluta 1. viðauka. Selja má hráefni sem inniheldur meira magn en það sem tilgreint er í 3. dálki B-hluta 1. viðauka og uppfyllir kröfur sem settar eru fram í C-hluta 1. viðauka til fyrirtækja sem eru viðurkennd skv. 8. gr. Við sölu þessara fóðurvara skal taka fram:

1. að einungis megi selja þær til viðurkenndra fóðurblöndunarstöðva,
2. að fóðurvaran skuli ekki notuð sem fóður í óbreyttu formi,
3. hversu mikið magn fóðurvaran inniheldur af óæskilegum efnum.

Ekki má blanda hráefni sem tilgreint er í 2. dálki C-hluta 1. viðauka og inniheldur meira magn af óæskilegum efnum en mælt er fyrir um í 3. dálki við annað hráefni sömu eða annarrar tegundar. Fyrirtæki eða einstaklingar sem í tengslum við atvinnustarfsemi sína hafa eða hafa haft undir höndum hráefni sem annaðhvort uppfyllir ekki kröfurnar í 1. viðauka eða geta á annan hátt haft í för með sér hættu fyrir heilsu manna og/eða dýra skulu tafarlaust tilkynna það Aðfangaeftirlitinu. Tilkynningarskyldan gildir jafnvel þótt varan hafi verið eyðilögð. Aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að hráefnið verði eyðilaggt eða notað á þann hátt að það skaði ekki menn, dýr eða umhverfi.

Óheimilt er að selja og nota hráefni sem tilgreind eru í 4. lið í A-hluta 2. viðauka.

D. Skráning og viðurkenning

Skráning.

7. gr.

Sá sem framleiðir og/eða flytur inn fóðurvörur skal skrá starfsemi sína hjá Aðfangaeftirlitinu áður en framleiðsla eða innflutningur hefst. Beiðni um skráningu skal sendast Aðfangaftirlitinu á þar til gerðu eyðublaði. Skrá má fyrirtæki ef sýnt er að skilyrðum í A-hluta 14. viðauka hefur verið fullnægt eins og við á í hverju tilviki. Samanstandi fyrirtækið af nokkrum aðskildum rekstrareiningum sem hafa samvinnu sín á milli skal hver eining skráð sérstaklega. Ef fyrirtækið skiptir um eigendur eða starfsemin hættir skal Aðfangaftirlitinu tilkynnt um það.

Skráning þeirra fóðurvara sem fyrirtækið framleiðir og/eða flytur inn á sér stað samkvæmt lið 5 í A-hluta 7. viðauka.

Sá sem framleiðir og/eða selur fóðurvörur skal tilgreina og bera ábyrgð á vöruupplýsingum sem krafist er á hverjum tíma skv. reglugerð þessari.

Sá sem framleiðir og/eða selur fóðurvörur skal geta sýnt fram á kaup, sölu og birgðir.

Viðurkenning.

8. gr.

Í viðbót við skráningu, sbr. 7. gr. skal Aðfangaftirlitið að auki viðurkenna fyrirtæki sem framleiða og/eða selja fóðurvörur sem innihalda aukefni ef sýnt er að skilyrðum 14. viðauka hafi verið fullnægt:

1. Framleiðendur sem framleiða eða markaðssetja aukefni og sérstök próteinefni samkvæmt 1. lið í D-hluta 14. viðauka.
2. Framleiðendur sem framleiða eða markaðssetja aukefni í samræmi við ákvæði 2. liðar D-hluta 14. viðauka
3. Framleiðendur sem framleiða til markaðssetningar eða einungis fyrir eigið býli fóðurvörur sem innihalda aukefni í samræmi við ákvæði 3. liðar D-hluta 14. viðauka.
4. Framleiðendur sem framleiða eða markaðssetja fóðurblöndur sem meðal annars eru framleiddar úr hráefnum sem innihalda mikið magn óæskilegra efna sbr. ákvæði 4. liðar D-hluta 14. viðauka.

5. Framleiðendur sem reka eina eða fleiri tegundir starfsemi sem um getur í 1. – 4. lið en falla ekki undir þá liði eða framleiða eingöngu fyrir eigið býli fóðurlöndur sem innihalda aukefni eða forblöndur með aukefnum sem um getur í 3. viðauka.

Til að fá viðurkenningu þarf fyrirtækið að uppfylla kröfur um tæki/búnað, starfsfólk, framleiðslu, gæðæftirlit, geymslu, vottun ofl. sem fram koma í 14. viðauka.

Viðurkennd fyrirtæki skulu halda skrá yfir framleiðslu, birgðir og sölu og gefa skýrslu þar að lútandi, sbr. ákvæði í B- og C-hluta 14. viðauka.

Framkvæmd.

9. gr.

Við skráningu fær fyrirtæki sérstakt skráningarnúmer sem gildir á öllu EES-svæðinu. Einnig fær hver vöruhegund eða flokkur vöruhegunda sem það framleiðir eða flytur inn og skráð er hjá Aðfangæftirlitinu sérstakt skráningarnúmer.

Skráningu og viðurkenningu framleiðanda sbr. 7. og 8. gr. skal afturkalla ef hann leggur niður starfsemi sína eða í ljós kemur að hann uppfyllir ekki lengur grundvallarskilyrði fyrir starfsemi sinni og lagar sig ekki að þeim skilyrðum innan hæfilegs frests. Skráningu vöru skal afturkalla ef varan uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem sett eru eða lágu til grundvallar skráningu hennar eða breytingar hafa verið gerðar á henni án þess að tilkynna þær til Aðfangæftirlitsins.

Öll skjöl er varða skráningu og/eða viðurkenningu skulu vera á íslensku eða ensku.

Skráningu og viðurkenningu framleiðanda skal breyta ef hann lýsir því yfir að hann reki starfsemi sem er til viðbótar þeirri starfsemi sem fyrst var skráð eða kemur í stað hennar. Skráningu vöru skal breyta ef framleiðandi tilkynnir um breytingar á vörunni og þær eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

E. Hrein fóðurefni (gildir um fóðurvörur sem seldar eru búfjár- og gæludýraeigendum)

10. gr.

Einungis má selja fóðurefnin sem tilgreind eru í B-hluta 2. viðauka sem hrein fóðurefni ef þau eru í samræmi við lýsinguna í 3. dálki.

Selja má önnur hráefni þegar þeim hefur verið gefið nafn sem kemur í veg fyrir að þeim verði ruglað saman við fóðurefni sem eru tilgreind í B-hluta 2. viðauka.

Ef nauðsynlegt reynist, með tilliti til geymslu, vinnslu eða flutnings má bæta bindiefnum í fóðurefnin sem tilgreind eru í B-hluta 2. viðauka, án þess að litið sé á fóðurvöruna sem fóðurlöndu. Íblandað magn af bindiefninu má ekki fara yfir 3% af heildarþyngdinni.

F. Fóðurlöndur

11. gr.

Við framleiðslu á fóðurlöndum má einungis nota:

1. fóðurefni sem tilgreind eru í B-hluta 2. viðauka og
2. önnur fóðurefni sem falla undir reglugerð þessa, að því tilskildu að þau séu ósvikin, fersk og fullnægjandi að gæðum, holl dýrum og óskaðleg mönnum og umhverfi.

Krafist er að fóðurlöndu sé einsleit og uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. viðauka.

G. Gerjunarafurðir, aminósýrur, einföld N-sambönd (NPN) o.fl. vörur**12. gr.**

Einungis má selja vöru sem tilheyrir vöruflokki sem tilgreindur er í 1. dálki A-hluta 4. viðauka og framleidd er til að bæta beint eða óbeint próteini eða köfnunarefni í fóðurvörur og fóðurvörur sem innihalda þessa vöru, að því tilskildu að:

1. varan sé tilgreind í 2. dálki A-hluta 4. viðauka, enda hafi henni verið lýst í samræmi við ákvæði sem í gildi eru á EES-svæðinu.
2. varan uppfylli kröfurnar í 3. – 5. dálki A-hluta 4. viðauka.
3. varan sé einungis notuð fyrir dýrategundir og samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í 6. – 7. dálki A-hluta 4. viðauka.

H. Aukefni**Almennt.****13. gr.**

Einungis er heimilt að nota sem aukefni í fóðurvörur efni og blöndur sem tilgreindar eru í D-hluta 3. viðauka.

Einungis má nota aukefnin í samræmi við fyrirmæli í 3. viðauka, enda hafi þeim verið lýst og þau leyfð í samræmi við ákvæði sem í gildi eru á EES-svæðinu.

Einungis má selja aukefni sem fjallað er um í 1.-3. lið 8. gr. þeim sem hafa verið viðurkenndir framleiðendur og seljendur á forblöndum, í samræmi við 14. viðauka.

Einungis má selja forblöndur sem fjallað er um í 4. lið 8. gr. þeim sem hafa verið viðurkenndir framleiðendur og seljendur á fóðurböndum, í samræmi við 14. viðauka.

Þau íblöndunarefni sem fjallað er um í 16. lið 3. viðauka má nota til votverkunar.

Óheimilt er að selja eða nota innanlands fóðurvörur sem í hefur verið bætt vaxtarhvetjandi efnunum.

Lyf o.fl.**14. gr.**

Aðfangaeftirlitið getur heimilað sem lið í lækningu og með samþykki Yfirdýralæknis að setja megi ákvæðið magn af lyfi í einstaka fóðurvöru fyrir nánar tilgreinda dýrategund. Slík fóðrun er á ábyrgð dýralæknis, sbr. m.a. VIII. kafla reglugerðar nr. 403/1986 um varnir gegn fíksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

I. Þökkun og merking fóðurvara**Almennt.****15. gr.**

Vörulýsingar skulu skv. ákvæðum í 7., 8., 9. og 10. viðauka koma fram á umbúðunum, áfestum merkimiða, fylgiseðli, fylgiskjali eða á auglýsingaspjaldi. Upplýsingar skulu vera á íslensku og vera auðsýnilegar, læsilegar og óafmáanlegar. Aðfangaeftirlitið getur veitt undanþágu til að upplýsingar sem eru á gæludýrafóðri séu á ensku, dönsku, norsku eða sænsku, enda sé kaupanda tryggð skrifleg íslensk þýðing við kaup vörunnar óski hann þess. Allar fóðurvörur sem framleiddar eru til útflutnings skulu merktar á einu opinberu tungumáli kaupanda.

Þökkun og merking fóðurvara – að undanskildum aukefnum.**16. gr.**

Þegar fóðurvörur (að undanskildum aukefnum) eru seldar skulu þær vera pakkaðar í samræmi við ákvæði í A-hluta 6. viðauka og merktar í samræmi við ákvæðin í 2., 7., 8. og 9. viðauka. Meðferð fóðurs og umbúða skal vera í samræmi við ákvæði C-hluta 6. viðauka.

Ekki er skylt að gefa vörulýsingu á fóðurefnum sem fyrirtæki selja sín á milli til fóðurblöndugerðar.

17. gr.

Lýsingar á efnasamsetningu í samræmi við lið 2 í D-hluta 9. viðauka og á vörum sem fjallað er um í 12. gr. skulu samsvara því innihaldi sem hægt er að sýna fram á við eftirlit með viðurkenndum efnagreiningaraðferðum, sbr. ákvæði í 12. viðauka.

Pökkun og merking aukefna og forblandna þeirra.

18. gr.

Við sölu á aukefnum (óblönduðum) og forblöndum þeirra skulu þau vera pökkuð í samræmi við ákvæði í B-hluta 6. viðauka og meðferð þeirra í samræmi við ákvæði C-hluta í 6. viðauka og merkt í samræmi við ákvæðin í 10. viðauka. Ef gefnar eru upplýsingar til viðbótar við ákvæðin í 10. viðauka skulu þær vera aðskildar frá þeim upplýsingum sem krafist er. Ákvæði þetta gildir ekki um vörur sem afhentar eru framleiðendum fóðurblandna eða birgjum þeirra.

Merking fóðurvara sem innihalda aukefni.

19. gr.

Til viðbótar því sem krafist er samkvæmt 16. gr. skal merking fóðurvara sem innihalda aukefni vera í samræmi við ákvæðin í B-hluta í 10. viðauka. Ákvæði þetta gildir ekki um vörur sem afhentar eru framleiðendum fóðurblandna eða birgjum þeirra.

J. Eftirlit

Úrtakseftirlit.

20. gr.

1. Úrtakseftirlit skal fara fram:
 - a) með reglulegu millibili;
 - b) ef grunur leikur á að ákvæði séu ekki uppfyllt;
 - c) með aðferðum sem samræmast markmiðinu, einkum með tilliti til áhættu og fenginnar reynslu.
2. Úrtakseftirlit skal taka til allra stiga framleiðslu og vinnslu, millistiga í framleiðslu fyrir markaðssetningu að meðtöldum innflutningi og til notkunar fóðurvara. Aðfangaeftirlitið skal velja það eða þau stig sem þjóna best tilgangi eftirlitsins.
3. Úrtakseftirlit skal yfirleitt fara fram án nokkurs fyrirvara.
4. Úrtakseftirlit skal einnig taka til notkunar sem er bönnuð í tengslum við fóður.

Sýnataka úr vörum.

21. gr.

Í því skyni að nauðsynlegt eftirlit geti farið fram skal Aðfangaeftirlitið hafa aðgang að stöðum þar sem landbúnaðarframleiðsla fer fram og þar sem fóðurvörur eru framleiddar, geymdar eða notaðar.

K. Inn- og útflutningur.

Innflutningseftirlit.

22. gr.

Við innflutning frá ríkjum utan EES-svæðisins skal Aðfangaeftirlitið sannprófa skjöl vegna hvernar sendingar og sannprófa auðkenni með slembiúrtaki til að ganga úr skugga um:

- tegund
- uppruna
- viðtökustað
- samræmi vara með því að kanna ástand með slembiúrtaki áður en þær eru markaðssettar og að þær séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Í þessu skyni getur Aðfangaeftirlitið ákveðið sérstaka höfn eða annan komustað fyrir mismunandi vörutegundir.

Aðfangaeftirlitið getur á innflutningsstað, með óhlutdrægu slembiúrtaki, gengið úr skugga um að vörur sem fluttar eru inn frá landi á EES-svæðinu séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

23. gr.

Ef eftirlitið leiðir í ljós að vörur standast ekki tilskildar kröfur skal banna innflutning þeirra eða markaðssetningu og fyrirskipa endursendingu þeirra eftir að lögbæru yfirvaldi í framleiðslulandi hefur verið tilkynnt þar um. Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA og aðildarríkjum EES-svæðisins þegar í stað um að vörunum hafi verið hafnað og tilgreina þau brot sem hafa komið í ljós.

Þrátt fyrir 1. mgr. má Aðfangaeftirlitið heimila eina af eftirfarandi aðgerðum svo fremi að tryggt sé að aðgerðirnar hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna og dýra eða á umhverfið.

- aðlögun varanna að tilskildum kröfum innan nánar tiltekins frests
- hreinsun, ef við á
- aðra viðeigandi meðhöndlun
- notkun í öðrum tilgangi
- förgun varanna.

Kostnaður sem stofnað er til vegna ráðstafana sem eru gerðar í samræmi við 1. og 2. mgr. hvílir á innflytjanda (handhafa leyfis) eða fulltrúa hans.

Aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að skoðanir fari þannig fram að sem minnstar tafir verði á afhendingu fóðurvара og að skoðun leiði ekki til óréttmætra hindrana við markaðssetningu þeirra.

Framleiðendur sem eftirlit er haft með geta leitað álits annarra sérfræðinga ef tekin eru sýni, enda skulu viðmiðunarsýni varðveitt með innsigli.

Aðfangaeftirlitinu er heimilt að viðurkenna rannsóknastofur til að annast greiningu á sýnum.

Umflutningur.

24. gr.

Ef vara sem flutt er inn frá ríki utan EES-svæðisins er flutt út til annars aðildarríkis EES-samningsins skal Aðfangaeftirlitið afhenda hlutaðeigandi lögaðila (útflytjanda) skjal sem samþykkt hefur verið á EES-svæðinu þar sem fram kemur hvers konar eftirlit var viðhaft og hverjar niðurstöður þess eru. Í viðskiptaskjölunum skal vera tilvísun í þetta skjal. Sé viðkomandi vöru skipt upp í hluta skal ofangreint skjal fylgja sérhverjum hluta. Þetta ákvæði hefur þó ekki áhrif á rétt þess aðildarríkis EES-samningsins til að láta fara fram úrtakseftirlit.

Útflutningseftirlit.

25. gr.

Aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að vörur sem senda á til annars aðildarríkis EES-samningsins séu skoðaðar af jafnmikilli nákvæmni og þær sem ekki eru ætlaðar til útflutnings.

Ef grunur leikur á að kröfum sé ekki fullnægt skal Aðfangaeftirlitið láta fara fram nauðsynlegt eftirlit og gera viðeigandi ráðstafanir ef grunurinn er staðfestur.

L. Fóðurnefnd

26. gr.

Til aðstoðar Aðfangaeftirlitinu skipar Landbúnaðarráðherra fóðurnefnd til fjögurra ára og skal nefndin vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt reglugerð þessari. Um skipun nefndarinnar og hlutverk fer skv. ákvæðum 2. mgr. 3. greinar laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

M. Kostnaður

27. gr.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur Aðfangaeftirlitsins skv. reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,9% af innflutningsverði (c.i.f.) fóðurvöru, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,9% af söluverði innlendrar fóðurvöru (án vsk) sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum Aðfangaftirlitsins. Gjald dagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember árið á undan og 1. september fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní viðkomandi ár, ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati Aðfangaftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga getur hann innan tuttugu daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að Aðfangaftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrá eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Aðfangaftirlitsins til Landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan þriggja mánaða frá móttöku bréfs Aðfangaftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Aðfangaftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

Landbúnaðarráðherra gefur út gjaldskrá fyrir Aðfangaftirlitið þar sem m.a. er kveðið á um gjöld sem ber að greiða vegna raunkostnaðar við skráningu og viðurkenningu fyrirtækja, skv. D. lið I. kafla og vegna viðhalds þessara skráninga og viðurkenninga. Auk þess skal kveðið á um upphæð sértækra eftirlitsgjalda vegna sérstakra rannsókna sem kann að þurfa að gera á vörum.

N. Viðurlög

28. gr.

Brot á þessari reglugerð varða refsingu samkvæmt 9. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

O. Undanþágur

29. gr.

Landbúnaðarráðherra getur að fengnum meðmælum Aðfangaeftirlitsins veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar hvað varðar framleiðslu fyrir innanlandsmarkað.

P. Gildistaka

30. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og með hliðsjón af eftirtöldum tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar: 91/248/EBE, 91/336/EBE, 91/508/EBE, 91/620/EBE, 92/64/EBE, 92/99/EBE, 92/113/EBE, 93/27/EBE, 93/55/EBE, 93/107/EBE, 94/17/EB, 94/41/EB, 94/50/EB, 94/77/EB, 95/37/EB, 94/40/EB, 95/11/EB, 79/797/EBE, 80/510/EBE, 82/937/EBE, 87/234/EBE, 80/509/EBE, 80/695/EBE, 82/957/EBE, 87/235/EBE, 94/39/EB, 95/9/EB, 95/10/EB, 80/511/EBE, 82/475/EBE, 91/334/EBE, 91/336/EBE, 86/174/EBE, 91/357/EBE, 85/509/EBE, 86/530/EBE, 88/485/EBE, 89/520/EBE, 90/439/EBE, 93/26/EBE, 93/56/EBE, 95/33/EB, 71/250/EBE, 81/680/EBE, 71/393/EBE, 73/47/EBE, 84/4/EBE, 72/199/EBE, 93/28/EBE, 73/46/EBE, 92/89/EBE, 76/371/EBE, 76/372/EBE, 92/95/EBE, 94/14/EB, 78/633/EBE, 81/715/EBE, 93/117/EB, 85/382/EBE, 96/274/EB, 97/274/EB, 98/68/EB, 98/51/EB, 99/29/EB, 98/67/EB, 99/27/EB, 98/88/EB, 99/79/EB, 99/76/EB, 97/6/EB, 95/55/EB, 97/40/EB, 98/54/EB, 96/7/EB, 96/66/EB, 97/72/EB, 99/61/EB, 98/87/EB, 98/64/EB, 95/69/EB; tilskipunum ráðsins: 70/524/EBE, 73/103/EBE, 87/153/EBE, 93/114/EB, 93/113/EB, 79/372/EBE, 90/654/EBE, 79/373/EBE, 86/354/EBE, 90/44/EBE, 91/681/EBE, 82/471/EBE, 83/228/EBE, 70/373/EBE, 72/275/EBE, 74/63/EBE, 86/354/EBE, 93/74/EBE, 95/53/EB, 96/25/EB, 96/51/EB, 99/20/EB, 96/24/EB; reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 866/99, 639/1999, 2785/98, 2374/98, 2786/98, 2316/98, 1436/98, 1411/99, 1636/99, 2788/98, 45/99, 1594/99, 1245/99, reglugerðum ráðsins nr. 2821/98, ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 91/516/EBE, 92/508/EBE, 95/274/EB, 85/382/EBE, 97/582/EB, 99/420/EB, 2001/9/EB og ákvörðunum ráðsins 98/728/EB og 2000/766/EB. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 650/1994 um eftirlit með fódri og breytingar á henni nr. 718/1995, 510/1996, 553/1998, 263/1999 og 76/2001.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 27. gr. skal gjaldið sem þar er ákveðið 0,9% vera 0,5% til og með 30. júní 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. apríl 2001.

F. h. r

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.

II. KAFLI VIÐAUKAR

1. viðauki Óæskileg efni

(sbr. 6. gr. I. kafla)

(Tilskipun ráðsins 1999/29/EB)

A. Almenn ákvæði

1. Hámarksinnihald efna og afurða í fóðri

Fóðurvörur sem tilgreindar eru í 2. dálki taflnanna í B-hluta mega ekki innihalda efni og afurðir sem eru tilgreindar í 1. dálki B-hluta í meira magni en tilgreint er í 3. dálki.

Um hráefni sem innihalda meira magn af óæskilegum efnum og afurðum en tilgreint er í B-hluta skal setja sambærileg ákvæði með fyrirvara um ákvæði C-hluta.

Um sölu hráefna sem á að nota óblönduð í fóður og varðandi efni og afurðir sem engin viðmiðunarmörk gilda um samkvæmt B-hluta gilda hámarksákvæði sem tilgreind eru í reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum.

Heimilt er að farið sé yfir leyfilegt hámarksinnihald sem kveðið er á um í B-hluta, að því tilskildu að um sé að ræða fóður sem er framleitt og notað án frekari meðhöndlunar á sama býli þar sem slíkt er nauðsynlegt af sérstökum staðbundnum ástæðum. Tryggt skal að hvorki dýr né menn verði fyrir heilsutjóni vegna þessa.

Sé innihald óæskilegra efna sem talin eru upp í 1. dálki C-hluta yfir leyfilegu hámarki í B-hluta en undir hámarki í C-hluta er heimilt að dreifa hráefninu til framleiðanda í lið 4 a, D-hluta 14. viðauka, sbr. 4. lið 1. mgr. 8. gr. D-hluta I. kafla, að því tilskildu að því fylgi skjal þar sem fram kemur:

- að fóðurefnin séu ætluð framleiðendum fóðurblandna sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í lið 4 a, D-hluta 14. viðauka.
- að óheimilt sé að gefa búfé fóðurefnin óunnin.

2. Hámarks magn við þynningu fóðurbætis

Fóðurbætir sem á að þynna samkvæmt notkunarleiðbeiningum skal eftir þynningu ekki innihalda meira magn af efnum og vörum en það sem er ákveðið fyrir heilfóður ef ekkert annað er tilgreint í 2. dálki taflnanna í B-hluta. Ef ekki á að þynna fóðurbæti, samkvæmt leiðbeiningum, gildir sama hámarksinnihald óæskilegra efna og er ákveðið fyrir heilfóður.

B. Aðrar viðmiðanir varðandi innihald óæskilegra efna og afurða í fóðri

1. Efni (jónir eða frumefni)

Tilsk. 1999/29/EBE

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) fyrir fóður með 12 % rakainnihald
1	2	3
1.1 Arsen	Fóðurefni að undanskildu:	2
	— mjóli úr grasi, refasmára, smára, sykurrófumauki og melassabættu sykurrófumauki	4
	— fosfötum og fódri frá fiskvinnslu eða vinnslu annarra sjávardýra	10
	Heilfóður að undanskildu:	2
	— heilfóðri fyrir fiska	4
	Fóðurbætur að undanskildum:	4
— steinefnablöndum	12	
1.2 Bly	Fóðurefni að undanskildu:	10
	— grænfóðri	40
	— fosfötum	30
	— geri	5
	Heilfóður	5
	Fóðurbætur að undanskildum:	10
— steinefnablöndum	30	
1.3 Flúor	Fóðurefni að undanskildu:	150
	— fódri úr dýrarikinu	500
	— fosfötum	2 000
	Heilfóður að undanskildu:	150
	— heilfóðri fyrir mjólkandi kýr, ær og huðnur	50
	— heilfóðri fyrir aðra nautgripi, sauðfé og geitfé	30
	— heilfóðri fyrir svín	100
	— heilfóðri fyrir alifugla	350
	— heilfóðri fyrir kjúklinga	250
	Steinefnablöndur fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé	2 000 ¹
	Annar fóðurbætur	125 ²
1.4 Kvikasilfur	Fóðurefni að undanskildu:	0,1
	— fódri sem fellur til í fiskvinnslu eða vinnslu annarra sjávardýra	0,5
	Heilfóður að undanskildu:	0,1
	— heilfóðri fyrir hunda og ketti	0,4
	Fóðurbætur að undanskildu:	0,2
	— heilfóðri fyrir hunda og ketti	
1.5 Nitrit	Fiskimjöl	60
	Heilfóður að undanskildu:	(gefið upp sem natríumnitrit)
	— fódri ætlað gæludýrum öðrum en fuglum og búrfiskum	15 (gefið upp sem natríumnitrit)
1.6 Kadmfum	Fóðurefni úr jurtarikinu:	1
	Fóðurefni úr dýrarikinu að undanskildu:	2
	— fódri fyrir gæludýr	
	Fosföt	10 ³
	Heilfóður fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé að undanskildu:	1
	— heilfóðri fyrir kálfa, lömb og kiðlinga	
	Annað heilfóður að undanskildu:	0,5
	— fódri fyrir gæludýr	
	Steinefnablöndur	5 ⁴
Annar fóðurbætur fyrir nautgripi sauðfé og geitfé	0,5	

2. Afurðir (sveppaeitur og aðrar örveruafurðir, eittraðar plöntuafurðir, plöntuvarnarlyf o.fl.)

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) fyrir fóður með 12 % rakainnihald
1	2	3
2.1 Aflatoxín B ₁	Fóðurefni að undanskildum: — jarðhnetum, kókosnetukjarna, pálmakjarna, baðmullarfræi, babassú, mais og afurðum úr vinnslu þeirra Heilfóður fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé að undanskildum: — mjólkurkúm — kálfum og lömbum Heilfóður fyrir svin og alifugla (að undanskildu ungvíði) Annað heilfóður Fóðurbætur fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé (að undanskildum fóðurbæti fyrir mjólkandi dýr, kálfa og lömb) Fóðurbætur fyrir svin og alifugla (að undanskildu ungvíði) Annar fóðurbætur	0,05 0,02 0,05 0,005 0,01 0,02 0,01 0,05 0,03 0,005
2.2 Blásýra	Fóðurefni að undanskildu: — hörfræi — hörfrækökum — manjókafurðum og möndlukökum Heilfóður að undanskildu: — heilfóðri fyrir kjúklinga	50 250 350 100 50 10
2.3 Óbundið gossýpól	Fóðurefni að undanskildum: — baðmullarfrækökum Heilfóður að undanskildu: — heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé — heilfóðri fyrir alifugla (að undanskildum varphænum) og kálfa — heilfóðri fyrir kanínur og svin að undanskildum mjólkurgrisum	20 1 200 20 500 100 60
2.4 Þeóbrómín	Heilfóður að undanskildu: — heilfóðri fyrir fullvaxna nautgripi	300 700
2.5 Rokgjörm mustarósolia	Fóðurefni að undanskildum: — repjufrækökum Heilfóður að undanskildu: — heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé (að undanskildu ungvíði) — heilfóðri fyrir svin (að undanskildum mjólkurgrisum) og alifugla	100 4 000 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat) 150 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat) 1 000 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat) 500 (gefið upp sem allýlísóþíósýanat)
2.6 Vínýlþíóoxa-sólídon	Heilfóður fyrir alifugla að undanskildu: — heilfóðri fyrir varphænur	1 000 500
2.7 Grasdrjóna-sveppur (<i>Claviceps purpurea</i>)	Allt fóður sem inniheldur ómalað korn	1000
2.8 Ilgresisfræ og aldin, ómöluð og ómarin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð og önnur eiturefni, ein sér eða saman, þar á meðal: <i>Lolium temulentum</i> L. <i>Lolium remotum</i> Schrank <i>Datura stramonium</i> L.	Allt fóður	3000 1000 1000 1000

2.9 Kristpálmi (<i>Ricinus communis</i> L.)	Allt fóður	10 (gefið upp sem hýði Kristpálmafræja)
2.10 <i>Crotalaria</i> L. spp	Allt fóður	100
2.11 Aldrín	} Allt fóður, þó ekki fita	0,01
2.12 Dieldrín		0,2
2.13 Kamfeklór (toxafen)	Allt fóður	0,1
2.14 Klórdan (summa sis- og trans-myndbrigða og óksýklórdan (tilgreint sem klórdan)	Allt fóður, þó ekki fita	0,02 0,05
2.15 DDT (summan af DDT-, TDE- og DDE-myndbrigðum, tilgreint sem DDT)	Allt fóður, þó ekki fita	0,05 0,5
2.16 Endósúlfan (summa alfa- og beta-myndbrigða og endósúlfansúlfat, tilgreint sem endósúlfan)	Allt fóður með eftirfarandi undantekningum: maís olíurík fræ heilfóður fyrir fisk	0,1 0,2 0,5 0,005
2.17 Endrín (summan af endrínri og delta-setó-endrínri, tilgreint sem endrín)	Allt fóður, þó ekki fita	0,01 0,05
2.18 Heptaklór (summan af heptaklóri og heptaklór-epóksíði tilgreint sem heptaklór)	Allt fóður, þó ekki fita	0,01 0,2
2.19 Hexaklórbensen (HCB)	Allt fóður, þó ekki fita	0,01 0,2
2.20 Hexaklórsýklóhexan (HCH)		
2.20.1 Alfa myndbrigði	Allt fóður, þó ekki fita	0,02 0,2
2.20.2 Beta myndbrigði	Fóðurblöndur, þó ekki fóðurblöndur fyrir mjólkurkúr Hreint fóður, þó ekki fita	0,01 0,005 0,01 0,1
2.20.3 Gamma myndbrigði	Allt fóður, þó ekki fita	0,2 2,0
2.21 Díoxín (summa PCDD og PCDF), gefið upp í alþjóðlegum eiturjafngildum	Sitrushrat	500 pg I-TEQ/kg (efri styrkleikamörk) ³

3. Aðskotaefni úr jurtaríkinu

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) fyrir fóður með 12 % rakainnihald
1	2	3
3.1 Apríkósa (<i>Prunus armeniaca</i> L.)	Allt fóður	Fræ og aldin þeirra plöntutegunda sem taldar eru upp hér til hlíðar ásamt unnum afleiðum þeirra eru einungis leyfileg sem ómælanleg örefni í fóðri
3.2 Beisk mandla <i>Prunus dulcis</i> (Mill.) D.A.Webb var. <i>amara</i> (DC) Focke (= <i>Prunus amygdalus</i> Batsch var. <i>amara</i> (DC.) Focke)		
3.3 Óafhýdd beykihnetta (<i>Fagus silvatica</i> L.)		
3.4 Akurdoðra (<i>Camelina sativa</i> L. Crantz)		
3.5 <i>Mowrah</i> , <i>bassia</i> , <i>madhuca</i> , <i>Madhuca longifolia</i> (L.) Macbr. (= <i>Bassia longifolia</i> L. = <i>Illipe malabrorum</i> Engl.) <i>Madhuca indica</i> Gmelin (= <i>Bassia latifolia</i> Roxb. = <i>Illipe latifolia</i> (Roxb.) F.Mueller)		
3.6 Purghera, (<i>Jatropha curcas</i> L.)		
3.7 Tigurskrúð, (<i>Croton tiglium</i> L.)		
3.8 Brúnn mustarður (<i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. spp. <i>integrifolia</i> (West.) Thell)		
3.9 Sareptam-mustarður (<i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. spp. <i>juncea</i>)		
3.10 Kínverskur mustarður (<i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. spp. <i>juncea</i> var. <i>lutea</i> Batalin)		
3.11 Svartur mustarður (<i>Brassica nigra</i> (L.) Koch)		
3.12 Eþíópíu mustarður (<i>Brassica carinata</i> A. Braun)		
<p>¹ Einnig er heimilt að mæla fyrir um hámarksflúormagn sem nemur 1,25% af fosfatmagninu.</p> <p>² Flúormagn á hvern hundraðshluta fosfórs</p> <p>³ Einnig er heimilt að mæla fyrir um 0,5 mg hámarkskadmiúmagn á hvern hundraðshluta fosfórs.</p> <p>⁴ Einnig er heimilt að mæla fyrir um 0,75 mg hámarkskadmiúmagn á hvern hundraðshluta fosfórs.</p> <p>⁵ Efri styrkleikamörk eru reiknuð út frá því mati að öll gildi hinna ýmsu skyldu efna, sem eru undir greiningarmörkum, séu jöfn greiningarmörkunum.</p>		

C. Hámarksinnihald óæskilegra efna og afurða í hráefnum

(sbr. 2. mgr. 6. gr. I. kafla)

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) fyrir fóður með 12 % rakainnihald
1	2	3
1. Aflatoxín B ₁	Jarðhnetur, kópra, pálmahnetur, baðmullarfræ, babassú, mais og afurðir úr þeim	0,2
2. Kadmíum	Fosföt	10 ¹
3. Arsen	Fosföt	20
4. Dioxín (summa PCDD og PCDF), gefið upp í alþjóðlegum eiturjafngildum.	Sitrushrat	500 pg I-TEQ/kg (efri styrkleikamörk) ²

¹ Einnig er heimilt að mæla fyrir um 0,5 mg hámarkskadmiúmagn á hvern hundraðshluta fosfórs² Efri styrkleikamörk eru reiknuð út frá því mati að öll gildi hinna ýmsu skyldu efna, sem eru undir greiningarmörkum, séu jöfn greiningarmörkunum.

C. Aðskotaefni úr jurtaríkinu	
1. Apríkósúr — <i>Prunus armeniaca</i> L.	Öll fódurefni
2. Beiskar möndlur — <i>Prunus dulcis</i> (Mill.) D.A. Webb var. <i>amara</i> (DC.) Focke (= <i>Prunus amygdalus</i> Batsch var. <i>amara</i> (DC.) Focke)	Öll fódurefni
3. Beykihnetur með hýði — <i>Fagus silvatica</i> L.	Öll fódurefni
4. Akurdoðra — <i>Camelina sativa</i> (L.) Crantz	Öll fódurefni
5. <i>Mowrah</i> , <i>Bassia</i> , <i>Madhuca</i> — <i>Madhuca longifolia</i> (L.) Macbr. (= <i>Bassia longifolia</i> L. = <i>Illipe malabrorum</i> Engl.) <i>Madhuca indica</i> Gmelin (= <i>Bassia latifolia</i> (Roscb.) = <i>Illipe latifolia</i> (Roscb.) F. Mueller)	Öll fódurefni
6. Purghera — <i>Jatropha curcas</i> L.	Öll fódurefni
7. Tígurskrúð — <i>Croton tiglium</i> L.	Öll fódurefni
8. Brúnn mustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>integrifolia</i> (West.) Thell.	Öll fódurefni
9. Sareptam-mustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. and Coss. ssp. <i>Juncea</i>	Öll fódurefni
10. Kínverskur mustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>Juncea</i> var. <i>lutea</i> Batalin	Öll fódurefni
11. Svartur mustarður — <i>Brassica nigra</i> (L.) Koch	Öll fódurefni
12. Eþíópíumustarður — <i>Brassica carinata</i> A. Braun	Öll fódurefni

2. viðauki Hrein fóðurefni

(Tilskipun ráðsins 96/25/EB og tilskipun framkv. stjrn. 98/67/EB)

A. Almenn ákvæði

1. Athugasemdir til skýringar

- Fóðurefni eru skráð og nefnd í B-hluta samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum:
 - uppruna afurðar eða aukaafurðar, til dæmis úr jurta-, dýra- eða steinaríkinu,
 - þeim hluta afurðar eða aukaafurðar sem notaður er, til dæmis allri afurðinni, fræjum, hýðum, beinum,
 - þeim vinnsluaðferðum sem beitt er á afurðir eða aukaafurðir, til dæmis afhýðingu, útdrætti, hitun og/eða þeim afurðum eða aukaafurðum sem unnar eru úr þeim, til dæmis flögum, klíði, mauki/hrati, fitu,
 - proska afurðar eða aukaafurðar og/eða eiginleikum afurðar eða aukaafurðar, til dæmis „glúkósínólatskert“, „fituríkt“, „sykurskert“.

2. Grasafræðilegur hreinleiki

- Fóðurefni verða að vera án efnafræðilegra óhreininda úr framleiðsluferlinu og án tæknilegra hjálparefna nema fastsett séu í B-hluta viðaukans sérákvæði um hámarksinnihald að því er varðar sérstakt fóðurefni, að svo miklu leyti sem góðir framleiðsluhættir leyfa.
- Grasafræðilegur hreinleiki afurða og aukaafurða sem skráðar eru í B- og C-hluta skal ekki vera minni en 95% nema því aðeins að mælt hafi verið fyrir um annað í B- eða C-hluta.

Eftirfarandi skal telja aðskotaefni úr jurtaríkinu:

- náttúruleg en óskaðleg óhreinindi (t.d. hálmur og hálmúrgangur, fræ annarra ræktaðra tegunda eða illgresisfræ)
- óskaðlegar leifar annarra olíuríkra fræja eða olíuríkra aldina frá fyrri vinnslustigum ef magn þeirra fer ekki yfir 0,5%

- Gildin sem tilgreind eru að því er varðar grasafræðilegan hreinleika vísa til þyngdar afurðarinnar og aukaafurðarinnar

3. Heiti fóðurefna

Ef hluti heitis fóðurefnis í B-hluta þessa viðauka er eitt eða fleiri orð í svigum má sleppa orðinu (orðunum) í svigunum; til dæmis má tilgreina olíu úr sojabáunum hvort heldur sem soja(bauna)olíu eða sojaolíu.

4. Bönnuð hráefni

Bannað er að selja og nota eftirtalin hráefni:

- Skít og hland, svo og gor og annað sem er fjarlægt úr meltingarvegi við tæmingu eða skolon hans án tillits til meðhöndlunar eða blöndunar.
- Skinn meðhöndluð með sútnarefnum, þar með talinn úrgangur þeirra.
- Fræ, korn og plöntur, önnur plöntufjölgunarefni og hugsanlegar aukaafurðir þeirra sem meðhöndlaðar hafa verið með plöntuvarnarefnum eftir uppskeru.
- Timbur, sag og annað sem hefur verið meðhöndlað með fúavarnarefnum.
- Eðja frá hreinsistöðvum þar sem skólp og annað frárennslisvatn frá húsum og fjölbýlissvæðum er meðhöndlað (klóak, skólp o.fl.).
- Fastur úrgangur frá bæjarfélögum, t.d. húsaskólp.
- Ómeðhöndlaður úrgangur frá veitingahúsum, að undanskildum matvælum úr jurtaríki sem ekki teljast hæf til neyslu vegna þess að þau eru ekki nógu fersk.
- Umbúðir og hlutar af umbúðum sem falla til vegna notkunar á afurðum í tengslum við matvælaframleiðslu í landbúnaði.
- Prótein úr vefjum spendýra sem innihaldsefni í fóðurböndum sbr. D-hluta þessa viðauka.

5. Skýringar

Skýringar sem gefnar eru hér á eftir vísa til helstu aðferða sem notaðar eru við meðferð (tæknilega, efnafræðilega o.s.frv.) og um getur í B- og C-hluta þessa viðauka. Ef heiti fóðurefnanna felur í sér almennt heiti eða íbörð úr þessum skýringum skal aðferðin sem beitt er vera í samræmi við þá skilgreiningu sem gefin er upp.

Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/hugtak
Afhýðing	Fjarlæging ytri hýðislaga á korni, fræi, aldinum, hnetum o.fl.	Afhýtt
Forhleyping	Umbreyting sterkju til að auka fyrirferð hennar verulega í köldu vatni	Forhleypt
Herðing	Meðferð olíu og fituefna til að hækka bræðslumark	Hert
Hitun	Almennt heiti á margs konar hitameðferð sem er framkvæmd við vissar aðstæður til að hafa áhrif á næringargildi eða efnisbyggingu fóðursins	Ristað, soðið, hitameðhöndlað
Hreinsun	Óhreiningi í sykri, olíu og öðrum náttúrulegum efnum fjarlægð með efna- eða eðlisfræðilegri meðferð	Hreinsað, að hluta hreinsað
Köggulun	Efni pressað í gegnum mót	Kögglar, kögglað
Mjölframleiðsla	Eðlisræn vinnsla korns til að minnka kornastærð og auðvelda aðskilnað innihaldsefna þess (einkum mjöl, klíð og grófmalað mjöl)	Mjöl, fóðurklíð og fóðurmjöl
Mölnun	Vélræn vinnsla korns eða annarra fóðurefna í því skyni að minnka kornastærðina	Malað, brotið
Pressun	Fita eða olía fjarlægð úr olíuríkum efnum eða safu úr aldinum eða öðrum jurtaafurðum með vélrænum úrdrætti (annaðhvort með snigli eða annars konar pressu) og hugsanlega með varma	Kaka ¹ (ef um er að ræða efni sem inniheldur olíu mauk, hrat aldin o.þ.u.l.)
Sykurskerðing/ -sneyðing	Fjarlæging ein- og tvísykra úr melassa og öðrum sykuraðugum efnum með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum, að hluta eða í heild	Sykursneytt, sykurskert
Útdráttur	Fita og olía fjarlægð úr tilteknum efnum með hjálp lífrænna leysiefna eða sykur eða önnur vatnsleysanleg efni fjarlægð með hjálp vatnskennds leysis. Ef lífræna leysiefnið er notað verður endanlega afurðin að vera tæknilega laus við slík leysiefni	Útdregið (ef um er að ræða olíurík efni) Melassi, mauk/hrat (ef um er að ræða afurðir sem innihalda sykur eða önnur vatnsleysanleg efni)
Útpressun/ þensla	Pressun, þrykking eða útpressun efnis undir þrýstingi í gegnum op (sjá einnig forhleypingu)	Útpressað/ þanið
Vatnsrof	Niðurbrot í einfaldri efnisþætti með viðeigandi meðferð með vatni og hugsanlega annaðhvort ensímum eða sýru/basa	Vatnsrofið
Vot formölnun	Vélræn aðgreining efnisþátta kjarna/korns sem hefur tútnað í vatni, hugsanlega með brennisteins-díoxíði, til að skilja út sterkju	Kím, glúten, sterkja
Völsun	Völsun á raka- og hitameðhöndluðum afurðum	Valsaðar flögur
Þurrkun	Varðveisla afurða með náttúrulegri eða annars konar þurrkun	Þurrkað (sólþurrkað eða þurrkað með öðrum aðferðum en náttúrulegum)
Þykking	Innihald sumra efna eykst við brotnám vatns eða annarra efnisþátta	Þykkni

¹ Ef nauðsyn krefur má orðið „pressað“ koma í stað orðsins „kaka“

6. Magn

Sem er tilgreint eða sem ber að tilgreina skv. B- og C-hluta

1. Innihaldið sem er tilgreint, eða sem ber að tilgreina, vísar til þyngdar fódurefnisins nema annað sé tekið fram.
2. Gefa skal upp rakainnihald fódurefnisins ef það er yfir 14% af þyngd þess, að því tilskildu að ekki sé mælt fyrir um annað innihald í B-hluta þessa viðauka. Að því er varðar fódurefni með vatnsinnihald sem er ekki yfir fyrrgreindum mörkum skal tilgreina það innihald að beiðni kaupandans.
3. Tilgreina skal innihald ösku sem er óleysanleg í saltsýru í fódurefni ef það er yfir 2,2% í þurrefni, að því tilskildu að ekki sé mælt fyrir um annað innihald í B- eða C-hluta þessa viðauka.

7. Eðlisbreytandi efni og bindiefni

Ef fódurvara sem vísað er til í 2. dálki B-hluta eða 1. dálki C-hluta þessa viðauka er notuð til þess að breyta eðli óblandaðs fódurefnis eða binda það ber að veita eftirfarandi upplýsingar:

- eðlisbreytandi efni: eðli og magn varanna sem eru notaðar,
- bindiefni: eðli varanna sem eru notaðar.

Þegar um bindiefni er að ræða má magn þess ekki vera meira en 3% af heildarþyngdinni til að fódurefnið teljist óblandað.

Tilsk. 98/67/EBE

B. Skrá, sem er ekki tæmandi, yfir helstu fóðurefni

I. Korn, afurðir þess og aukaafurðir

Nr.	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1	2	3	4
1.01	Hafrar	Korn af tegundinni <i>Avena sativa</i> L. og öðrum rektunarafrögðum hafra	
1.02	Hafrafögur	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla og valsa afhýdda hafra. Hún getur innihaldið dálítið magn af hafrahýði	Sterkja
1.03	Hafrafóðurmjöl	Aukaafurð sem fellur til við framleiðslu hafragrjóna og mjóls úr sálduðum, afhýddum höfnum. Aðaluppistaða afurðarinnar er hafraklið og nokkuð af fræhvitu	Tréni
1.04	Hafrahýði og kfið	Aukaafurð sem fellur til við framleiðslu á hafragrjónum úr sálduðum höfnum. Aðaluppistaða afurðarinnar er hafrahýði og – kfið	Tréni
1.05	Bygg	Korn af tegundinni <i>Hordeum vulgare</i> L.	
1.06	Byggfóðurmjöl	Aukaafurð sem fellur til við framleiðslu bygggrjóna, símyljungjóna eða mjóls úr sálduð og afhýddu bygg	Tréni
1.07	Byggprótein	Þurrkuð aukaafurð sem fellur til við framleiðslu byggsterkju. Aðaluppistaða afurðarinnar er prótein sem fæst við vinnslu sterkjunnar	Hráprótein, Sterkja
1.08	Brotinn ris	Aukaafurð sem fellur til við framleiðslu á slipuðum eða fægðum ris <i>Oryza sativa</i> L. Aðaluppistaða afurðarinnar er undirmálskorn og/eða brotið korn	Sterkja
1.09	Risklið (brúnt)	Aukaafurð úr fyrstu slipun á afhýddum ris. Varan er aðallega úr silfurhýði, ögnum af fræhvítuhjúpunum, fræhvitu og kími	Tréni
1.10	Risklið (hvít)	Aukaafurð úr fyrstu slipun á afhýddum ris. Varan er aðallega úr silfurhýði, ögnum af fræhvítuhjúpunum, fræhvitu og kími	Tréni
1.11	Risklið með kalsíumkarbonati	Aukaafurð sem fellur til þegar afhýddur ris er slipaður. Afurðin er aðallega úr silfurhýði, ögnum af fræhvítuhjúpunum, fræhvitu, kími og litlu magni af kalsíumkarbonati (Hámarksinnihald CaCO ₃ : 3%)	Tréni Kalsíumkarbonat
1.12	Forsóðið risfóðurmjöl	Aukaafurð sem fellur til við slipun á afhýddum og forsoðnum ris. Afurðin er aðallega úr silfurhýði, ögnum af fræhvítuhjúpunum, fræhvitu, kími og litlu magni af kalsíumkarbonati (Hámarksinnihald CaCO ₃ : 3%)	Tréni Kalsíumkarbonat
1.13	Malaður fóðurrís	Afurð fengin með mölun á fóðurrís, sem er ýmist græn, kalkhvít eða óþroskuð korn, sigtuð frá við mölun á afhýddum ris, eða eðlilegum, afhýddum grjónum sem eru gul eða bleittót	Sterkja

1.14	Rískínkaka	Aukaafurð við olíuvinnslu, fengin með pressun rískíms sem hluti fræhvítu og fræskurnar loðir enn við	Hráprótein Hráfita Tréni
1.15	Rískímmjöl	Aukaafurð við olíuvinnslu, fengin með pressun rískíms sem hluti fræhvítu og fræskurnar loðir enn við	Hráprótein
1.16	Ríssterkja	Tæknilega brein ríssterkja	Sterkja
1.17	Hirsi	Korn af tegundinni <i>Panicum miliaceum</i> L.	
1.18	Rúgur	Korn af tegundinni <i>Secale cereale</i> L.	
1.19	Rúgfóðurmjöl ¹	Aukaafurð við mjöflframleiðslu, fengin úr sáðuðu rúgmjöli. Afurðin er aðallega hlutar af fræhvítu með smáum hýðisbrotum og dálitlu af kornúrgangi	Sterkja
1.20	Rúgfóður	Aukaafurð við mjöflframleiðslu, fengin úr sáðuðum rúgi. Afurðin er aðallega hýðisbrot og kornagnir, þar sem minna af fræhvítunni hefur verið fjarlægð en í rúgklíði	Sterkja
1.21	Rúgklíð	Aukaafurð við mjöflframleiðslu, fengin úr sáðuðum rúgi. Afurðin er aðallega hýðisbrot og kornagnir, sem eru að mestu leyti lausar við fræhvítu	Tréni
1.22	Dúrra	Korn af tegundinni <i>Sorghum bicolor</i> L. Moench s.l.	
1.23	Hveiti	Korn af tegundinni <i>Triticum aestivum</i> L., <i>Triticum durum</i> Desf. og öðrum rektunarafrögðum hveitis	
1.24	Hveitifóðurmjöl ²	Aukaafurð við mjöflframleiðslu, fengin úr sáðuðu hveitikorni eða afhýðuðu speldi. Varan er aðallega hlutar af fræhvítu með smáum brotum af hýði og dálitlu af kornúrgangi	Sterkja
1.25	Hveitifóður	Aukaafurð við mjöflframleiðslu, fengin úr, sáðuðu hveitikorni eða afhýðuðu speldi. Varan er aðallega brot af hýði og kornagnir þar sem minna af fræhvítunni hefur verið fjarlægð en í hveitklíði	Tréni
1.26	Hveitklíð ³	Aukaafurð við mjöflframleiðslu, fengin úr sáðuðu hveitikorni eða afhýðuðu speldi. Varan er aðallega brot af hýði og kornagnir þar sem megnið af fræhvítunni hefur verið fjarlægð	Tréni
1.27	Hveitikim	Aukaafurð við mjöflframleiðslu, sem er aðallega hveitikim, valseð eða á öðru formi, þar sem hlutar af fræhvítu og hýði loða ef til vill enn við	Hráprótein Hráfita
1.28	Hveitiglúten	Þurrkuð aukaafurð við framleiðslu á hveitisterkju. Afurðin er aðallega glúten sem fellur til við aðskilnað sterkjunnar	Hráprótein

1.29	Hveitiglútenfóður	Aukaafurð sem fellur til við framleiðslu á hveitisterkju og -glúteni. Afurðin er úr klíði, með öllu kímínu eða hluta þess, og glúten og við það má bæta mjög litlu magni af efniþáttum frá sáldun kornsins ásamt mjög litlu magni af leifum sem verða til við vainsrof sterkjunnar	Hráprótein Sterkja
1.30	Hveitisterkja	Tæknilega hrein hveitisterkja	Sterkja
1.31	Forhlypt hveitisterkja	Afurð úr hveitisterkju sem er mikið þannig í hitameðferð	Sterkja
1.32	Speldi	Korn af tegundunum <i>Triticum spelta L.</i> , <i>Triticum dicoccum</i> Schrank, <i>Triticum monococcum</i>	
1.33	Rúghveti	Korn af <i>Triticum X Secale</i> -blendingi	
1.34	Maís	Korn af tegundinni <i>Zea mays L.</i>	
1.35	Maisfóðurmjöl ⁴	Aukaafurð sem fæst þegar mjöl eða símiljurgjón eru unnin úr maís. Afurðin er aðallega hýðisbrot og aðrir hlutar korns þar sem minna hefur verið fjarlæggt af fræhitunni en í maisklíði	Tréni
1.36	Maisklíð	Aukaafurð sem fæst þegar mjöl eða símiljurgjón eru unnin úr maís. Afurðin er aðallega hýðisbrot og kímagnir ásamt ögnum af fræhvítu	Tréni
1.37	Maiskímkaka	Aukaafurð við olíuvinnslu, fengin með því að pressa þurr- eða votunnið maiskím sem hluti fræhvítu og fræskurnar loðir ef til vill enn við	Hráprótein Hráfita
1.38	Maiskímmjöl	Aukaafurð við olíuvinnslu, fengin með útdrætti þurr- eða votunnis maiskíms sem hluti fræhvítu og fræskurnar loðir ef til vill enn við	Hráprótein
1.39	Maisglútenfóður	Aukaafurð við framleiðslu maissterkju í votvinnslu. Afurðin er úr klíði og glúteni og við hana má bæta brotnum maís frá sáldun kornsins, þó ekki meira en 15% af afurðinni, og/eða leifum úr bleytivatninu sem er notað við framleiðslu á alkóhóli eða öðrum afurðum úr sterkju. Í afurðina má einnig nota leifar maiskíms, sem falla til við útdrátt olíu úr því við votvinnslu	Hráprótein Sterkja Hráfita, ef > 4,5%
1.40	Maisglúten	Þurrkuð aukaafurð við framleiðslu maissterkju. Afurðin er aðallega glúten sem fellur til við aðskilnað sterkjunnar	Hráprótein
1.41	Maissterkja	Tæknilega hrein maissterkja	Sterkja
1.42	Forhlypt maissterkja ⁵	Hitameðhöndluð maissterkja sem þenst þegar hún kemst í snertingu við kalt vatn	Sterkja
1.43	Maltsþípur	Aukaafurð við möltun sem er aðallega úr þurrkuðum rótaskírum af spiruðu korni	Hráprótein

1.44	Purrkaðar dreggjar úr ölgerð	Aukaafurð úr ölgerð fengin með því að þurrka leifar af móludu eða ómóludu korni og öðrum sterkjurkum afurðum	Hráprótein
1.45	Purrkaðar einingardreggjar ⁶	Aukaafurð úr einingu alkóhóls fengin með því að þurrka fastar leifar af gerjuðu korni	Hráprótein
1.46	Dökkar einingardreggjar ⁷	Aukaafurð úr einingu alkóhóls fengin með því að þurrka leifar af gerjuðu korni að viðbættum sýrópsdreggjum eða uppsoðnum einingardregglunum	Hráprótein

¹ Afurðir sem innihalda meira en 40% sterkju má skilgreina sem sterkjurkar
² Afurðir sem innihalda meira en 40% sterkju má skilgreina sem sterkjurkar
³ Hafi þetta hraefni verið fimmalað má beta orðinu „fint“ við heitið eða skipta því út fyrir tilsvareandi heiti
- Hýdroxyhlíðstæður aminosýra: allar vörur í flokknum

1. b)

Til að Aðfangaefirtílið viðurkenni framlaiðendur sem framlaiða eða markaðssetja efni og/eda vörur sem falla undir lið 1. a hér að ofan þurfa þeir að uppfylla þau lágmarksskilyrði sem hér eru talin upp:

1. Aðstaða og búnaður

Aðstöðu og framlaiðslubúnað skal staðsetja, hanna, smíða og halda við þannig að henti til framlaiðslu á viðkomandi fóðri. Aðstöðu og búnað skal innréttá, hanna og nota á þann hátt að hættu á mistökum sé haldið í lágmarki og hægt sé að þrifa vandlega og sinna viðhaldi til að komast hjá mengun, víxlmengun og yfirleitt öllum skaðlegum áhrifum á gæði fóðursins. Hafa skal viðeigandi og reglubundið eftirlit með því að aðstaða og búnaður, sem notað er við framlaiðsluferli og hafa áhrif á gæði fóðursins, samræmist skráðum aðferðum sem framlaiðandinn ákveður fyrirfram vegna framlaiðslu þeirra.

2. Starfsfólk

Framlaiðandinn verður að hafa nógu marga starfsmenn sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfi til að framlaiða viðkomandi fóður. Semja skal skipurit með upplýsingum um menntun og hæfi (prófskírteini, starfsreynslu) og ábyrgð starfsmanna, sem hafa yfirumsjón með framlaiðslunni, sem lögbær eftirlitsyfirvöld eiga að hafa aðgang að. Allir starfsmenn skulu hafa skýrar skriflegar upplýsingar um skylduverk sín, ábyrgð og valdsvið, einkum þegar breytingar eru gerðar, til að unnt sé að ná því gæðastigi viðkomandi fóðurs sem sóst er eftir.

3. Framlaidsla

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framlaiðslunni.

Framlaiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framlaiðslustigum samræmist fyrirfram ákveðnum skráðum aðferðum og fyriræmum sem miða að því að skilgreina, fylgjast með og hafa stjórn á áhættuatriðum í framlaiðsluferlinu.

Gera skal teknilegar ráðstafanir og skipulagsráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun og mistök. Nauðsynlegt er að til séu fullnægjandi og viðeigandi úrræði til að sinna eftirliti meðan á framlaiðslu stendur.

4. Gæðastjórnun

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framlaiðslunni.

Framlaiðandinn skal hafa aðgang að rannsóknastofu fyrir gæðastjórnun sem hefur nógu marga starfsmenn og fullnægjandi búnað til að tryggja og fylgjast með því, áður en fóðrið er afhent með tilliti til þess að markaðssetja það, að það samræmist forskriftunum sem framlaiðandinn hefur samið og ákveðnum sem sett eru með reglugerðinni. Heimilt er að nota rannsóknastofu sem er utan starfsstöðvarinnar.

Gera skal skriflega áætlun um gæðastjórnun og hrinda henni í framkvæmd og skal hún einkum taka til eftirlits með áhættuatriðum í framlaiðsluferlinu, aðferða við sýnatöku og tíðni sýnatöku, greiningaraðferða og tíðni greininga, athugunar á því hvort hráefni, virk efni, burðarefni og fóður samræmast viðkomandi forskriftum og hvernig beri að ráðstafa þeim ef þau samræmast ekki forskriftunum.

Úr virku efnunum og hverri framlaiðslulotu fóðurs sem sett er í dreifingu eða úr hverjum tilteknum hluta framlaiðslunnar, þegar um samfellda framlaiðslu er að ræða, skal taka nægilegt magn sýna, samkvæmt aðferð sem framlaiðandinn ákveður fyrirfram með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna. Nauðsynlegt er að innsigla og merkja sýnin þannig að auðvelt sé að sanngreina þau. Sýnin skulu geymd við skilyrði sem koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á samsetningu þeirra eða að þau spillist óeðlilega. Aðfangaefirtílið skal hafa aðgang að þeim að minnsta kosti meðan ábyrgð á hinni fullunnu vöru er í gildi.

5. Geymsla

Hráefni, virk efni, burðarefni og fóður, hvort sem þau eru í samræmi við forskriftirnar eða ekki, verður að geyma í hentugum flátum í húsnæði sem er hannað, innréttá og haldið við með tilliti til þess að tryggja góð geymsluskilyrði og þeir einstaklingar einir hafa aðgang að sem hafa til þess leyfi framlaiðandans.

Þau skulu geymd þannig að auðvelt sé að sanngreina þau og koma í veg fyrir að ruglingur eða víxlmengun verði milli hinna ólíku fóðurtegunda sem getið er hér að framan og við lyf. Aukefnum skal pakka inn og merkja í samræmi við ákveðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Fóður sem fellur undir reglugerðina ber að merkja í samræmi við ákveði hennar.

6. Skjalahald

6.1. Skjalahald sem varðar framlaiðsluferli og eftirlit

Framlaiðandinn skal ráða yfir skjalakerfi sem er hannað bæði til að geta skilgreint og haft stjórn á áhættuatriðum í framlaiðsluferlinu og komið á og hrint í framkvæmd gæðastjórnunaráætlun. Framlaiðandinn verður að geyma niðurstöðurnar úr þessu eftirliti. Skjölín ber að varðveita svo að hægt sé að rekja framlaiðslusögu hverrar framlaiðslulotu fóðurs sem er sett í dreifingu og ákveða hvar ábyrgðin liggur, ef kvartanir berast.

6.2. Skrá

Með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna skal framlaiðandinn skrá eftirfarandi upplýsingar:

- a) *skrá um aukefni:*
- eðli og magn framleiddra aukefna, framleiðsludagar þeirra og, ef við á, númer framleiðslulutunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða, og nöfn og heimilisföng framleiðenda sem hafa fengið aukefnin í hendur,
 - upplýsingar um eðli og magn aukefnanna sem hafa verið afhent og, ef við á, númer framleiðslulutunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða.
- b) *skrá um vörur sem falla undir reglugerðina:*
- eðli varanna og magn framleiðslunnar, framleiðsludagar þeirra og, ef við á, númer framleiðslulutunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
 - nöfn og heimilisföng framleiðenda eða notanda (framleiðenda eða ræktenda dýra) sem hafa fengið fóðrið í hendur, ásamt upplýsingum um eðli og magn þess fóðurs sem hefur verið afhent og, ef við á, númer framleiðslulutunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða.

7. Milliliðir

Ef framleiðandinn afhendir aukefnin öðrum einstaklingi en framleiðanda eða afhendir fóður sem um getur í reglugerðinni öðrum einstaklingi en notanda (framleiðanda eða ræktanda dýra), er sá einstaklingur og hugsanlegur síðari milliliður, sem býr um þau, þakkar þeim inn, geymir þau eða setur í dreifingu jafnbundinn, eftir því sem við á, ákvæðunum sem sett eru með liðum 4, 5, 6.2 og 8 og, þegar um umbúning er að ræða, ákvæðunum sem um getur í 3. lið.

8. Kvartanir og innkallanir á vöru

Framleiðandinn eða annar milliliður, sem markaðssetur fóðurvöru í eigin nafni, skal taka upp kerfi fyrir skráningu og meðhöndlun kvartana.

Einnig skal hann vera í aðstöðu til að koma á, ef nauðsyn krefur, kerfi sem gerir kleift að innkalla með skjóttum hætti fóður í dreifingarkerfinu. Framleiðandinn skal ákveða, samkvæmt skráðum aðferðum, viðtökustað fóðurs, sem hefur verið innkallað, og áður en slíkt fóður er sett aftur í dreifingu verður að endurmeta það samkvæmt gæðastjórnunareftirliti.

2. a)

Aukefni sem um getur í 3. viðauka og falla undir 2. lið 8. gr. D-hluta I. kafla.

- | | |
|--|------------------------|
| — Hníslalyf og önnur lyf: | öll aukefni í flokknum |
| — Vaxtarhvarar: | öll aukefni í flokknum |
| — Vítamín, forvítamín og efni, vel skilgreind efnafræðilega, með svipuð áhrif: | A og D |
| — Snefilefni: | Cu og Se |

2. b)

Til að Aðfangæftirlitið viðurkenni framleiðendur og milliliði sem framleiða eða markaðssetja aukefni sem falla undir lið 2. a hér að ofan þurfa þeir að uppfylla þau lágmarksskilyrði sem hér eru talin upp:

1. Aðstaða og tækjabúnaður

Aðstöðu og framleiðslubúnað skal staðsetja, hanna, smíða og halda við þannig að henti til framleiðslu viðkomandi forblöndna. Aðstöðu og tækjabúnað skal skipuleggja, hanna og nota þannig að hættu á mistökum sé haldið í lágmarki og hægt sé að þrifa vandlega og sinna viðhaldi til að komast hjá mengun, víxlmengun og yfirleitt öllum skaðlegum áhrifum á gæði varanna. Hafa skal viðeigandi og reglubundið eftirlit með því að aðstaða og tækjabúnaður, sem eru notuð við aðgerðir sem hafa áhrif á gæði varanna, samræmist skráðum aðferðum sem framleiðandinn ákveður fyrirfram.

Gera skal forvarnaráráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera, eftir því sem unnt er, og ef nauðsyn krefur skal gera áætlun um að halda þeim í skefjum.

2. Starfsfólk

Framleiðandinn verður að hafa nógu marga starfsmenn sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfi til að framleiða viðkomandi forblöndur. Semja skal skipurit með upplýsingum um menntun og hæfi (prófskírteini, starfsreynslu) og ábyrgð starfsmanna, sem hafa yfirumsjón með framleiðslunni, sem lögbær eftirlitsyfirvöld eiga að hafa aðgang að. Allir starfsmenn skulu hafa skýrar skriflegar upplýsingar um skylduverk sín, ábyrgð og valdsvið, einkum þegar breytingar eru gerðar, til að unnt sé að ná því gæðastigi viðkomandi forblöndna sem sóst er eftir.

3. Framleiðsla

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni.

Framleiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum samræmist fyrirfram ákveðnum skráðum aðferðum og fyrirætlum sem miða að því að skilgreina, fylgjast með og hafa stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, svo sem íblöndun aukefnis í forblöndu, tímaröð í framleiðslu, tækjum sem mæla og vega, blöndunarbúnaði og endurstreymi, til að unnt sé að ná því gæðastigi viðkomandi forblöndna sem sóst er eftir í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Gera skal tæknilegar ráðstafanir og skipulagsráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun og mistök.

4. *Gæðastjórnun*

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni.

Framleiðandinn skal hafa aðgang að rannsóknastofu fyrir gæðastjórnun sem hefur nógu marga starfsmenn og fullnægjandi búnað til að tryggja og fylgjast með því að viðkomandi forblöndur samræmist forskriftunum sem framleiðandinn hefur samið og sem einkum munu tryggja og fylgjast með eðli, innihaldi, einsleitni og stöðugleika aukefnanna í forblöndunni og tryggja eins litla víxlmengun og unnt er. Heimilt er að nota rannsóknastofu sem er utan starfsstöðvarinnar.

Gera skal skriflega áætlun um gæðastjórnun og hrinda henni í framkvæmd og skal hún einkum taka til eftirlits með áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, aðferða við sýnatöku og tíðni sýnatöku, greiningaraðferða og tíðni greininga, athugunar á því hvort burðarefni, aukefni og forblöndur (fóður) samræmast viðkomandi forskriftum og hvernig beri að ráðstafa þeim ef þau samræmast ekki forskriftunum.

Úr hverri framleiðslulotu af forblöndu, sem er sett í dreifingu, skal taka nægilegt magn sýna, samkvæmt aðferð sem framleiðandinn ákveður fyrirfram með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna. Nauðsynlegt er að innsigla og merkja sýnin þannig að auðvelt sé að sanngreina þau. Sýnin skulu geymd við skilyrði sem koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á samsetningu þeirra eða að þau spillist óeðlilega. Aðfangaeftirlitið skal hafa aðgang að þeim að minnsta kosti meðan ábyrgð á forblöndunni er í gildi.

5. *Geymsla*

Fóður hvort sem það eru í samræmi við forskriftirnar eða ekki verður að geyma í hentugum ílátum í húsnæði sem er hannað, innréttað og haldið við með tilliti til þess að tryggja góð geymsluskilyrði og þeir einstaklingar einir hafa aðgang að sem hafa til þess leyfi framleiðandans.

Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera, eftir því sem unnt er og ef nauðsyn krefur, skal semja áætlun um að halda þeim í skefjum.

Fóðrið skal geymt þannig að auðvelt sé að sanngreina það og koma í veg fyrir að ruglingur eða víxlmengun verði milli hinna ólíku fóðurvara eða við lyf. Búa skal um og merkja forblöndur í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

6. *Skjalahald*

6.1. Skjalahald sem varðar framleiðsluferli og eftirlit

Framleiðandinn skal ráða yfir skjalakerfi sem er hannað bæði til að geta skilgreint og haft stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu og komið á og hrint í framkvæmd gæðastjórnunaráætlun. Framleiðandinn verður að geyma niðurstöðurnar úr þessu eftirliti. Skjöllin ber að varðveita svo að hægt sé að rekja framleiðslusögu hverrar framleiðslulotu af forblöndu sem er sett á markað og ákveða hvar ábyrgðin liggur ef kvartanir berast.

6.2. Skrá um forblöndur

Til að tryggja að hægt sé að rekja uppruna skal framleiðandinn skrá eftirfarandi upplýsingar:

- nöfn og heimilisföng framleiðenda aukefna eða milliliða, eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið notuð og, ef við á, númer framleiðslutunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
- framleiðsludagur forblöndunnar og, ef við á, númer framleiðslutunnar,
- nöfn og heimilisföng milliliða eða framleiðenda fóðurblandna sem hafa fengið forblönduna í hendur, afhendingardag, eðli og magn þeirrar forblöndu sem hefur verið afhent og, ef við á, númer framleiðslutunnar.

7. *Milliliðir*

Ef framleiðandinn afhendir forblöndur öðrum einstaklingi en framleiðanda fóðurblöndu, er sá einstaklingur og hugsanlegur síðari milliliður, sem býr um þær, þakkar þeim inn, geymir þær eða setur í dreifingu, jafnbundinn, eftir því sem við á, ákvæðunum sem sett eru með liðum 4, 5, 6.2 og 8 og, þegar um umbúning er að ræða, ákvæðunum sem um getur í 3. lið.

8. *Kvartanir og innkallanir á vöru*

Framleiðandinn eða annar milliliður, sem markaðssetur fóðurvöru í sínu eigin nafni, skal taka upp kerfi fyrir skráningu og meðhöndlun kvartana. Einnig skal hann vera í aðstöðu til að koma á, ef nauðsyn krefur, kerfi sem gerir kleift að innkalla með skjóttum hætti vörur í dreifingarkerfinu. Framleiðandinn skal ákveða, samkvæmt skráðum aðferðum, viðtökustað vara sem hafa verið innkallaðar og áður en slíkar vörur eru settar aftur í dreifingu verður að endurmeta þær samkvæmt gæðastjórnunareftirliti.

3. a)

Viss aukefni sem um getur í 3. viðauka og falla undir 2. lið 8. gr. D-liðar í I. kafla.

- Hníslalyf og önnur lyf: öll aukefni í flokknum
- Vaxtarhvarar: öll aukefni í flokknum

3. b)

Til að Aðfangaeftirlitið vidurkenni framleiðendur sem framleiða til markaðssetningar eða eingöngu fyrir eigin býli fóðurböndur sem innihalda forblöndur með aukefnum sem falla undir lið 3. a hér að ofan þurfa þeir að uppfylla þau lágmarksskilyrði sem hér eru talin upp.

1. *Aðstaða og tækjabúnaður*

Aðstöðu og framleiðslubúnað skal staðsetja, hanna, smíða og halda við þannig að henti til framleiðslu fóðurblandna sem innihalda forblöndur. Aðstöðu og búnað skal skipuleggja, hanna og nota þannig að hættu á mistökum sé haldið í lágmarki og hægt sé að þrifa vandlega og sinna viðhaldi til að komast hjá mengun, víxlmengun og yfirleitt öllum skaðlegum áhrifum á gæði fóðursins eftir því sem unnt er. Hafa skal viðeigandi og reglubundið eftirlit með því að aðstaða og búnaður, sem eru notuð við aðgerðir sem hafa áhrif á gæði fóðursins, samræmist skráðum aðferðum sem framleiðandinn ákveður fyrirfram eða mögulega, sé framleiðslan einungis til eigin nota framleiðanda, sem utanaðkomandi sérfræðingur setur fyrirfram að beiðni framleiðanda og á

ábyrgð hans. Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera eftir því sem unnt er, og ef nauðsyn krefur skal gera áætlun um að halda þeim í skefjum.

2. Starfsfólk

Framleiðandinn verður að hafa nógu marga starfsmenn sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfi til að framleiða fódurblöndur sem innihalda forblöndur. Semja skal skipurit með upplýsingum um menntun og hæfi (prófskírteini, starfsreynslu) og ábyrgð starfsmanna, sem hafa yfirumsjón með framleiðslunni, sem lögbær eftirlitsyfirvöld eiga að hafa aðgang að; sé framleiðslan einungis til eigin nota framleiðanda er slíkt skipurit aðeins samið ef þörf krefur. Allir starfsmenn skulu hafa skýrar skriflegar upplýsingar um skylduverk sín, ábyrgð og valdsvið, einkum þegar breytingar eru gerðar, til að unnt sé að ná því gæðastigi fódurblandna sem innihalda forblöndur sem sóst er eftir.

3. Framleiðsla

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum samræmist fyrirfram ákveðnum skráðum aðferðum og fyrirræmum sem miða að því að skilgreina, fylgjast með og hafa stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, svo sem íblöndun forblöndu í fódur, tímaröð í framleiðslu, tækjum sem mæla og vega, blöndunarbúnaði og endurstreymi, til að unnt sé að ná því gæðastigi viðkomandi fódurblandna sem sóst er eftir í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Gera skal tæknilegar ráðstafanir og skipulagsráðstafanir til að koma í veg fyrir vixlmengun og mistök eftir því sem unnt er.

4. Gæðastjórnun

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal hafa aðgang að rannsóknastofu fyrir gæðastjórnun sem hefur nógu marga starfsmenn og fullnægjandi búnað til að tryggja og fylgjast með því að fódurblöndur sem innihalda forblöndur samræmist forskriftunum sem framleiðandinn hefur samið og sem einkum munu tryggja og fylgjast með eðli, innihaldi og einsleitni viðkomandi aukefna í fódurblöndunni, tryggja eins litla vixlmengun og unnt er og, þegar markaðssetja á fódrið í dreifingu, fylgjast með innihaldi greiningarþátta. Heimilt er að nota rannsóknastofu sem er utan starfsstöðvarinnar.

Gera skal skriflega áætlun um gæðastjórnun og hrinda henni í framkvæmd og skal hún einkum taka til eftirlits með áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, aðferða við sýnatöku og tíðni sýnatöku, greiningaraðferða og tíðni greininga, athugunar á því hvort hráefni, forblöndur og fódurblöndur (fódur) samræmast viðkomandi forskriftum og hvernig beri að ráðstafa þeim ef þau samræmast ekki forskriftunum.

Úr hverri framleiðslulotu af fódurblöndu, sem er markaðssett, eða úr hverjum tilteknum hluta framleiðslunnar, þegar um samfellda framleiðslu er að ræða, skal taka nægilegt magn sýna, samkvæmt aðferð sem framleiðandinn ákveður fyrirfram með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna; ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda eru sýni tekin með reglulegu millibili. Nauðsynlegt er að innsigla og merkja sýnin þannig að auðvelt sé að sanngreina þau. Sýnin skulu geymd við skilyrði sem koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á samsetningu þeirra eða að þau spillist óeðlilega. Aðfangaeftirlitið skal hafa aðgang að þeim í hæfilega langan tíma.

5. Geymsla

Fóður hvort sem það eru í samræmi við forskriftirnar eða ekki, verður að geyma í hentugum flátum í húsnæði sem er hannað, innréttað og haldið við með tilliti til þess að tryggja góð geymsluskilyrði og þeir einstaklingar einir hafa aðgang að sem hafa til þess leyfi framleiðandans.

Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera, eftir því sem unnt er, og ef nauðsyn krefur skal semja áætlun um að halda þeim í skefjum.

Fóðrið skal geymt þannig að auðvelt sé að sanngreina það og koma í veg fyrir að ruglingur eða vixlmengun verði milli hinna ólíku fódurvara eða við lyf eða lyfjabætt fóður eða við hráefni sem innihalda mikið magn af ózeskilegum efnum og vörum eða við aukefni. Fódurblöndur sem ætlaðar eru til markaðssetningar skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

6. Skjalahald

6.1. Skjalahald sem varðar framleiðsluferli og eftirlit

Framleiðandinn skal ráða yfir skjalakerfi sem er hannað bæði til að geta skilgreint og haft stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu og komið á og hrint í framkvæmd gæðastjórnunaráætlun. Framleiðandinn verður að geyma niðurstöðurnar úr þessu eftirliti. Skjölín ber að varðveita svo að hægt sé að rekja framleiðslusögu hverrar framleiðslulotu sem er framleidd og, ef vörurnar eru settar á markað, ákveða hvar ábyrgðin liggur ef kvartanir berast.

6.2. Skrá um fódurblöndur

Til að tryggja að hægt sé að rekja uppruna skal framleiðandinn skrá eftirfarandi upplýsingar:

- nöfn og heimilisföng framleiðenda forblandna eða milliliða og, ef við á, númer framleiðslulotunnar, eðli og magn þeirrar forblöndu sem hefur verið notuð,
- eðli og magn þess fódurs sem er framleitt ásamt framleiðsludegi.

7. Kvartanir og innkallanir á vöru

Framleiðandinn skal taka upp kerfi fyrir skráningu og meðhöndlun kvartana.

Einnig skal hann vera í aðstöðu til að koma á, ef nauðsyn ber til, kerfi sem gerir kleift að innkalla með skjóttum hætti fóður á markaði. Framleiðandinn skal ákveða, samkvæmt skráðum aðferðum, viðtökustað fódurs sem hefur verið innkallað og áður en slíkt fóður er sett aftur í dreifingu verður að endurmeta það samkvæmt gæðastjórnunareftirliti.

4. a)

Til að Aðfangaefirtílið viðurkenni framleiðendur sem um getur í 3. lið 8. gr. D-liðar I. kafla sem framleiða til markaðssetningar eða eingöngu fyrir eigið býli fódurböndur úr hráefnum sem innihalda mikið magn af óæskilegum efnum og vörum þurfa þeir að uppfylla þau lágmarksskilyrði sem hér eru talin upp.

1. *Aðstaða og tækjabúnaður*

Aðstöðu og framleiðslubúnað skal staðsetja, hanna, smíða og halda við þannig að henti til framleiðslu fódurblandna úr viðkomandi fódurefnum. Aðstöðu og búnað skal skipuleggja, hanna og nota þannig að hættu á mistökum sé haldið í lágmarki og hægt sé að þrifa vandlega og sinna viðhaldi til að komast hjá mengun, víxlmengun og yfirleitt öllum skaðlegum áhrifum á gæði fódursins eftir því sem unnt er. Hafa skal viðeigandi og reglubundið eftirlit með því að aðstaða og tækjabúnaður, sem eru notuð við aðgerðir sem hafa áhrif á gæði fódursins, samræmist skráðum aðferðum sem framleiðandinn ákveður fyrirfram eða mögulega, sé framleiðslan einungis til eigin nota framleiðanda, sem utanaðkomandi sérfræðingur setur fyrirfram að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera eftir því sem unnt er, og ef nauðsyn krefur skal gera áætlun um að halda þeim í skefjum.

2. *Starfsfólk*

Framleiðandinn verður að hafa nógu marga starfsmenn sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfi til að framleiða fódurböndur úr viðkomandi fódurefnum. Semja skal skipurit með upplýsingum um menntun og hæfi (prófskírteini, starfsreynslu) og ábyrgð starfsmanna, sem hafa yfirumsjón með framleiðslunni, sem lögbær eftirlitsyfirvöld eiga að hafa aðgang að; sé framleiðslan einungis til eigin nota framleiðanda er slíkt skipurit aðeins samið ef þörf krefur. Allir starfsmenn skulu hafa skýrar skriflegar upplýsingar um skylduverk sín, ábyrgð og valdsvið, einkum þegar breytingar eru gerðar, til að unnt sé að ná því gæðastigi fódurblandna úr viðkomandi fódurefnum sem sóst er eftir.

3. *Framleiðsla*

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en hann skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum samræmist fyrirfram ákveðnum skráðum aðferðum og fyrirmælum sem miða að því að skilgreina, fylgjast með og hafa stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, svo sem íblöndun forblöndu í fódur úr viðkomandi fódurefni, tímarað í framleiðslu, tækjum sem mæla og vega, blöndunarbúnaði og endurstreymi, til að unnt sé að ná því gæðastigi viðkomandi fódurblandna sem sóst er eftir í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Gera skal tæknilegar ráðstafanir og skipulagsráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun og mistök eftir því sem unnt er.

4. *Gæðastjórnun*

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum samræmist forskriftunum sem framleiðandinn hefur samið og sem einkum munu tryggja og fylgjast með eðli, innihaldi og einsleitni viðkomandi óæskilegra efna og fódurefna í fódurböndunni, tryggja eins líta víxlmengun og unnt er og að hámarks magn óæskilegra efna sé í samræmi við ákvæði C-hluta 1. viðauka og, þegar setja á fóðrið á markað, fylgjast með innihaldi greiningarþátta. Heimilt er að nota rannsóknastofu sem er utan starfsstöðvarinnar.

Gera skal skriflega áætlun um gæðastjórnun og hrinda henni í framkvæmd og skal hún einkum taka til eftirlits með áhættuatriðum í framleiðsluferlinu, aðferða við sýnatöku og tíðni sýnatöku, greiningaraðferða og tíðni greininga, athugunar á því hvort fódurefni, að meðtöldum þeim sem innihalda mikið magn óæskilegra efna, og fódurböndur samræmast viðkomandi forskriftum og hvernig beri að ráðstafa þeim ef þau samræmast ekki forskriftunum.

Úr hverri framleiðslulotu af fódurböndu sem sett er á markað eða úr hverjum tilteknum hluta framleiðslunnar, þegar um samfellda framleiðslu er að ræða, skal taka nægilegt magn sýna samkvæmt aðferð sem framleiðandinn ákveður fyrirfram með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna; ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda eru sýni tekin með reglulegu millibili. Nauðsynlegt er að innsigla og merkja sýnin þannig að auðvelt sé að sanngreina þau. Sýnin skulu geymd við skilyrði sem koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á samsetningu þeirra eða að þau spillist óeðlilega. Aðfangaefirtílið skal hafa aðgang að þeim á tímabili sem miðast við fyrirhugaða notkun fódursins.

5. *Geymsla*

Fódurefni, einkum þau sem innihalda mikið magn óæskilegra efna og fódurefna, og fódurböndur, hvort sem þær eru í samræmi við forskriftirnar eða ekki, verður að geyma í hentugum ílátum eða í húsnæði sem er hannað, innréttað og haldið við með tilliti til þess að tryggja góð geymsluskilyrði.

Gera skal forvarnarráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist skaðlegra lífvera, eftir því sem unnt er, og, ef nauðsyn krefur, skal semja áætlun um að halda þeim í skefjum.

Fóðrið skal geymt þannig að auðvelt sé að sanngreina það og koma í veg fyrir að ruglingur eða víxlmengun verði milli hinna ólíku fódurvara sem getið er hér að framan og við lyf eða lyfjabætt fódur eða við aukefni eða forblöndur úr aukefnum. Fódurböndur sem ætlaðar eru til markaðssetningar skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

6. *Skjalahald*6.1. *Skjalahald sem varðar framleiðsluferli og eftirlit*

Framleiðandinn skal ráða yfir skjalakerfi sem er hannað bæði til að geta skilgreint og haft stjórn á áhættuatriðum í framleiðsluferlinu og komið á og hrint í framkvæmd gæðastjórnunaráætlun. Framleiðandinn verður að geyma niðurstöðurnar úr þessu eftirliti. Skjölín ber að varðveita svo að hægt sé að rekja framleiðslusögu hverrar lotu sem er framleidd og, ef fóðrið er sett á markað, ákveða hvar ábyrgðin liggur ef kvartanir berast.

6.2. Skrá um fódurblöndur

Til að tryggja að hægt sé að rekja uppruna skal framleiðandinn skrá eftirfarandi upplýsingar:

- nöfn og heimilisföng birgja fódurefna sem innihalda mikið magn óæskilegra efna og vara, eðli og magn óæskilegra efna og vara, ásamt afhendingardegi og
- eðli og magn þess fódurs sem er framleitt, ásamt framleiðsludegi.

7. *Kvartanir og innkallanir á vöru*

Framleiðandinn skal taka upp kerfi fyrir skráningu og meðhöndlun kvartana.

Einnig skal hann vera í aðstöðu til að koma á, ef nauðsyn ber til, kerfi sem gerir kleift að innkalla með skjóttum hætti fódur á markaði. Framleiðandinn skal ákveða, samkvæmt skráðum aðferðum, viðtökustað fódurs sem hefur verið innkallað og áður en slíkt fódur er sett aftur á markað verður að endurmeta það samkvæmt gæðastjórnunareftirliti.

5. a)

Lágmarksskilyrði sem framleiðendur og milliliðir sem um getur í 4.-lið 8. gr. D-liðar I. Kafla (sem skulu vera skráð) þurfa að uppfylla til að Aðfangaeftirlitið skrái og viðurkenni framleiðanda sem framleiðir eða markaðssetur forblöndur eða framleiðir eingöngu fyrir eigið býli fódurblöndur með aukefnum sem talin eru hér upp þarf hann að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lið 5. d.

- | | |
|--|--|
| — Vítamín, forvítamín og efni, vel skilgreind efnafræðilega, með svipuð áhrif: | öllum aukefni í flokknum nema A- og D-vítamín |
| — Snefilefni: | öllum aukefni í flokknum nema Cu og Se |
| — Karótenóíð og vefjagula: | öllum aukefni í flokknum |
| — Ensím: | öllum aukefni í flokknum |
| — Örverur: | öllum aukefni í flokknum |
| — Efni sem hafa þráavarnaráhrif: | eingöngu aukefni sem hámarksinnihald hefur verið ákveðið fyrir |

5. b)

Til að Aðfangaeftirlitið skrái og viðurkenni framleiðanda sem framleiðir til markaðssetningar fódurblöndur sem innihalda forblöndur úr aukefnum sem talin eru hér upp eða framleiðanda sem framleiðir eingöngu fyrir eigið býli fódurblöndur sem innihalda aukefni sem talin eru hér upp þarf hann að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lið 5. d.

- | | |
|--|--|
| — Vítamín, forvítamín og efni, vel skilgreind efnafræðilega, með svipuð áhrif: | öllum aukefni í flokknum |
| — Snefilefni: | öllum aukefni í flokknum |
| — Karótenóíð og vefjagula: | öllum aukefni í flokknum |
| — Ensím: | öllum aukefni í flokknum |
| — Örverur: | öllum aukefni í flokknum |
| — Efni sem hafa þráavarnaráhrif: | eingöngu aukefni sem hámarksinnihald hefur verið ákveðið fyrir |

5. c)

Til að Aðfangaeftirlitið skrái og viðurkenni framleiðanda sem dreifir aukefnum sem talin eru hér upp, þegar leyfi á EES-svæðinu tengist ekki lögaðilum sem eru ábyrgir fyrir að markaðssetja þau, þarf hann að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lið 5. d.

- þrávarnarefni: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- bragðefni og lystaukandi efni,
- ýruefni og bindiefni, þykkingarefni og hleypiefni: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- litarefni, að meðtöldum fastlitum: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- rotvarnarefni,
- vítamín, próvítamín og efni, vel skilgreind efnafræðilega, með svipuð áhrif: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- snefilefni: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- pH-stýriefni: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- ensím: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki,
- örverur: öll aukefni sem tilheyra þessum flokki.

5. d)

Framleiðendur

- aukefna sem hámarksinnihald er ákveðið fyrir og sem ekki er getið í lið 1. a,
- forblandna aukefna sem um getur í lið 5. a,
- fódurblandna sem innihalda forblöndur úr aukefnum sem um getur í lið 5 b, til dreifingar eða til nota eingöngu fyrir eigið býli
- aukefna sem um getur í lið 5. a

þurfa að uppfylla eftirfarandi lágmarksskilyrði :

1. Aðstaða og tækjabúnaður

Aðstöðu og tækniúnað skal staðsetja, hanna, smíða og halda við þannig að henti til framleiðslu viðkomandi aukefna, forblandna úr aukefnum og fódurblandna sem innihalda aukefni eða forblöndur úr aukefnum.

2. Starfsfólk

Framleiðandinn verður að hafa nógu marga hæfa starfsmenn sem hafa nauðsynlega þekkingu og hæfi til að framleiða viðkomandi fódurefni.

3. Framleiðsla

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum sé með þeim hætti að unnt sé að ná því gæðastigi fódurs sem sóst er eftir í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

4. Gæðastjórnun

Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni og getur hann, ef framleiðslan er einungis til eigin nota framleiðanda, verið utanaðkomandi ef þörf krefur en skal bregðast við að beiðni framleiðanda og á ábyrgð hans.

Framleiðandinn skal gera og hrinda í framkvæmd skriflegri áætlun um gæðastjórnun, til að tryggja og fylgjast með því að viðkomandi fódur samræmist forskriftunum sem framleiðandinn hefur samið og ákvæðunum sem sett eru með þessari reglugerð eftir því sem við á.

Úr hverri framleiðslu fódurefnisins eða úr hverjum tilteknum hluta framleiðslunnar, þegar um samfellda eða reglubundna framleiðslu er að ræða, skal taka og eftir atvikum geyma sýni með tilliti til þess að hægt sé að rekja uppruna þeirra. Sýnin skulu geymd þar sem Aðfangaeftirlitið hefur aðgang að þeim í hæfilega langan tíma miðað við fyrirhugaða notkun fódursins.

5. Geymsla

Fódurefni, virk efni, burðarefni, forblöndur og fódurböndur verður að geyma í húsnæði sem er hannað, innréttað og haldið við með tilliti til þess að tryggja góð geymsluskilyrði.

Fóðrið skal geymt þannig að auðvelt sé að sanngreina það og koma í veg fyrir að ruglingur eða víxlmengun verði milli hinna ólíku fódurvara sem getið er hér að framan og við lyf eða lyfjabætt fódur. Búa skal um og merkja fóðrið sem ætlað er til markaðssetningar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eftir því sem við á.

6. Skráning

Framleiðanda er skylt að skrá eftirfarandi upplýsingar svo að rekja megi uppruna:

a) *um aukefni:*

- eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið framleidd, framleiðsludagar þeirra og, ef við á, númer framleiðslutunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
- nöfn og heimilisföng framleiðenda eða notenda (framleiðenda eða ræktenda dýra) sem hafa fengið aukefnin í hendur, ásamt upplýsingum um eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið afhent og, ef við á, númer framleiðslutunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða;

b) *um forblöndur:*

- nöfn og heimilisföng framleiðenda aukefna, eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið notuð og, ef við á, númer framleiðslutunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
- framleiðsludagar forblöndunnar og númer framleiðslutunnar, ef við á,
- nöfn og heimilisföng framleiðenda sem hafa fengið forblönduna í hendur, eðli og magn þeirrar forblöndu sem hefur verið afhent og, ef við á, númer framleiðslutunnar;

c) *um fódurblöndur sem innihalda forblöndur eða aukefni:*

- nöfn og heimilisföng framleiðenda forblandna og, ef við á númer framleiðslulotunnar, eðli og magn þeirrar forblöndu sem hefur verið notuð,
- nöfn og heimilisföng framleiðenda aukefna, eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið notuð og númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,
- eðli og magn þess fódurs, sem hefur verið framleitt, ásamt framleiðsludegi.

7. *Milliðir*

Ef framleiðandinn afhendir aukefnin öðrum einstaklingi en framleiðanda eða ræktanda dýra eða afhendir forblöndur öðrum einstaklingi en framleiðanda, er sá einstaklingur og hugsanlegir síðari milliðir, sem býr um þau, pakkar þeim inn, geymir þau eða setur í dreifingu, jafnbundinn, eftir því sem við á, ákvæðunum sem sett eru með liðum 4, 5 og 6 og, þegar um umbúning er að ræða, ákvæðunum sem um getur í 3. lið.

2. maí 2001

Nr. 341

REGLUGERÐ

um geislun matvæla með jónandi geislun.

I. KAFLI.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessir gildir um framleiðslu, innflutning og markaðssetningu matvæla semgeisluð eru með jónandi geislun.

Reglugerðin gildir ekki um:

- a) Matvæli sem verða fyrir jónandi geislun frá mæli- og eftirlitstækjum með hámarksorkuna 10 MeV ef um röntgentæki er að ræða, 14 MeV ef um nifteindir er að ræða og 5 MeV ef um aðra geislagjafa er að ræða ef upptekinn geislaskammtur frá nifteindageislun er lægri en 0,01 Gy og lægri en 0,5 Gy frá annars konar geislun,
- b) Geislun matvæla fyrir sjúklinga sem fá dauðhreinsaðan mat undir eftirliti lækna eða annars heilbrigðisstarfsfólks.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

Geislun matvæla er meðhöndlun matvæla með jónandi geislun.

Geislaskammtur er heildarorkuaukning í sýninu deilt með massa þess í kílóum.

Gy (Gray) er mælieining fyrir geislaskammt og samsvarar 1 J/kg

Jónandi geislun er orkumikil geislun sem getur jónað sameindir. Gammageislun og röntgengeislun er jónandi geislun. Rafeindir eru líka jónandi geislun.

Matvæli eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn. Í reglugerð þessari teljast innihaldsefni einnig til matvæla.

II. KAFLI.

Geislun og geislunarstöðvar.

3. gr.

Geislalindir og geislatæki.

Matvæli má aðeins geisla með:

- a) Gammageislun frá geislavirku samsætunum kóbalt-60 (^{60}Co) eða sesín-137 (^{137}Cs);

- b) Röntgengeislun frá röntgentæki sem gefur frá sér hámarksorkuna 5 MeV eða lægri;
- c) Rafeindum frá geislatæki sem gefur frá sér hámarksorkuna 10 MeV eða lægri.

Meðalgeislaskammt í matvælunum skal reikna út í samræmi við viðauka 1. Geislun má framkvæma í áföngum, en geislun má þó aldrei verða hærri en hámarks leyfilegur geislaskammtur (sbr. viðauka 2).

4. gr.

Matvæli sem má geisla.

Aðeins má geisla þau matvæli sem eru á jákvæðum lista í viðauka 2 og aðeins má nota þá skammtastærð sem tilgreind er í sama viðauka. Aðeins má geisla fersk og óskemmd matvæli. Geislun má ekki nota samfara efnafraeðilegri meðhöndlun sem á að þjóna sama tilgangi og geislunin. Aðeins má geisla matvæli í þeim tilgangi að:

- 1) Draga úr tíðni matarsjúkdóma með því að fækka sjúkdómsvaldandi örverum;
- 2) auka geymsluþol með því að draga úr virkni örvera sem valda skemmdum;
- 3) minnka afföll af grænmeti og ávöxtum með því að koma í veg fyrir ótímabæra þroskun eða spírun.

Matvæli má aðeins geisla að því tilskyldu að:

- 1) Geislun sé af tæknilegum ástæðum nauðsynleg;
- 2) geislun hafi ekki í för með sér hættu og sé ekki heilsuspillandi;
- 3) geislun sé beitt vegna hagsmuna neytenda;
- 4) geislun komi ekki í stað hreinlætis og góðra framleiðsluhátta í matvælaframleiðslu og landbúnaði;
- 5) matvælin séu í viðeigandi umbúðum.

5. gr.

Geislunarstöðvar.

Geislun skal framkvæmd á viðurkenndum geislunarstöðvum sem fengið hafa leyfi Geislavarna ríkisins til að reka geislatæki. Geislunarstöðvar sem geisla matvæli skulu auk þess uppfylla ákvæði alþjóðlegra viðmiðunarreglna Landbúnaðar- og matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og Codex Alimentarius (CAC) (FAO/WHO/CAC, vol. XV, 1. útgáfa) um rekstur geislunarstöðva til geislunar matvæla.

Viðurkenndar geislunarstöðvar skulu tilnefna ábyrgðaraðila sem sér til þess að öllum reglum og skilyrðum sé fullnægt.

Viðurkenndar geislunarstöðvar skulu halda skrár yfir öll geislatæki og geislaíndir sem notaðar eru til geislunar matvæla og skrá sérhverja lotu matvæla sem geisluð er. Geyma skal skrárnar í fimm ár. Skrárnar skulu sýna:

- a) Tegund og magn þeirra matvæla sem geisluð eru;
- b) lotunúmer;
- c) nafn þess sem bað um að matvælin væru geisluð;
- d) nafn þess sem veitti geisluðum matvælum viðtöku;
- e) dagsetningu geislunar;
- f) tegund umbúða;
- g) gögn um hvernig skammtastærð var metin og niðurstöður matsins, einkum neðri og efri mörk geislaskammta og tegund geislunar;
- h) gögn yfir geislunarferlið í samræmi við viðauka 1;
- i) tilvísun í upphaflega áætlun um skammtastærð.

6. gr.

Eftirlit með geislunarstöðvum.

Hér á landi skulu geislunarstöðvar lúta eftirliti Geislavarna ríkisins í samræmi við lög nr. 117/1985 um geislavarnir og reglugerð nr. 356/1986 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum.

III. KAFLI

Merkingar.

7. gr.

Matvæli seld til neytenda og stóreldhúsa.

Umbúðir um geisluð matvæli sem seld eru til neytenda og stóreldhúsa skulu bera eftirfarandi merkingar:

- a) Geisluð matvæli sem seld eru í neytendaumbúðum skulu bera merkinguna „Geislað“ eða „Meðhöndlað með jónandi geislun“. Þegar geisluð matvæli eru seld í lausri vigt eða sem einingar úr stórum pakkningum skal merkingin „Geislað“ eða „Meðhöndlað með jónandi geislun“ koma fram á merkimiða sem staðsettur er fyrir ofan eða við hlið vörunnar.
- b) Þegar geisluð innihaldsefni eru notuð í matvæli skal merkingin „Geislað“ eða „Meðhöndlað með jónandi geislun“ koma fram í innihaldslýsingu á eftir heiti innihaldsefnisins. Þegar matvæli sem innihalda geisluð innihaldsefni eru seld í lausri vigt eða sem einingar úr stórum pakkningum skal það koma fram á merkimiða sem staðsettur er fyrir ofan eða við hlið vörunnar. Þrátt fyrir ákvæði 27. gr. reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla skal merkja geisluð innihaldsefni á þennan hátt þótt þau sé minna en 25% af nettóþyngd vörunnar.

8. gr.

Merkingar á öðrum matvælum.

Geisluð matvæli eða matvæli sem innihalda geisluð innihaldsefni og ekki eru seld beint til neytenda eða stóreldhúsa, skal merkja með orðunum „Geislað“ eða „Meðhöndlað með jónandi geislun“. Einnig skal koma fram nafn og heimilisfang eða tilvísunarnúmer þeirra sem framkvæmdu geislunina.

Á fylgiskjölum með geisluðum matvælum skal ávallt koma fram að um geisluð matvæli sé að ræða.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

9. gr.

Innflutningur á geisluðum matvælum frá ríkjum utan EES-svæðisins.

Óheimilt er að flytja inn geisluð matvæli frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) Að matvælin uppfylli öll skilyrði sem sett eru í reglugerð þessari;
- b) að fylgiskjöl með nafni og heimilisfangi viðurkenndrar geislunarstöðvar, þar sem geislun var framkvæmd, fylgi vörunni og að í þeim komi fram þær upplýsingar sem farið er fram á í 5. gr.;
- c) að geislunarstöðin þar sem geislunin var framkvæmd sé viðurkennd á Evrópska efnahagssvæðinu.

10. gr.

Nýjar upplýsingar.

Komi fram nýjar upplýsingar eða nýtt mat á fyrirliggjandi upplýsingum sem sýna með óyggjandi hætti að geislun á ákveðnum matvælum leiði til hættu á heilsutjóni getur Hollustuvernd ríkisins sett tímabundið bann við sölu og dreifingu viðkomandi matvæla þrátt fyrir að geislunin uppfylli skilyrði reglugerðar þessarar.

11. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

Innlendur framleiðandi og innflytjandi eða umboðsaðili, ef um innflutta vöru er að ræða, er ábyrgur fyrir því að geisluð matvæli sem hér eru á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Leiði athuganir í ljós að geisluð matvæli uppfylli ekki ákvæði þessarar reglugerðar skal viðkomandi heilbrigðisnefnd, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, krefjast þess að sá er sekur gerist um brot greiði allan kostnað sem leitt hefur af útvegum sýna og rannsóknum á þeim.

12. gr.

Þvingunarræði og viðurlög.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. sbr. VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af XII. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipanir 2/1999 og 3/1999).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 2. maí 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI 1

1. SKAMMTAMÆLINGAR.

Meðaltals geislaskammtur.

Við mat á heilnæmi matvæla sem hafa verið geisluð með að meðaltali 10 kGy geislaskammti eða lægri má gera ráð fyrir að öll efnafræðileg áhrif vegna geislunar á þessu tiltekna orkusviði séu í réttu hlutfalli við stærð geislaskammtsins.

Meðalgeislaskammtur, D , er skilgreindur sem tegur heildarmassa matvællanna:

$$D = M \int p(x,y,z) d(x,y,z) dV$$

þar sem M = heildarmassi geislaðs sýnis;

p = eðlismassi á staðbundnu svæði (x,y,z) ;

d = geislaskammtur á staðbundnu svæði (x,y,z) ;

$dV = dx dy dz$, hið örsmáa rúmmál sem í raunverulegum tilfellum er lýst með rúmmálsbrotum.

Í einsleitum einingum matvæla og stórum þakningum með einsleitum eðlismassa má reikna meðaltals geislaskammt með því að framkvæma geislaðmælingar á lykilstöðum og jafnframt handahófsmælingar í öllu rúmmáli matvællanna. Út frá slíkum staðalmælingum má reikna dreifingu geislaskammta og fá út meðalgeislaskammt.

Þegar dreifing geislaskammta er þekkt er hægt að áætla staðsetningu hámarks- og lágmarksgeislaskammta. Með því að mæla geislaskammta í þessum punktum í sambærilegum matvælasýnum má áætla meðalgeislaskammt.

Í sumum tilvikum gefa meðalgildi lágmarks- (D_{min}) og hámarksgeislaskammts (D_{max}) góða nálgun á meðalgeislaskammti:

$$\text{Meðalgeislaskammtur} = \frac{D_{max} + D_{min}}{2}$$

D_{max}

Hlutfall D_{min} má þó ekki vera hærra en 3.

2. AÐFERÐIR.

Staðalmælingar.

2.1. Áður en hafist er handa við reglubundna geislun tiltekinna matvæla á geislunarstöð skal finna þá punkta þar sem hámarks- og lágmarksgeislaskammtar eru með því að framkvæma mælingar í öllu rúmmáli matvællanna. Mælingarnar skal framkvæma nógu oft (þ.e. 3-5 sinnum) til að taka tillit til frávika í eðlismassa og lögun matvællanna.

2.2. Staðalmælingar skal endurtaka í hvert sinn sem veruleg breyting verður á lögun matvællanna eða á skilyrðum við geislun á geislunarstöð.

2.3. Á meðan á geislun stendur skulu fara fram reglubundnar mælingar til að tryggja að ekki sé geislað umfram leyfilegan hámarksgeislaskammt. Mælingarnar skulu framkvæmdar með því að staðsetja geislaðmæla í þeim punktum sem ákvarðaðir eru samkvæmt 2.1. eða á öðrum viðmiðunarstöðum. Velja má aðra viðmiðunarpunkta í eða á matvælu, á aðgengilegum stöðum þar sem frávik eru lítil, ef samband þeirra við fyrrgreinda mælipunkta er þekkt.

2.4. Framkvæma skal reglubundnar mælingar með hæfilegum tímafresti á hverri lotu matvæla og við hverja geislun.

2.5. Þegar geisluð eru óinnþökkuð fljótandi matvæli er ekki hægt að staðsetja lágmarks- og hámarksgeislaskammta. Þá er árangursríkara að staðsetja mælipunkta af handahófi til að staðfesta hámarks- og lágmarksgildi.

2.6. Mælingar á skammtastærðum skal framkvæma með kvörðuðum geisla-mælingabúnaði og niðurstöður skal byggja á samanburði við viðurkennda frumstaðla.

2.7. Á meðan á geislun stendur skal vera hægt að stýra ákveðnum breytum í geislunarstöð og þær skulu skráðar að staðaldri. Þegar notaðar eru geislavirkar samsætur skulu m.a. eftirfarandi breytur skráðar: ferðahraði matvællanna, tími í geislasviði og staðfesting á réttri staðsetningu geislalindar.

Þegar notaðar eru rafeindir eða röntgengeislar skulu m.a. eftirfarandi breytur skráðar: ferðahraði matvællanna, orka geislunar, rafstraumur og vídd skanna.

VIÐAUKI 2

Matvæli sem meðhöndla má með jónandi geislum og hámarks leyfilegir geislaskammtar.

Matvæli	Hámarks leyfilegur geislaskammtur (kGy)
Þurrkaðar kryddjurtir, krydd og grænmetiskrydd	10

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 244/1994, um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr.:

Í stað orðanna „3. gr. tilskipunar 75/362/EBE sbr. 1. gr. tilskipunar 75/363/EB“ komi orðin „tilskipun 93/16/EBE með síðari breytingum.“

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. tölulið 4. gr.:

Í stað orðanna „5. gr. og 7. gr. tilskipunar 75/362 sbr. 2.-5. gr. og 8. gr. tilskipunar 75/363/EBE,“ komi orðin „tilskipun 93/16/EBE með síðari breytingum,“

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á „Fylgiskjal I: Læknar“ með reglugerðinni sem orðast svo:

1. 393L0016: Tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, eins og henni er breytt með:
- 398L0021: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/21/EB frá 8. apríl 1998.
 - 398L0063: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/63/EB frá 3. september 1998.
 - 399L0046: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/46/EB frá 21. maí 1999.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. - 5. gr. laga nr. 116/1993 um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efna-hagssvæði og 4. gr. laga um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum nr. 83/1993, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. apríl 2001

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/21/EB**

frá 8. apríl 1998

um breytingu á tilskipun ráðsins 93/16/EBE um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 49. gr., 57. gr. (fyrsta og þriðja málslið 1. og 2. mgr.) og 66. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/50/EB ⁽²⁾, einkum 44. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Holland hefur lagt fram rökstudda beiðni um að heitinu yfir atvinnusjúkdómalækningar verði breytt, að því er varðar það aðildarríki, í skránni yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Belgía og Lúxemborg hafa lagt fram rökstudda beiðni um að atvinnusjúkdómalækningum verði, að því er varðar þau aðildarríki, bætt við skrána yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Svíþjóð hefur lagt fram rökstudda beiðni um að félagslækningum verði, að því er varðar það aðildarríki, bætt við skrána yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Ráðstafaninnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar háttsettra embættismanna um almannaheilbrigði sem kveðið var á um í ákvörðun ráðsins 75/365/EBE ⁽³⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 93/16/EBE:

a) Eftirfarandi bætist við undir „atvinnusjúkdómalækningar“:

„Belgía: médecine du travail/arbeidsgeneeskunde,
Lúxemborg: médecine du travail“.

b) Undir „atvinnusjúkdómalækningar“ komi heitið „arbeid en gezondheid“ í stað „arbeits- en bedrijfsgeneeskunde“ að því er varðar Holland.

c) Eftirfarandi bætist við undir „félagslækningar“:
„Svíþjóð: Socialmedicin“.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Kosning skrifara.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

17. gr.

Fundarstaður.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyrenda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlagar og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Lögmæti bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Fundarstjórn.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Afgreiðsla dagskrármála á fundi.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Afgreiðsla mála, tvær umræður.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Fundarsókn, varamenn.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brynni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Vanhæfi bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðislausu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Málfrelsi fundarmanna.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala.

25. gr.

Takmarkanir á málfrelsi.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Vítur á bæjarfulltrúa.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Takmarkanir á ræðutíma.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskráartillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Meðferð tillagna.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Úrslit atkvæðagreiðslu.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Fundargerð.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af bæjarfulltrúum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglu.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna.

33. gr.

Fundarseta.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Skyldur bæjarfulltrúa

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðisréttur.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

36. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Bæjarfulltrúi hefur aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bókanir.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Þagnarskylda.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Lausn úr bæjarstjórn.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Þóknun.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar, getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Orlof bæjarfulltrúa.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Kosning í bæjarráð og nefndir.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Kosning í bæjarráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráðið.

Flokkur eða framboðsaðili sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann á rétt á að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

45. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal funda hvern virkan fimmtudag að undanskildum þeim fimmtudegi sem reglulegur bæjarstjórnarfundur er haldinn. Bæjarráðsfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 9.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðsins. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjóri varamann hans á fund.

47. gr.

Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má

úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Fjármálastjórn og fullnaðarafgreiðsla mála.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Starfsmenn á fundi bæjarráðs.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Boðun fyrsta fundar.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Fundarseta.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Lokaðir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Stjórn nefndafunda.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Fundargerðabækur.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráðið og/eða bæjarstjórnina.

57. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar.

- A. Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir.
1. *Bæjarráð.* Þrjú bæjarfulltrúar og þrjú til vara í bæjarráð skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir í bæjarráð sem aðalmenn. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð fyrst á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Auk þeirra fulltrúa sem ná kjöri eiga þeir listar sem ekki fá kjörinn fulltrúa í bæjarráð rétt á að tilnefna einn bæjarfulltrúa sem áheyrnarfulltrúa hver og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt. Auk verkefna sem tilgreind eru í erindisbréfi bæjarráðs fer bæjarráð með kjaramál.
 2. *Kjörstjórn.* Þrjú fulltrúar og jafnmargir til vara í kjörstjórn. Kjörstjórn er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar til fjögurra ára. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna og laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis.
 3. *Undirkjörstjórnir.* Þrjár undirkjörstjórnir, ein fyrir hverja kjördeild:
 - Lyngbrekkukjördeild, fyrir svæðið vestan Langár.
 - Borgarneskjördeild, fyrir svæðið milli Langár og Gljúfurár.
 - Þinghamarskjördeild, fyrir svæðið ofan Gljúfurár.
 Í hverja undirkjörstjórn skal kjósa þrjú fulltrúa og jafnmarga til vara. Undirkjörstjórnir eru kosnar á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert.

Undirkjörstjórnir fara með kosningar samkvæmt lögum nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna og lögum nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis.

4. *Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi*. Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara á aðalfund Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi samkvæmt lögum samtakanna. Fulltrúar bæjarins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi aðalfundar.
5. *Umhverfis- og skipulagsnefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara í umhverfis- og skipulagsnefnd, sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum nr. 73/1997 og reglugerðum nr. 400/1998 og nr. 441/1998. Nefndin fer með umhverfismál og umferðarmál samkvæmt lögum nr. 50/1987. Nefndin fer einnig með veitumál og stjórn Vatns- og Hitaveitu Borgarness samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um vatns- og hitaveitur.
6. *Félagsmálanefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Félagsmálanefnd fer með barnaverndarmál samkvæmt lögum nr. 58/1992 og barnalögum nr. 20/1992, jafnréttismál samkvæmt lögum nr. 96/2000 og málefni samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998. Félagsmálanefnd hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, umsjón með framkvæmd laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og málefni aldraðra samkvæmt lögum nr. 125/1999. Nefndin fer með húsnæðismál, sbr. lög nr. 44/1998, svo og húsaleigumál, sbr. lög nr. 36/1994. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
7. *Menningarmálanefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara í menningarmálanefnd. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með stjórn Listasafns Borgarness og stjórn Menningarsjóðs Borgarbyggðar. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
8. *Fræðslunefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara í fræðslunefnd. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla samkvæmt lögum nr. 78/1994, grunnskóla samkvæmt lögum nr. 66/1995 (undanskilið er skólahverfi Varmalandsskóla), tónlistarskóla samkvæmt lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samkvæmt ákvæðum samstarfssamninga sem um rekstur tónlistarskóla gilda hverju sinni og framhaldsskóla samkvæmt lögum nr. 80/1996 og samstarfssamninga um rekstur framhaldsskóla sem gilda hverju sinni. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
9. *Skólanefnd* (Grunnskólinn Varmalandi). Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara í skólanefnd. Skólanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Skólanefndin fer með málefni Varmalandsskóla samkvæmt lögum nr. 66/1995 og erindisbréfi og málefni Þinghamars samkvæmt samþykktum þess, auk fjármálalegrar ábyrgðar gagnvart bæjarstjórn.
10. *Tómstundanefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara í tómstundanefnd samkvæmt heimild í sveitarstjórnarlögum og lögum nr. 24/1970 um æskulýðsmál. Tómstundanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
11. *Landbúnaðarnefnd*. Sjö fulltrúar og jafnmargir til vara í landbúnaðarnefnd. Kjósa skal í nefndina einn fulltrúa úr hverju hinna fyrri sveitarfélaga miðað við árið 1994. Landbún-

aðarnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Landbúnaðarnefnd fer með landbúnaðarmálefni, sbr. lög nr. 46/1991 og lög nr. 64/1994. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.

12. *Afréttarnefndir*. Kosnir eru þrír fulltrúar og jafnmargir varafulltrúar í fimm afréttarnefndir:

eina fyrir fyrrum Borgarhrepp, Hraunhrepp og Álftaneshrepp,
eina fyrir Stafholtstungur og Norðurárdal vestan Norðurár og
eina fyrir Stafholtstungur og Þverárhlið og Norðurárdal sunnan Norðurár.

Afréttarnefndir eru kosnar á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Afréttarnefndir fara með afréttar- og fjallskilamál undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Formenn afréttarnefnda fara með atkvæðisrétt í veiðifélögum fyrir afréttarlandi.

13. *Starfskjaranefnd*. Tveir bæjarfulltrúar og tveir til vara í starfskjaranefnd. Nefndin skal kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar. Starfskjaranefnd fer með verkefni samkvæmt samkomulagi launanevndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Borgarbyggðar.
14. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga*. Tveir skoðunarmenn og jafnmargir til vara samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar.

- B. Stjórnir og samstarfsráð. Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd, innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.

1. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar*. Einn fulltrúi og annar til vara í stjórn HAB samkvæmt ákvæðum sameignarsamnings. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
2. *Héraðsnefnd Mýrasýslu*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara í héraðsnefnd Mýrasýslu samkvæmt samþykktum nefndarinnar. Fulltrúar bæjarins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi aðalfundar.
3. *Stjórn Heilsugæslustöðvarinnar í Borgarnesi*. Einn fulltrúi og tveir til vara í stjórn Heilsugæslustöðvarinnar í Borgarnesi samkvæmt ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu og samkomulagi við önnur sveitarfélög á þjónustusvæðinu. Fulltrúi bæjarins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
4. *Almannavarnanefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu*. Einn fulltrúi og annar til vara í almannavarnanefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Fulltrúi bæjarins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
5. *Stjórn Dvalarheimilis aldraðra*. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara í stjórn Dvalarheimilis aldraðra Borgarnesi samkvæmt samþykktum fyrir Dvalarheimilið. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
6. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga samkvæmt lögum sambandsins. Fulltrúar bæjarins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

7. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn fulltrúi og annar til vara í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands samkvæmt lögum um Brunabótafélag Íslands. Fulltrúi bæjarins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
8. *Fulltrúaráð Sparisjóðs Mýrasýslu*. Átján fulltrúar og jafnmargir til vara í fulltrúaráð Sparisjóðs Mýrasýslu samkvæmt lögum um sparisjóði og samþykktum sjóðsins. Fulltrúar bæjarins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
9. *Stjórn Safnahúss Borgarfjarðar*. Bæjarstjórn tilnefnir fulltrúa í stjórn Safnahúss Borgarfjarðar og jafnmarga til vara samkvæmt samþykktum þess.
10. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands*. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara í fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands samkvæmt samningi um skólann og ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 80/1996. Fulltrúar bæjarins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
11. *Hagasjóður*. Þrír fulltrúar úr fyrrum Hraunhreppi í stjórn Hagasjóðs. Stjórnin skal kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Stjórn fer með verkefni samkvæmt skipulagsskrá fyrir Hagasjóð nr. 593/1994.
12. *Húsnefnd Lyngbrekku*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara í húsnefnd fyrir félagsheimilið Lyngbrekku. Húsnefndin skal kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins Lyngbrekku samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Lyngbrekku.
13. *Húsnefnd Valfells*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara í húsnefnd fyrir félagsheimilið Valfell. Húsnefndin skal kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins Valfells samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Valfell.
14. *Húsnefnd samkomuhússins við Þverárrétt*. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara í húsnefnd fyrir samkomuhúsið. Húsnefndin skal kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Húsnefnd fer með rekstur samkomuhússins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir samkomuhúsið við Þverárrétt.

58. gr.

Verkefnabundnar nefndir.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

59. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráðið og bæjarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarfélagsins.

61. gr.

Ráðning stjórnenda.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Ráðning starfsmanna.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

63. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

Starfskjör.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

65. gr.

Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætl- aðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

66. gr.

Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum bæjarfulltrúum með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

68. gr.

Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammur um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Afgreiðsla ársreikninga.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Borgarbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 288/1999.

Breytingar skv. 7. og 8. lið 57. gr. A, varðandi fræðslu- og menningarmálanefnd, taka þó ekki gildi fyrr en að loknu þessu kjörtímabili. Málefni leikskóla heyra undir félagsmálanefnd til loka þessa kjörtímabils.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. apríl 2001.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 2001

10. maí 2001

923

Nr. 363

REGLUGERÐ

um rækjuveiðar á Breiðafirði.

1. gr.

Á tímabilinu 12. maí til 30. júní 2001, er skipum sem eru 105 brl. að stærð eða minni og hafa aflamark í úthafsækju heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði utan línu sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita, sunnan $65^{\circ}10'N$, enda séu þau búinn seiðaskilju sbr. reglugerð nr. 304 3. maí 1999, um úthafsækjussvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. maí 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 2001

Nr. 364

924

15. maí 2001

GJALDSKRÁ

fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

1. gr.

Daggjöld fyrir vistun dýra við einangrunarstöð gæludýra í Hrísey verða sem hér segir:

Kettir	kr.	900
Hundar að 20 kg þyngd	kr.	1.000
Hundar 20 kg og yfir að þyngd	kr.	1.400

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey nr. 3/2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 365

9. maí 2001

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Húsnæði leikskóla skal miðað við 6,5 m² brúttó fyrir hvert barn samtímis í leikskóla utan þess tíma sem hópar skarast, þar af verði nettó leik- og kennslurými a.m.k. 3,0 m² fyrir hvert barn.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðast þannig:

Við hönnun nýrra útleiksvæða og þar sem því verður við komið við eldri leikskóla skal

miðað við a.m.k. 30-40 m² fyrir hvert barn. Útileiksvæði skal þó aldrei vera minna en 20 m² fyrir hvert barn. Heimilt er að miða við færri lóðarfermetra en 20 í leikskólum sem starfræktir eru í eldri hverfum og/eða ef aldurssamsetning barna í viðkomandi skóla gefur tilefni til slíks.

3. gr.

2. mgr. 7. gr. breytist þannig:

Í stað orðanna „5 ára barn reiknast sem 1,0 barngildi“ komi: 5 ára barn reiknast sem 0,8 barngildi.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 9. maí 2001.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 2001

Nr. 366

926

7. maí 2001

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi íbúðabyggðar í Bjargslandi, Pyrping 8 og 9, Borgarbyggð.

Um er að ræða óverulegar breytingar á gatnakerfi og lóðum. Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt breytingarnar. Breytingarnar hafa verið sendar til yfirferðar skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og bygging- arlaga hjá Skipulagsstofnun. Ofangreindar breytingar öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 7. maí 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

Nr. 367

7. maí 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 233, 30. mars 1999 um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða.

1. gr.

12. gr. skal orðast með eftirfarandi hætti: „Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Við gerð þessarar reglugerðar var höfð hliðsjón af reglugerð ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2406/96 (um ferskfiskmat), tilskipunum ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 91/493 (um hollustuhætti við vinnslu og dreifingu fisks og fiskafurða), nr. 95/71 (um breytingar á viðauka við tilskipun 91/493), nr. 92/48 (um fiskiskip), ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, nr. 93/51 (um örverurannsóknir), nr. 93/140, (um sníkjudýr), nr. 94/356 (um innra eftirlit framleiðenda) og nr. 95/149 (um niðurbrotsefni, TVB) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 466/2001(um hámark aðskotaefna í matvælum)“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. maí 2001.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag svifbrautar í Hlíðarfjalli.

Bæjarstjórn Akureyrar og sveitarstjórn Hörgárbyggðar hafa í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir svifbraut í Hlíðarfjalli. Deiliskipulagið fjallar um aflanga skák, frá stað skammt sunnan Skíðahótels og upp á fjallsbrún.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 26. apríl 2001.

F.h. Akureyrarbæjar,
Kristján Þór Júlíusson
bæjarstjóri.

F.h. Hörgárbyggðar,
Oddur Gunnarsson
oddviti.

30. apríl 2001

Nr. 369

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Klettaborg, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag íbúðarsvæðis við Klettaborg á Akureyri. Skipulagssvæðið liggur norðan og vestan undir brekkum niður af Kotárgerði og Kringlumýri og afmarkast í norðri af Borgarbraut. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 19 einbýlishúsalóðum og 36 íbúðum í raðhúsum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 30. apríl 2001.

F.h. Akureyrarbæjar,
Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

7. maí 2001

Nr. 370

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Áshrepp, Blönduóssbæ, Bólstaðarhlíðarhrepp, Engihlíðarhrepp,
Húnaþing vestra, Höfðahrepp, Skagahrepp, Sveinsstaðahrepp,
Svínavatnshrepp, Torfalækjarhrepp og Vindhælishrepp.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

Regla og næði.

1. gr.

Með hugtakinu almannafæri er í samþykkt þessari átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fer um eða ætlaðir eru til almenningsnota, utan húss eða innan, svo sem verslanir, samkomustaðir og aðrir þjónustustaðir.

2. gr.

Bannað er að valda ónæði sem raskar næturró manna.

3. gr.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi. Uppþot, áflog eða önnur hegðan, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman eða viðhafa háttsemi sem truflar umferð eða veldur öðrum vegfarendum óþægindum.

4. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun tækja, hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að það valdi ónæði eða truflun.

5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

6. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan óskar þess. Almennungi er skylt að hlýða fyrir mælum sem lögreglan gefur.

Góðir umgengnishættir og hreinlæti á almannafæri.

7. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningnota eða þrýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Slíkar auglýsingar skal fjarlægja þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum og er þeim sem setti þær upp skylt að bæta úr spjöllum sem uppsetning eða brott-nám auglýsinga kann að hafa valdið, sbr. 36. gr. samþykktar þessarar.

Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaskilti eða aðrar varanlegar auglýsingar. Staðsetning og útlit skilta má ekki fara í bága við umferðaröryggi og fullt tillit skal tekið til nábylis- eða grenndarréttar.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp gróður.

8. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, lóð eða girðingu, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í hýbýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

9. gr.

Í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bíla, bílhlutu, báta, skipsskrokka o.fl. Heimilt er að fjarlægja

framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bílflök að undangenginni aðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmri ef hætta eða mengun o.s.frv. stafar af.

Bílflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslausar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu sveitarfélags í 45 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllnum kostnaði, svo sem dráttar- og geymslugjaldi. Liggi fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélar-númer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Þá skal og heimilt að selja nýtilega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna töku og geymslu þeirra, sbr. 36. gr. samþykktar þessarar.

10. gr.

Sveitarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

11. gr.

Óheimilt er að áreita dýr eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sérákvæði gilda um. Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um verndun dýra, nú lög nr. 15/1994, og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 64/1994.

Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.

12. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif og gluggapvott, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þriffin valda rennsli á gangstétt, götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. olíum né öðrum spilliefnum.

Húseigandi eða umráðamaður skal halda gangstígum, stéttum og tröppum á lóð sinni hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er, svo og fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrir mælum sveitarstjórnar um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri og hamlar umferð vegfarenda eða tálmar útsýni við gatnamót. Gróður, s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af sveitarstjórn, sé þess þörf og þá kynntar með tryggilegum hætti. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrir mælum sveitarstjórnar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara, sbr. 35. gr. samþykktar þessarar.

13. gr.

Húseiganda eða umráðamanni húseignar er skylt að sjá til þess að hreinsa upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óþrifnaði og óþrýði við hús þeirra, lóðir, aðliggjandi götur eða torg.

14. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um skipulagðar hópögngur og útifundi. Þátttakendur skulu hlýða fyrirmælum lögreglu svo gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

15. gr.

Á almannafæri má ekki ganga með logandi blys, kveikja í bálköstum, kveikja í eldfimnum efnum eða sprengiefnum, nema með leyfi lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra. Einnig skal leita leyfis sömu aðila til að halda flugeldasýningar, nema ef sérstaklega stendur á s.s. um áramót eða á þrettándanum.

Bannað er að selja eða afhenda skotelda barni yngra en 16 ára sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum. Öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára er óheimil.

Óheimilt er að bera skotvopn á almannafæri. Hver sá sem fer með eða notar skotvopn skal hafa skotvopnaleyfi meðferðis og sýna það þegar lögreglan krefst þess.

16. gr.

Ef ís á vötnum, ám eða tjörnum er ótryggur, getur lögreglustjóri bannað að farið sé út á ísinn. Hann getur ennfremur lokað einstaka svæðum tímabundið sé fólki þar talin hættu búin.

17. gr.

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg sveitarfélagsins né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi sveitastjórnar. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Að öðru leyti geta sveitarstjórn og lögreglustjóri gert þær ráðstafanir er þurfa þykja til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Lögreglustjóri getur bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá geta sveitarstjórn og lögreglustjóri, ef þau telja framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna, sbr. 36. gr. samþykktar þessarar.

18. gr.

Þegar hús er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrirmælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það fjarlæggt eða rifið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hættu, óþrifnaður eða óþrýði.

II. KAFLI Um ökutæki, umferð o.fl.

19. gr.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannafæri.

20. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það er hindrar umferð eða veldur hættu. Vöru- og flutningabifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hópbifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðahúsahverfum eða almennum bifreiðastæðum sveitarfélagsins, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna, hestaflutningavagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

21. gr.

Lögreglustjóri eða sveitarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

22. gr.

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, fjórhjóla, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis í umdæminu og á öðrum þeim svæðum í umdæminu, þar sem slíkt bann kann að verða auglýst sérstaklega. Þó skal eigendum slíkra ökutækja í undantekningartilfellum og þegar aðstæður leyfa heimilt að aka frá heimilum sínum út úr þéttbýli stystu leið og til baka aftur að lokinni ferð. Sama á við um eldsneytistöku. Við slíkan akstur í þéttbýli skal gæta ýtrustu varkárni og haga honum þannig að ekki stafi af hætta eða ónæði fyrir íbúa. Hámarks hraði torfærutækja við þessar aðstæður skal vera 30 km á klukkustund.

23. gr.

Óheimilt er að skilja ökutæki eftir í gangi þegar þau eru yfirgefin. Jafnframt er óheimilt að láta vélar kyrrstæðra ökutækja ganga lengur en í örstutta stund nema sérstaklega standi á. Regla þessi á ekki við um ökutæki lögreglu, slökkviliðs o.þ.h.

24. gr.

Peir, sem flytja hvers konar farm um götur eða vegi í umdæminu, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, feringu eða losun, er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

25. gr.

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðar eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem sveitarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota. Sveitarstjórn getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

26. gr.

Börn yngri en fimmtán ára, sem fara um á hestbaki, reiðhjólum, hjólabrettum, hjólaskautum, renna sér á skíðum, sleðum, skíðabrettum o.þ.h. eiga að nota hlífðarhjálma og viðeigandi hlífðarbúnað.

Á götum, eða þar sem hættu getur stafað af, má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum.

III. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og önnur opinber skilti.

27. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín greinilega með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum eða nafni þar sem það á við, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

Húseigandi skal sjá um allt venjulegt viðhald á merkingum á húsi sínu.

28. gr.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinber skilti eða aðrar opinberar merkingar sem komið hefur verið fyrir innan sveitarfélags. Það sama gildir um opinberar auglýsingar sem settar hafa verið upp af hálfu sveitarfélagsins.

IV. KAFLI

Um veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.

29. gr.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum fer að lögum sem gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar er 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á gístistöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

30. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gístistað, leikhús eða annað samkomuhús, eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

31. gr.

Opnunartími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjáls að því marki er heimilt er að lögum sem gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Sveitarstjórn getur þó takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum, ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

32. gr.

Óheimilt er að selja börnum innan 14 ára aðgang að leiktækjum og börnum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur að söfnunarkössum. Miðað skal við fæðingarár. Starfsmenn leiktækja- og spílastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja-, spíla- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00 - 23.30 daglega.

33. gr.

Óheimilt er að selja eða útvega ungmennum yngri en 18 ára tóbak og yngri en 20 ára áfengi. Ungmenni innan 18 ára aldurs mega ekki starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi.

V. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o.fl.

34. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir sveitarfélög í Húnavatnssýslum. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingarlögum, umferðarlögum, vopnalögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.s.frv.

35. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála. Hagnaður sá, sem hinn brotlegi kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða löggjafarstjórn á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð. Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess, sem gengur barninu í foreldris stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

36. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt þessari eða reglum sem settar eru samkvæmt þessari lögreglusamþykkt, má lögreglustjóri láta framkvæma eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður vegna þessa greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að stöðva eða hindra fyrirhugaða athöfn sem ekki er að fullu lokið en bönnuð er með lögreglusamþykkt þessari eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað, greiðist hann úr ríkissjóði.

37. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sveitarstjórnir í Húnavatnssýslum hafa samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru numdar úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 152 12. september 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Vestur-Húnavatnssýslu nr. 204 30. október 1947.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. maí 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Jón Þór Ólason.

27. apríl 2001

Nr. 371

AUGLÝSING

um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Við undirkaflann „Námsbrautir“ er hefst á bls. 21 í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla bætist ný námslýsing og orðast hún svo:

Viðbótarnám fyrir starfsnámsnemendur og nemendur sem ljúka námi á listnámsbraut til undirbúnings námi á háskólastigi.

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi sem er samræmt í tilteknum greinum skv. ákvæðum í reglugerð.

Stúdentsprófið eitt og sér tryggir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi hvorki hér á landi né í öðrum löndum. Einstakir háskólar eða háskóladeildir setja ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum þurfa nemendur að gangast undir inntökupróf. Það er því mikilvægt að nemendur sem stefna að inngöngu í tiltekinn skóla á háskólastigi afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning.

Til þess að fá starfsnám auk viðbótarnáms viðurkennt til stúdentsprófs skulu nemendur hafa lokið 3ja eða 4ra ára starfsnámi, þ. e. bæði í skóla og á vinnustað. Það er þó ekki áskilið að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi.

Viðbótarnámið geta nemendur:

- skipulagt sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólastigi, eða
- lokið námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og tilgreint er í töflunni:

Íslenska	15 ein.
enska	12 -
stærðfræði	6 -
tungumál/náttúrufræði og stærðfræði/ félagsfræðigreinar	12 -
<hr/>	
Samtals	45 ein.

Nemendur geta valið milli erlendra tungumála, náttúrufræðigreina og stærðfræði eða samfélagsgreina, 12 eininga Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 eininga samtals. Stærðfræði er þó undanskilin frá 9 eininga reglunni.

Það skal ítrekað að enda þótt nemendur ljúki námi samkvæmt því sem segir í b-lið að nemendur kynni sér sérkröfur þess háskóla sem þeir óska að stunda nám við og skipuleggi viðbótarnámið í samræmi við þær.

3. gr.

Lýsing á viðskiptabraut VI á bls. 178 orðast svo:

Viðskiptabraut VI 70 ein.

Viðskiptabraut er ætlað að búa nemendur undir almenn skrifstofu- og verslunarstörf. Námi á brautinni lýkur með verslunarprófi. Meðalnámstími er 4 annir.

Íslenska		8 ein.
Íslenska	ÍSL 102 202 212 [103 203]	
Tjáning	TJÁ 2 ein.	
Erlend tungumál		8 ein.
Danska	DAN ¹ 102 202	
Enska	ENS 102 202	
Samfélagsgreinar		8 ein.
Félagsfræði	FÉL 102/103	
Saga	SAG 103	
Þjóðhagfræði	ÞJÓ 103	

Raungreinar		3 ein.
Val nemanda og skóla	3 ein.	
Stærðfræði		4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122/202	
Tölvufræði og vélritun		7 ein.
Val nemanda og skóla	7 ein.	
Sérgreinar		17 ein.
Bókfærsla	BÓK 103 203	
Hagnýt verslunarstörf	HAV 102	
Rekstrarhagfræði	REK 103	
Verslunarréttur	VRR 102/103	
Val nemanda og skóla	4 ein.	
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍPR 101 111 201 211	4 ein.
Val nemanda og skóla		11 ein.

¹ norska / sænska

4. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 27. apríl 2001.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

7. maí 2001

Nr. 372

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260, 15. apríl 1999 um veiðar, meðferð, vinnslu og dreifingu lifandi samloka.

1. gr.

34. gr. skal orðast með eftirfarandi hætti: „Við gerð þessarar reglugerðar var tekið mið af tilskipunum ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 91/67, 91/492 og 91/493, ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 92/532, 93/22, 93/25, 93/51, 93/55, 93/169, 93/383 og 94/356 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 466/2001 (um hámark aðskotaefna í matvælum)“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. maí 2001.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um framkvæmd skattefirlits og skattrannsóknna.

I. KAFLI

Um skattefirlit og tilkynningar til skattrannsóknarstjóra.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skattstjórar annast skattefirlit hver í sínu skattumdæmi.

Ríkisskattstjóri hefur á hendi yfirstjórn skattefirlits og skattefirlit á landinu öllu.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal hafa með höndum rannsóknir á skattsvikum og öðrum refsiverðum brotum á lögum um skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim er falin framkvæmd á, ásamt rannsókn á brotum á lögum um bókhald og ársreikninga.

Skattefirlit.

2. gr.

Skattefirlit í skilningi reglugerðar þessarar tekur til hvers konar könnunar skattstjóra og ríkisskattstjóra á réttmæti skattskila fyrir og eftir álagningu eða ákvörðun opinberra gjalda eða skatta, samtímaeftirlits með rekstraraðilum, svo og annarra aðgerða sem ætlað er að tryggja að skattaðilar standi skil á lögboðnum skýrslum og upplýsingum um skattstofn eða skattskyldu.

Í könnun á réttmæti skattskila felst m.a. samanburður upplýsinga sem fyrir hendi eru innan skattkerfisins við skattframtöl og aðrar skýrslur skattaðila, könnun á réttmæti frádráttarliða, innskatts og endurgreiðslukrafna, skoðun bókhaldsgagna og eftirlit með tekjuskráningu. Einnig öflun frekari gagna frá skattaðilum eða öðrum, könnun á launabókhaldi og skilum á staðgreiðslu, virðisaukaskatti og öðrum gjöldum.

Með samtímaeftirliti er átt við athugun á bókhaldi rekstraraðila ásamt leiðbeiningargjöf til þeirra, þar sem lögð skal áhersla á fyrirfram ákveðin atriði svo sem tekjuskráningu, launabókhald og skil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti. Samtímaeftirlit lýtur jafnframt að athugun á notkun bifreiða og annarra eigna rekstraraðila m.a. með tilliti til skattskyldra hlunninda starfsmanna.

Skattstjórar.

3. gr.

Skattstjóri skipuleggur og stýrir skattefirliti í umdæmi sínu og ákveður að hverju eftirlit beinist hverju sinni á grundvelli framtala og annarra skattskila, upplýsinga og ábendinga og á grundvelli eftirlitsáætlunar ríkisskattstjóra. Við val á aðilum sem eftirlit beinist að skal gæta samræmis og skal valið gert á hlutlægan hátt eða látið ráðast af tilviljunarúrtaki.

Fjármálaráðherra getur ákveðið að ríkisskattstjóri annast almennt skattefirlit í tilteknu skattumdæmi í samráði við skattstjóra þess.

Ríkisskattstjóri.

4. gr.

Ríkisskattstjóri hefur á hendi yfirstjórn skattefirlits. Hann setur skattstjórum verklagsreglur og veitir leiðbeiningar um málsmeðferð.

Ríkisskattstjóri skal árlega semja áætlun um eftirlitsaðgerðir á sínum vegum og á vegum skattstjóra í samráði við þá. Skal ríkisskattstjóri árlega gefa fjármálaráðherra skýrslu um framkvæmd skattefirlits og árangur af því.

Ríkisskattstjóri annast öflun almennra upplýsinga vegna skattefirlits samkvæmt eftirlitsáætlun hans og hefur með höndum vörslu þeirra ásamt skattstjórum. Hann skal annast vinnslu

upplýsinga úr skattefirliti, upplýsingaöflun frá erlendum skattyfirvöldum vegna skattefirlits og miðlun þeirra til viðkomandi skattstjóra.

Öflun og meðferð gagna vegna skattefirlits.

5. gr.

Um öflun gagna vegna skattefirlits skulu gilda ákvæði 18. gr. um öflun gagna vegna skattrannsóknna. Ákvæði 19. gr. gilda með sama hætti að því er varðar skráningu og meðferð gagna sem skattstjóri eða ríkisskattstjóri tekur í sínar vörslur vegna skattefirlits.

Eftir því sem aðstæður leyfa skal við það miðað að öll umfangsmikil gagnaöflun frá rekstraraðilum fari fram í starfsstöð eða á skrifstofu þeirra.

Endurákvörðun opinberra gjalda vegna skattefirlits.

6. gr.

Ef skattefirlit leiðir til endurákvörðunar opinberra gjalda án þess þó að um skattrannsókn sé að ræða, sbr. 8. gr., skal skattstjóri eða eftir atvikum ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina. Heimilt er skattaðila að kæra þá endurákvörðun til yfirskattanefndar.

Skattsvik.

7. gr.

Það teljast skattsvik þegar aðili gefur af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangar eða villandi upplýsingar sem ætlaðar eru til nota við skattákvarðanir. Sama gildir ef aðili vanrækir að gefa upplýsingar sem kunna að hafa þýðingu við skattákvarðanir.

Hafi skattstjóri eða ríkisskattstjóri rökstuddan grun um að skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga hafi verið framin skal hann tilkynna um það til skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. 8. gr., sem ákveður um framhald málsins. Tilkynningu skattstjóra eða ríkisskattstjóra skal fylgja greinargerð um athugun hans á skattskilum aðila ásamt þeim gögnum sem aflað hefur verið vegna málsins.

Hvenær skal vísa máli til skattrannsóknarstjóra ríkisins.

8. gr.

Svofelldir annmarkar á skattskilum skulu jafnan tilkynntir til skattrannsóknarstjóra ríkisins nema ljóst þyki af öllum atvikum máls að almennt gáleysi skattaðila hafi valdið þeim og ekki sé um að ræða tilvik sem 9. gr. tekur til:

1. Þegar um er að ræða vanframtaldar tekjur af atvinnurekstri eða vanframtalda skattskylda veltu til virðisaukaskatts eða aðra vanframtalda skattstofna vegna atvinnurekstrar sem skattstjórar leggja á.
2. Atvinnurekstur hefur ekki verið tilkynntur til skattyfirvalda, þrátt fyrir ábendingar eða tilmæli skattstjóra.
3. Frádráttur frá tekjum er byggður á röngum gögnum, engum gögnum, gögnum sem tilheyra öðrum skattaðilum eða þau verið rangfærð.
4. Skattaðili hefur áður verið til meðferðar hjá skattyfirvöldum vegna hliðstæðra atriða sem athugunarverð þykja, nema undandregin fjárhæð sé óveruleg. Ákvæði þessa töluliðar á ekki við um einstaklinga skv. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr.
5. Innskattsfærslur eru byggðar á röngum gögnum, gögnum sem tilheyra öðrum skattaðilum eða á annan hátt hefur verið stefnt að rangfærslu þeirra.
6. Kröfur um endurgreiðslur virðisaukaskatts eru reistar á röngum gögnum eða eru á annan hátt ótrúverðugar eða rangar svo sem vegna viðskipta tengdra aðila þar sem annar aðilinn eða báðir hafa ekki uppfyllt lagaskyldur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattstjóra heimilt að ljúka máli án þess að vísa því til skatt-rannsóknarstjóra ríkisins ef undandregin fjárhæð er óveruleg og saknæmi brotsins þykir að öðru leyti ekki gefa tilefni til þess að máli sé vísað til hans.

Mál sem ekki sæta meðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

9. gr.

Í eftirfarandi tilvikum skal jafnan ekki tilkynna mál til skattrannsóknarstjóra ríkisins nema ljóst þyki af öllum atvikum að skattaðili hafi rangfært skattskil sín af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, sbr. og aðstæður sem greinir í 2. mgr.:

1. Mál einstaklinga utan atvinnurekstrar.
2. Mál sem varða einkum túlkun á skattalögum eða annarri löggjöf.
3. Athugun beinist að tímamörkum tekjufærslu, enda sé eingöngu ágreiningur um hvenær færa skuli tekjur til skattlagningar.
4. Mál sem varða frádrátt frá tekjum rekstraraðila, án þess að 3. tölul. 8. gr. eigi við.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. skulu mál skattaðila utan rekstrar jafnan tilkynnt til skattrannsóknarstjóra ríkisins ef rangfærsla stendur í nánnum tengslum við skattskil rekstrar-aðila, t.d. ef aðilar hafa sammælt um hana og hún hefur áhrif á skattskil beggja, enda séu skil-yrði 7. og 8. gr. uppfyllt. Sama gildir ef annmarkar varðandi skattskil aðila utan rekstrar telj-ast sérlega vítaverðir að öðru leyti, m.a. ef rangfærsla varðar þrjú ár eða fleiri eða ef um ítrek-uð brot er að ræða.

10. gr.

Þegar athugun skattstjóra beinist að öðrum atriðum en tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr., en atvik eru þó ekki með þeim hætti að mati skattstjóra að þörf sé á að málið sæti meðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, og ekki er til að dreifa atvikum sem getið er í 7. sbr. 8. gr., get-ur skattstjóri gert þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar í því skyni að ljúka málsmeð-ferð sinni.

II. KAFLI

Upphaf rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra, markmið hennar og afmörkun.

Upphaf rannsóknar máls.

11. gr.

Upphaf rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins á skattsvikum eða öðrum refsiverð-um brotum getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Með tilkynningu frá skattstjóra.
2. Með tilkynningu frá ríkisskattstjóra.
3. Að eigin frumkvæði.
4. Samkvæmt tilvísun frá lögreglu.
5. Samkvæmt kæru, tilkynningu eða ábendingu frá þriðja manni (utanaðkomandi aðila).

Skattrannsóknarstjóri ríkisins ákveður hvort ábending skv. 5. tölul. 1. mgr. eða tilkyn-ning skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. gefur tilefni til rannsóknar eða annarrar umfjöllunar af hans hálfu. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal hefja rannsókn samkvæmt 4. tölul. nema hann telji atvik vera með þeim hætti að rannsókn á hans vegum sé þýðingarlaus eða illframkvæmanleg af öðrum ástæðum eða varði mjög óverulegar fjárhæðir. Skal þá lögreglu tilkynnt sú niður-staða.

Markmið rannsóknar.

12. gr.

Markmið rannsóknar skal vera að afla allra nauðsynlegra gagna og upplýsa málsatvik til þess að unnt sé að ákvarða hvort skattskil hafi verið röng eða byggð á vafasömum, hæpnum

eða ófullnægjandi forsendum, svo leggja megi grundvöll að endurákvörðun opinberra gjalda, og unnt sé að meta hvort krafist skuli refsimeðferðar og þá með hvaða hætti, sbr. VI. kafla.

Heimildir til rannsóknar.

13. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur heimild til að rannsaka framtalsskil og skattskil allra manna og lögaðila sem framtalsskyldir eru, hvort sem framtalsskyldu hefur verið fullnægt eða ekki.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur heimild til að rannsaka staðgreiðsluskil, virðisauka-skattsskil, og tryggingagjaldsskil m.a. á yfirstandandi rekstrarári.

Þá hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins heimild til að rannsaka bókhald, grundvöll skattskila og ársreikninga. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal við rannsókn hafa aðgang að öllum framtölum og skýrslum í vörslu skattstjóra og getur hann krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum og ríkisskattstjóra og aðilum sem um ræðir í 94. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lögreglu er skylt að veita skattrannsóknarstjóra ríkisins nauðsynlega aðstoð í þágu rannsókna ef aðili færir undan afhendingu bókhaldsgagna og hætta er á sakarspjöllum vegna gruns um væntanlegt undanskot gagna.

Umfang og afmörkun rannsóknar.

14. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins tekur ákvörðun um afmörkun á rannsókn máls, þ.m.t. til hvaða ára eða tímabila rannsókn tekur, hvaða atriði verða rannsökuð, af hverjum skýrslur eru teknar og að öðru leyti með hvaða hætti rannsókn fer fram.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að vinna að einstökum rannsóknarverkefnum.

III. KAFLI

Tilhögun og framkvæmd skattrannsóknna.

Upphafsdagur rannsóknna.

15. gr.

Upphafsdagur rannsóknar miðast við móttöku gagna frá skattaðila eða þann dag sem skattrannsóknarstjóri ríkisins gerir skattaðila bréflaga kunnugt um að rannsókn sé hafin á framtals- eða skattskilum hans. Að jafnaði skal skattaðila gert bréflaga kunnugt um að rannsókn sé hafin á skattskilum hans.

Skrá skal upphafsdag rannsóknar í gerðabók skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. 40. gr. Í skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins um rannsókn á máli skattaðila skal m.a. koma fram hver sé upphafsdagur rannsóknar.

Rannsókn skattundandrátta og bókhaldsbrotta.

16. gr.

Rannsaka skal hvort skattstofnar séu ranglega tilgreindir eða vanrækt að telja þá fram og hvaða áhrif slíkt hefur haft á álagningu tekjuskatts og eignarskatts. Ennfremur skal rannsaka hvort og með hvaða hætti skattaðili hefur vangreitt skilaskyld gjöld eða skatta sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta eða vanrækt að inna af hendi gjöld eða skatta sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir.

Rannsaka skal, eftir því sem tilefni gefst til, hvort bókhaldsskyldur aðili hafi haldið lög bundið bókhald og hvort samræmi sé milli bókhalds og fylgiskjala, að allar tekjur séu færðar til bókar og eftir atvikum að útgjöld rekstrarins, þ.m.t. vörukaup, séu bókuð með lög bundnum hætti og hvort bókhaldi sé hagað í samræmi við meginreglur laga nr. 145/1994, um bókhald.

Rannsaka skal hve háar fjárhæðir hafa verið dregnar undan, vanrækt var greiðsla á eða endurgreiddar voru um of. Séu gögn og upplýsingar af skornum skammti, þ.m.t. vegna förgunar skattaðila á gögnum eða vanrækslu hans um að halda gögnum til haga eða færa bókhald, skal skattrannsóknarstjóri ríkisins leitast við að meta ætlaðan undandrätt með hliðsjón af því sem fram kemur í 20. - 22. og 29. gr.

Þá skal, eftir því sem skattrannsóknarstjóri ríkisins telur vera þörf á, rannsaka hvort hinn grunaði sé aðalmaður eða hlutdeildarmaður í ætlaðri refsiverðri háttsemi. Ef fleiri en einn maður er grunaður um brot skal rannsaka hvort um samverknað þeirra var að ræða.

Rannsókn saknæmisskilyrða.

17. gr.

Rannsaka skal eftir því sem tilefni þykir gefa til huglæga afstöðu hins grunaða til ætlaðs brots, ásetning hans, gáleysi og eftir atvikum hvatir, svo og ef um tilraun til brots er að ræða og hvort hann hefur af sjálfsdáðum horfið frá henni.

Móttaka gagna frá skattaðila og gagnaöflun frá þriðja manni.

18. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur aflað gagna frá skattaðila vegna rannsóknar á máli skattaðila með eftirfarandi hætti:

1. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur munnlega eða skriflega lagt fyrir skattaðila eða umboðsmann hans að leggja fram umbeðin gögn til skattrannsóknarstjóra.
2. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur farið á starfsstöð eða í birgðageymslu skattaðila og lagt fyrir skattaðila eða umboðsmann hans að afhenda skattrannsóknarstjóra ríkisins umbeðin gögn. Heimilt er skattrannsóknarstjóra ríkisins að kanna sjálfstætt hvaða gögn eru á starfsstöð og staðreyna þýðingu þeirra vegna rannsóknar málsins.

Að jafnaði skal beiðni um framlagningu gagna við upphaf rannsóknar máls vera skrifleg. Í beiðni til skattaðila um gögn, sbr. 1. tölul. 1. mgr., svo og við heimsókn á starfsstöð eða í birgðageymslu skattaðila, sbr. 2. tölul. 1. mgr., getur skattrannsóknarstjóri ríkisins lagt fyrir skattaðila eða umboðsmann hans að afhenda bókhald skattaðila og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn sem varða reksturinn, þar með talin bréf og samninga. Auk þessa getur skattrannsóknarstjóri ríkisins krafist allra annarra upplýsinga og gagna sem hann telur nauðsynleg við rannsókn málsins.

Við heimsókn á starfsstöð eða í birgðageymslu skattaðila, hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins heimild til að taka afrit allra gagna samkvæmt 1. mgr., sem geymd eru á tölvutæku formi, eða yfirfæra þau á eigin miðil. Ef stöðva þarf rekstur tölvukerfis vegna þessa skal þó leitast við að slík stöðvun valdi sem minnstum óþægindum eða röskun á starfsemi skattaðila.

Við öflun gagna frá þriðja aðila hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins sömu heimildir og greinir í 1. mgr., sbr. 94. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skráning og meðferð móttekinna gagna.

19. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal skrá gögn sem aflað er frá skattaðila er sætir rannsókn og veita honum staðfestingu um móttekin gögn. Að rannsókn lokinni ber að afhenda skattaðila þau aftur verði ekki frekar aðhafst, en ella gögn þau, sem rannsókn er ekki byggð á eða hafa ekki þá þýðingu fyrir niðurstöðu rannsóknar að þörf sé á að halda þeim, og önnur gögn, þegar þörf telst ekki lengur vera á haldi þeirra og í síðasta lagi þegar meðferð máls er endanlega lokið. Skal skattrannsóknarstjóri ríkisins gefa út skriflega kvittun fyrir afhendingu gagna.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal, svo sem frekast er kostur, leitast við að tryggja skattaðila nauðsynlegan aðgang að gögnum hans meðan á meðferð máls stendur, með tímabundinni afhendingu gagna, ljósriti af einstökum skjölum eða með því að veita skattaðila aðgang

að gögnum hans, hvort heldur á embættisskrifstofu skattrannsóknarstjóra ríkisins eða á embættisskrifstofum skattstjóra utan Reykjavíkur, ef það þykir hentugra með hliðsjón af búsetu skattaðila, enda sé tryggt að slíkt spilli ekki rannsóknarhagsmunum.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal leiðbeina skattaðila um rétt hans til afhendingar og aðgangs að gögnum meðan á meðferð máls standur.

Sönnunargögn og sönnun sektar.

20. gr.

Helstu sönnunargögn við rannsókn máls hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins eru skattframtöl, ársreikningar með fylgiskjölum, fylgiskjöl bókhalds, fært bókhald, þ.m.t. færslubækur og færslulistar, afstemmingargögn, verðútreikningar, tilboð, samningar, bréf, símskeyti og myndrit. Einnig hvers konar önnur gögn sem tengjast rekstri skattaðila og önnur hlutlæg sönnunargögn ótalin hér, svo sem rangfærð skjöl og önnur upplýsandi skjöl.

Auk gagna samkvæmt 1. mgr. teljast ýmsar persónubundnar yfirlýsingar til sönnunargagna, svo sem skýrslur af skattaðila, vitnum og öðrum sem upplýsingar geta gefið vegna rannsóknarinnar, þ.m.t. skýrslur tilkvaddra sérfróðra aðila, yfirlýsingar viðskiptamanna, birgja o.fl.

Heimilt er að styðja sönnun á grundvelli upplýsinga sem aflað hefur verið frá viðskiptamönnum, birgjum og peningastofnunum, ennfremur með vettvangsuppdráttum og ljósmyndum, sbr. 21. gr.

Vettvangsgögn og aðstoð sérfróðra aðila.

21. gr.

Auk sönnunargagna skv. 20. gr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins heimilt að afla hvers konar annarra gagna sem hann telur nauðsynleg vegna rannsóknar málsins, t.d. ljósmynda af munum, tækjum, mannvirkjum, lóðum og löndum, svo og vettvangsuppdrátta.

Þá er skattrannsóknarstjóra ríkisins heimilt að kalla aðila með sérfræðipækkingu til aðstoðar við rannsókn máls, þar með talda menn með tækniþekkingu, löggilta endurskoðendur, lögfræðinga og rekstrarráðgjafa.

Framsending máls til skattstjóra.

22. gr.

Heimilt er skattrannsóknarstjóra ríkisins að fela skattstjóra sem vísað hefur til hans máli að ljúka skattapætti málsins án þess að fram fari rannsókn skv. reglugerð þessari, enda verði talið að málsatvik séu að fullu upplýst og ekki sé þörf á skýrslutökum skv. 94. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, í því skyni.

Að endurákvörðun lokinni samkvæmt 1. mgr. skal skattstjóri eða ríkisskattstjóri senda málgögn til skattrannsóknarstjóra ríkisins sem tekur ákvörðun um hvort til refsimeðferðar skuli koma.

Skattstjóra er heimilt að fengnu samþykki skattrannsóknarstjóra að ljúka endurákvörðun máls þegar málsatvik eru með þeim hætti sem greinir í 4. tölul. 8. gr., enda sé vísun skattstjóra einungis byggð á því að um ítrekað brot sé að ræða en málið þarfnist ekki rannsóknar í skilningi reglugerðar þessarar til að endurákvörðun geti farið fram.

Skattrannsóknarstjóri getur ákveðið að mál sem vísað hefur verið til hans á grundvelli 8. gr. skuli ekki sæta skattrannsókn ef málsatvik eru með þeim hætti að ekki sé þörf á að málið sæti skattrannsókn. Þá er skattrannsóknarstjóra ríkisins heimilt að framsenda í upplýsingaskyni til skattstjóra og ríkisskattstjóra ábendingar um athugunarverð skattskil og önnur atriði sem kunna að þarfnast eftirlits.

Skattrannsóknarstjóri skal tilkynna skattstjóra eða ríkisskattstjóra um þau mál sem hann lýkur án aðgerða og vísað hefur verið til hans af þeirra hálfu.

IV. KAFLI

Um skýrslutökur hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Boðun til skýrslutöku.

23. gr.

Boðun til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins skal að jafnaði vera skrifleg. Þó er heimilt að boða skattaðila munnlega. Við boðun skal þess gætt að fyrirvari manna til að mæta til skýrslugjafar sé nægur.

Mæti maður ekki til skýrslugjafar skal hann boðaður á ný og þá með sannanlegum hætti en ef hann mætir ekki við þá boðun er heimilt að vísa málinu þá þegar til opinberrar rannsóknar, sbr. nánar 4. tölul. 1. mgr. 38. gr.

Tílefni skýrslutöku.

24. gr.

Áður en skýrslutaka hefst skal skýrslugjafa gert kunnugt um tílefni skýrslutökkunnar. Bóka skal sérstaklega að tílefni hafi verið kynnt.

Réttarstaða skýrslugjafa.

25. gr.

Skýra skal skýrslugjafa frá því áður en skýrslutaka hefst, hvort hann er spurður vegna gruns á hendur honum um refsiverða háttsemi eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar.

Sé skýrslugjafi grunaður um refsiverða háttsemi er honum óskyldt að svara spurningum sem varða þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Ber að benda skýrslugjafa ótvírætt á þennan rétt strax þegar efni standa til.

Skýrslugjafi skal fyrst spurður um nafn, kennitölu, stöðu og heimili. Ef hann kys að gefa skýrslu um sakarefnið skal brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Spurningar skulu vera skýrar og ótvíræðar.

Talsmaður skýrslugjafa.

26. gr.

Skýrslugjafi, sem grunaður er um refsiverða háttsemi má hafa með sér við skýrslutöku talsmann, sem hann ræður á sinn kostnað.

Við skýrslugjöf er talsmanni eigi heimilt að leggja skýrslugjafa orð í munn, né torvelða eða trufla framgang skýrslutöku. Skattrannsóknarstjóra er heimilt að meina talsmanni að vera við skýrslutöku ef hann truflar eða torveldar hana.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur ákveðið að talsmanni sé óheimilt að vera viðstaddur skýrslugjöf skattaðila ef talsmaðurinn er einnig grunaður um refsivert brot vegna skattaðila, verður hugsanlega vitni í máli hans, eða er að öðru leyti svo viðriðinn mál hans eða hann sjálfan, að hætta sé á að hann geti ekki sem skyldi gætt hagsmuna skattaðila í málinu eða nærvera hans geti truflað framgang rannsóknarinnar.

Ef skattrannsóknarstjóri þarf að víkja talsmanni úr skýrslutöku eða meina honum að vera viðstaddur, sbr. 2. og 3. mgr., skal fresta skýrslutöku og gefa skýrslugjafa hæfilegan frest til að ráða sér annan talsmann.

Lengd skýrslutöku.

27. gr.

Skýrslutaka má ekki standa lengur en sex klukkustundir samfleytt á sólarhring. Spyrja skal hvern mann án nærveru annarra grunaðra manna eða þeirra sem taldir eru vitni í málinu nema um samprófun sé að ræða. Heimilt er að samprófa tvo eða fleiri sakaða menn eða sakaðan mann og vitni þegar ástæða þykir til.

Vottur við skýrslutöku.

28. gr.

Við skýrslutöku skal a.m.k. einn vottur vera viðstaddur og við undirritun eða staðfestingu skýrslu skulu a.m.k. tveir votta undirritun skýrslugjafa.

Bókun skýrslutöku.

29. gr.

Í upphafi skýrslutöku skal bóka eftirfarandi atriði:

1. dagsetningu og ár,
2. hvenær skýrslutaka hefst,
3. hvaða starfsmaður skattrannsóknarstjóra ríkisins tekur skýrslu af skýrslugjafa,
4. hvar skýrslutaka fer fram,
5. fullt nafn skýrslugjafa, kennitölu, heimilisfang og stöðu,
6. að skýrslugjafa sé gert kunnugt um tilefni skýrslutökunnar,
7. hvaða réttarstöðu skýrslugjafi hefur við skýrslutökuna,
8. að skýrslugjafa sé bent á heimild hans til að hafa talsmann við skýrslutökuna. Bóka skal hver mætir sem talsmaður með skýrslugjafa við skýrslutökuna.

Sé um samprófun að ræða skal það bókað sérstaklega í upphafi skýrslutöku.

Bóka skal aðalatriði í framburði skýrslugjafa. Fyrir skýrslugjafa skulu lagðar ákveðnar númeraðar spurningar. Þó er heimilt að bóka orðrétt þýðingarmesta hluta framburðar hans eða endursegja sjálfstæða frásögn hans sjálfs ef sú framsetning þykir heppilegri.

Að skýrslugjöf lokinni skal skýrslugjafa gefinn kostur á að kynna sér bókaðan framburð sinn. Áður en skýrslugjafi undirritar skýrslu skal hann spurður hvort rétt sé eftir honum haft og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

Bóka skal hvenær skýrslutöku er lokið.

Tæknileg skráning skýrslutöku.

30. gr.

Heimilt er að bóka skýrslutöku í ritvinnslu á tölvu, sbr. 29. gr. Skal bókunin þá prentuð og undirrituð og skjalfest af þeim er skýrsluna tekur, skýrslugjafa svo og vottum.

Skýrslugjafi á ekki rétt á að fá eintak skýrslu í hendur fyrr en rannsókn máls er lokið, sbr. 32. gr.

V. KAFLI

Lok rannsóknar máls hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.*Rannsóknarskýrsla.*

31. gr.

Við lok rannsóknar máls hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins skal tekin saman skýrsla um rannsóknina og niðurstöður hennar.

Í skýrslu skal koma fram hvaða sönnunargögn liggja til grundvallar, hverjir hafa komið til skýrslugjafar, hver sé ætlaður undandreginn skattur eða skattstofn, hvort og hvenær skila- eða gjaldskyldum skatti hafi verið skilað, ef um það er að ræða, hvenær rannsókn teljist lokið og hvaða rannsóknarmenn hafa unnið að rannsókn málsins.

Andmælaréttur.

32. gr.

Þegar rannsókn máls er lokið hefur skattaðili rétt á að fá afhent eintak af skýrslu skatt-rannsóknarstjóra ríkisins.

Gefa skal skattaðila kost á að tjá sig um efni skýrslunnar og koma að mótmælum, gögn-um og skriflegum skýringum, áður en skattrannsóknarstjóri ríkisins tekur ákvörðun um fram-hald málsins. Veita skal skattaðila hæfilegan frest til andmæla.

Ákvæði þessarar greinar eiga þó ekki við ef mál hefur verið kært til lögreglu áður en rannsókn máls hefur verið lokið af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins eða málið er kært til lögreglu strax eftir að rannsókn skattrannsóknarstjóra lýkur.

Endurupptaka rannsóknar.

33. gr.

Telji skattrannsóknarstjóri ríkisins andmæli skattaðila, sbr. 2. mgr. 32. gr. gefa tilefni til þess, skal rannsókn máls endurupptekin og henni fram haldið og lokið, að teknu tilliti til and-mæla skattaðila.

Berist skattrannsóknarstjóra ríkisins engin andmæli frá skattaðila eða telji hann þau ekki gefa tilefni til breytinga á niðurstöðum skýrslunnar, tekur hann ákvörðun um framhald máls-ins.

Ákvörðun um endurákvörðun.

34. gr.

Taki skattrannsóknarstjóri ríkisins ákvörðun um að senda mál skattaðila til endurákvörð-unar hjá ríkisskattstjóra, skal skattaðila tilkynnt um þá ákvörðun. Honum skal þá jafnframt til-kynnt að rannsókn máls sé lokið hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og hvort tekin verði ákvörðun þá eða síðar um að hefja refsimeðferð. Andmæli skattaðila skulu fylgja með skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins til ríkisskattstjóra.

VI. KAFLI

Um refsimeðferð.*Ákvörðun um upphaf refsimeðferðar.*

35. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur af sjálfsdáðum ákveðið að hefja refsimeðferð annað-hvort með því að vísa máli til opinberrar rannsóknar og venjulegrar sakamálemeðferðar eða með því að vísa því til sektarmeðferðar fyrir yfirsattanefnd og annast hann þá kröfugerð af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur þó ekki vísað máli til sektarmeðferðar fyrir yfirsattanefnd ef sökunautur vill eigi hlíta því að mál hans verði af-greitt af nefndinni. Ákvörðun skattrannsóknarstjóra um upphaf refsimeðferðar er óháð því hvort málsmeðferð fyrir ríkisskattstjóra eða eftir atvikum yfirsattanefnd er lokið eða ekki. Að jafnaði skal endurákvörðun vera lokið áður en mál er sent til refsimeðferðar nema ákvæði 1., 2. og 5. tölul. 1. mgr. 38. gr. eigi við.

Gefa skal skattaðila kost á að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun um refsimeðferð, áður en skattrannsóknarstjóri ríkisins tekur ákvörðun um refsimeðferðina, ef þess er kostur og tryggt er að rannsóknarhagsmunum sé ekki spillt.

Grundvöllur ákvörðunar um refsimeðferð.

36. gr.

Við mat á því hvort mál skuli sæta opinberri rannsókn og sakamárameðferð eða sektarmeðferð yfirsattanefndar skal höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 38. gr.

Sé undandregin fjárhæð skattstofns, skattskyldrar veltu eða innskatts, án álags, lægri en kr. 1.000.000 skal mál eigi sæta refsimeðferð, nema saknæmi brotsins að öðru leyti þyki gefa ástæðu til hennar. Hið sama á við um óveruleg brot á lögum nr. 145/1994, um bókhald og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga.

Sektarmeðferð yfirsattanefndar.

37. gr.

Þegar skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur tekið ákvörðun um að vísa máli til sektarmeðferðar yfirsattanefndar og sökunautur mælir ekki gegn því, skal skattrannsóknarstjóri annast kröfugerð í málinu og kemur að öðru leyti fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún fjallar um sektarmál. Í kröfugerð skattrannsóknarstjóra ríkisins skal skilmerkilega lýst ætlaðri refsiverðri háttsemi, við hvaða lagaákvæði og eftir atvikum stjórnvaldsfyrirmæli hún er talin varða, hver sé huglæg afstaða hins brotlega til háttseminnar, hverjar séu kröfur skattrannsóknarstjóra fyrir nefndinni og önnur þau atriði sem talin eru hafa þýðingu í málinu. Ekki skal hefja refsimeðferð fyrir yfirsattanefnd nema skattaðili eða forsvarsmáður lögaðila hafi tjáð sig um sakarefni við rannsókn málsins.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað málum sem um ræðir í 22. gr. til sektarmeðferðar yfirsattanefndar þó að ekki hafi farið fram sjálfstæð rannsókn af hálfu skattrannsóknarstjóra. Ekki skal þó senda mál skv. 22. gr. í sektarmeðferð nema skattaðila hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um sakarefni fyrir skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans.

Kröfugerð skattrannsóknarstjóra ríkisins skal unnin af skattrannsóknarstjóra eða löglærðum fulltrúa hans.

Ákvörðun um opinbera rannsókn.

38. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til opinberrar rannsóknar í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef líkur eru á að atlað undanskot nemi verulegum fjárhæðum og varði við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.
2. Ef rökstuddur grunur er um að verknaður hafi verið framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög saknæmi brotsins.
3. Samkvæmt ósk skattaðila ef skattaðili vill ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirsattanefnd, sbr. 35. gr. og 37. gr.
4. Ef upplýsingaskyldu er ekki gegnt, hvort sem um er að ræða skattaðila sjálfan eða annan aðila sem ekki gegnir upplýsingaskyldu, sbr. 94. gr. laga nr. 75/1981, 38. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og 25. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.
5. Ef skattaðili hefur áður orðið uppvís að skattsvikum með dómi eða sætt sektum yfirsattanefndar, enda hafi það brot verið framið innan síðustu fimm ára.
6. Ef rökstuddur grunur er um að háttsemi geti talist meiri háttar brot gegn lögum nr. 145/1994, um bókhald og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við mat skattrannsóknarstjóra ríkisins á því hvort máli skuli vísað til opinberrar rannsóknar og sakamárameðferðar getur hann, auk þess sem í 1. mgr. er talið, tekið mið af því

hvort um hefur verið að ræða skipulega eða langvarandi brotastarfsemi, harðan brotavilja, eða brot af öðrum ástæðum er svo alvarlegt að eðlilegt sé að mati skattrannsóknarstjóra ríkisins að vísa málinu til opinberrar rannsóknar hjá lögreglu.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til opinberrar rannsóknar á hvaða stigi rannsóknar sem er. Ef háttsemi er talin varða við 262. gr. almennra hegningarlaga skal vísa máli til opinberrar rannsóknar svo fljótt sem kostur er.

Meðferð skattkröfu.

39. gr.

Ef máli er vísað til opinberrar rannsóknar skv. 38. gr., tekur skattrannsóknarstjóri ríkisins ákvörðun um hvort senda skuli málið til endurákvörðunar ríkisskattstjóra eða hvort skattkrafa verði höfð uppi í opinberu máli.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur tekið ákvörðun skv. 1. mgr. hvenær sem er eftir að máli hefur verið vísað til opinberrar rannsóknar og fram til þess tíma sem ákæra er gefin út, enda fari það ekki í bága við ákvæði laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði, gildistaka.

Skráning í gerðabækur.

40. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal skrá öll mál í gerðabók sem tekin eru til rannsóknar hjá embættinu. Hann skal einnig skrá í gerðabók öll mál sem til hans er vísað frá skattstjórum og ríkisskattstjóra og um allar skýrslugjafir hjá embættinu, og ákvarðanir ásamt rökstuðningi fyrir því hvort máli skuli vísað til opinberrar rannsóknar eða sent til sektarmeðferðar fyrir yfirsattanefnd. Heimilt er að hafa gerðabækur í tölvutæku formi.

Lok málsmeðferðar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

41. gr.

Tilkynna skal skattaðila lok málsmeðferðar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og standa honum skil á gögnum í samræmi við ákvæði 1. mgr. 19. gr.

Gildistaka.

42. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur frá sama tíma úr gildi reglugerð nr. 361/1995 um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 486/1996.

Fjármálaráðuneytinu, 2. maí 2001.

Geir H. Haarde.

Baldur Guðlaugsson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Einn fulltrúi er skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Félagsmálaráðuneytið leggur eftirlitsnefndinni til sérstakan starfsmann sem undirbýr fundi hennar og útvegar og vinnur ýmsar nauðsynlegar upplýsingar fyrir störf nefndarinnar.

2. gr.

Hlutverk eftirlitsnefndarinnar er að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga og gera nauðsynlegar athuganir á þróun þeirra, sbr. önnur ákvæði reglugerðar þessarar. Leiði athugun í ljós að fjármál sveitarfélags stefni í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og grípa til nauðsynlegra ráðstafana í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Samhliða skal nefndin upplýsa ráðuneytið um álit sitt.

Nefndinni er heimilt að gera samning við sveitarfélag um aðgerðir, eftirlit og eftirfylgni er leitt gæti til lausnar á fjárhagsvanda þess sem staðfestur skal af ráðherra.

Ráðherra er rétt að beina einstökum málum er varða fjármál sveitarfélaga til eftirlitsnefndar og þarfnast nauðsynlega athugunar og aðgerða í samræmi við reglugerð þessa.

3. gr.

Umsýsla eftirlitsnefndarinnar er á ábyrgð félagsmálaráðuneytisins. Þóknun nefndarmanna og annar kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Skilgreiningar.

Málaflokkar: Verkefni sveitarfélaga og útgjaldaþættir eftir málaflokkum. Í reglugerð þessari eru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ekki talin með málaflokkum.

Rekstur málaflokka: Rekstrargjöld málaflokka. Gjaldfærð og eignfærð fjárfesting eru ekki hluti af rekstrargjöldum.

Framlegð: Skatttekjur sveitarfélags að frádregnum rekstri málaflokka.

Lykiltala: Hlutfallslegt gildi til að fá samanburðarhæfar upplýsingar milli sveitarfélaga, óháðar stærð eða umfangi þeirra.

Skuldaþak: Útreiknað skuldaþak sýnir hversu miklar skuldir sveitarfélagið þolir til lengri tíma miðað við greiðslugetu þess á grundvelli framlegðar og forsendna um meðalvexti lána og endurgreiðslutíma. Skuldaþak sveitarfélags er reiknað sem núvirði þeirrar framlegðar sem ráðstafa má til hreinna afborgana og vaxta á þeim tíma sem eðlilegt getur talist að sveitarfélag greiði upp núverandi skuldir sínar.

II. KAFLI

Mat á fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

5. gr.

Sveitarstjórn skal gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags fari ekki fram úr heildartekjum þess.

6. gr.

Við árlega athugun eftirlitsnefndar skal nefndin kanna reikningsskil, fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun sveitarfélags, reikna út lykiltölur, sbr. 3. mgr., og bera þær saman við viðmið, sbr. 8. gr.

Gögn, sbr. 1. mgr., skulu ná til sveitarsjóðs og annarra sjóða og stofnana er falla undir a-lið 60. gr. sveitarstjórnarlaga.

Eftirfarandi lykiltölur skal reikna út og bera saman við viðmið:

1. *Rekstur málaflokka í hlutfalli við skatttekjur.*
Lykiltalan sýnir hversu miklum hluta af skatttekjum er ráðstafað til reksturs málaflokka. Með rekstrargjöldum er átt við rekstur allra málaflokka án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.
2. *Fjárfestingarútgjöld í hlutfalli við framlegð.*
Lykiltalan sýnir hversu miklu af rekstrarafgangi sveitarfélagsins er ráðstafað til framkvæmda og fjárfestinga.
Með framlegð er átt við mismun skatttekna og reksturs málaflokka, sbr. 1. tölulið.
3. *Peningaleg staða í hlutfalli við skatttekjur.*
REIKNINGUR**Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 2000.****Rekstrarreikningur fyrir árið 2000.****Tekjur**

Vextir af bankainnstæðum		kr.	
			<u>5.615,39</u>
			5.615,39

Gjöld

Fjármagnsskattur			560,00
Tekjur umfram gjöld			<u>5.055,39</u>
			5.615,39

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2000.**Eignir**

Bankainnstæður		<u>72.034,25</u>
		72.034,25

Skuldir*Höfuðstólsreikningur:*

Hrein eign pr. 1. janúar 2000	kr.	66.978,86	
Hreinar tekjur árið 2000	kr.	5.055,39	<u>72.034,25</u>
			72.034,25

Samgönguráðuneytinu, 11. maí 2001.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.410 frá 1. júní 2001 þar til annað verður ákveðið.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur, sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir, greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum sölumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. maí 2001.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

16. maí 2001

Nr. 392

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um hafnamál nr. 232/1996.

1. gr.

1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Uppfyllingar og athafnasvæði sem teljast nauðsynlegur hluti viðlegumannvirkja geta notið framlags úr ríkissjóði. Breidd slíkra uppfyllinga takmarkast af því svæði sem þarf til að koma fyrir burðarvirkjum viðlegumannvirkisins eða því svæði sem þarf til umferðar um bryggjuna og lestunar og losunar skipa. Þar sem dýpi við bryggju er minna en 8 metrar skal miða við að mörk bryggju eða viðlegumannvirkis annars vegar og upplands hafnar hins vegar sé í allt að 20 metra fjarlægð frá bryggjukanti. Þar sem dýpi við bryggju er 8 metrar eða meira skal miða við að mörkin séu allt að 30 metrum frá bryggjukanti. Viðlegumannvirki ásamt tilheyrandi uppfyllingum geta notið framlags úr ríkissjóði en ekki uppland eða athafnasvæði á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um vitamál nr. 132/1999, hafnamálum nr. 23/1994 og lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. maí 2001.

Sturla Böðvarsson.

Kristín Helga Markúsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á skilmálum deiliskipulags við Skeiðarás 2 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skilmálum deiliskipulags iðnaðar- og þjónustulóða við Skeiðarás frá 1984. Breytingin felst í því að heimilt verður að reisa mastur á lóðinni við Skeiðarás 2. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 18. maí 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

Nr. 394

18. maí 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hamragarða, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps þann 21. mars 2001 samþykkt deiliskipulag frístundasvæðis í landi Hamragarða, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Deiliskipulagið tekur til um 26,5 ha svæðis og er þar gert ráð fyrir 11 frístundahúsalóðum og svæðum til skógræktar.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vík, 18. maí 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Sveinn Pálsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 395

11. maí 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 783/1998 um viðbótarlán.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Tekjumörk miðast við meðaltekjur síðustu þriggja ára fyrir umsókn um viðbótarlán samkvæmt skattskrá og ljósriti af skattframtali fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra. Við mat á því hvort umsækjandi um viðbótarlán er undir tekjumörkum skal líta til meðaltekna umsækjanda síðustu þriggja ára áður en umsókn um viðbótarlán er afgreidd. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks og barna, 20 ára og eldri, sem búa á heimilinu.

Tekjumörk vegna viðbótarlána miðast við að árlegar meðaltekjur nemi eigi hærri fjárhæð en 2.037.000 kr. fyrir hvern einstakling og 340.000 kr. fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu. Viðmiðunartekjur hjóna og sambúðarfólks skulu vera 40% hærri en hjá einstaklingi, þ.e. 2.852.000 kr.

Fjárhæðir skv. 2. mgr. taka breytingum samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs janúarmánaðar ár hvert miðað við grunnvísitölu og skulu vera í heilum þúsundum króna. Félagsmálaráðherra lætur árlega reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

Húsaleigubætur teljast ekki til tekna skv. 1. mgr.

Með sambúðarfólki er átt við skráða sambúð karls og konu, er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Eignamörk miðast við heildareign, að frádregnum heildarskuldum samkvæmt síðustu skattskrá eða ljósriti af skattframtali fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra. Eignamörk eru 2.200.000 kr.

Fjárhæð skv. 1. mgr. tekur breytingum samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs janúarmánaðar ár hvert miðað við grunnvísitölu og skulu vera í heilum þúsundum króna. Félagsmálaráðherra lætur árlega reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. og 50. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast gildi 1. júní 2001.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. maí 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu á erindum án staðfestingar byggingarnefnda.

1. gr.

Byggingarfulltrúi uppsveita Árnessýslu afgreiðir án staðfestingar byggingarnefnda, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum, svo sem minniháttar breytingar og endurbætur, t.d. sólpallar og pottar, en ekki nýbyggingar, úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillögur um nöfn gatna og bæja. Telji byggingarfulltrúi vafa leika á því skal hann tafarlaust hlutast til um að umsókn sé lögð fyrir byggingarnefnd til úrlausnar.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa samkvæmt þessari grein skulu hljóta staðfestingar hlutadeigandi sveitarstjórna í uppsveitum Árnessýslu með sama hætti og samþykktir byggingarnefnda.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt, að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að byggingastjóri og iðnmeistarar hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr., 51. gr., og 52. gr. byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Tilskilin gjöld vegna byggingaframkvæmdanna hafi verið greidd.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í byggingarnefnd og bókuð í gerðabók nefndarinnar en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu. Í gerðabókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt, og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða hann synji afgreiðslu erindis, er hlutaðeigandi heimilt að skjóta máli sínu til byggingarnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

6. gr.

Ofangreind samþykkt sveitastjórna uppsveita Árnessýslu staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 14. maí 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurður Á. Þráinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Dimmuhvarf 14 í Vatnsendalandi. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 18. apríl 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Dimmuhvarf 14 í Vatnsendalandi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 11. maí 2001.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 252/2001.

2. gr.

Varmaorkan er seld um magnmæla (rúmmetramæla) eða rennslishemla. Greitt skal fyrir innstillt varmaafli samkvæmt hemli, eða mælt varmamagn samkvæmt rúmmetramæli. Þar að auki skal greitt mælagjald.

3. gr.

A. Hemlagjald (varmagjald).

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skulu greiða hemlagjald. Lámarksstilling er 2,0 l/mínútu. Hemlagjald fyrir hvern mínútulíttra á mánuði er kr. 1.020.

B. Eldri samningar.

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn er gjald fyrir hvern mínútulíttra kr. 595,65 á mánuði.

C. Varmagjald skv. mæli.

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skulu greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 27,80.

Mælagjald á mánuði.	kr.
C1 Mælastærð DN 15	532
C2 Mælastærð DN 20	760
C3 Mælastærð DN 25	940
C4 Mælastærð DN 32	1.120
C5 Mælastærð DN 40	1.301
C6 Mælastærð DN 50	1.781

D. Stofngjöld.

Innifalið í stofngjaldi er ein heimæð á lóð allt að 25 m, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveitueðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.

D1 Fyrir húsrými allt að 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ²	kr.
Mælagrindargjald	48.000
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss	120
D2 Fyrir húsrými stærra en 300 m ³ og gróðurhús stærri en 200 m ²	
Mælagrindargjald	58.000
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss umfram 300 m ³ /200 m ²	93
D3 Auka mælagrind	
Mælagrindargjald	38.500
E. Önnur gjöld.	
Lokunargjald	2.500
Aukaálestur	2.500

4. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, er hér með staðfest, samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 255, 19. mars 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. maí 2001.

F. h. r.
Porgeir Örlygsson.

Helgi Bjarnason.

REGLUGERÐ

um karfaveiðar fiskiskipa frá Evrópusambandinu í fiskveiðilandhelgi Íslands 2001.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til karfaveiða fiskiskipa frá Evrópusambandinu í efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 2001.

2. gr.

Aðeins þeim fiskiskipum sem fengið hafa sérstakt leyfi Fiskistofu er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Evrópusambandið skal sækja um leyfi fyrir hvert skip á sérstöku eyðublaði eins og gert er ráð fyrir í viðbæti 1 við niðurstöðu fiskimálaviðræðna milli Íslands og Evrópusambandsins frá 25. október 1999.

Verksmiðjuskipum verður ekki veitt leyfi til veiða. Skip sem aðeins slægja og frysta fiskinn um borð teljast ekki verksmiðjuskip.

3. gr.

Á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 2001 er skipum Evrópusambandsins sem veiðileyfi fá skv. 2. gr. heimilt að veiða allt að 3000 lestum af karfa. Meðafli sem fæst við karfaveiðarnar reiknast til þess kvóta. Ef einhver þorskur veiðist eða ef meðafli, annar en langhali, verður meiri en 10% aflans í einhverju hali, getur eftirlitsmaður Fiskistofu krafist þess að veitt verði annars staðar á hinu afmarkaða svæði, sbr. 4. gr. Íslensk stjórnvöld skulu upplýsa Evrópusambandið þegar meginhluti leyfðs heildarafla hefur verið veiddur. Þegar leyfilegur heildaraflí hefur verið veiddur stöðva íslensk stjórnvöld veiðarnar.

4. gr.

Skipum frá Evrópusambandinu sem leyfi fá til veiða samkvæmt 2. gr. er aðeins heimilt að veiða á tveim svæðum í fiskveiðilandhelgi Íslands og markast þau af línunum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

I. Suðvestursvæði

1. 63°12'N - 23°05'V, þaðan suðvestur um 62°00'N-26°00'V að mörkum efnahagslögsögunnar.
2. 62°58'N - 22°25'V
3. 63°06'N - 21°30'V
4. 63°03'N - 21°00'V, þaðan í 180°.

II. Suðaustursvæði

1. 63°14'N - 10°40'V
2. 63°14'N - 11°23'V
3. 63°35'N - 12°21'V
4. 64°00'N - 12°30'V
5. 63°53'N - 13°30'V
6. 63°36'N - 14°30'V
7. 63°10'N - 17°00'V, þaðan í 180°.

5. gr.

Aldrei skulu fleiri en 5 fiskiskip vera við veiðar í efnahagslögsögu Íslands samtímis. Til að tryggja framkvæmd þessarar reglu veitir Landhelgisgæsla Íslands upplýsingar um það hve mörg skip stundi veiðar hverju sinni.

6. gr.

Óheimilt er fiskiskipum að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands nema eftirlitsmaður frá Fiskistofu sé um borð í skipinu.

Hyggist útgerð senda skip til veiða í efnahagslögsögu Íslands skal hún tilkynna Fiskistofu þá fyrirætlan og hvenær veiðar muni hefjast. Fiskistofa skal, svo fljótt sem mögulegt er, tilkynna hvar eftirlitsmaður muni koma um borð í skipið.

Útgerð skipsins getur óskað eftir því að eftirlitsmaðurinn komi um borð eða fari frá borði þar sem skipið leggur úr höfn eða í einhverri af þeim höfnum sem skráðar eru í viðbæti 2 við niðurstöður fiskimálaviðræðna Íslands og Evrópusambandsins frá 25. október 1999. Skal ósk um eftirlitsmann komið til Fiskistofu með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

7. gr.

Eftirlitsmaður Fiskistofu skal fylgjast með veiðum og tryggja að farið sé að öllum reglum sem í gildi eru hverju sinni um veiðar í efnahagslögsögu Íslands. Hann skal og veita íslenskum yfirvöldum upplýsingar um veiðarnar.

Eftirlitsmaður Fiskistofu skal ekki búa við lakari skilyrði um borð en yfirmenn skipsins. Hann skal hafa alla þá aðstöðu sem hann þarf til að sinna skyldum sínum, þ.m.t. óhindraðan aðgang að fjarskiptatækjum til embættiserinda og öllum athafnasvæðum og skjölum um borð í skipinu.

Útgerð skipsins skal greiða eftirfarandi kostnað vegna eftirlitsmanns Fiskistofu um borð í fiskiskipi: Ferðakostnað til og frá þeirri höfn þar sem eftirlitsmaður kemur um borð eða fer frá borði, upphald og launakostnað, sem nemur 170 ECU hvern dag sem eftirlitsmaður er um borð auk tveggja daga til ferðalaga. Krefjast má bankaábyrgðar eða fyrirframgreiðslu.

8. gr.

Áður en skip kemur inn í efnahagslögsögu Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

9. gr.

Skip sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi skal koma fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Afli síðasta sólarhrings eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

10. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í efnahagslögsögu Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

11. gr.

Áður en skip heldur út úr efnahagslögsögu Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkyning“ (control report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

12. gr.

Opinber samskipti við Landhelgisgæslu Íslands skulu fara fram á ensku. Sama gildir um samskipti eftirlitsmanns Fiskistofu við skipstjóra eða fulltrúa hans nema um annað hafi verið samið.

Tilkynningar til Landhelgisgæslunnar skulu vera í því formi, sem ákveðið er vegna tilkynninga um veiðar á samningasvæði (NEAFC) Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar nema Landhelgisgæslan óski annars.

13. gr.

Sé skip með afla um borð við komu inn í efnahagslögsögu Íslands skal honum landað á Íslandi og hann vigtaður í samræmi við íslenskar reglur áður en veiðar hefjast í íslenskri lögsögu.

Þegar skip yfirgefur efnahagslögsögu Íslands eftir að hafa stundað þar veiðar og áður en það hefur veiðar á öðrum miðum skal það annað hvort landa aflanum á Íslandi og vigta hann í samræmi við íslenskar reglur eða á fiskmörkuðum sem hafa verið viðurkenndir af íslenskum yfirvöldum, sbr. viðbæti 3 við niðurstöður fiskimálaviðræðna Íslands og Evrópusambandsins frá 25. október 1999.

14. gr.

Fiskiskip skulu hlíta öllum þeim ákvörðunum sem lúta að verndun fiskistofnanna, þar með töldum lokunum veiðisvæða. Hafrannsóknastofnunin mun tilkynna fiskiskipum sem eru að veiðum í efnahagslögsögu Íslands fyrirfram um lokanir veiðisvæða.

Lágmarksmöskvastærð í vörpu skal vera 135 mm. Um mælingar á möskvum, klæðningar á vörpu og styrktarnet gilda sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip.

Í afladagbók sem skal vera innbundin með númeruðum síðum og í tvíriti skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Afl skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar vörpunni er kastað og afla í hverju kasti í lestum. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í efnahagslögsögu, stærð vörpu og möskvastærð. Skipstjóri skal undirrita hverja síðu afladagbókarinnar. Starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu skal sýnd afladagbók, sé þess óskað.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfum til veiða innan efnahagslögsögunnar brjótí útgerð skips, áhöfn eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. apríl 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ársæls Jónassonar kafara.

1. gr.

Samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá Ársæls Jónassonar, kafara og björgunarsérfræðings kt. 021001-2449, Hringbraut 63, Reykjavík, sem andaðist 3. mars 1990, runnu allar eftirlátnar eigur hans í minningarsjóð er ber nafn hans.

Þær eignir sem runnu til sjóðsins voru eftirtaldar:

Fasteignir:

Hringbraut 63, efri hæð, kjallari og bílskúr.

Hluti lóðarinnar Vesturgötu 24, Reykjavík.

Hluti jarðarinnar Mið-Meðalholts í Flóa.

Hluti jarðarinnar Þingdals í Flóa.

Hluti jarðarinnar Tortu í Biskupstungum.

Samtals að fasteignamati 1. desember 1993 kr. 8.994.000

Inneign í verðbréfasjóði þann 28. desember 1994 kr. 28.500.000

Hlutabréf þann 28. desember 1994 kr. 705.000

Að auki ýmsir lausamunir í búinu, svo sem innbú, sérlegin mynt o.fl.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn:

Formaður tilnefndur af Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Ferðafélag Íslands og Björgunarsveitin Ársæll tilnefna 2 menn hvor. Skal vilja gefanda um skipan í stjórn samkvæmt erfðaskrá, gætt eins lengi og kostur er.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja menningar- og mannúðarstarfsemi, sem stofnanda var hugleikin, á þann hátt sem mælt er fyrir í næstu grein.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að úthluta árlega um helmingi tekna sjóðsins og skal Björgunarsveitin Ársæll njóta úthlutunar annað árið en Ferðafélag Íslands njóta úthlutunar hitt árið. Skal úthlutun nýtt í anda vilja gefanda.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimil ráðstöfun eigna að fengnu samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

6. gr.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar á sem bestan og tryggastan hátt.

7. gr.

Stjórn sjóðsins kemur saman svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en árlega. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert og skulu þá liggja fyrir reikningar liðins árs, áritaðir af skoðunarmanni.

8. gr.

Breytingu á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera að stjórn sjóðsins samþykki þær einróma. Breytingar á skipulagsskrá öðlast gildi að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi fyrir Minningarsjóð Ársæls Jónassonar kafara, kemur í stað samnefndrar skipulagsskrár frá 29. desember 1994, nr. 702 í B-deild Stjórnartíðinda 1994.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. maí 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUR

um númeraflutning.

1. gr.

Orðskýringar.

Númeraflutningur: Möguleiki áskrifenda að flytja með sér númer sín þegar þeir breyta um þjónustuveitanda, heimilisfang eða þjónustu.

Númer: Númer sem áskrifendur fjarskiptaþjónustu fá úthlutað hjá fjarskiptafyrirtæki vegna tengingar við fjarskiptanet þeirra og hægt er að hringja í eða nota til að sækja þjónustu hjá fjarskiptafyrirtækjum.

Innvalsúmeraröð: Samfelld röð númera sem úthlutað hefur verið áskrifanda til notkunar og gerir mögulegt að beina símtölum til einstakra notenda í einkasímtöð eða einkanet hans í samræmi við síðustu tölustafi númeranna.

Um aðrar orðskýringar vísast til laga um fjarskipti.

2. gr.

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fasta- og/eða farsímanet, þ.m.t. samnet, og heimilað hefur verið að úthluta áskrifendum sínum númerum skulu gefa þeim kost á númeraflutningi skv. 3.-6. gr.

3. gr.

Áskrifendur fastasíma sem gera þjónustusamning við annað fjarskiptafyrirtæki en þeir hafa áður þegið þjónustu hjá skulu eiga rétt á að flytja með sér númer sem þeir hafa hjá því fjarskiptafyrirtæki sem þeir voru áður tengdir.

4. gr.

Áskrifendur fastasíma sem flytja milli símastöðvasvæða fjarskiptafyrirtækja hvar sem er á landinu skulu eiga rétt á að halda númerum sínum óbreyttum.

5. gr.

Áskrifendur farsíma sem gera þjónustusamning við annað farsímafyrirtæki en þeir hafa áður þegið þjónustu hjá skulu eiga rétt á að flytja með sér númer sem þeir hafa hjá því farsímafyrirtæki sem þeir voru áður tengdir. Þeir sem hafa skráð sig hjá farsímafyrirtæki og nota fyrirframgreidd kort skulu einnig geta flutt númer sín milli farsímafyrirtækja. Ekki er skylt að flytja inneign á korti.

6. gr.

Áskrifendur í fasta- og farsímanetum skulu eiga rétt á að flytja númer sín milli mismunandi þjónustu hjá sama fjarskiptafyrirtæki ef forsendur fyrir verðlagningu þjónustu eru í grundvallaratriðum hinar sömu eins og t.d. í talsímaþjónustu og samnetsþjónustu. Annar flutningur númera milli mismunandi þjónustu er óheimill þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að hafna því að flytja einstök númer úr innvalsnúmeraröðum.

7. gr.

Fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja talsímaþjónustu í fasta- og farsímanetum er heimilt að beita tæknilegum lausnum við númeraflutning að eigin vali enda séu ákvæði 3.-6. gr. uppfyllt.

8. gr.

Fjarskiptafyrirtækjum er óheimilt að krefjast mismunandi gjalds fyrir símtöl í ákveðið talsímanet eftir því hvort þeim er beint í númer sem hefur verið flutt eða ekki.

9. gr.

Áskrifandi sem óskar eftir númeraflutningi milli fjarskiptafyrirtækja samkvæmt 3. og 5. grein skal gera þjónustusamning við fjarskiptafyrirtækið sem hann vill skipta við. Áskrifandinn getur óskað eftir samningi skriflega, á rafrænu formi eða munnlega. Í síðastnefnda tilfallinu skal fyrirtækið senda áskrifandanum staðfestingu á samningnum skriflega eða á rafrænu formi.

Hafi fjarskiptafyrirtæki gert þjónustusamning samkvæmt 1. mgr. skal því vera heimilt að senda fjarskiptafyrirtækinu sem áskrifandinn naut áður þjónustu hjá pöntun á númeraflutningi fyrir hönd hans. Um samskipti fjarskiptafyrirtækja um framkvæmd númeraflutnings milli þeirra skal fara eftir leiðbeiningum Póst- og fjarskiptastofnunar um verkferil fyrir númeraflutning.

Fjarskiptafyrirtækin sem hlut eiga að máli skulu gera allar ráðstafanir til að áskrifandinn verði ekki fyrir truflunum í símanotkun sinni og að hringingar til hans falli ekki niður lengur en óumflýjanlegt er.

10. gr.

Fjarskiptafyrirtæki sem úthlutað hefur áskrifanda númeri úr númeraröð sem fyrirtækið fékk til ráðstöfunar skal vera ábyrgt fyrir greiðslu númeragjalds til Póst- og fjarskiptastofnunar þrátt fyrir að númerið hafi verið flutt. Fyrirtækinu skal vera heimilt að krefja fyrirtækið sem tekur við áskrifandanum og númerum hans um greiðslu vegna gjaldsins.

Segi áskrifandi sem hefur flutt með sér númer til annars fjarskiptafyrirtækis upp áskrift sinni rennur ráðstöfunarréttur yfir númerinu aftur til þess fjarskiptafyrirtækis sem úthlutaði númerinu upphaflega.

Áskrifandi sem flytur sig milli fjarskiptafyrirtækja og vill halda númerum sínum í innvalsröð skal eiga þess kost að flytja samtímis númer sem eru laus í sömu númeraröð í beinu framhaldi af númerum sem hafa verið í notkun. Fjarskiptafyrirtæki skulu eftir því sem unnt

er einnig flytja seinna númer sem áskrifandi sem áður hefur flutt sig óskar eftir að bæta við úr sömu númeraröð enda hafi þeim ekki verið úthlutað öðrum áskrifendum.

11. gr.

Fjarskiptafyrirtæki sem tekið hefur við áskrifanda sem flytur með sér númer skal senda Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar um hin fluttu númer áður en þau eru tekin í notkun fyrir áskrifandann. Upplýsingarnar má senda í faxi eða á rafrænu formi eftir samkomulagi. Póst- og fjarskiptastofnun skal birta upplýsingarnar á aðgengilegan hátt. Fjarskiptafyrirtæki skulu gera allar ráðstafanir til að nálgast upplýsingarnar svo að tryggja megi að símtöl nái fram til áskrifenda.

12. gr.

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fasta- og/eða farsímanet þar sem símtal til áskrifanda sem hefur flutt númer sitt hefst og fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja net sem símtalið fer um skulu bera ábyrgð á því að valin sé rétt og hagkvæm leið fyrir símtalið. Þegar um er að ræða símtöl frá útlöndum er rétt leiðarval innanlands á ábyrgð þess fjarskiptafyrirtækis sem tekur við símtalinu þegar það kemur inn í landið. Ef áskrifandi hefur með forvali eða föstu forvali beint símtali sínu til þjónustuveitanda skal hinn síðarnefndi tryggja rétt og hagkvæmt leiðarval.

Fjarskiptafyrirtæki sem rekur netið þar sem símtal á upphaf sitt eða þjónustuveitandi sem tekið hefur við símtali með forvali eða föstu forvali, sbr. 1. mgr., getur falið öðru fjarskiptafyrirtæki að annast leiðarval fyrir sig.

Form upplýsinga sem sendar eru milli fjarskiptafyrirtækja til þess að beina símtali rétta leið til símanúmers sem hefur verið flutt skal ákveðast með hliðsjón af tækniskýrslum ETSI, fjarskiptastaðlastofnun Evrópu, um númeraflutning og/eða tilmælum alþjóðafjarskiptasambandsins.

13. gr.

Fjarskiptafyrirtæki sem hafa heimild til að starfrækja almenn fasta- og/eða farsímanet skulu sjálf bera kostnað af kerfisaðgerðum til þess að gera númeraflutning mögulegan.

Heimilt er fjarskiptafyrirtæki að gjaldfæra áskrifanda sem vill flytja númer með sér til annars fjarskiptafyrirtækis um eingreiðslu fyrir kostnaði við umskráningu. Sama gildir um númer sem eru flutt en höfðu ekki verið tekin í notkun, sbr. 3. mgr. 10. gr. Ekki má reikna kostnað sem hefði hvort sem er hlotist vegna uppsagnar á númeri. Fyrirtækið sem tekur áskrifandann í þjónustu getur þó boðist til að greiða gjaldið og skal þess getið þegar pöntun á númeraflutningi er send fjarskiptafyrirtækinu sem áskrifandinn hefur verið hjá. Ef fyrirtækið sem tekur við áskrifandanum vill ekki greiða fyrir hann kostnaðinn við umskráningu skal upplýsa áskrifandann um það um leið og pöntun hans er staðfest. Gjald fyrir umskráningu vegna númeraflutnings skal nema þeirri fjárhæð sem það kostar fjarskiptafyrirtæki að flytja númerið en verði ágreiningur um gjaldið skal Póst- og fjarskiptastofnun skera úr ágreiningi.

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækir almennt fasta- og/eða farsímanet þar sem símtal á upphaf sitt eða þjónustuveitandi sem hefur tekið við símtali í forvali eða föstu forvali skal bera umframkostnað í netinu sem númer var tengt fyrir númeraflutning við það að símtal í númerið fer lengri leið í netinu en það hefði gert án flutnings númersins. Póst- og fjarskiptastofnun sker úr ágreiningi um kostnaðinn.

14. gr.

Hvert fjarskiptafyrirtæki skal bera kostnað sem hlýst af breytingum á leiðarvali sem gera þarf í neti þess.

15. gr.

Númeraflutningur skv. 3. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 15. september 2000. Númeraflutningur skv. 4. og 6. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 15. febrúar 2001. Póst- og fjarskiptastofnun skal ákveða eigi síðar en 15. október 2001 hvenær númeraflutningur skv. 5. gr. skal koma til framkvæmda.

16. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun skal skera úr ágreiningi um númeraflutning.

17. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 33. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 og taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Við gildistöku reglnanna falla úr gildi reglur um númeraflutning nr. 644/2000.

Póst- og fjarskiptastofnun, 18. maí 2001.

Gústav Arnar.

Bjarni Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um fráveitur í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitur í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar.

2. gr.

Dalvíkurbyggð starfrækir fráveitu, bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveituna og ákveður árlega fé á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild sveitarfélagsins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslivatn hitaveitu og ræsvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Bæjarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Enn fremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana tvöfaldri fráveitu sveitarfélagsins. Að öðru leyti er bent á 9. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði sem dælir fráveituvatninu að brunni, þannig staðsettum, að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Allan kostnað við uppsetningu, frágang og rekstur á safnbrunni ber húseigandi.

7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur að viðtaka. Dalvíkurbyggð kostar niðursetningu og annan frágang rotþróar og lagna frá rotþrónni að viðtaka. Húseigandi leggur til rotþró og kostar lögn frá húseign að henni. Húseigandi annast allt viðhald fráveitu frá húseign að rotþró. Þetta ákvæði á við allar þær húseignir sem nauðsynlegt er að tengist rotþró.

8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, skal sækja um það til byggingaeftirlits sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar er sýni gerð þeirra og staðsetningu, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Ekki er leyfilegt að veita affallsvatni hitaveitu í gegnum rotþró.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingaeftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skulu þær teknar út ásamt fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Dalvíkurbyggð er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horf eins og við verður komið.

12. gr.

Ekki er heimilt að veita fráveituvatni frá húseignum í fráveitu sveitarfélagsins ef það inniheldur mikið af: fitu frá stórum eldhúsum og matvælaíðnaði, súrum vökvum, lífrænum leysiefnum og öðrum hættulegum efnaúrgangi frá iðnaðar- og framleiðslustarfsemi, bensíni og olíum frá bensínstöðvum, bifreiðaverkstæðum og smurstöðvum, sandi frá þvottaplönnum, fiskúrgangi frá fiskvinnslustöðum eða öðru sem valdið getur skemmdum og rekstrartruflunum á fráveitu sveitarfélagsins og skaðlegri mengun á viðtaka.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn innihaldi ofangreind efni ber eiganda húseignar að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg áður en fráveituvatninu er veitt í fráveitu sveitarfélagsins. Dalvíkurbyggð getur áskilið sér rétt til að krefjast þess að viðurkenndum búnaði sé komið fyrir til að hindra að ofangreind efni komist í fráveitukerfi sveitarfélagsins.

13. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á fráræsum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Rotþrær ber að hreinsa að minnsta kosti annað hvert ár. Skiljur á fráræsislögnum ber að hreinsa reglulega þannig að tryggt sé að hreinsibúnaðurinn gegni hlutverki sínu. Dalvíkurbyggð sér um hreinsun rotþróa og kostar hana.

14. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráræslagnir frá húseigendum, vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu, skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

15. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem holræsalagnir fráveitu sveitarfélagsins liggja eða eru tengdar rotþró skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu þess.

Þeir eigendur fasteigna sem ekki eiga þess kost að tengja fráræsi húseigna sinna við fráveitu sveitarfélagsins, geta sett niður rotþró á sinn kostnað og kostað lögboðna tæmingu á henni, en eru undanþegnir fráveitugjaldi.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja og lóða. Upphæð fráveitugjalds skal vera 0,18% af fasteignamati húss og lóðar samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Bæjarstjórn hefur heimild til að lækka eða fella niður fráveitugjald til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega, sbr. lög nr. 137/1995.

17. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

18. gr.

Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinbera mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um fráveitu á Dalvík nr. 99/1995 og gjaldskrá um fráveitugjald á Dalvík nr. 101/1995.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. maí 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

16. maí 2001

Nr. 403

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Sandgerðisbæjar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar er skipuð 7 bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Sandgerðisbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.

2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórná fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.30. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra bæjarfélagsins og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundu og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórná á vegum bæjarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórná á vegum bæjarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóra og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarstjórnarmönnum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu á skrifstofu Sandgerðisbæjar á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri bæjarfélagsins skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri tveggja varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

16. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt get-

ur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmatúr ef meira en helmingur bæjarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmatúr.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarstjórnarmanni er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmatúr forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarstjórnarmanna sé vanhæfur. Bæjarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.


fyrir sjóð skv. 2. gr. laga nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

1. gr.

Sjóðurinn starfar samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1996, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2001 og eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

Iðnaðarráðherra skipar stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Stjórn sjóðsins skal skipuð einum fulltrúa Skútustaðahrepps, einum fulltrúa Húsavíkurbæjar, einum fulltrúa samgönguráðherra, einum fulltrúa umhverfisráðherra og einum fulltrúa iðnaðarráðherra sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar.

2. gr.

Stjórnin tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meirihluta atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns stjórnar sjóðsins.

Stjórnin fer með vörslu fjármuna sjóðsins og skulu þeir ávaxtaðir á sem hagkvæmastan hátt hjá innlánsstofnunum eða í verðbréfum útgefnum af ríkinu eða lánastofnunum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveit-
arfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar.

Sjóðurinn skal einbeita sér að nýsköpun í atvinnulífi, einkum á sviði þekkingariðnaðar
eða annarrar framsækinnar atvinnustarfsemi sem er til þess fallin að auka fjölbreytni atvinnu-
lífsins. Í þessum tilgangi er stjórn sjóðsins heimilt:

- a. að eiga minnihlutaaðild að sprotafyrirtækjum,
- b. að veita styrki, m.a. til tækniástoðar, rannsóknna, vöruþróunar og markaðsathugana á
móti meirihluta framlagi annarra.

4. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

- a. 20% af námagjaldi kísilgúrverksmiðjunnar árið 2001.
- b. 68% af námagjaldi verksmiðjunnar frá og með árinu 2002 og þar til kísilgúrvinnslu er
hætt.
- c. Framlag á fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.
- d. Aðrar tekjur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga.
Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ennfrem-
ur skal semja ársskýrslu. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

Fyrir 1. júní hvert ár skal stjórnin afhenda iðnaðarráðherra ársskýrslu sjóðsins ásamt ein-
taki af ársreikningi hans, árituðum af endurskoðanda sjóðsins.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 80/1966 um kísilgúrverk-
smiðju við Mývatn, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2001, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi
eldri reglugerð sama efnis, nr. 205/1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. maí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

19. júní 2001

Nr. 477

REGLUGERÐ

um útboð verðbréfa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Almennt útboð telst sala verðbréfa í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til
kaups með kynningu eða með öðrum hætti. Með verðbréfaflokki er átt við einsleit verðbréf
þar sem réttindi og skilmálar bréfanna eru að öllu leyti hin sömu.

2. gr.

Almennt útboð verðbréfa, hvort heldur í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, sbr. þó 6. gr.

3. gr.

Almennt útboð verðbréfa skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum, hér eftir nefnd verðbréfafyrirtæki.

II. KAFLI

Fagfjárfestar.

4. gr.

Fagfjárfestar, sbr. þó 5. gr., eru:

1. Eftirtaldir opinberir aðilar:
 - a. Ríkissjóður.
 - b. Seðlabanki Íslands.
 - c. Íbúðalánasjóður.
2. Eftirtaldir aðilar með starfsleyfi á fjármálamarkaði:
 - a. Viðskiptabankar og sparisjóðir.
 - b. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.
 - c. Verðbréfafyrirtæki.
 - d. Verðbréfasjóðir.
 - e. Vátryggingafélög.
 - f. Lífeyrissjóðir.

5. gr.

Einstaklingar og lögaðilar geta einnig talist fagfjárfestar óski þeir skriflega eftir því við verðbréfafyrirtæki og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Búa yfir faglegrri þekkingu til að meta fjárfestingarkosti með tilliti til áhættu.
2. Eiga reglulega viðskipti á verðbréfamarkaði.
3. Búa yfir verulegum fjárhagslegum styrk.

Skilyrði 1. tölul. 1. mgr. telst uppfyllt ef einstaklingur eða þeir aðilar sem stýra verðbréfa-viðskiptum lögaðila hafa hlotið menntun á sviði verðbréfavíðskipta eða sýna með öðrum hætti fram á að búa yfir faglegrri þekkingu sem verðbréfafyrirtæki metur fullnægjandi.

Skilyrði 2. tölul. 1. mgr. telst uppfyllt ef einstaklingur eða lögaðili hefur átt fimm eða fleiri viðskipti á verðbréfamarkaði að meðaltali á hverjum ársfjórðungi á síðustu fjórum árs-fjórðungum.

Skilyrði 3. tölul. 1. mgr. telst uppfyllt ef einstaklingar eða lögaðilar eiga verðbréf að áætluðu markaðsverðmæti að minnsta kosti 100 milljónir króna.

Verðbréfafyrirtæki skulu ganga úr skugga um að einstaklingar og lögaðilar skv. 1. mgr. uppfylli skilyrði greinarinnar.

III. KAFLI

Undanþágur frá almennu útboði.

6. gr.

Undanþegin 2. gr. eru:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
 - a. Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin forgangsréttarhöfum í félagi og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin.

- b. Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin eigendum í félagi, enda séu þeir færri en 50 og hlutafé eða stofnsjóður B-deildar samvinnufélags lægri en 50 milljónir króna.
 - c. Verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila, án auglýsingar eða kynningar, enda sé hópurinn ekki stærri en 25 aðilar.
 - d. Áætlað heildarsöluverð verðbréfa nemi ekki meiru en fimm milljónum kr., sbr. þó 2. mgr.
 - e. Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi að minnsta kosti fimm milljónir kr. til kaupa á verðbréfunum, sbr. þó 2. mgr.
 - f. Verðbréf eru boðin fagfjárfestum.
2. Verðbréf af eftirfarandi gerðum:
- a. Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði að minnsta fimm milljónir kr. hvert, sbr. þó 2. mgr.
 - b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
 - c. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð.
 - d. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja.
 - e. Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds.
 - f. Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi, ef boðið á hinum nýju verðbréfum hefur ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu.
 - g. Verðbréf sem vinnuveitandi eða fyrirtæki tengt honum býður eingöngu núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum sínum, eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra.
 - h. Verðbréf sem til eru komin vegna breytinga á breytanlegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda sem kaupréttur að hlut veitir, svo og hlutabréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf enda hafi útboðslýsing á hinum breytilegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim skuldabréfum sem kaupréttur að hlut fylgir, verið gefin út á Íslandi.
 - i. Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum, sem ekki lúta að hag sjálfra lögaðilanna.
 - j. Framseljanleg verðbréf sem gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru með ríkisábyrgð.

Fjárhæðir í 1. mgr. skulu aldrei nema lægri fjárhæð en 40 þúsund evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á hverjum tíma.

IV. KAFLI

Aðdragandi útboðs, útboðslýsing og útboðstímabil.

7. gr.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með athugun á útboðslýsingu. Þó skulu kauphallir annast athugun á skráningarlýsingu samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þegar óskað er eftir skráningu í viðkomandi kauphöll, enda sé hún tekin sem gild útboðslýsing. Fjármálaeftirlitið getur falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast athugun á útboðslýsingu öðrum en þeim sem kveðið er á um í 2. málsli.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag einstakra almennta útboða í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.

Skipulegur verðbréfamarkaður skal senda Fjármálaeftirlitinu eintak af útboðslýsingu sem hann annast athugun á.

Þóknun fyrir athugun á útboðslýsingum er ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. mgr.

8. gr.

Útboðstímabil er að hámarki einn mánuður, nema Fjármálaeftirlitið eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingum heimili annað og skal tilgreint í útboðslýsingu.

9. gr.

Fjármálaeftirlitið eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingu getur veitt undanþágu að hluta eða öllu leyti frá því að birta útboðslýsingu þegar svo háttar að verðbréfin, sem boðin eru í almennu útboði, eru skuldabréf eða ígildi þeirra og gefin út reglulega af lánastofnunum.

10. gr.

Hafi útboðslýsing verið birt í samræmi við 2. gr. er ekki þörf á að birta nýja útboðslýsingu í tengslum við almennt útboð nema liðnir séu meira en 12 mánuðir frá birtingu útboðslýsingar til fyrsta sölundags í nýju útboði, eða orðið hafi breytingar á högum útgefanda, sem ætla má að hafi veruleg áhrif á markaðsverð verðbréfanna.

Ef útboðslýsing hefur birst á Íslandi á næstliðnum 12 mánuðum þarf aðeins að tilgreina í næstu útboðslýsingu, er varðar önnur verðbréf sama útgefanda, þær breytingar sem hafa orðið síðan útboðslýsingin var birt og áhrif gætu haft á verðmæti verðbréfanna, svo og upplýsingar um bréfin sem fram eru boðin. Útboðslýsingin skal þó fylgja með þegar hin nýja er birt eða vísað til hennar.

11. gr.

Almennt útboð verðbréfa getur ekki hafist fyrr en Fjármálaeftirlitið eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingum hefur staðfest að athugun á útboðslýsingum, tilkynningum, veggspjöldum og öðrum gögnum sem tilkynna almennt útboð sé lokið.

12. gr.

Birta skal auglýsingu um almennt útboð í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi eigi síðar en fjórum dögum fyrir fyrsta sölundag útboðsins, enda liggja fyrir samþykki Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, hafi bankinn sett reglur um fyrsta sölundag almennra útboða verðbréfa.

Í auglýsingu skv. 1. mgr. skal eftirfarandi koma fram:

1. Heiti útgefanda,
2. tegund útboðs,
3. útboðstímabil,
4. heildarfjárhæð sem boðin er út,
5. lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem annast sölu til almennings og
6. hvar nálgast má útboðslýsingu.

13. gr.

Birta skal útboðslýsingu eigi síðar en fjórum dögum fyrir fyrsta sölundag útboðs.

Útboðslýsing skal birtast annaðhvort:

1. í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi eða
2. í ókeypis bæklingi sem aðgengilegur er almenningi á Íslandi eða með rafrænum hætti á netinu, og á skráðri skrifstofu þess sem sér um útboðið og á skrifstofum fjármálafyrirtækja sem sjá um greiðslur fyrir hann á Íslandi.

14. gr.

Pegar almennt útbod fer fram á verðbréfum skal útbodslýsingin geyma þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti á grundvelli þekkingar sinnar metið rétt eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum.

Til þess að fullnægja þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. mgr. skal útbodslýsingin, sam- anber þó undantekningarheimildir, tilgreina á skýran og skilmerkilegan hátt að minnsta kosti þau atriði sem fram koma í viðauka með reglugerð þessari.

15. gr.

Fjármálaeftirlitið eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útbodslýsingu getur heimilað að tilteknum upplýsingum í viðauka með reglugerð þessari sé sleppt í útbodslýsingu:

1. ef þær hafa litla þýðingu og ólíklegt er að þær hafi áhrif á mat á eignum eða skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu, afkomu eða framtíðarhorfum;
2. ef birting þeirra myndi skaða útgefandann verulega, að því tilskildu að undanþágan verði ekki til þess að almenningur fái rangar hugmyndir um staðreyndir og aðstæður sem eru nauðsynlegar til að meta hlutaðeigandi verðbréf, eða ef þessi birting stangast á við hagsmuni almennings.

16. gr.

Komi fram nýjar upplýsingar sem máli geta skipt um mat á útgefanda eða verðbréfum hans frá því að útbodslýsing var birt og þar til hinu almenna útbodi er lokið skal útbúa viðauka við útbodslýsingu þar sem greint er frá hinum nýju upplýsingum. Þennan viðauka skal senda Fjármálaeftirlitinu eða skipulegum verðbréfamarkaði sem annast athugun á útbodslýsingum til samþykktar og birta án ástæðulauss dráttar með sama hætti og útbodslýsing skv. 13. gr.

17. gr.

Fjármálaeftirlitið getur viðurkennt útbodslýsingar sem samþykktar hafa verið af lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að í útbodslýsingum skv. 1. mgr. skuli veittar sérstakar upplýsingar um íslenska markaðinn, svo sem um skattamál, fjármálafyrirtæki sem annast greiðslur og fleira. Einnig skal vekja sérstaka athygli á atriðum sem varða réttindi eigenda bréfanna á grundvelli annarra réttarreglna en íslenskra og eru ekki í samræmi við íslenskar réttarreglur.

Fjármálaeftirlitið getur krafist að útbodslýsingar samkvæmt þessari grein séu þýddar á íslensku af löggiltum skjalapýðanda.

18. gr.

Stjórn útgefanda ber að sjá til þess að í útbodslýsingu séu allar nauðsynlegar upplýsingar, þannig að gefin sé fullnægjandi mynd af útgefanda og verðbréfum hans í samræmi við reglugerð þessa og viðauka.

Stjórn útgefanda skal að viðlagðri bótaábyrgð, eða annarri ábyrgð að lögum, undirrita yfirlýsingu þess efnis að upplýsingar í útbodslýsingunni séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif getur haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Umsjónaraðili skal að viðlagðri bótaábyrgð, eða annarri ábyrgð að lögum, undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann hafi aflað þeirra gagna sem að hans mati voru nauðsynleg til þess

að útboðslýsingin gæfi rétta mynd af útgefanda og verðbréfum hans og að hans mati sé engu atriði sleppt sem áhrif getur haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Yfirlýsing endurskoðanda útgefanda skal jafnframt fylgja, þess efnis að hann hafi endurskoðað þá ársreikninga útgefanda, milliuppgjör og/eða forsendur rekstraráætlunar, ef við á, sem birt eru í útboðslýsingu og að upplýsingar í útboðslýsingunni er varða reikningsskil séu í samræmi við reikningana.

V. KAFLI

Viðvarandi upplýsingaskylda.

19 gr.

Félög, sem farið hafa í almennt útboð án skráningar í kauphöll samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skulu senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning og fréttatilkynningu vegna birtingar ársreiknings.

Félag skal leitast við að láta reikningsskil sín ávallt uppfylla ströngustu kröfur sem almennt eru gerðar til félaga í þeirri grein sem það starfar í. Reikningsskilin skulu vera í samræmi við gildandi lög og góða reikningsskilavenju. Endurskoðaðan ársreikning skal senda Fjármálaeftirlitinu um leið og hann er fullgerður og eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess reikningsárs sem hann nær til.

Í kjölfar þess stjórnarfundar þar sem ársreikningur félagsins er formlega samþykktur skal félagið birta fréttatilkynningu vegna hans. Í slíkri fréttatilkynningu skulu vera svo ítarlegar upplýsingar að ársreikningurinn feli ekki í sér að mati félagsins viðbótarupplýsingar sem gætu haft veruleg áhrif á verðmyndun viðkomandi félags.

VI. KAFLI

Viðurlög.

20 gr.

Fjármálaeftirlitið getur aflað upplýsinga um framkvæmd útboðs hjá aðila sem býður fram verðbréf í útboði. Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa getur það stöðvað útboðið og veitt frest til úrbóta, sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið getur birt opinberlega yfirlýsingu um umrætt mál og lagt á aðila dagsektir samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

VII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

21. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins 89/298/EBE um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 28. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 13/1996, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2001. Viðvarandi upplýsingaskylda skv. 19. gr. gildir ekki um félög sem fóru í almennt útboð fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Viðskiptaráðuneytinu, 19. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Benedikt Árnason.

VIÐAUKI

Efni útboðslýsingar fyrir verðbréf sem ekki er sótt um að tekin verði til opinberrar skráningar í kauphöll.

Þegar almennt útboð fer fram á verðbréfum skal útboðslýsingin geyma þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfananna eru nauðsynlegar fjárfestum til að þeir geti á grundvelli þekkingar metið rétt eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum.

Til þess að fullnægja þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. mgr. skal útboðslýsingin, samþanber þó undantekningarheimildir, tilgreina á skýran og skilmerkilegan hátt að minnsta kosti eftirfarandi:

1. Þá sem eru ábyrgir fyrir útboðslýsingunni:
 - 1.1. nöfn og kennitölur,
 - 1.2. starfsheiti og
 - 1.3. yfirlýsingu þeirra um að samkvæmt bestu vitund þeirra sé útboðslýsing rétt og í hana vanti ekkert sem áhrif geti haft á gildi hennar.
2. Hið almenna útboð og hver þau verðbréf eru sem fram eru boðin:
 - 2.1. eðli þeirra,
 - 2.2. fjárhæð og tilgang útgáfunnar,
 - 2.3. fjölda útgefinna bréfa og réttinda sem fylgja þeim,
 - 2.4. skatt sem haldið er eftir,
 - 2.5. útboðstímabilið,
 - 2.6. hvenær réttindi hefjast til arðs eða vaxta,
 - 2.7. þá sem tryggja eða ábyrgjast útboðið,
 - 2.8. takmörkun á sölu verðbréfa sem í boði eru og markaði sem hafa viðskipti með þau,
 - 2.9. stofnanir sem annast greiðslur,
 - 2.10. útboðsverð bréfananna ef þekkt er, eða
 - 2.11. hvernig og hvenær verðið skal ákveðið ef það er ekki vitað þegar útboðslýsing er gerð,
 - 2.12. greiðslufyrirkomulag,
 - 2.13. hvernig forkaupsréttar er neytt, sé hann fyrir hendi og
 - 2.14. hvernig og með hvaða fresti afhending bréfananna fer fram.
3. Útgefanda:
 - 3.1. nafn, kennitölu og skráða skrifstofu,
 - 3.2. stofndag,
 - 3.3. löggjöf sem um útgefandann gildir og rekstrarform hans,
 - 3.4. tilgang hans,
 - 3.5. hvar félagið er skráð,
 - 3.6. fjárhæð hlutfjár sem áskrift er fyrir,
 - 3.7. fjölda og helstu einkenni þeirra bréfa sem mynda hlutfaféð og þá hluta hlutfjárins sem ógreiddir eru,
 - 3.8. fjölda allra breytanlegra skuldabréfa, skiptanlegra skuldabréfa sem kaupréttur að hlutum fylgir og hvernig breyting, skipting eða áskrift fari fram og
 - 3.9. fyrirtækjasamstöðu sem útgefandi tilheyrir,
 - 3.10. ef við á þegar um er að ræða hlutabréf skal einnig tilgreina eftirfarandi: fjárhæð hlutfjár og hversu lengi heimild til hlutfjárútgáfu gildir og hluthafa þá sem beint eða óbeint fara með eða gætu farið með úrslitavald í rekstri útgefandans, svo fremi sem um þá er vitað.

4. Aðalstarfsemi útgefandans:
 - 4.1. lýsingu á helstu starfsemi hans og alla óvenjulega þætti sem áhrif hafa haft á starfsemi hans þar sem við á,
 - 4.2. öll einkaleyfi, leyfi eða samninga sem máli skipta,
 - 4.3. upplýsingar um yfirstandandi fjárfestingar sem eiga sér stað ef þær skipta máli og
 - 4.4. dómsmál sem kunna að standa yfir ef þau geta haft veruleg áhrif á fjárhagstöðuna.
5. Eignir og skuldir útgefandans, fjárhagsstöðu og afkomu:
 - 5.1. eigin ársreikninga undangengin tvö reikningsár og samstæðureikninga þar sem við á,
 - 5.2. ef útgefandi færir aðeins samstæðureikninga skulu þeir færðir inn í útboðslýsinguna,
 - 5.3. ef útgefandi færir bæði eigin ársreikninga og samstæðureikninga skal hann færa bæði uppgjörin inn í útboðslýsinguna en þó má hann færa inn annað uppgjórið eingöngu ef það sem ekki er fært inn felur ekki í sér viðbótarupplýsingar sem máli skipta,
 - 5.4. séu liðnir meira en 9 mánuðir frá lokum þess reikningsárs sem síðasti ársreikningur tilheyrir skal sýna hlutaársreikning sem nær til a.m.k. 6 mánaða þar á eftir. Sé hann ekki endurskoðaður skal þess getið,
 - 5.5. nafn og kennitölu þess sem ber ábyrgð á endurskoðun reikninga og
 - 5.6. hafi endurskoðandinn haft fyrirvara í áritun sinni eða synjað um hana verður að geta þess og tilgreina ástæður.
6. Stjórn útgefanda, framkvæmdastjórn og eftirlit:
 - 6.1. nöfn og kennitölur,
 - 6.2. heimilisföng og starfsheiti og
 - 6.3. sé um að ræða almennt útboð á hlutum í félagi með takmarkaða ábyrgð skal geta um laun þeirra sem annast stjórn, framkvæmdastjórn og skoðun reikninga.
7. Framvindu viðskipta útgefanda undanfarið og framtíðarhorfur að svo miklu leyti sem slíkar upplýsingar geta haft áhrif sem máli skipta við mat á honum:
 - 7.1. markverðustu nýjungar varðandi framvindu viðskipta útgefanda frá lokum næstliðins reikningsárs og
 - 7.2. framtíðarhorfur hans að minnsta kosti á yfirstandandi reikningsári og hafi endurskoðandi eða óháður matsmaður yfirfarið forsendur.

Þegar almennt útboð fer fram á skuldabréfum sem einn eða fleiri lögaðilar ábyrgjast skal einnig veita þær upplýsingar sem nefndar eru í liðum 3.-7. í 2. mgr. um ábyrgðaraðila.

Þegar almennt útboð fer fram á breytanlegum skuldabréfum eða skiptanlegum skuldabréfum eða skuldabréfum með kauprétti á hlut eða á kaupréttinum sjálfum, verður einnig að veita upplýsingar um eðli þeirra hlutabréfa eða skuldabréfa sem rétturinn beinist að og hvenær og hvernig breyting, skipti eða áskrift megi fara fram. Þegar útgefandi hlutabréfanna eða skuldabréfanna er ekki sá sami og gaf út hin upphaflegu skuldabréf eða veitti kaupréttinn, verða þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í liðum 3.-7. í 2. mgr. um útgefandann, að koma fram.

Þegar tímabilið frá því að útgefandi hóf starfsemi sína er styttra en um er getið í 2. mgr., þarf aðeins að veita upplýsingar sem lúta að þeim tíma frá því starfsemi hófst.

Ef í ljós kemur að upplýsingar, sem tilgreindar eru í 2. mgr., eiga ekki við um starfssvið útgefanda eða rekstrarform hans vegna þeirra verðbréfa sem í boði eru, skal gera útboðslýsingu með jafngildar upplýsingar.

Ef hlutabréf eru boðin hluthöfum útgefanda á grundvelli forkaupsréttar þeirra við skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði getur Fjármálaeftirlitið, eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingum, heimilað að sumum upplýsingum sem tilgreind-

ar eru í liðum 4.-6. í 2. mgr., sé sleppt, svo fremi sem fjárfestar hafi yfir að ráða nýjustu upplýsingum um útgefandann, jafngildum þeim sem krafist er í þessum viðauka.

Þegar flokkur hlutabréfa er skráður á skipulegum verðbréfamarkaði getur Fjármálaeftirlitið, eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingum, veitt undanþágu að öllu leyti eða að hluta frá því að birta útboðslýsingum, Skilyrði þess eru að áætlað markaðsverð, nafnverð eða, sé nafnverð ekki tilgreint, bókfært verð hinna útboðnu bréfa nemi minna en 10% af sambærilegu verðgildi hlutabréfa í sama flokki sem þegar eru hafin viðskipti með og að fjárfestar hafi yfir að ráða nýjustu upplýsingum um útgefandann, jafngildum þeim sem krafist er í þessum viðauka.

20. júní 2001

Nr. 478

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá B-hluta Orkuveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluti, nr. 258, 21. mars 2001 breytist þannig:

7. gr.

Sérgjöld rafveitu.

Öll gjöld rafveitu hækka um 7%.

8. gr.

Sérgjöld hitaveitu.

Notkun á heitu vatni.

Almenn notkun:

vatnsgjald hækkar um 10%.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson

Katrín Jóhannsdóttir.

20. júní 2001

Nr. 479

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Grafarlækur, Stekkjarmóar, Djúpidalur, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. mars 2001 deiliskipulag fyrir Grafarlæk, Stekkjarmóa og Djúpadal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. júní 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar er taki gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 553, 2. ágúst 2000, breytist þannig:
Allir gjaldskrárlíðir hækka um 5,56%.

Íðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 481

14. júní 2001

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerðar nr. 735/2000 um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni).

1. gr.

Reglugerð nr. 735/2000 um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni) fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 918/2000 um frestun gildistöku reglugerðar nr. 735/2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 482

18. júní 2001

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðar Flataskóla við Vífilsstaðaveg í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 17. maí sl. breytingu á deiliskipulagi lóðar Flataskóla við Vífilsstaðaveg.

Í breytingunni felst að staðsettar eru tvær kennslustofur á norðvestur hluta lóðar Flataskóla. Fyrir eru þrjár lausar kennslustofur.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 18. júní 2001.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík og Kópavogi.

Fossvogsdalur, deiliskipulag Fossvogsmýrar, Fossvogsdals í Reykjavík og Kópavogi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 27. febrúar og borgarráð Reykjavíkur þann 10. apríl 2001, deiliskipulag sem tekur til hluta Fossvogsdals. Nánar tiltekið afmarkast deiliskipulagssvæðið af íbúðabyggð í Kópavogi og Reykjavík, Hermannsskógi í vestur og íþróttasvæði H.K. í austur.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. júní 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson,
skipulagsstjóri Reykjavíkur.

Birgir Sigurðsson,
skipulagsstjóri Kópavogsbæjar.

14. júní 2001

Nr. 484

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um innflutning og heilðsöludreifingu lyfja nr. 699/1996.

1. gr.

Í öllum tilvikum, þar sem minnst er á „Lyfjaeftirlit ríkisins“ og „Lyfjanefnd“ í reglugerðinni, skal því breytt í „Lyfjastofnun“.

2. gr.

Ný mgr., sem verður 2. mgr. bætist við 34. gr.

Takmarkanir á sölu lyfja skv. ákvæðum 1) – 6) tl. þessarar greinar eiga ekki við um náttúrulyf og hómopatalyf (smáskammtalyf), nema Lyfjastofnun ákveði annað.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.

F. h. r.
Davíð Á. Gunnarsson.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 111/2001 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja.

1. gr.

23. gr. orðist svo:

„Útgefandi lyfseðils skal tilgreina á lyfseðli hvernig, hvenær og við hverju nota á ávísað lyf á þann hátt, að auðskilið sé fyrir notanda þess. Í undantekningartilvikum má læknir sleppa að geta við hverju lyf er notað, telji hann það þjóna hagsmunum sjúklings. Ef unnt er skal greina bæði einstakan skammt og dagsskammt.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.

F. h. r.

Davíð Á. Gunnarsson.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um fylgiráttargjald.

1. gr.

Við sölu myndlistarverka og listmuna á listmunauppboðum og við endursölu þeirra í atvinnuskyni ber að greiða 10% fylgiráttargjald af andvirði hins selda er falli í hlut höfundar viðkomandi listaverks eða erfingja hans að honum látnum. Réttindi þessi eru ekki framselj-anleg.

Myndhöfundasjóður Íslands - Myndstef annast innheimtu fylgiráttargjalds og skil þess til höfundar eða erfingja hans eftir þeim reglum sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Ef höfundaréttur að listaverki, sem selt er á listmunauppboði er fallinn niður sbr. 43. gr. höfundalaga nr. 73/1972, íslenska ríkið á höfundarétt að listaverki, sem selt er á listmunauppboðum eða í atvinnuskyni eða þegar fylgiráttargjaldinu verður ekki ráðstafað til höfundar eða annarra réttþafa, rennur fylgiráttargjaldið til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs.

2. gr.

Listaverk sem falla undir gjaldskyldu skv. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 28/1998 um verslunar-atvinnu eða 25. gr. b. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 57/1992 og lög nr. 60/2000 eru:

- Öll málverk, þ.e. frumverk, sem gerð eru með olíulitum, akryllitum, tempera, vatnslitum, gouache og pastellitum svo og myndverk, sem gerð eru með annarri tækni.
- Höggmyndir, ef um er að ræða frummynd eða merktar afsteypu í bronze, gips, terrakotta, leir, stein, marmara, tré, járn eða sérhvert annað efni.
- Merktar og ómerktar teikningar listamanna, þ.e. blýants-, blek-, tusch-, krítar- og kola-teikningar svo og annars konar teikningar og hvers konar grafísk listaverk, svo sem lithograf-úr, koparstungur, ætingar, raderingar, tréþrykk, svo og hvers konar önnur grafíkverk, enda séu verkin merkt af viðkomandi listamanni.

d) Myndvefnaður, textilverk, gler- og mósaikmyndir svo og leir, keramik, postulíns-, silfur- og gullverk sem teljast til listiðnaðar, enda sé um frumverk að ræða og það merkt af viðkomandi listamanni.

3. gr.

Fylgiráttargjald ber að greiða af sölu allra listaverka sem getið er um í 2. gr. hafi listaverkið verið selt á listmunauppbóði eða það endurselt í atvinnuskyni með öðrum hætti, enda sé höfundur þess íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari eins af aðildarríkjum alþjóðlegra sáttmála um höfundarétt sem Ísland er jafnframt aðili að og veitir íslenskum höfundum sams konar réttindi í því ríki.

4. gr.

Uppboðshaldarar listmunauppbóða þ.e. þeir sem að lögum hafa fengið leyfi til að halda listmunauppbóð og þeir sem annast endursölu listaverka í atvinnuskyni skulu inna af hendi greiðslu fylgiráttargjalds til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs og eru þeir ábyrgir fyrir greiðslu fylgiráttargjaldsins.

Ásamt greiðslu fylgiráttargjalds skulu þeir jafnframt skila Myndhöfundasjóði Íslands - Myndstefi skilagrein um alla sölu listaverka ásamt nafni og auðkennum verks, stærð þess ásamt öðrum upplýsingum úr uppboðsskrá svo og um höfund verksins og söluverð þess.

Fylgiráttargjaldi og skilagrein skal skila í síðasta lagi 30 dögum eftir að listamunauppbóð fór fram, ef um sölu á listmunauppbóði er að ræða en ársfjórðungslega ef um endursölu í atvinnuskyni er að ræða.

5. gr.

Um kröfurétt höfundar á fylgiráttargjaldi eða annarra réttihafa þess fer eftir ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Stjórn Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs er heimilt að ákveða hæfilegt endurgjald vegna innheimtu og skila á fylgiráttargjaldi, en þó aldrei hærra en 25% af því fylgiráttargjaldi sem innheimt er.

Ef ekki er unnt að hafa upp á höfundi eða öðrum réttihöfum viðkomandi fylgiráttargjalds, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þ.m.t. auglýsingu í dagblöðum og Lögbirtingablaði, skal fylgiráttargjaldið renna til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs, enda séu liðin þrjú ár frá lokum þess árs er endursala fór fram.

Séu erfingjar látins höfundar, sem njóta skulu fylgiráttargjalds fleiri en einn, skulu þeir koma sér saman um að veita einum þeirra umboð til þess að taka við greiðslu úr sjóðnum.

6. gr.

Um refsingu vegna brota gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer eftir ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. mgr. 23. gr. laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu og 25. gr. b. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 57/1992 og lög nr. 60/2000 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 244/1993 um fylgiráttargjald og Myndlistarsjóð Íslands.

Menntamálaráðuneytinu, 11. júní 2001.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Borgarness.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatamál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnu-húsnæði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 13,60 \text{ kr./m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fastagjald á mánuði = $1.766,00 \text{ kr.} + (F - 130) \times 8,15 \text{ kr./m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 77,20 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 102,75 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af gjaldskrá a-lið.
- Gjald vegna vatnsnotkunar á snjóbræðslukerfi skal vera 40% af gjaldskrá skv. b-lið.
- Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 274 kr./mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 488 kr./mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.522 kr. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 903 kr.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphit- aðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m inn- an lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að 250 m^3	77.545 kr.
251 - 500 m^3	77.545 kr. + 185,00 kr./ m^3 yfir 250 m^3
501 - 1500 m^3	123.800 kr. + 108,35 kr./ m^3 yfir 500 m^3
1501 - 6000 m^3	232.167 kr. + 69,60 kr./ m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	545.289 kr. + 54,80 kr./ m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 58.438 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 17.710 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.537 kr./m umfram 25 m.

7. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 488, 5. júlí 2000.

Iðnaðaráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Seltjarnarnes.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Seltjarnarnesskaupstaðar.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykktinni átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði sem opnir eru almenningi, s.s. verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli söfn o.fl.

3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur.

Enginn má sýna öðrum áreiti á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að, sem veldur ónæði eða raskar næturro manna.

6. gr.

Á götum bæjarins eða þar sem hættu getur stafað af, má ekki renna sér á sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferð. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar.

7. gr.

Eigi má skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfinga-svæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins framkvæma með sérstöku samþykki lögreglustjóra og bera bæði verkstjóri og sá sem mannvirkid er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t.d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, vera áberandi ölvaður eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbragð svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o.s.frv.

9. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi til þess leyfi slökkvistjóra eða tæknideildar bæjarins.

10. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð er óheimill. Þó er heimilt að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er solumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá kl.17.00 síðdegis til kl. 9.00 árdegis.

11. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, á lóðum, í garðhliðum eða á stöðum þar sem inn er gengið í hús eða lóðir án leyfis hlutaðeigandi húsráðenda, né fara inn í híbýli í söluverndum.

12. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er hindrar umferð. Bannað er að leggja í íbúðahverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjarbúa. Notkun vélsleða á götum bæjarins er bönnuð.

13. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi bygginamefndar þarf til að setja upp föst auglýsingarspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

14. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, ávaxtahýði, pappírusrusli eða öðru þess konar á almannafæri né heldur skvettu þar vatni eða öðru sem haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur eða veldur óþrifnaði.

15. gr.

Um útvistartíma barna og ungmenna fer skv. lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

16. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglustjóra enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu varaðir við farartálmanum með nægilega greinilegum ljósum, þegar dimmt er. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rífið og byggt upp að nokkru leyti, er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið hefst. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almanna-færi, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar framkvæmdinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn. Er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

18. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmíðar eða viðgerðir á húsum skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járn göddum að neðan, ef stiginn er meira en fjögurra (4) metra langur.

19. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynji. Getur lögreglustjóri þá bannað afnot af húsinu og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

20. gr.

Ekki má skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða rispa, tjarga, mála eða teikna á mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, sem ætlaðir eru til almenningsnota, svo sem hús, minnisvarða, símaklefa, biðskýli, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar.

21. gr.

Enginn má skemma girðingar, né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

22. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda. Hús í bænum skulu vera merkt í númeraröð eða með heiti húss ef við á og númeri þess í röð húsa.

23. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum, og útvegur á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

24. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

25. gr.

Allir staðir, þar sem rekin er almenn veitingasala og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá, sem skal vera aðgengileg eftirlitsmönnum.

26. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörun.

27. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í góðgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir.

28. gr.

Hverjum þeim, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan er skylt að sjá um að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, viðstöddum að fara í burtu.

29. gr.

Sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir þær sem háreysti er að, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

30. gr.

Um hunda- og kattahald á Seltjarnarnesi fer skv. „Samþykkt um hundahald á Seltjarnarnesi nr. 531/1999“ og „Samþykkt um kattahald á Seltjarnarnesi nr. 565/1996“.

31. gr.

Eigi má kasta á almannafæri né í fjörum, hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjót, mól, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilmæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþrýði. Óheimilt er að taka grjót eða sand í fjörum.

32. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

33. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem víta að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neitt, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

34. gr.

Bannað er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t.d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindi berist af lóð hans á lóð annars manns.

35. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af brotamaninum eða, ef hann er eigi fær um það úr ríkissjóði.

36. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Seltjarnarnes nr. 175 4. apríl 1977, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.

Ólafur Walter Stefánsson.

Jón Þór Ólason.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurnesjasvæði.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurnesjasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald kr. 5.800. Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 7.000.

3. gr.

Af starfsleyfisgyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi sem hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald hálf títimálgjald og auglýsingakostnaður ef við á.

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald eitt títimálgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald eitt títimálgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögn-um og fyrir eiturbeðni skal greiða hálf títimálgjald. Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist skv. reikningi. Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 15. júlí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja að því er varðar þær atvinnugreinar sem taldar eru upp í viðauka A ráðstafanimar sem skilgreindar eru í þessari tilskipun varðandi einstaklinga og félög eða fyrirtæki (hér á eftir nefndir „réttahafar“), sem falla undir I. hluta almennu áætlanna um afnám hafta á staðfesturétti, sem hyggjast setja á stofn og hefja þjónustustarfsemi á yfirráðasvæðum þeirra ⁽¹⁾ og um staðfesturétt ⁽²⁾.

2. Þessi tilskipun skal gilda um þær atvinnugreinar, sem taldar eru upp í viðauka A, sem ríkisborgarar í aðildarríkjunum vilja stunda í gistiríki annaðhvort sem sjálfstæðir atvinnurekendur eða sem launamenn.

2. gr.

Þau aðildarríki þar sem tiltekinnar menntun og hæfis er krafist áður en hægt er að hefja og stunda einhverja þá atvinnugrein sem talin er upp í viðauka A skulu tryggja að öllum réttþófum sem sækja um slíkt séu látnar í té upplýsingar um þær reglur sem gilda um starfsgreinina sem þeir hyggjast stunda áður en þeir setja á stofn eða hefja þjónustustarfsemi.

II. HLUTI

Viðurkenning á vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem veittur hefur verið af öðru aðildarríki

3. gr.

1. Með fyrirvara um 4. gr. getur aðildarríki ekki neitað ríkisborgara annars aðildarríkis, um heimild til að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem talin er upp í fyrsta hluta viðauka A með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess og borið við vanhæfni hans án þess að hafa fyrst borið saman þá þekkingu og færni sem staðfest er í þeim prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem réttahafinn hefur aflað sér með það fyrir augum að stunda sömu atvinnugrein annars staðar í bandalaginu, við þá þekkingu og færni sem krafist er samkvæmt innlendum reglum. Ef samamburðarathugun sýnir að sú þekking og færni sem prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem gefinn er út af öðru aðildarríki er samsvarandi þeim sem krafist er samkvæmt innlendum reglum getur aðildarríkið ekki neitað réttahafanum um að stunda viðkomandi atvinnugrein. Ef samamburðarathugin sýnir að verulegur munur er þar á skal gistiríkið veita réttahafanum tækifæri til að sýna fram á að hann hafi aflað sér þessarar þekkingar og færni sem á vantaði. Í slíkum tilfellum skal gistiríkið veita umsækjandanum rétt til að velja milli aðlögunartíma og hæfnisprófs í samræmi við tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE.

⁽¹⁾ Stjótið. EB 2, 15.1.1962, bls. 32/62.

⁽²⁾ Stjótið. EB 2, 15.1.1962, bls. 36/62.

Þrátt fyrir þessa reglu getur aðildarríkið krafist þess að viðkomandi fái aðlögunartíma eða gangist undir hæfnispróf ef hann hyggst stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi eða starfa sem stjórnandi fyrirtækis sem fellur undir fyrsta hluta viðauka A og slík starfsemi krefst þekkingar á sérteknum innlendum reglum sem í gildi eru, að því tilskildu að þegar lögbær yfirvöld gistiríkis veita eigin ríkisborgurum aðgang að slíkri atvinnustarfsemi sé krafist þekkingar á og beitingu þessara reglna.

Aðildarríkin skulu leitast við að taka tillit til þess hvorn kostinn réttahafinn kys fremur.

2. Fjallað skal um umsóknir um viðurkenningu í skilningi 1. mgr. eins fljótt og auðið er og lögbært yfirvald gistiríkisins skal komast að rökstuddri niðurstöðu eigi síðar en fjórum mánuðum frá afhendingu umsóknar og ítarlegra fylgiskjala. Málskotsréttur vegna ákvarðana eða skorts á þeim skal vera til staðar samkvæmt innlendum lögum.

III. HLUTI

Viðurkenning á starfsmenntun og hæfi á grundvelli starfsreynslu sem aflað hefur verið í öðru aðildarríki

4. gr.

Ef aðildarríki gerir almenna viðskipta- eða fagþekkingu og hæfni að skilyrði fyrir aðgangi að eða rekstri í þeim atvinnugreinum sem taldar eru upp í viðauka A skal viðkomandi aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun fyrir slíkri þekkingu og hæfni að atvinnugreinin sem um ræðir hafi verið stunduð í öðru aðildarríki. Ef atvinnugreinin er talin upp í fyrsta hluta viðauka A skal hún hafa verið stunduð:

1. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá I:

- a) í sex ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða
- b) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef réttahafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þrjú ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið viðurkennt prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærrí sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða
- c) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi ef réttahafinn getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti fimm ár; eða
- d) í fimm ár samfellt í stjórnunarstöðu, þar af að minnsta kosti í þrjú ár við sérfræðistörf þar sem viðkomandi bar ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins, að því tilskildu að réttahafinn geti sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þrjú ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærrí sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur.

Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein;

2. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá II:

- a) í sex ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða
- b) — í þrjú ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða forstöðumaður fyrirtækis ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bæri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða
— í fjögur ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bæri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða
- c) í þrjú ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem forstöðumaður fyrirtækis ef réttthafinn getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti fimm ár; eða
- d) — í fimm ár samfelld sem launþegi ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bæri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða
— í sex ár samfelld sem launþegi ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bæri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur.

Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var við viðkomandi atvinnugrein;

3. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá III:

- a) í sex ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða
- b) í þrjú ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bæri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða
- c) í þrjú ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti fimm ár.

Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein;

4. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá IV:

- a) í fimm ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða
- b) í tvö ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bæri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða
- c) í þrjú ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bæri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða
- d) í tvö ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti þrjú ár; eða
- e) í þrjú ár samfelld sem launþegi ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bæri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur;

5. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá V(a) og (b):

- a) í þrjú ár sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis að því tilskildu að á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., hafi ekki liðið meira en tvö ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein;
- b) Í þrjú ár sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis að því tilskildu að á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., hafi ekki liðið meira en tvö ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein nema aðildarríki leyfi eigin ríkisborgurum að taka lengra hlé frá starfi í viðkomandi atvinnugrein; eða

6. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá VI:

- a) í þrjú ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða
- b) í tvö ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef réttthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bæri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

- c) í tvö ár samfelld sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis ef rétt hafinn getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti þrjú ár; eða
- d) í þrjú ár samfelld sem launamaður ef rétt hafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærrí sérfræði- eða atvinnugreinaustofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur.

Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var við viðkomandi atvinnugrein.

5. gr.

Þf rétt hafi er handhafi viðurkennds prófskírteinis, sem gefið er til aðildarríki og er til staðfestingar á þekkingu og hæfni í tvinnugrein sem samsvarar að minnsta kosti tveggja eða ríggja ára starfsþjálfun, eftir því sem við á, getur gistiríki neðhöndlað prófskírteinið á sama hátt og prófskírteini til staðfestingar á starfsþjálfun af þeirri lengd sem krafist er amkvæmt b- og d-lið 1. mgr., b- og d-lið 2. mgr., b-lið 3. mgr. og b-, c- og e-lið 4. mgr. 4. gr.

6. gr.

Þf þjálfun rétt hafans hefur varað í að minnsta kosti tvö ár og ninna en þrjú ár skal kröfum 4. gr. teljast fullnægt ef tarfsreynsla sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi yrirtækis samkvæmt b- og d-lið 1. mgr. fyrsta undirlíð b-liðar 1. mgr., b-lið 3. mgr. og b-lið 4. mgr. 4. gr. er framlengd í sama hlutfalli þannig að hún nái yfir mismuninn á lengd þjálfunarinnar.

7. gr.

Einstaklingur telst hafa starfað sem stjórnandi fyrirtækis í skilningi 4. gr. ef hann hefur starfað í fyrirtæki innan viðkomandi atvinnugreinar:

- 1) sem stjórnandi fyrirtækis eða útibús fyrirtækis; eða
- 2) sem aðstoðarmaður eiganda eða stjórnanda fyrirtækis þegar stöðunni fylgir ábyrgð sem er jafngild ábyrgð eigandans eða stjórnandans sem hann er staðgengill fyrir, eða
- 3) í stjórnunarstöðu sem felur í sér skyldustörf af viðskipta- eða sérfræðilegum toga og ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins.

8. gr.

Sönnun þess að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 4. gr. sé fullnægt skal vera vottorð um eðli og lengd starfseminnar gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnun í heimaríkinu eða því aðildarríki sem rétt hafinn kemur frá og sem rétt hafnanum ber að framvísa til stuðnings umsókn sinni um leyfi til að stunda viðkomandi atvinnugrein eða –greinar í gistiríkinu.

IV. HLUITI

Viðurkenning á annars konar starfsmenntun og hæfi sem aflað hefur verið í öðru aðildarríki

9. gr.

1. Ef gistiríki gerir þá kröfu til eigin ríkisborgara, sem sækjast eftir að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að þeir leggi fram vottorð um óflekkað mannorð og sönnun þess að þeir séu ekki og hafi ekki áður verið lýstir gjaldþrota, eða sönnun um annað hvort, skal það, þegar um ríkisborgara annarra aðildarríkja er að ræða, samþykkja framvísun sakavottorðs sem nægilega sönnun eða að öðrum kosti framvísun jafngilds vottorðs, sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi á sviði laga eða stjórnsýslu í heimaríkinu eða því aðildarríki sem rétt hafinn kemur frá, sem sýnir að þessum kröfum er fullnægt.

2. Ef gistiríki setur fram tilteknar kröfur til eigin ríkisborgara, sem sækjast eftir að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., um óflekkað mannorð og að þeir leggi fram sönnun þess að þeir séu ekki og hafi ekki áður verið lýstir gjaldþrota og hafi ekki áður sætt faglefum eða stjórnsýslulegum refsiaðgerðum (t.d. verið sviptir rétti til að gegna tilteknum embættum, leyfi til að gegna ákveðnu starfi eða vera félagi í tilteknum fagfélögum) og ekki fæst sönnun þess með skjalinu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal það, þegar um ríkisborgara annarra aðildarríkja er að ræða, samþykkja sem nægilega sönnun vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi á sviði laga eða stjórnsýslu í heimaríkinu eða því aðildarríki sem rétt hafinn kemur frá, sem staðfestir að þessum kröfum sé fullnægt. Í slíku vottorði skal fjallað um þá þætti sem gistiríkið telur skipta máli.

3. Ef heimaríkið eða aðildarríkið sem rétt hafinn kemur frá gefur ekki út skjölin sem um getur í 1. og 2. mgr. getur eiðsvarin yfirlýsing komið í stað þeirra eða, í þeim aðildarríkjum þar sem engin ákvæði eru um slíka eiðsvarna yfirlýsingu, með drengskaparheiti sem viðkomandi gefur í viðurvist lögbærs yfirvalds eða þar sem það á við, lögbókanda í því aðildarríki. Viðkomandi yfirvald eða lögbókandi skal gefa út skírteini þar sem vottaður er áreiðanleiki eiðsvömu yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitisins. Yfirlýsingu um að viðkomandi hafi ekki áður verið lýstur gjaldþrota má einnig gefa hjá til þess bærrí sérfræði- eða atvinnugreinaustofnun í því aðildarríki.

4. Ef gistiríki krefst vottorðs sem sýnir fjárhagsstöðu skal það telja vottorð sem gefin eru út af bönkum í heimaríki eða aðildarríkinu sem rétt hafinn kemur frá jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

5. Ef gistiríki gerir þá kröfu til eigin ríkisborgara sem sækjast eftir að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að þeir leggi fram sönnun þess að þeir séu tryggðir fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem fylgir ábyrgð á atvinnustarfseminni skal gistiríkið samþykkja vottorð gefin út af vátryggingafélögum annarra aðildarríkja sem jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess. Slík vottorð skulu gefa yfirlýsingu um að vátryggingandinn hafi farið að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru í gistiríkinu að því er varðar skilmála og umfang vátryggingarinnar.

6. skjólin sem um getur í 1., 2., 3. og 5 mgr.skulu þegar þeim er framvísað ekki vera meira en þriggja mánaða gömul.

V. HLUTI

Ákvæði um málsmeðferð

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu, innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 14. gr., tilnefna þau yfirvöld og stofnanir sem bera ábyrgð á að gefa út vottorðin sem um getur í 8. gr. og 1., 2 og 3. mgr. 9. gr. og skulu þegar í stað koma þeim upplýsingum á framfæri við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina.

2. Aðildarríkin geta tilnefnt aðila sem hefur umsjón með samræmingu á starfsemi þeirra yfirvalda og stofnana sem um getur í 1. mgr. í samræmingarhópinn sem komið var á laggimar samkvæmt 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/48/EEB. Starf samræmingarhópsins skal einnig vera eftirfarandi:

- að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar,
- að safna saman öllum upplýsingum sem gagnlegar eru vegna beitingar tilskipunarinnar í aðildarríkjunum og einkum að safna og bera saman upplýsingar um mismunandi starfsmenntun og hæfi á þeim sviðum atvinnulífsins sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

VI. HLUTI

Lokaákvæði

11. gr.

1. Tilskipanirnar sem taldar eru upp í viðauka B falla hér með úr gildi.

2. Litið skal á tilvísanir í niðurfelldar tilskipanir sem tilvísanir í þessa tilskipun.

12. gr.

Frá og með 1. janúar 2001 skulu aðildarríkin, á tveggja ára fresti, senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd fyrirkomulagsins sem er tekið upp.

Auk almennrar umfjöllunar um málið skal skýrslan einnig veita tölfræðilegt yfirlit yfir ákvarðanir sem teknar hafa verið og lýsa þeim vanda sem upp kann að koma við beitingu tilskipunarinnar.

13. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem um getur í 14. gr. skal framkvæmdastjórnin tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um hver staðan er á framkvæmd þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum, einkum 5. gr.

Að öllum nauðsynlegum skýrslutökum loknum, einkum af aðilum sem annast samræmingu, skal framkvæmdastjórnin leggja fram niðurstöður sínar um hugsanlegar breytingar á núgildandi fyrirkomulagi. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin einnig leggja fram tillögur sínar um endurbætur á gildandi fyrirkomulagi er stuðli að því að auka frelsi til flutninga og efla staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu.

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. júlí 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 7. júní 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

E. BULMAHN

forseti.

VIÐAUKI A

FYRSTI HLUTI

Atvinnugreinar tengdar flokkun á starfsreynslu

Skrá I

Yfirflokkar sem falla undir tilskipun 64/427/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 69/77/EBE, og tilskipunum 68/366/EBE, 75/368/EBE og 75/369/EBE

I

Tilskipun 64/427/EBE

(Tilskipun um afnám hafta: 64/429/EBE)

NICE-flokkunarkerfið (samsvarar ISIC- yfirflokkum 23-40)

yfirflokkur 23	Framleiðsla textílefna
232	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir ull
233	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir bómull
234	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir silki
235	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir hör og hamp
236	Annar textílefnaíðnaður (júta, harótrefjar o.s.frv.) kaðlar
237	Framleiðsla þrjónavöru og heklaðrar vöru
238	Frágangur textílefna
239	Annar spunaefnaíðnaður
yfirflokkur 24	Framleiðsla skófátnaðar, fatnaðar og sængurfatnaðar
241	Vélframleiðsla á skófátnaði (nema úr gúmmí og tré)
242	Handunninn skófátnaður og viðgerðir á honum
243	Framleiðsla fatnaðar (nema felda)
244	Framleiðsla á dýnum og sængurfatnaði
245	Skinna og -feldaíðnaður
yfirflokkur 25	Framleiðsla úr viði og korki (nema húsgagnaframleiðsla)
251	Sögun og iðnvinnsla viðar
252	Framleiðsla hálfunnins viðarvarmings
253	Raðframleiðsla byggingaihluta úr viði, að meðtalinni gólfklæðningu
254	Framleiðsla tréfláta
255	Framleiðsla annars viðarvarmings (nema húsgagna)
259	Framleiðsla úr hálm, korki, tágum, tágaflettum og spanskreyr; burstagerð
yfirflokkur 26	260 Framleiðsla húsgagna úr viði
yfirflokkur 27	Framleiðsla pappírs og pappírsvöru
271	Framleiðsla pappírseigs, pappírs og pappá
272	Vinnsla pappírs og pappá, og framleiðsla vara úr pappírseigi
yfirflokkur 28	280 Prentun, útgáfa og skyldur iðnaður
yfirflokkur 29	Leðuriðnaður
291	Sútunarstöðvar og verksmiður sem fullvinna leður
292	Leðurvöruframleiðsla

úr yfirflokki 30	Gúmmí og plastvöruframleiðsla, tilbúnir þræðir og sterkjувörur
	301 Gúmmí- og asbestvinnsla
	302 Vinnsla plastefna
	303 Framleiðsla tilbúinna þræða
úr yfirflokki 31	Efnaiðnaður
	311 Framleiðsla undirstöðuefna til efnaiðnaðar og frekari vinnsla slíkra efna
	312 Sérhæfð framleiðsla á efnavörum einkum til notkunar í iðnaði og landbúnaði (þar með talin framleiðsla á feiti og olíu úr jurta- og dýrarfkinu fyrir iðnað sem heyrir undir ISIC-flokk 312)
	313 Sérhæfð framleiðsla efnavöru einkum til heimilis og skrifstofunota (að undanskilinni framleiðslu lyfja og lyfjavara (úr ISIC-flokki 319))
yfirflokkur 32	320 Jarðolúiðnaður
yfirflokkur 33	Framleiðsla vöru úr jarðefnum sem ekki eru málmar
	331 Framleiðsla byggingarvara úr leir
	332 Framleiðsla á gleri og glervörum
	333 Framleiðsla á leirkerum og vörum úr eldföstu efni
	334 Framleiðsla á sementi, kalki og gifsefni
	335 Framleiðsla byggingarefna úr steypu, sementi og gifsefni
	339 Vinna við steinhögg og framleiðsla á öðrum vörum úr jarðefnum sem ekki eru málmar
yfirflokkur 34	Framleiðsla og frumvinnsla járn og stáls
	341 Jám og stáliðnaður (samkvæmt skilgreiningu í stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu (KSE), þar með talin koxvinnsla sem er rekin í tengslum við stáliðnaðarfyrirtæki)
	342 Framleiðsla á stálrörum
	343 Vírdráttur, kaldráttur, kaldvölsun flatjárns og flatstáls, kaldmótun
	344 Framleiðsla og frumvinnsla málma sem ekki innihalda járn
	345 Málmsteypur sem vinna bæði með járn og málma sem ekki innihalda járn
yfirflokkur 35	Framleiðsla málmvara (að undanskildum vélbúnaði og samgöngutækjum)
	351 Málmsmíði, kaldvölsun og kaldmótun
	352 Annað vinnslustig og yfirborðsmeðferð
	353 Málmhlutir
	354 Ketilsmíði, framleiðsla kera til iðnaðar
	355 Framleiðsla áhalda og tækja og fullunninna hluta úr málm (nema raffanga)
	359 Hliðargreinar véltæknistarfsemi
yfirflokkur 36	Framleiðsla véla sem ekki eru rafknúnar
	361 Framleiðsla landbúnaðarvéla og dráttarvéla
	362 Framleiðsla skrifstofuvéla
	363 Framleiðsla véla til málmvinnslu og annarra vélaverkfæra og festinga og tenginga á þau og önnur vélknúin verkfæri
	364 Framleiðsla textílvéla og fylgihluta þeirra, framleiðsla saumavéla
	365 Framleiðsla véla og búnaðar fyrir matvæla- og drykkjarvöruíðnað og fyrir efnaiðnað og skyldan iðnað
	366 Framleiðsla tækja og búnaðar fyrir námur, járn- og stálverksmiðjur og fyrir byggingariðnað, framleiðsla lyftitækja og færíbanda
	367 Framleiðsla sendibúnaðar
	368 Framleiðsla vélbúnaðar til annars tiltekins iðnaðar
	369 Framleiðsla annarra órafknúinna véla og búnaðar

yfirflokkur 37	Raftækniúnaður
	371 Framleiðsla rafmagnsvíra og kapla
	372 Framleiðsla hreyfla, rafala, spennubreyta, rofa og annars búnaðar til raforkuframleiðslu
	373 Framleiðsla raffanga til atvinnunota
	374 Framleiðsla fjarskiptabúnaðar, mæla, annarra mælitækja og rafmagnslækningatækja
	375 Framleiðsla rafeindabúnaðar, útvarps- og sjónvarpsviðtækja, hljómfletningstækja
	376 Framleiðsla raftækja til heimilisnota
	377 Framleiðsla lampa og ljósabúnaðar
	378 Framleiðsla rafhláða og rafgeyma
	379 Viðgerðir, samsetning og sérhæfð uppsetning raffanga
úr yfirflokki 38	Framleiðsla samgöngutækja
	383 Framleiðsla vélknúinna ökutækja og hluta þeirra
	384 Viðgerðir á vélknúnum ökutækjum, bifhjólum og reiðhjólum
	385 Framleiðsla bifhjóla, reiðhjóla og hluta þeirra
	389 Framleiðsla samgöngutækja sem eru ekki flokkuð annars staðar
yfirflokkur 39	Ýmiss konar framleiðsluúnaður
	391 Framleiðsla nákvæmra mælitækja, mæli- og stjórntækja
	392 Framleiðsla á lækninga- og skurðlækningatækjum og hjálpartækjum (að undanskildum sjúkraskófatnaði)
	393 Framleiðsla ljósmynda- og sjóntækja
	394 Framleiðsla og viðgerðir á úrum og klukkum
	395 Skartgripagerð- og góðmálmasmíði
	396 Framleiðsla og viðgerðir hljóðfæra
	397 Framleiðsla leikja, leikfanga, íþróttatækja og íþróttavarnings
	399 Annar framleiðsluúnaður
yfirflokkur 40	Byggingar
	400 Byggingar (ósérhæfðar); niðurriif
	401 Húsbbyggingar (húsnæði eða annað)
	402 Mannvirkjagerð; vega- og brúargerð, lagning jámbrauta o.fl.
	403 Lagnir
	404 Skreytingar og frágangur
2	
<i>Tilskipun 68/366/EBE</i>	
<i>(Tilskipun um afnám hafta 68/365/EBE)</i>	
<i>NICE-flokkunarkerfið</i>	
yfirflokkur 20 A	200 Framleiðsluúnaður með dýra- og jurtafeiti og oliur
20 B	Matvælaframleiðsluúnaður (að undanskildum drykkjarvöruúnaði)
	201 Slátrun, vinnsla og geymsla kjöts
	202 Mjólkur- og mjólkurvöruúnaður
	203 Niðurlagning og geymsla ávaxta og grænmetis
	204 Niðurlagning og geymsla fisks og annarra sjávarafurða
	205 Framleiðsla kommylluafurða
	206 Framleiðsla á bökuðum vörum, að meðtöldum kruðum og kexi
	207 Sykuriúnaður
	208 Framleiðsla á kakói, súkkulaði og sælgæti
	209 Framleiðsla á ýmsum matvælum

yfirflokkur 21	Drykkjarvöruiðnaður
211	Framleiðsla etanóls með gerjun, framleiðsla gers og vínanda
212	Vingerð
213	Öl- og bjórgerð
214	Framleiðsla gosdrykkja og annarra kolsýrðra drykkja
úr 30	Framleiðsla á gúmmívörum, plastefnum, gervipráðum og sterkjuafurðum
304	Framleiðsla á sterkjuafurðum

3

Tilskipun 75/368/EBE (staðsemi sem talin er upp í l. mgr. 5. gr.)

ISIC-flokkunarkerfið

úr 04	Fiskveiðar
043	Fiskveiðar í ám og vötnum
úr 38	Framleiðsla samgöngutækja
381	Skipasmiðar og viðgerðir
382	Framleiðsla járnbrautartækja
386	Framleiðsla loftfara (að meðtöldum geimtækjum)
úr 71	Starfsemi tengd flutningum og starfsemi önnur en flutningar, sem fellur undir eftirfarandi flokka:
úr 711	Þjónusta við svefn- og veitingavagna; viðhald járnbrautartækja í viðhaldsskýlum; hreinsun vagna
úr 712	Viðhald tækja fyrir farþegaflutninga innanbæjar, í úthverfum og milli bæja og borga
úr 713	Viðhald tækja fyrir annan farþegaflutning á landi (svo sem bifreiða, langferðabíla og leigubifreiða)
úr 714	Rekstur og viðhald mannvirkja sem tengd eru samgöngum á landi (t.d. vega, jarðgangna, tollbrúa, birgðageymslna, bílastæða, strætisvagna- og sporvagnstöðva)
úr 716	Starfsemi tengd samgöngum á skipgöngum vatnaleiðum (t.d. rekstur og viðhald vatnaleiða, hafna og annarra mannvirkja sem tengd eru samgöngum á skipgöngum vatnaleiðum; dráttar- og lóðþjónusta í höfnum, lagning bauja, ferming og afferming skipa og önnur skyld starfsemi svo sem björgun skipa, dráttur og rekstur húsbáta)
73	Boðmiðlun: póstþjónusta og fjarskipti
úr 85	Þjónustugreinar
854	Þvottahús og þvottaþjónusta, þurrhreinsun og litun
úr 856	Ljósmyndastofur: ljósmyndun og auglýsingaljósmyndun að frátöldum blaðaljósmyndurum
úr 859	Þjónustugreinar sem ekki eru skilgreindar annars staðar (einungis viðhald og þríf á húseignum eða vistarverum)

4

Tilskipun 75/369/EBE 6. gr.: þegar starfsemin telst til iðnaðar eða handverks)

ISIC-flokkunarkerfið

Eftirtalin farandstarfsemi:

a) kaup og sala á vörum

— af kaupmönnum á faraldsfæti, götusölum eða farandsölum (úr ISIC-flokki 612)

— á yfirbyggðum mörkuðum þó ekki föstum starfsstöðvum og á útimörkuðum

b) starfsemi sem fellur undir þegar samþykktar bráðabirgðarárástafanir þar sem er sérstaklega undanskilið eða ekki minnst á starfrækslu slíkrar farandstarfsemi.

Skrá II**Tilskipun 82/470/EBE (3. mgr. 6. gr.)**

Flokkar 718 og 720 í ISIC-flokkunarkerfinu

Starfsemin nær einkum og sér í lagi til:

- skipulagningar og sölu, beint eða gegn þóknun, á einum þætti eða fleirum (flutningi, fæði, gistingu, skoðunarferðum o.s.frv.) vegna ferðar eða dvalar, óháð því um hvers konar ferð er að ræða (undirliður a í B-lið 2. gr.).

Skrá III**Tilskipun 82/489/EBE**

úr 855 Hárgreiðslustofur, að frátalinni þjónustu fótaaðgerðafræðinga og verknámsskóla fyrir snyrtifræðinga og hárgreiðslufólk

Skrá IV**Tilskipun 82/470/EBE (1. mgr. 6. gr.)**

Flokkar 718 og 720 í ISIC-flokkunarkerfinu:

Starfsemin nær einkum og sér í lagi til:

- þeirra sem starfa sem milliliðir verktaka á mismunandi sviðum flutninga og þeirra sem afgreiða eða senda vörur og standa fyrir svipaðri starfsemi:
 - aa) með því að ganga frá samningum við verktaka á sviði flutninga fyrir hönd umbjóðenda
 - bb) með því að velja flutningsaðferð, fyrirtæki og þá leið sem er hagstæðust fyrir umbjóðandann
 - cc) með því að sjá um framkvæmdaatriði er varða flutninginn (t.d. þökkun vegna flutningsins). með því að sjá um ýmsa aðra þætti er tengjast flutningnum (tryggir t.d. ísbirgðir fyrir kælivagna);
 - dd) með því að ganga frá formsatriðum er tengjast flutningnum, gera til dæmis uppkast að fylgibréfi; dreifa vörusendingum;
 - ee) með því að samhæfa hin ýmsu stig flutningsins, með því að tryggja flutning, endursendingar, umfermingu og aðrar aðgerðir á endastöð;
 - ff) með því að sjá bæði um farm- og flutningstæki og flutningsleið fyrir þá aðila sem afgreiða eða taka á mótí vörum;
 - mat á flutningskostnaði og yfirferð á sundurliðuðum reikningum
 - ráðstafanir sem gera verður til bráðabirgða eða frambúðar í nafni og fyrir hönd skipseiganda eða fyrirtækis sem sér um flutning á sjó (við hafnaryfirvöld, skipaverstani o.s.frv.)
- (Starfsemin sem talin er upp í a-, b- og d- undirliðum A-liðar 2. gr.).

Skrá V**Tilskipanir (64/222/EBE) and (70/523/EBE)**

a

Sjá a-lið 5. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar

Tilskipun 64/222/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 64/224/EBE)

1. atvinnustarfsemi milliliðar, sem hefur umboð og fyrirmæli frá einum eða fleiri einstaklingum til að semja eða annast viðskipti í þeirra nafni og fyrir þeirra hönd;
2. atvinnustarfsemi milliliðar, sem án þess að hafa um það varanleg fyrirmæli, kemur á sambandi einstaklinga sem óska eftir beinum samningum sin á milli, kemur viðskiptum þeirra í kring eða aðstoðar við að leiða slík viðskipti til lykta.

3. atvinnustarfsemi milliliðar sem kemur inn í viðskipti í eigin nafni en fyrir annarra hönd
4. atvinnustarfsemi milliliðar sem fæst við heildsöluverslun á uppboðum fyrir annarra hönd
5. atvinnustarfsemi milliliða sem afla pantana með því að ganga í hús
6. þjónustustarfsemi sem tengist atvinnustarfsemi milliliðar sem starfar hjá einu eða fleiri verslunar-, iðnaðar- eða litlum handverksfyrirtækjum.

b

Sjá b-lið 5. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar

Tilskipun 70/523/EBE

Starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem veita þjónustu á sviði heildsölu og umboðsverslunar með kol (úr flokki 6112, ISIC-flokkunarkerfið)

Skrá VI

Tilskipanir 68/364/EBE, 68/368/EBE, 75/368/EBE, 75/369/EBE, 82/470/EBE

1

Tilskipun 68/364/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 68/363/EBE)

ISIC úr flokki 612 Smásöluverslun

Starfsemi sem er undanskilin:

- | | |
|-----|---|
| 012 | Leiga á tækjum til landbúnaðar |
| 640 | Leiga á fasteignum |
| 713 | Leiga á bifreiðum, vögnum og hestum |
| 718 | Leiga á lestar- og flutningsvögnum |
| 839 | Leiga á tækjabúnaði til verslunarfyrirtækja |
| 841 | Miðabókanir og myndaleiga fyrir kvikmyndahús |
| 842 | Miðabókanir og leiga á búnaði fyrir leikhús |
| 843 | Báta- og hjólaleiga, leiga á sjálfsalaleiktækjum og -spilavélum |
| 853 | Leiga á herbergjum með húsgögnum |
| 854 | Leiga á hreinu líni |
| 859 | Fataleiga |

2

Tilskipun 68/368/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 68/367/EBE)

ISIC-flokkunarkerfið

ISIC úr yfirflokki 85:

1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC-flokkur 852)
2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði og aðrir gististaðir (ISIC-flokkur 853)

Tilskipun 75/368/EBE (7. gr.)

Öll starfsemi sem talin er upp í viðaukanum við tilskipun 75/368/EBE, að frátalinni þeirri sem um getur í 5. gr. þeirrar tilskipunar (Skrá I, nr. 3 í þessum viðauka).

ISIC-flokkunarkerfið

- úr 62 Bankar og aðrar fjármálastofnanir
 - úr 620 Einkaleyfisstofur og löggildingarstofur
- úr 71 Flutningar
 - úr 713 Farþegaflutningar á vegum, að frátöldum flutningi með bifreiðum
 - úr 719 Flutningur fljótandi kolvatnsefnis og annarra fljótandi efna eftir leiðslum
- úr 82 Félagsleg þjónusta
 - 827 Bókasöfn, söfn, lysti- og dýragarðar
- úr 84 Leikja- og skemmtiþjónusta
 - 843 Leikja- og skemmtiþjónusta ótalin annars staðar:
 - starfsemi tengd íþróttum (íþróttasvæði, skipulagning íþróttamannvirkja o.s.frv.) þó ekki starfsemi íþróttaleiðbeinenda
 - leikir (hesthús og tanningasvæði fyrir veðhlaupahesta, leikjasvæði, veðhlaupabautir, o.s.frv.)
 - önnur afþreyingarstarfsemi (fjölleikahús, skemmtigarðar og aðrar skemmtanir)
- úr 85 Þjónustugreinar
 - úr 851 Heimilishjálp
 - úr 855 Snyrtistofur og handsnyrtiþjónusta, að frátalinni þjónustu fótisnyrta og skólum snyrtifræðinga og hárgreislufólks
 - úr 859 Þjónustugreinar sem ekki eru skilgreindar annars staðar nema íþrótt- og sjúkranuddarar og fjallaleiðsögumenn, sem skiptast í eftirfarandi flokka
 - sóttþreinsun og meindýraeyðing
 - fataleiga og geymsluaðstaða
 - hjúskaparmiðlun og önnur skyld þjónusta
 - stjórnspeki, spádómar og þess háttar
 - skolp og sorphirða og önnur skyld starfsemi
 - útfararþjónusta og viðhald kirkjugarða
 - boðberar og túlkandi leiðsögumenn

Tilskipun 75/369/EBE (5. gr.)

Eftirtalin farandstarfsemi:

- a) kaup og sala á vöru
 - sem stunduð er af kaupmönnum á faraldsfæti, götusölum eða farandsölum (úr ISIC-flokki 612)
 - á yfirbyggðum mörkuðum nema þegar um fastar starfsstöðvar er að ræða og á útímörkuðum
- b) starfsemi sem gildandi bráðabirgðarástafanir ná yfir þegar ljóst er að starfsemi sem flokkast undir farandviðskipti er undanskilin.

Tilskipun 82/470/EBE (2. mgr. 6. gr.)

(Starfsemi sem talin er upp í c- og e-lið A-hluta, b-lið B-hluta, C- og D-hluta 2. gr.)

Starfsemin nær einkum og sér í lagi til:

- leigu á járnbrautarvögnum til farþega- eða vöruflutninga;
- starfs milliliða í sölu, kaupum eða leigu skipa;

- skipulagningar, samningagerðar og frágangs samninga vegna flutninga þeirra sem flytjast á brott;
- móttöku fyrir hönd þess, sem leggur vöruna inn, á öllum hlutum og vörum sem lagðar eru inn í vöruskemmur, pakkhús, húsgagnalager, í kæligeymslur, vörugueymslur (síló) o.s.frv., hvort sem tollskoða þarf vöruna eða ekki;
- úttegunar á kvittun fyrir móttöku til handa þeim aðila sem leggur vöruna inn;
- úttegunar hólfa, fóðurs og sölusvæða vegna skammtímavistunar búpenings sem bíður sölu eða flutnings til eða frá markaði;
- skoðunar eða mats á tæknibúnaði vélknúinna ökutækja;
- mælingar, vigtunar og mats á vörum.

ANNAR HLUTI

Starfsemi, önnur en sú sem fellur undir I. hluta

1

Tilskipanir 63/261/EBE, 63/262/EBE, 65/11/EBE, 67/530/EBE, 67/531/EBE, 67/532/EBE, 68/192/EBE, 68/415/EBE og 71/18/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr yfirflokk 01 Landbúnaður

Einkum:

- a) jarðyrkja, að meðtalinni akuryrkju og vínyrkju; ræktun ávaxta, hnetna, fræja, grænmetis, blóma, bæði úti við og undir gleri;
- b) búfjárrækt, alifuglarækt, kanínurækt, loðýrarækt eða önnur kvikfjárrækt, býflugnarækt; framleiðsla á kjöti, mjólk, ull, húðum, skinnum og loðfeldum, eggjum, hunangi;
- c) þjónusta í landbúnaði, húsdýrahaldi og garðyrkju gegn greiðslu eða samkvæmt samningi.

2

Tilskipun 63/607/EBE

(Kvikmyndir)

3

Tilskipun 64/223/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr flokki 611 Starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem stunda heildverslun (að undanskilinni heildverslun með lyf og lyfjavörur, eiturefni og lifandi smitefni og kol)

4

Tilskipun 64/428/EBE

NICE-flokkunarkerfið

	Flokkur
yfirflokkur 11	Námuvinnsla og framleiðsla fasts eldsneytis
	111 Námuvinnsla og framleiðsla kola
	112 Námuvinnsla og framleiðsla brúnkola
yfirflokkur 12	Nám málmjarðefnis
	121 Námuvinnsla járngrýtis
	122 Námuvinnsla jámlausra málmjarðefna og skyld starfsemi
yfirflokkur úr 13	úr 130 Vinnsla jarðolíu og jarðgass (nema leit og borun)
yfirflokkur 14	140 Vinnsla byggingarefna og eldtrausts leirs
yfirflokkur 19	190 Vinnsla annarra steinefna og mós

5

*Tilskipun 65/264/EBE**(kvikmyndaiðnaður)*

6

*Tilskipun 66/162/EBE**ISIC-flokkunarkerfið*

deild 5 Raforka, gas, gufuafli, vatni og skolp og sorphirða

7

*Tilskipun 67/43/EBE**ISIC-flokkunarkerfið*

úr flokki 640 Fasteignaviðskipti (að undanskildum 6401)

flokki 839 Viðskiptaþjónusta sem ekki er flokkuð annars staðar (að undanskilinni blaðamennsku, störfum tollvarða, ráðgjöf á sviði viðskipta, fjármála, verslunar, tölfræði og atvinnu- og ráðningamála, innheimta)

8

*Tilskipun 67/654/EBE**ISIC-flokkunarkerfið*

yfirflokkur 02 Skógrækt og skógarhögg

021 Skógrækt

022 Skógarhögg

9

*Tilskipanir 68/369/EBE and 70/451/EBE**ISIC-flokkunarkerfið*

úr flokki 841 Framleiðsla, dreifing og sýning kvikmynda

10

*Tilskipun 69/82/EBE**ISIC-flokkunarkerfið*

úr yfirflokki 13

úr 130 Rannsóknir (leit og borun) á jarðolíu og jarðgasi

11

*Tilskipun 70/522/EBE**ISIC-flokkunarkerfið*

úr flokki 6112 Kol

VIÐAUKI B

NIÐURFELLDAR TILSKIPANIR

FYRSTI HLUTI: TILSKIPANIR UM AFNÁM HAFTA

- 63/261/EBE: Tilskipun ráðsins frá 2. apríl 1963 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti í landbúnaði á yfirráðasvæði aðildarríkis að því er varðar ríkisborgara annarra landa bandalagsins sem starfað hafa sem launþegar í landbúnaði í því aðildarríki í tvö ár samfellt
- 63/262/EBE: Tilskipun ráðsins frá 2. apríl 1963 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti á bújörðum sem verið hafa í eyði eða órákt lengur en tvö ár
- 63/607/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1963 um framkvæmd á ákvæðum hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu að því er varðar kvikmyndaiðnaðinn
- 64/223/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. febrúar 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu vegna starfsemi á sviði heilidsölu
- 64/224/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. febrúar 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu vegna starfsemi milliliða á sviði verslunar, iðnaðar og handverks
- 64/428/EBE: Tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði námuvinnslu og grjótnáms (ISIC yfirflokkar 11 - 19)
- 64/429/EBE: Tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar er heyrir undir ISIC yfirflokka 23 - 40 (iðnaður og handverk)
- 65/1/EBE: Tilskipun ráðsins frá 14. desember 1964 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á rétti til að veita þjónustu í landbúnaði og garðyrkju
- 65/264/EBE: Önnur tilskipun ráðsins frá 13. maí 1965 um framkvæmd á ákvæðum hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði kvikmyndaiðnaðar
- 66/162/EBE: Tilskipun ráðsins frá 28. febrúar 1966 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu að því er varðar rafmagn, gas, vatn og skulp og sorphirðu (ISIC deild 5)
- 67/43/EBE: Tilskipun ráðsins frá 12. janúar 1967 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga innan: 1. „fasteignaviðskipta“ (nema 6401) (ISIC úr flokki 640) 2. „viðskiptaþjónustu sem ekki er flokkuð annars staðar“ (ISIC-flokkur 839)
- 67/530/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1967 um rétt bænda sem eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í til þess að flytjast af einni jörð á aðra
- 67/531/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1967 um beitingu laga aðildarríkja að því er varðar leigu á jörðum til bænda sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja
- 67/532/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1967 um rétt bænda til aðildar að samvinnufélögum þegar þeir eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í

- 67/654/EBE: Tilskipun ráðsins frá 24. október 1967 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í skógrækt og skógarhöggi
- 68/192/EBE: Tilskipun ráðsins frá 5. apríl 1968 um rétt bænda sem eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í til ýmiss konar lána
- 68/363/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði smásöluverslunar (ISIC úr flokki 612)
- 68/365/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21)
- 68/367/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu vegna starfsemi innan þjónustugeirans (ISIC úr yfirflokki 85);. 1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC-flokkur 852); 2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði og aðrir gististaðir (ISIC-flokkur 853)
- 68/369/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti sjálfstætt starfandi einstaklinga að því er varðar starfsemi á sviði kvikmyndadreifingar
- 68/415/EBE: Tilskipun ráðsins frá 20. desember 1968 um rétt bænda sem eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í til ýmiss konar aðstoðar
- 69/82/EBE: Tilskipun ráðsins frá 13. mars 1969 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu að því er varðar rannsóknir (leit og borun) á jarðolíu og jarðgasi (úr ISIC yfirflokki 13)
- 70/451/EBE: Tilskipun ráðsins frá 29. september 1970 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði kvikmyndaframleiðslu
- 70/522/EBE: Tilskipun ráðsins frá 30. nóvember 1970 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði heildsölu og umboðsverslunar með kol (ISIC úr flokki 6112)
- 71/18/EBE: Tilskipun ráðsins frá 16. desember 1970 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti sjálfstætt starfandi einstaklinga sem veita þjónustu í landbúnaði og garðyrkju

ANNAR HLUTI: TILSKIPANIR ÞAR SEM KVEÐIÐ ER Á UM BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR

- 64/222/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. febrúar 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi á sviði heildsölu og milliliða í verslun, iðnaði og handverki
- 64/427/EBE: Tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði framleiðslu- og vinnslu-iðnaðar sem fellur undir ISIC yfirflokkanna 23 - 40 (lónaður og handverk), eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 69/77/EBE frá 4. mars 1969
- 68/364/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði smásöluverslunar (ISIC úr flokki 612)

- 68/366/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgða-ráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði matvæla- og drykkjarvöru-framleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21)
- 68/368/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgða-ráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í þjónustugeiranum (úr ISIC yfirflokki 85); 1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC-flokkur 852) 2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði og aðrir gististaðir (ISIC-flokkur 853)
- 70/523/EBE: Tilskipun ráðsins frá 30. nóvember 1970 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgða-ráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði heilðsölu og umboðsverslunar með kol (ISIC úr flokki 6112)
- 75/368/EBE: Tilskipun ráðsins frá 16. júní 1975 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt að því er varðar ýmsa starfsemi (úr ISIC deildum 1 til 85) og einkum bráðabirgðaráðstafanir með tilliti til þessarar starfsemi
- 75/369/EBE: Tilskipun ráðsins frá 16. júní 1975 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt á sviði farandsölu og einkum bráðabirgðaráðstafanir er varða starfsemi af þessu tagi
- 82/470/EBE: Tilskipun ráðsins frá 29. júní 1982 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt hvað varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í ákveðnum greinum sem tengjast flutningum og ferðaskrifstofum (ISIC-flokkur 718) og geymslu og vöruskemnum (ISIC-flokkur 720)
- 82/489/EBE: Tilskipun ráðsins frá 19. júlí 1982 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt í háriðn

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 2001

21. júní 2001

1255

Nr. 496

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Breyting á deiliskipulagi Salahverfis (Hlynsalir 1-3 og 5-7 og Lómasalir 6-8, 10-12 og 14-16).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 1. mars 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi fjölbýlishúsa við Hlynsali 1-3 og 5-7 og Lómasali 6-8, 10-12 og 14-16. Í breytingunni felst að byggingarreitir húsanna færist til sem nemur 0,5-2 metrum. Breytingin var grenndarkynnt. Athugasemdir bárust og var tillögunni breytt til að koma til móts við þær.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. Elliðahvammur. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 8. maí 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Elliðahvammis í Vatnsenda. Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir byggingarreit fyrir landbúnaðarbyggingu, gróðurskála, bílgeymslu og smáhýsi í tengslum við ferðaþjónustu ásamt tjaldstæði og bílastæðum. Athugasemdir bárust. Tillagan var samþykkt óbreytt. Deiliskipulag Elliðahvammis er hluti deiliskipulags svæðis í Vatnsenda, á „*Milli vatns og vegar*“.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. „Milli vatns og vegar“. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 8. maí 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi svæðisins „*Milli vatns og vegar*“. Í deiliskipulaginu er m.a. fyrirhuguð íbúðarbyggð með 27 nýjar íbúðarlóðir með húsum á 1-2 hæðum og bílgeymslum sem geta staðið sér. Gert er ráð fyrir að sumarbústaðir á svæðinu verði fjarlægðir þegar íbúðarhús verða byggð að undanskildum bústöðum nr. 7 og 10a við Vatnsendablett sem fá takmarkaðan stöðurétt og nr. 19 og 42 með heilsársbúsetu. Akstursaðkoma almennings að svæðinu verður á tveim stöðum. Hesthús og gerði má byggja á íbúðarlóðum sem eru 1400 m² eða stærri skv. áður samþykktum skilmálum frá júlí 1992 og ákvörðun bæjaryfirvalda. Landbúnaður er áfram fyrirhugaður í Vatnsenda og Elliðahvammum auk ferðaþjónustu. Athygli er vakin á því að deiliskipulag *Elliðahvammis* er hluti þessa deiliskipulags þ.e. svæðisins „*Milli vatns og vegar*“. Ennfremur mun deiliskipulag fyrir Vatnsendablett 241 A, samþykkt í bæjarráði 2. desember 1999, falla úr gildi við gildistöku þessa

nýja deiliskipulags sem og svæði á deiliskipulagsuppdráttum sem samþykktir voru í bæjarstjórn 29. október 1992 og 10. maí 1994 þar sem svæði skarast. Á það við Vatnsendabletti 22, 23, 27 og 343.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogskirkjugarður. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. mars 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi Kópavogskirkjugarðs. Breytingin varðar innra skipulag garðsins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. júní 2001.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

5. liður um merkingar í D-hluta 2. viðauka, II. kafla, orðast svo:

71680	006683-19-8	Pentaerýtrítól tetrakis[3-(3,5-dí-tert-bútýl-4-hýdroxýfenýl)-própíónat]	
71720	000109-66-0	Pentan	
72640	007664-38-2	Fosfórsýra	

PM/tilvísunar-númer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir og/eða tilgreiningar
73720	000115-96-8	Fosfórsýra, tríklóróetýl ester	TFM = ÖG (GM = 0,02 mg/kg, þar með talin greiningarvirkmörk)
74010	145650-60-8	Fosfórsýra, bis(2,4,-dí-tert-bútýl-6-metýlfenýl) etýl ester	TFM = 5 mg/kg (summa fosfíts og fosfats)
74240	031570-04-4	Fosfórsýrtingur, tris(2,4-dí-tert-bútýlfenýl) ester	
74480	000088-99-3	o-Ftalsýra	
76320	000085-44-9	Ftalanhýdríð	
76721	009016-00-6 063148-62-9	Pólydímetýlsíloxan (mólpungi > 6800)	Í samræmi við forskriftir sem er mælt fyrir um í viðauka 7
76865	-	Pólyesterar af 1,2-própandíól og/eða 1,3- og 1,4-bútandíóli og/eða pólyprópýlenglýkóli með adipínsýru, einnig með edíksýru eða fitusýrum (C10-C18) eða n-oktanól og/eða n-dekanóli í endastöðu	TFM = 30 mg/kg
76960	025322-68-3	Pólyetýlenglýkól	
77600	061788-85-0	Pólyetýlenglýkól ester af hertri laxerolíu	
77702	-	Pólyetýlenglýkól ester af alifatískum mónókarboxílsýrum (C ₆ -C ₂₂) og ammóníum og natríum sulföt þeirra	
77895	068439-49-6	Pólyetýlenglýkól (EO = 2-6) mónóalkýl(C16-C18) eter	TFM = 0,05 mg/kg
79040	009005-64-5	Pólyetýlenglýkól-sorbítan-mónólárat	
79120	009005-65-6	Pólyetýlenglýkól-sorbítan-mónóóleat	
79200	009005-66-7	Pólyetýlenglýkól-sorbítan-mónópalmítat	
79280	009005-67-8	Pólyetýlenglýkól-sorbítan-mónóstearat	
79360	009005-70-3	Pólyetýlenglýkól-sorbítan-tríóleat	
79440	009005-71-4	Pólyetýlenglýkól-sorbítan-trístearat	
80240	029894-35-7	Pólyglýserólrísínóleat	
80640	-	Pólyoxýalkýl(C2-C4)dímetýpólysíloxan	
80720	008017-16-1	Pólyfosfórsýrur	
80800	025322-69-4	Pólyprópýlenglýkól	
81515	087189-25-1	Póly(sink glýserólat)	
81520	007758-02-3	Kalíumbrómið	
81600	001310-58-3	Kalíumhýdroxíð	
81760	-	Duft, flögur og trefjar úr látúni, brónsi, kopar, ryðfriú stáli, tini og málmblöndum kopars, tins og járn.	TFM(T) = 30 mg/kg (7) (gefið upp sem kopar); TFM = 48 mg/kg (gefið upp sem járn)
81840	000057-55-6	1,2-Própandíól	
81882	000067-63-0	2-Própanól	
82000	000079-09-4	Própiónsýra	
82080	009005-37-2	1,2-Própýlenglýkólalginat	
82240	022788-19-8	1,2-Própýlenglýkóldílarat	
82400	000105-62-4	1,2-Própýlenglýkóldíóleat	
82560	033587-20-1	1,2-Própýlenglýkóldípalmitat	
82720	006182-11-2	1,2-Própýlenglýkóldístearat	
82800	027194-74-7	1,2-Própýlenglýkólmónólárat	

PM/tilvísunar-númer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir og/eða tilgreiningar
82960	001330-80-9	1,2-Própýlenglýkólmónóleat	
83120	029013-28-3	1,2-Própýlenglýkólmónópalmítat	
83300	001323-39-3	1,2-Própýlenglýkólmónóstearat	
83320	-	Própýlhýdroxýetylcellulósi	
83325	-	Própýlhýdroxýmetýlcellulósi	
83330	-	Própýlhýdroxýprópýlcellulósi	
83440	002466-09-3	Pýrófosfórsýra	
83455	013445-56-2	Pýrófosfórsýrlingur	
83460	012269-78-2	Pýrófyllít	
83470	014808-60-7	Kvarts	
83610	073138-82-6	Resínsýrur og rósínsýrur	
83840	008050-09-7	Rósín	
84000	008050-31-5	Rósín, ester með glýseróli	
84080	008050-26-8	Rósín, ester með pentaerýtrítóli	
84210	065997-06-0	Rósín, vetnað	
84240	065997-13-9	Rósín, vetnað, ester með glýseróli	
84320	008050-15-5	Rósín, vetnað, ester með metanóli	
84400	064365-17-9	Rósín, vetnað, ester með pentaerýtrítóli	
84560	009006-04-6	Gúmmí, náttúrulegt	
84640	000069-72-7	Salísýlsýra	
85360	000109-43-3	Sebasík sýra, díbútýl ester	
85600	-	Silíköt, náttúruleg	
85610	-	Silíköt, náttúruleg, silýleruð (nema asbest)	
85840	053320-86-8	Kísilsýra, litíum magnesíum natríum salt	TFM (T) = 0,6 mg/kg (8) (gefið upp sem litíum)
85980	-	Kísilsýra, sölt	
86000	-	Kísilsýra, silýleruð	
86160	000409-21-2	Kísilkarbíð	
86240	007631-86-9	Kísildíoxíð	
86285	-	Silíkon díoxíð, silýleruð	
86560	007647-15-6	Natríumbromíð	
86720	001310-73-2	Natríumhýdroxíð	
87200	000110-44-1	Sorbínsýra	
87280	029116-98-1	Sorbítandíóleat	
87520	062568-11-0	Sorbítanmónóbehenat	
87600	001338-39-2	Sorbítanmónólárat	
87680	001338-43-8	Sorbítanmónóóleat	
87760	026266-57-9	Sorbítanmónópalmítat	
87840	001338-41-6	Sorbítanmónóstearat	
87920	061752-68-9	Sorbítantetrastearat	
88080	026266-58-0	Sorbítantríóleat	
88160	054140-20-4	Sorbítantrípalmítat	
88240	026658-19-5	Sorbítantrístearat	
88320	000050-70-4	Sorbitól	
88600	026836-47-5	Sorbitólmónóstearat	
88640	008013-07-8	Sojaolía, epoxuð	I samræmi við forskriftir sem er mælt fyrir um í viðauka 7
88800	009005-25-8	Sterkja, neysluhæf	
88880	068412-29-3	Sterkja, vatnrofin	
88960	000124-26-5	Sterínamið	

PM/tilvísunar-númer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir og/eða tilgreiningar
89040	000057-11-4	Sterínsýra	
89200	007617-31-4	Stearic sýra, koparsalt	TFM (T) = 30 mg/kg (7) (gefið upp sem kopar)
89440	-	Sterínsýra, esterar með etýlenglykól	TFM(T) = 30 mg/kg (3)
90720	058446-52-9	Steróýlbensóýlmetan	
90800	005793-94-2	Steróýl-2-laktýlsýra, kalsíumsalt	
90960	000110-15-6	Rafsýra	
91200	000126-13-6	Súkrósaasetat-ísóbútyrat	
91360	000126-14-7	Súkrósaoktaasetat	
91840	007704-34-9	Brennisteinn	
91920	007664-93-9	Brennisteinssýra	
92030	010124-44-4	Súlfúrsýra, koparsalt	TFM(T) = 30 mg/kg (7) (gefið upp sem kopar)
92080	014807-96-9	Talk	
92160	000087-69-4	Vínsýra	
92195		Tárín, sölt	
92205	057569-40-1	Tereftalsýra, díster með 2,2'-metýlenbis(4-metýl-6-tert-bútylfenól)	
92350	000112-60-7	Tetraetýlenglykól	
92640	000102-60-3	N,N,N',N'-Tetrakis(2-hýdroxýprópýl)etýlendíamín	
92700	078301-43-6	2,2,4,4-tetrametýl-20-(2,3-epoxýprópýl)-7-oxa-3,20-díasadispíró[5.1.1.1.2]-heneikósan-21-on, fjölliða	TFM = 5mg/kg
92930	120218-34-0	Þíódiatanólbis(5-metoxýkarbónýl-2,6-dímetýl-1,4-díhýdrópýridín-3-karboxýlat)	TFM = 6 mg/kg
93440	013463-67-7	Títandíoxíð	
93520	000059-02-9 010191-41-0	alfa-Tókoferól	
93680	009000-65-1	Tragantgúmmí	
94320	000112-27-6	Trietýlenglykól	
94960	000077-99-6	1,1,1-trímetýlólprópan	TFM = 6 mg/kg
95200	001709-70-2	1,3,5-Trímetýl-2,4,6-tris(3,5-dí-tert-bútyl-4-hýdroxýbensýl)bensen	
95725	110638-71-6	Vermikúlít, myndefni með sítrónusýru, litíum salt	TFM (T) = 0,6 mg/kg (8) (gefið upp sem litíum)
95855	007732-18-5	Vatn	Í samræmi við tilskipun 98/83/EB
95859	-	Vax, hreinsað, unnið úr jarðolíu eða kolvatnsefnum unnum úr fódurjurtum.	Í samræmi við forskriftir sem er mælt fyrir um í viðauka 7
95883	-	Hvítar parafínríkar olíur unnar úr hráefnum sem eru fengin úr kolvatnsefnum úr jarðolíu	Í samræmi við forskriftir sem er mælt fyrir um í viðauka 7
95905	013983-17-0	Wollastónít	
95920		Viðarmjöl og -trefjar, óunnið	
95935	011138-66-2	Xantangúmmí	
96190	020427-58-1	Sinkhýdroxíð	
96240	001314-13-2	Sinkoxíð	
96320	001314-98-3	Sinksúlfíð	

VIÐAUKI 6

Hermar sem velja skal fyrir flæðiprófanir á plasti, sem einungis er ætlað fyrir ákveðin tiltekin matvæli.

Matvæli sem plast á að snerta	Hermir
Aðeins vatnskennd matvæli	A
Aðeins súr matvæli	B
Aðeins áfeng matvæli	C
Aðeins feit matvæli	D
Öll vatnskennd og súr matvæli	B
Öll áfeng og vatnskennd matvæli	C
Öll áfeng og súr matvæli	C og B
Öll feit og vatnskennd matvæli	D og A
Öll feit og súr matvæli	D og B
Öll feit, áfeng og vatnskennd matvæli	D og C
Öll feit, áfeng og súr matvæli	D, C og B

VIÐAUKI 7 A

Almennar forskriftir.
(ákvarðaðar síðar)

VIÐAUKI 7 B

Aðrar forskriftir.

PM/tilvísunar-númer (1)	Aðrar forskriftir
18888	<p>3-HYDROXYBÜTANSÝRA-3-HYDROXPENTANSÝRA, FJÖLLIÐA</p> <p><i>Skilgreining</i> Þessar fjöllíður eru framleiddar með stýrðri gerjun með <i>Alcaligenes eutrophus</i> og kolefnisgjafinn er blanda af glúkósa og própansýru. Lifveran sem er notuð er ekki erfðabreytt, heldur er hún komin af einni frumu af villigerð <i>Alcaligenes eutrophus</i>, stofni H16 NCIMB 10442. Frumstofn lifverunnar er geymdur frostþurrkaður í ampúlum. Unnið er með stofna sem fengnir eru frá frumstofninum, geymdir í fljótandi köfnunarefni og notaðir til að sá í gerjunartankinn. Sýni úr gerjunartanki eru rannsökuð daglega bæði með smásjá og leitað er eftir breytingum á lögum kólónía á mismunandi ætum og við mismunandi hitastig. Fjöllíðurnar eru einangraðar úr hitameðhöndluðum gerlum með stýrðri sundrun á öðrum frumuhlutum, þvotti og þurrkun. Þessar fjöllíður eru venjulega á formi samsettra korna, mótuðum úr bráðnu efni, sem innihalda aukefni á borð við kymi (nucleating agents), mýkingarefni, fylliefni, varðveisluefni og fastlitarefni sem öll samræmast almennum og einstökum forskriftum.</p>

PM/tilvísunar-númer (1)	Aðrar forskriftir
	<p>- Efnaheiti Pólý(3-D-hýdroxýbútanat-co-3-D-hýdroxýbútanat)</p> <p>- CAS-númer 80181-31-3</p> <p>- Byggingarformúla</p> $ \begin{array}{cccc} & & \text{CH}_3 & \\ & & & \\ & & \text{O} & \text{CH}_2 & \text{O} \\ & \text{CH}_3 & & & \\ & & & & \\ \text{(-O-CH-CH}_2\text{-C)}_m\text{-(-O-CH-CH}_2\text{-C)}_n \end{array} $ <p>þar sem n/(m + n) er stærra en 0 og minna eða jafnt 0,25</p> <p>- Meðalmólpungi Ekki undir 150 000 daltonum (mælt með gagnsvökvaskiljun (gel permeation chromatography))</p> <p>- Innihald Ekki undir 98% pólý(3-D-hýdroxýbútanóat-co-3-D-hýdroxý-pentanóat) greint eftir vatnsrof sem blanda af 3-D-hýdroxý-bútansýru og 3-D-hýdroxýpentansýru</p> <p><i>Lýsing</i> Hvítt eða beinhvítt duft að lokinni aðgreiningu frá öðrum efnum</p> <p><i>Eiginleikar</i></p> <p>- Sanngreiningarprófanir:</p> <p>- Leysni Leysanleg í klóruðum kolvatnsefnum á borð við klóróform og díklórmetan, en nánast óleysanleg í etanóli, alifatískum alkönnum og vatni.</p> <p>- Flæði Flæði krótansýru má ekki vera meira en 0,05 mg/kg matvæla</p> <p>- Hreinleiki Fyrir kyrmingu skal fjölliöduftið í hráefninu innihalda :</p> <ul style="list-style-type: none"> - Köfnunarefni Ekki meira en 2500 mg/kg af plasti - Sink Ekki meira en 100 mg/kg af plasti - Kopar Ekki meira en 5 mg/kg af plasti - Blý Ekki meira en 2 mg/kg af plasti - Arsen Ekki meira en 1 mg/kg af plasti - Króm Ekki meira en 1 mg/kg af plasti
23547	<p>POLYDÍMETÝLSÍLOXAN (mólpungi>6800)</p> <p>Seigja að lágmarki $100 \times 10^{-6} \text{ m}^2/\text{s}$ (=100 sentístók) við 25°C</p>
25385	<p>TRÍALLÝLAMÍN</p> <p>40 mg/kg af hlaupi að hámarks magninu 1,5 grömm af hlaupi fyrir hvert kg matvæla. Aðeins til nota í hlaupi sem er ekki ætlað að komast í beina sneringu við matvæli.</p>
38320	<p>4-(2-BENSOXASÓLÝL)-4'-(5-METÝL-2-BENSOXASÓLÝL)STILBEN</p> <p>Ekki meira en 0,05% w/w (magn efnis sem er notað/magn í efnablöndunni)</p>
76721	<p>POLYDÍMETÝLSÍLOXAN (mólpungi >6800)</p> <p>Seigja að lágmarki $100 \times 10^{-6} \text{ m}^2/\text{s}$ (= 100 sentístók) við 25°C</p>
88640	<p>SOJAOLÍA, EPOXUÐ</p> <p>Oxíran <8%, joðtala < 6</p>
95859	<p>VAX, HREINSAÐ, UNNIÐ ÚR JARÐOLÍU EÐA HRÁEFNUM SEM ERU TILBÚIN KOLVATNSEFNI</p> <p>Varan skal hafa eftirfarandi forskrift :</p>

PM/tilvísunar-númer (1)	Aðrar forskriftir
	Innihalda kolvatnsefni úr jarðolíu, sem hafa lægri kolefnistölu en 25: ekki meira en 5% (w/w) Seigja ekki minni en $11 \times 10^{-6} \text{ m}^2/\text{s}$ (= 11 sentístók) við 100°C. Meðalmólpungi ekki minni en 500
95883	HVITAR, PARAFÍNRIKAR OLÍUR UNNAR ÚR HRAEFNUM SEM ERU FENGIN ÚR KOLVATNSEFNUM ÚR JARÐOLÍU Varan skal hafa eftirfarandi forskrift : Innihald kolvatnsefna úr jarðolíu, sem hafa lægri kolefnistölu en 25: ekki meira en 5% (w/w) Seigja ekki minni en $8,5 \times 10^{-6} \text{ m}^2/\text{s}$ (= 8,5 sentístók) við 100°C. Meðalmólpungi ekki minni en 480

VIÐAUKI 8

**Merkingar talna sem eru gefnar í sviga í dálkinum
„Takmarkanir og/eða tilgreiningar“ í viðaukum 1 og 5.**

- 1) Viðvörðun: hættu er á að farið sé yfir TFM þegar um er að ræða matvælalíki fyrir fiturík matvæli.
- 2) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 10060 og 23920, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 3) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 15760, 16990, 47680, 53650 og 89440, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 4) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 19540 og 19960, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 5) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 14200 og 14230, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 6) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 66560 og 66580, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 7) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 30080, 42320, 45195, 45200, 53610, 81760, 89200 og 92030, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 8) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 85840 og 95725, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 9) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að takmörkunin má ekki vera minni en summan af flæði eftirfarandi efna:
 - a) Badge (= 2,2-bis/4-hýdroxýfenýl)própan bis(2,3-epoxýprópýl) eter:
 - b) Badge. H_2O .
 - c) Badge. HCl.
 - d) Badge. 2HCl.
 - e) Badge. $\text{H}_2\text{O.HCl}$

Hins vegar skulu TFM(T) fyrir vatnsrík matvælalíki einnig ná yfir Badge. 2H₂O (c) nema viðkomandi efni eða hlutur sé þannig merktur að fram komi að það/hann skuli eingöngu notast þar sem snerting verður við matvæli, þar með taldar drykkjarvörur, þar sem staðfest hefur verið að summa flæðis þessara fimm framangreindu efna, a), b), c), d), e) og f), geti ekki orðið meiri en 1 mg/kg.

- 10) Viðvörðun: hætta er á að flæði efnisins rýri skynmatseinkenni matvæla, sem þau komast í snertingu við, og því er einnig hætta á að fullunnin varan samræmist ekki öðrum undirlitð 2. gr. tilskipunar 89/109/EBE.

28. júní 2001

Nr. 525

AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 9/2001 um breytingar á auglýsingu
ríkisskattstjóra nr. 2/2001 um skattmat vegna staðgreiðslu 2001.**

Eftirfarandi breytingar á skattmati vegna staðgreiðslu gilda frá 1. júlí 2001.

1. Á kafla 2.1 í auglýsingunni, Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk, verða þessar breytingar:
- a) stað fjárhæðanna: kr. 45,00, kr. 51,75 og kr. 63,25 komi fjárhæðirnar: kr. 52,00; 59,80 (sérstakt gjald) og 75,40 (torfærugjald).

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júlí 2001.

Reykjavík, 28. júní 2001.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

22. júní 2001

Nr. 526

REGLUGERÐ

**um bann við aðgerðum á hundum og köttum
sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.**

1. gr.

Eftirtalдар aðgerðir á hundum og köttum sem ekki eru gerðar í læknisfræðilegum tilgangi heldur til að breyta útliti þeirra eða eiginleikum eru bannaðar:

- Eyrnastýfing hunda.
- Skottstýfing hunda.
- Brottnám raddbanda hunda og katta.
- Brottnám á klóm katta.
- Brottnám á sporum hunda.
- Tannúrdráttur hjá hvolpum og kettlingum.

2. gr.

Reynist nauðsynlegt að gera aðgerðir á skotti hunds, í læknisfræðilegum tilgangi, skal aðeins fjarlægja þann hluta skottsins sem nauðsynlegt er til að bati náist.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. júní 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.*Sigrún Ágústsdóttir.***AUGLÝSING**

**sveitarstjórnar um samþykkt deiliskipulag
við Vogabraut í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 13. júní 2001 samþykkt deiliskipulag á nýju iðnaðarsvæði við Vogabraut í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 29. júní 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.**GJALDSKRÁ**

fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál.

1. gr.

Gjöld fyrir skráningu og skoðun köfunarbúnaðar.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar 6.700 kr.

(Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).

Fyrir greiningu lofts (þrjú rör) 4.300 kr.

Fyrir Dragerrör til loftgreiningar 1.400 kr.

2. gr.

Gjöld vegna próftöku til köfunarréttinda.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

Fyrir próf til A-réttinda 23.000 kr.

Fyrir próf til B-réttinda 23.000 kr.

Fyrir próf til C-réttinda (froskköfun) 11.500 kr.

Fyrir önnur próf 7.500 kr.

Fyrir endurtökupróf 7.500 kr.

Próftaki skal greiða kostnað vegna próftöku eða hluta hennar sem fram fer utan stofnunarinnar og lækka próftökugjöld skv. 1. mgr. til samræmis við þann kostnað.

3. gr.

Gjöld vegna atvinnuskírteina kafara.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

Fyrir útgáfu atvinnuskírteina kafara	5.200 kr.
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara	2.000 kr.

4. gr.

Gjöld fyrir annað eftirlit og þjónustu.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 31/1996 um köfun, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál nr. 143/1997.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um pappírslaut peningahappdrætti Happdrættis Háskóla Íslands nr. 455 15. nóvember 1993.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Happdrætti Háskóla Íslands rekur sérstakt peningahappdrætti undir heitunum Gullnáman og Gullregn.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Stjórnendur happdrættisins ákveða hvar happdrættisvélunum verður komið fyrir.

Á hverjum stað þar sem happdrættisvélar eru í notkun skal vera umsjónarmaður sem þátttakendur geta snúið sér til.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Á hverri happdrættisvél skal vera vinningaskrá sem með greinilegum hætti sýnir hverjir vinningar eru. Vinningar eru tvenns konar, fastar fjárhæðir og lukkupottar.

Vinningar skulu skilgreindir með samstæðum merkja, bókstafa, tölustafa og spila.

Lukkupottur er einn, Gullpottur. Fjárhæð hans skal háð þátttöku í happdrættinu og fara stöðugt hækkandi þar til einhver þátttakenda vinnur þá fjárhæð sem hverju sinni hefur safnast þar fyrir.

Í upphafi skal setja 500.000 kr. í Gullpottinn. Þegar fjárhæð Gullpotts hefur unnist og potturinn tæmst skal setja 500.000 kr. í pottinn á ný vegna frekari þátttöku.

4. gr.

10. gr. orðist svo:

Vinningshafar skulu að jafnaði fá vinninga sína greidda úr happdrættisvélinni á sjálfvirkan hátt. Þegar ekki eru nægilega margir peningar í vél til að borga út vinning skal vinningshafi snúa sér til umsjónarmanns vélarinnar sem greiðir vinningshafa það sem upp á vantar.

Þátttakandi sem vinnur lukkupott eða vinningsfjárhæð sem er 50.000 kr. eða hærri skal fá í hendur skriflega staðfestingu þess efnis frá umsjónarmanni. Aðalskrifstofa happdrættisins greiðir síðan vinningshafa vinninginn gegn framvísun staðfestingarinnar.

Allar happdrættisvélar skulu búnar sérstöku ljósi sem auðveldar vinningshafa að ná sambandi við umsjónarmann vélar.

5. gr.

11. gr. orðist svo:

Aðgangur að happdrættisvélunum skal takmarkaður við þá sem eru 18 ára og eldri.

Umsjónarmaður happdrættisvéla á hverjum stað skal halda uppi fullnægjandi eftirliti með aldri þátttakenda.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973 sbr. lög nr. 23 5. maí 1986 og lög nr. 77 19. maí 1994, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. júní 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu hefur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum búfræðsluráðs gefið út skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra, sem birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

Fylgiskjal.**Skrá
um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi
frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.****LANDBÚNAÐARHÁSKÓLINN Á HVANNEYRI****Starfsmenntun.**

Búfræðingur. 2 ár til 79 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í búnaðarfræðum.

Nám til fyrstu háskólagráðu.

B.S. próf í búvísindum. 3 ár til 90 eininga.

Lýsing: Almenn grunnnám í búvísindum með nokkra sérhæfingu í búfræði, landnýtingu, umhverfisskipulagi.

Cand. agric. kandidatspróf í búfræði. 4 ár til 120 eininga.

Lýsing: Fagmenntun í búfræði með 30 eininga sérnám og rannsóknþjálfun að loknu 90 eininga námi í búvísindum.

Cand. agric. kandidatspróf í landnýtingu. 4 ár til 120 eininga.

Lýsing: Fagmenntun í landnýtingu með 30 eininga sérnám og rannsóknþjálfun að loknu 90 eininga námi í búvísindum.

Cand. agric. kandidatspróf í umhverfisskipulagi. 4 ár til 120 eininga.

Lýsing: Fagmenntun í umhverfisskipulagi með 30 eininga sérnám og rannsóknþjálfun að loknu 90 eininga námi í búvísindum.

HÓLASKÓLI**Starfsmenntun.**

Hestafræðingur og leiðbeinandi. 9 mánuðir til 45 eininga.

Lýsing: Almenn undirbúningsnám og starfsnám í hrossarækt og reiðmennsku.

Sérhæfð fagmenntun.

Tamningamaður. Diploma í búnaðarfræðum. 9 mánuðir til 30 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í tamningum og þjálfun hrossa.

Reiðkennari og þjálfari. Diploma í búnaðarfræðum. 5 mánuðir til 15 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í keppniþjálfun hrossa og reiðkennslu.

Fiskeldisfræðingur. Diploma í fiskeldisfræðum. 1 ár til 45 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í fiskeldi.

Diploma í ferðamálafræðum dreifbýlis. 1 ár til 45 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í ferðamálafræðum dreifbýlis.

GARÐYRKJUSKÓLI RÍKISINS**Starfsmenntun.**

Garðyrkjufraeðingur af blómaskreytingabraut. 2 ár til 86 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í blómaskreytingum og meðhöndlun afskorinna blóma og pottaplantna.

Garðyrkjufraeðingur af garðplöntubraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun garð- og skógarplantna.

Garðyrkjufraeðingur af skrúðgarðyrkjubraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Lögfest iðngrein í byggingu garða og viðhaldi þeirra.

Garðyrkjufraeðingur af skógræktarbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði skógræktar.

Garðyrkjufraeðingur af umhverfisbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði umhverfistækni, einkum í framleiðslu og nýtingu moltu.

Garðyrkjufraeðingur af ylræktarbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun grænmetis, afskorinna blóma og pottaplantna.

Sérhæfð fagmenntun.

Garðyrkjutækniþraeðingur. Diploma í garðyrkjuframleiðslutækni. 9 mánuðir til 30 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í garðyrkjuframleiðslutækni.

REGLUGERÐ**um nám til skipstjórnarréttinda á skipi sem er 30 brúttótonn eða minna.****1. gr.**

Sjómannaskólar sbr. 2. mgr. annast menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa. Starfsgreinaráð um sjávarútvegsgreinar og siglingar gerir tillögur til menntamálaráðherra um námskrár sjómannaskóla að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands. Menntamálaráðuneytið setur námskrá sjómannaskóla er uppfylli kröfur alþjóðasamninga og Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám í sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga.

Sá sem staðist hefur próf og kröfur sem gerðar eru í námi á sjávarútvegsbraut framhaldsskóla, í viðurkenndum einkaskóla eða á námskeiði sem fer eftir aðalnámskrá framhaldsskóla telst hafa lokið námi til réttinda sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 brúttótonn eða minna skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara til fimm ára í senn að höfðu samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík og starfsgreinaráð í sjávarútvegs- og siglingagreinum. Skulu prófdómarar hafa lokið a.m.k. námi 2. stigs í skipstjórnarfræðum sbr. lög nr. 112/1984 um atvinnuréttindi íslenskra skipstjórnarmanna með síðari breytingum. Menntamálaráðuneytið heldur skrá yfir skipaða prófdómara.

Prófdómarar hafa yfirumsjón með framkvæmd prófa og hafa eftirlit með því að próf séu í samræmi við námskrá og aðrar reglur er menntamálaráðuneytið setur. Prófdómurum ber að tryggja svo sem kostur er samræmt námsmat. Enginn getur verið prófdómari eða kennari/námskeiðshaldari á sama námskeiði.

Til þess að fylgja eftir ákvæðum 2. mgr. skulu prófdómarar að ákvörðun Siglingastofnunar Íslands kallaðir saman til funda svo oft sem þurfa þykir.

Ef um er að ræða nám á sjávarútvegsbraut framhaldsskóla sem starfar samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 80/1996 fer um námsmat samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

3. gr.

Þeir sem standa fyrir námskeiðum og kennslu til réttinda á námskeiðum skv. 1. gr. skulu hafa lokið námi 2. stigs í skipstjórnarfræðum. Þeim er skylt að tilkynna einum af skipuðum prófdómurum um fyrirhugað námskeiðshald áður en það hefst og sækja um skriflega staðfestingu prófdómara á því að undirbúningur og tilhögun námsins sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru. Í umsókn skulu m.a. veittar upplýsingar um tilhögun kennslunnar, námsgreinar (áfanga), tímafjöldi í hverri námsgrein, aðstöðu, og kennara. Heimilt er prófdómara að krefjast þess að hluta náms og prófi á skipstjórnarnámskeiði verði lokið í húsnæði eða í aðstöðu um borð í skipum sem hann ákveður.

4. gr.

Þegar nemendur hafa lokið námi skv. 1. gr. gangast þeir undir próf sem haldin eru undir yfirumsjón prófdómara. Þeir sem standast próf skulu fá vottorð undirrituð af viðkomandi skólustjóra (námskeiðshaldara) og prófdómara. Óheimilt er að undirrita skírteini nema að fengnum upplýsingum skv. 3. gr.

5. gr.

Prófdómurum er skylt að senda menntamálaráðuneyti afrit af vottorðum skv. 4. gr. og skýrslu um útskrifaða nemendur, undirbúning og framkvæmd prófa. Menntamálaráðuneytið felur Sjómannaskóla Íslands að halda heildarskrá um útskrifaða nemendur og skal slík skrá yfir útskrifaða nemendur hvers árs send samgönguráðuneyti og Siglingastofnun Íslands.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi íslenskra skipstjórnarmanna með síðari breytingum og öðlast gildi 1. ágúst 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. september 2001 skulu þeir, er við gildistöku reglugerðar þessarar hafa skipun prófdómara í siglingafræðum og sjóvinnugreinum er veita réttindi til skipstjórnar í innanlandssiglingum á skipi 30 brúttótonn eða minna, sækja um endurnýjun prófdómararéttinda sinna og fellur skipunin niður að öðrum kosti.

Þeim, sem fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, hafa starfað undanfarin sex ár eða lengur, sem kennarar á námskeiðum í siglingafræðum og sjóvinnugreinum er veita réttindi til skipstjórnar í innanlandssiglingum á skipi 30 brúttótonn eða minna, skal, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., heimilt að stunda áfram kennslustörf.

Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 2001.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglugerð þessi kveður á um staðla fyrir breiðskjár- og háskerpusjónvarp og sjónvarpsendingar sem eru að öllu leyti stafrænar.

Breiðskjárþjónusta sjónvarps: Þjónusta þar sem dagskrárliðir eru framleiddir og klipptir svo að myndina megi sýna á breiðskjá. Stærðarhlutfallið 16:9 er viðmiðun fyrir breiðskjársjónvarp.

D2-MAC sendingakerfi: Sjónvarpssendingakerfi með sérstakri myndkóðun og tímaskiptri fléttun hliðrænna myndupplýsingaþátta ásamt fléttun hljóðs og gagna saman með mynd með pakkaaðferðum. Möguleiki er að senda fleiri en eina hljóðrás með myndinni.

HD-MAC sendingakerfi: Sendingakerfi fyrir háskerpusjónvarp með sérstakri myndkóðun og tímaskiptri fléttun hliðrænna myndupplýsingaþátta ásamt fléttun hljóðs og gagna með pakkaaðferðum.

PAL: Staðall fyrir hliðrænt litasjónvarp sem gefinn er út af Alþjóðafjarskiptasambandinu.

SECAM: Staðall fyrir hliðrænt litasjónvarp sem gefinn er út af Alþjóðafjarskiptasambandinu.

Útsendingarkerfi: Kerfi sem samanstendur af eftirfarandi þáttum: myndun sjónvarpsmerkja (frumkóðun hljóðmerkja, frumkóðun myndmerkja, fléttun merkja) og aðlögun að sendimiðli (rásakóðun, mótun og, ef við á, orkutvístrun).

2. gr.

Staðlar fyrir sjónvarpssendingar.

Í sjónvarpsþjónustu fyrir almenning hvort sem það er um kapalkerfi, gervitungl eða sendistöðvar á jörðu skal:

a. þegar sendingar eru fyrir breiðskjá og með 625 línum og ekki að fullu stafrænar nota 16:9 D2-MAC sendingarkerfið eða 16:9 kerfi sem er að öllu leyti samrýmanlegt við PAL eða SECAM staðlana,

b. ef um háskerpumyndir er að ræða en ekki að fullu stafrænar nota HD-MAC sendingakerfið,

c. ef sendingar eru að fullu stafrænar nota sendingakerfi sem hefur verið staðlað af viðurkenndri evrópskri staðlastofnun,

Alstafræn sendinet fyrir dreifingu sjónvarpsþjónustu sem stendur almenningi til boða verða að geta dreift breiðskjárþjónustu.

3. gr.

Sjónvarpsmerki í kapalkerfum.

Sjónvarpsþjónusta fyrir 16:9 breiðskjá sem fellur undir ákvæði 2. gr. sem tekið er á móti og dreift á ný í kapalkerfum skal dreifa sem 16:9 breiðskjármerki hið minnsta.

4. gr.

Staðlaðar tengingar.

Sjónvarpstæki með innbyggðum skjá, sem er markaðssett með sölu eða leigu í huga, og er með skjá sem er stærra en 42 cm, mælt á ská horna á milli, skal búið a.m.k. einu tengi fyrir opinn skilflöt, samkvæmt stöðlum viðurkenndrar evrópskrar staðlastofnunar, þannig að ekki sé erfiðleikum bundið að tengja jaðarbúnað, einkum viðbótaraufbrenslara og stafræn viðtæki.

5. gr.

Stafrænar sjónvarpssendingar til almennings.

Að því er varðar skilyrtan aðgang að stafrænum sjónvarpssendingum til almennings gilda eftirfarandi ákvæði, óháð sendingaraðferðum:

a) Allur neytendabúnaður, sem er seldur, leigður út eða á annan hátt hafður á boðstólum og er notaður til að afbrensla stafræn sjónvarpsmerki, skal vera þannig að hann geti:

- afbrenslað merki er byggjast á sameiginlegu evrópsku brenglunar algrími sem er í vörslu viðurkenndrar evrópskrar staðlastofnunar,
- birt á skjánum myndir sem eru sendar óbrenslaðar, að því tilskildu að leigutaki virði leigusamninginn ef um leigðan búnað er að ræða.

b) Skilyrt aðgangskerfi skulu tæknilega þannig búin að hægt sé að stjórna, á hagkvæman hátt hvað kostnað varðar skilyrtum aðgangi við upphafsstöð kapalkerfisins, þannig svo að kapalsjónvarpsrekendur geti staðbundið eða á heilum svæðum, haft fulla stjórn á þjónustu sem veitt er á skilyrtum aðgangskerfum af þessu tagi.

c) Póst- og fjarskiptastofnun skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðilar skilyrtrar aðgangsjónustu, sem búa til og markaðssetja aðgang að stafrænum sjónvarpssendingum, án tillits til þess hvaða sendingaraðferðir eru notaðar:

- bjóði öllum útvarpsstöðvum án mismununar og með sanngjörnum skilyrðum tæknipjónustu sem gerir áhorfendum, sem til þess er veitt heimild með afbrenslunarbúnaði á forræði rekstraraðila skilyrtrar aðgangsjónustu mögulegt að taka á móti stafrænum sendingum sjónvarpsstöðvar, einkum ef þeir hafa umtalsverða markaðshlutdeild,
- færi sérstakt reikningsbókhald yfir starfsemi þeirra sem rekstraraðilar skilyrts aðgangs.

Sjónvarpsstöðvarnar skulu birta gjaldskrá fyrir áskrifendur þar sem tekið skal fram hvort búnaður sem tengist sjónvarpstækinu er afhentur eða ekki. Stafræn sjónvarpsþjónusta fellur einungis undir þessi ákvæði ef umrædd þjónusta er í samræmi við gildandi lögjöf á Evrópska efnahagssvæðinu.

d) Þegar réttthafar hugverka- og einkaréttinda á skilyrtum aðgangskerfum og búnaði veita framleiðendum neytendabúnaðar framleiðsluleyfi, skulu þeir sjá til þess að það sé gert án mismununar og á jafnræðisgrundvelli. Að teknu tilliti til tæknilegra og viðskiptalegra þátta er rétt höfum óheimilt að setja skilyrði fyrir veitingu leyfa sem banna, hindra eða hvetja gegn því að búnaðurinn sé útbúin með:

- stöðluðum skilfleti sem gefur möguleika á tengingum við ýmis önnur aðgangskerfi, eða,

- möguleikum á aðgangi sem felast í öðru aðgangskerfi svo framarlega sem móttakandi slíks leyfis uppfyllir viðeigandi og réttmæt skilyrði sem tryggja að því er hann varðar öryggi viðskipta rekstraraðila hins skilyrta aðgangsbúnaðar.

Sjónvarpstæki með innbyggðan stafrænan afbrenslara verða að vera þannig útbúin að unnt sé að setja í þau að minnsta kosti einn staðlaðan tengil sem gerir kleift að tengja aðgangsbúnað og aðrar einingar stafrænna sjónvarpskerfa við stafræna afbrenslarann.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 36. og 59. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 747/1999 um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp.

Samgönguráðuneytinu, 11. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 533

28. júní 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Á eftir IV. kafla kemur nýr kafli V. kafli **Verndun neysluvatns**. Númer kafla og greina sem eftir koma breytast til samræmis við það.

1. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Verndun neysluvatns.

12. gr.

12.1 Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu og vatns sem kann að verða tekið síðar sem neysluvatn geti hrakað eða spillst. Þessar ráðstafanir felast m.a. í ákvörðun um verndarsvæði og setningu heilbrigðissamþykkt, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem gerðar eru takmarkanir viðvíkjandi umferð, landnýtingu og meðferð og geymslu hættulegra efna innan verndarsvæðanna.

2. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flokkun verndarsvæða.

13. gr.

13.1 Umhverfis hvert vatnsból skal ákvarða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokkana skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu.

I. flokkur. Brunnsvæði.

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

II. flokkur. Grannsvæði.

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

III. flokkur. Fjarsvæði.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólans en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

3. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðstafanir vegna verndarsvæða.

14. gr.

14.1 Ráðstafanir á verndarsvæðum til verndar vatnsgæðum skulu ávallt miðast við ströngustu skilyrði sem gilda til viðhalds náttúrulegu ástandi vatns, sbr. 8.-11. gr., sbr. einnig reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð um fráveitur og skólþ og reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, ásamt síðari breytingum. Sama á við um meðferð úrgangs.

14.2 Heilbrigðisnefnd er enn fremur heimilt að banna framkvæmdir, geymslu efna og úrgangs, geymslu og notkun tækja og búnaðar auk þess olíu-, efna- og úrgangsflutninga innan verndarsvæða vatnsbóla þar sem hættu er á að slíkt geti spillt vatninu. Verði ekki hjá slíkum flutningum komist skulu þeir fara fram á þeim tíma sólarhrings þegar umferð er minnst og þá með samþykki eftirlitsaðila. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir björgunaráætlun við mengunaráhöppum.

4. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Staðsetning og frágangur vatnsbóla.

15. gr.

15.1 Vatnsból skulu vera í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum eða hvers konar starfsemi sem ætla má að geti spillt vatninu. Þess skal gætt að slík mannvirki eða starfsemi séu þannig staðsett að grunnvatnsborð halli ætíð frá vatnsbóli. Sama gildir um straumstefnu yfirborðsvatns, sem skal renna frá vatnsbóli.

15.2 Vatnsból skulu yfirbyggð, afgirt og þannig frá þeim gengið að yfirborðsvatn og önnur óhreinindi berist ekki í þau. Gripahús, þar með talin loðdýrabú, alifuglabú, svínabú og áburðargeymslur, mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að land halli frá vatnsbóli og að ekki sé hættu á mengun grunnvatns. Heimilt er að banna eða takmarka umferð húsdýra á verndarsvæðum vatnsbóla og krefjast gripheldra girðinga ef nauðsyn krefur.

5. gr.

16. gr. orðist svo:

Eftirlit með verndarsvæðum fyrir neysluvatn.

16. gr.

16.1 Um eftirlit með gæðum vatns í vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra fer skv. reglugerð um neysluvatn. Heilbrigðisnefnd skal halda skrá yfir allar mælingar og fylgjast með þróun á ástandi vatnsgæða í tíma. Tryggja skal að a.m.k. hluti efnagreininga sé fullnægjandi að gæðum til að meta breytingar á styrk efna í tíma. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með verndarsvæðum vatnsbóla og að farið sé að ráðstöfunum til verndar á vatnsgæðum. Niðurstöðu eftirlits með vatnsverndarsvæðum skal skrá á eftirlitsskýrslu.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 28. júní 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir talnagetráunir Íslenskrar getspár,
nr. 892 10. desember 1999.**

1. gr.

3. gr. liður 3.1 orðist svo:

- 3.1. Íslensk getspá gefur út og dreifir leikspjöldum til þátttöku í talnagetráunum. Leikspjöld má einnig nálgast með rafrænum hætti í gegnum tölvu, síma eða gagnvirkt sjónvarp. Á hverju leikspjaldi Lottó 5/38 eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J, og er hver leikur með tölunum 1-38. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til tíu leikjum á hverju leikspjaldi. Á leikspjöldum fyrir Lottó 5/38 er sérstakur reitur sem þátttakendur merkja í ef þeir vilja taka þátt í Jóker. Þátttakendur geta valið 5 tölur úr tölunum 0-9 til að mynda Jókertölur sínar. Á hverju leikspjaldi Víkingalottós eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J, og er hver leikur með tölunum 1-48. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til 10 leikjum á hverju leikspjaldi. Á leikspjöldum fyrir Víkingalottó er sérstakur reitur sem þátttakendur merkja í ef þeir vilja taka þátt í Jóker. Þátttakendur geta valið 5 tölur úr tölunum 0 - 9 til að mynda Jókertölur sínar. Á sölustöðum skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í viðkomandi talnagetráun. Þar skal og vera hvatning til þátttakenda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.

2. gr.

3. gr. liður 3.2. orðist svo:

- 3.2 Leikir í talnagetráunum Lottó 5/38 og Víkingalottó fara að jafnaði fram einu sinni í viku samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár en í Jóker samtímis útdrætti í Lottó 5/38 og Víkingalottói.

3. gr.

3. gr. liður 3.10, sbr. reglugerð nr. 126 6. febrúar 2001, orðist svo:

- 3.10 Verð fyrir hvern leik (röð) í Lottó 5/38 er kr. 75, Jóker kr. 100 og í Víkingalottói kr. 35. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár eða með rafrænum hætti, sbr. lið 3.1.

4. gr.

- a) 5. gr. liður 5.1.1 nefnist 5.1.
 b) 5. gr. liður 5.1.2 nefnist 5.1.1 og orðist svo:
- 5.1.1 Samtímis útdrætti í Lottó 5/38 fer fram útdráttur í Jóker tengdum þeirri talnagetraun. Útdráttur fer þannig fram að fimm hjól, hvert með tölunum 0-9, eru sett í gang og við stöðvun hjólanna koma fram hinar fimm útdregnu tölur. Tölurnar, í þeirri röð sem þær birtast, mynda Jókertölurnar. Verði bilun í einu eða fleirum af hinum fimm hjólum með tölunum 0-9, skal dregið úr einum eða allt að fimm, eftir því sem við á, þar til gerðum spjaldastokkum þar sem spjöldin eru merkt tölunum 0-9. Áður en slíkur útdráttur fer fram skal gengið úr skugga um að í spjaldastokkunum séu spjöldin merkt tölunum 0-9.

5. gr.

Við 5. gr. lið 5.2. bætist nýr liður 5.2.1 er orðist svo:

- 5.2.1 Útdráttur í Jóker sem tengdur er Víkingalottói fer fram á miðvikudögum, með Jóker útdráttarvél sem varðveitt er í innsigliðum kassa, með eftirfarandi hætti: Fimmtán mínútum eftir lokun sölukerfis ræsir starfsmaður Íslenskrar getspár útdrátt í vélinni. Útdrátturinn fer fram með sama hætti og lýst er í lið 5.1.1 og að viðstöddum eftirlitsmanni skv. lið 10.1. Útdrátturinn er tekinn upp á myndbandsspólu og honum síðan bætt aftan við útdrátt í Víkingalottói þegar hann berst um gervihnött. Víkingalottó- og Jókertölurnar eru síðan birtar samdægurs í ljósvakamiðlum.

6. gr.

5. gr. liður 5.5.1 orðist svo:

5.5.1 **Lottó 5/38:**

- a) 56% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar. Með vísan til 5. gr., lokamálsliðar 5.6, er heimilt, ef 56% af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 3 milljónum króna, bæta við fyrsta vinningsflokk fjárhæð, sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 3 milljónir króna. Viðbót þessi skal hlaupa á 50.000 krónum.
- b) 5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu. Með vísan til liðar 5.6., 3. mgr., er heimilt, ef 5 % af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 300.000 krónum, að bæta við þennan vinningsflokk fjárhæð sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 300.000 krónur. Viðbót þessi skal hlaupa á 10.000 krónum.
- c) 8 % skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
- d) 19 % skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.
- e) 12 % skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu

7. gr.

5. gr. liður 5.5.3, sbr. reglugerð nr. 126 6. febrúar 2001, orðist svo:

5.5.3 **Víkingalottó:**

- a) Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum sbr. 2. gr. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,035 Evrur af andvirði hvers selds leiks til þessa vinnings. Verðmæti hans í íslenskum krónum ákvarðast af kaupgengi Evru á útdráttardegi og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar 6 tölurnar réttar.
- b) Til annarra vinninga renna 40% af heildarsölu hvernar leikviku hér á landi að frádreginni greiðslu Íslenskrar getspár til fyrsta vinnings sbr. a) lið og skiptast í vinningsflokka í eftirgreindum hlutföllum:

1. 40% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveimur bónustölum.
2. 18% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar.
3. 31% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
4. 11% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveimur bónustölum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. júní 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 535

22. júní 2001

REGLUGERÐ

um köfun.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði reglugerðar þessarar og viðauka hennar gilda um allar athafnir sem gerðar eru við köfun í atvinnuskyni, sem fram fara í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land.

2. gr.

Skilgreiningar.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari, hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Afþrýstibið: Sá tími sem kafari þarf að bíða á leiðinni upp á yfirborð til að losa sig við uppsafnaðar lofttegundir úr vefjum líkamans. Þessi tími er fundinn í viðeigandi töflum eftir botntíma og dýpi köfunarinnar.

Atvinnuköfun: Allar þær athafnir sem falla undir og eru liður í atvinnustarfsemi kafara eða annarra aðila. Einnig telst það vera atvinnuköfun ef athöfnin er liður í skipulagðri þjónustustarfsemi til verndar almannahagsmunum.

Áhugaköfun: Allar þær athafnir sem teljast til köfunar en falla ekki undir atvinnuköfun.

Botntími: Sá tími sem liður frá því er kafari fer undir yfirborð þar til hann hefur uppstigningu.

Kafari: Sá sem er réttmætur handhafi atvinnuskírteinis kafara.

Köfun: Allar athafnir manna sem fara fram undir yfirborði vatns eða sjávar þar sem líkaminn er undir meiri þrýstingi en sem nemur 50 hektópaskölum (50 mbar) yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar og notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði.

Köfunarbók: Dagbók kafara.

Köfunarbúnaður: Allur búnaður sem notaður er við köfun.

Köfunarformaður: Sá sem hefur með höndum verkstjórn við köfun og ber skyldur sem slíkur.

Köfunarverktaki: Vinnuveitandi kafara eða sjálfstæður atvinnurekandi. Sá sem ábyrgð ber á framkvæmd köfunar.

Verkkaupi: Hver sá sem kaupir vinnu við köfun.

Öryggiskafari: Kafari í viðeigandi köfunarbúnaði á meðan köfun stendur og reiðubúinn er til tafarlausrar köfunar á það dýpi sem viðkomandi köfun er á.

3. gr.

Framkvæmd.

Siglingastofnun Íslands hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um köfun svo og ákvæða reglugerðar þessarar í samráði við samgönguráðuneytið.

Siglingastofnun Íslands er heimilt hvenær sem er að skoða köfunarbúnað og framkvæmd köfunaraðgerða með hliðsjón af öryggi þeirra enda sé þess gætt að tefja ekki atvinnu að óþörfu.

4. gr.

Útgáfa leiðbeininga.

Siglingastofnun Íslands getur gefið út leiðbeiningar með nánari fyrirmælum um öryggi kafara, köfun og kafarastörf sem og um nám í köfun og endurmenntun kafara.

5. gr.

Menntunarkröfur.

Sá sem vill stunda atvinnuköfun skal hafa lokið prófi í atvinnuköfun með fullnægjandi árangri frá aðila viðurkenndum af Siglingastofnun Íslands.

6. gr.

Rannsóknir slysa og óhappa.

Slys eða óhöpp sem verða við köfun skal tilkynna þegar í stað til lögreglu í því umdæmi þar sem slys eða óhapp átti sér stað og til rannsóknarnefndar sjólyslysa. Lögreglan annast rannsókn á orsökum þeirra ásamt rannsóknarnefnd sjólyslysa.

Varðveita skal ummerki sem gætu verið gagnleg við að upplýsa orsakir óhapps eða slyss. Við rannsóknina skal kalla til sérfróða aðila eftir því sem þurfa þykir.

II. KAFLI

Köfunarbúnaður.

7. gr.

Viðurkenning búnaðar.

Allur köfunarbúnaður skal hljóta viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands um að búnaðurinn eða hlutar hans uppfylli gildandi tæknikröfur áður en hann er seldur á almennum markaði, framleiddur til sölu eða tekinn í notkun. Liggja fyrir vottorð frá viðurkenndri prófunarstofu um að búnaðurinn sé í samræmi við staðla og reglur telst staðfesting frá Siglingastofnun fullnægjandi.

Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því að sækja um viðurkenningu fyrir búnaðinn og að honum verði haldið vel við.

Auk þeirra ákvæða sem sett eru um búnað í reglugerð þessari gilda ákvæði íslenskra reglna um gerð persónuhlífa, um þrýstihylki, um þrýstibúnað og kröfur íslenskra staðla um köfunarbúnað. Við prófun, vottun, framleiðslu, eftirlit og merkingu persónuhlífa skal fylgja tilskipun ráðsins nr. 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar.

